
Aðalskráning fornminja í Hrunamannahreppi

Áfangaskýrsla I



Gylfi Helgason
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Gylfi Helgason, Kristjana Vilhjálmisdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Orri Vésteinsson og Stefán Ólafsson

REYKJAVÍK 2020
FS779-17101

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumyndin sýnir óþekkt bæjarstæði (ÁR-321:028) og bæjarhól Galtafells (ÁR-321:001). Horft er til VSV.

Myndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir.

© 2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

VEFSÍÐA: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður 1. og 2. áfanga aðalskráningar fornminja í Hrunamannahreppi. Skráningin fór fram sumrin 2017 og 2018 og voru skráðar minjar á 16 lögbýlum auk fornleifa sem ná yfir fleiri en eina jörð. Áður hafði Fornleifastofnun skráð fornleifar á 12 jörðum sem flestar eru innan eða í næsta nágrenni við þéttbýlið á Flúðum.

Alls var skráð 461 fornleif en samtals hefur Fornleifastofnun skráð 815 minjar innan sveitarfélagsins. Minjar sem tengjast landbúnaði eru fyrirferðarmiklar í Hrunamannahreppi. Á svæðinu var skráður fjöldi bæjarhóla, hverskyns útihús og aðhöld fyrir skepnur, garðlög og ummerki um efnistöku eins og mógrafir og torfristu.

Ástand minja á skráningarsvæðinu er undir meðallagi og er rúmur helmingur minjastaða horfinn af yfirborði, en það er ívið meira en að jafnaði á öðrum svæðum á Suðurlandi. Í flestum tilvikum hafa minjar horfið sökum túnasléttunar og annarrar ræktunar. Slíkt kemur ekki á óvart á landbúnaðarsvæði þar sem byggð hefur haldist tiltölulega stöðug. Á skráningarsvæðinu var varðveisla minja best í úthögum þar sem ekki hafa verið ræktuð tún. Af þeim fornleifum sem hættumat var gert fyrir voru 55% í hættu eða stórhættu; í langflestum tilvikum er það vegna ábúðar eða trjáræktar. Engar friðlýstar minjar eru á skráningarsvæðinu en allar fornminjar eru friðaðar.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, aðalskráning, landbúnaðarminjar, byggðasaga, Hrunamannahreppur

Summary

This report provides the results of a general archaeological survey undertaken at the southern-most area of Hrunamannahreppur in South-Iceland. The fieldwork was carried out in the summers of 2017 and 2018. Altogether, 461 archaeological sites were identified on 16 farms. Sites running over multiple farms, eg roads, were also survived. A wide array of archaeological sites was identified, including farm mounds, outhouses, various types of animal folds, as well as peat and turf cuttings.

The preservation of the archaeology within this assessment area is fairly bad, and around half of the sites are no longer visible on the surface, mainly because homefields were levelled in the 20th century. Sites located in heathland or heather moorland are better preserved. Much of the archaeology, or 55%, is classified to be at a great or medium risk.

Keywords:

Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, general survey, agricultural sites, local history,
Hrunamannahreppur

Efnisyfirlit

1. Inngangur	8
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	11
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	13
4. Fornleifaskrá	15
ÁR-320 Dalbær	15
ÁR-321 Galtafell	28
ÁR-326 Birtínaholt.....	48
ÁR-327 Lángholt syðra.....	64
ÁR-328 Unnarholt	83
ÁR-329 Unnarholtskot.....	98
ÁR-330 Bolafótur.....	103
ÁR-331 Lángholt efra.....	109
ÁR-332 Lángholtskot	133
ÁR-333 Snússa	138
ÁR-334 Rafnkelstaðir	141
ÁR-335 Syðra-Sel	150
ÁR-336 Efra-Sel	166
ÁR-337 Hvítárholt	173
ÁR-337b Ísabakki.....	185
ÁR-339 Kópsvatn.....	191
ÁR-681 Fornleifar á fl. en einni jörðu; Hrunamannahreppur	213
5. Samantekt og niðurstöður	217
Bæjarhólar og bæjarstæði	221
Kirkjur og legstaðir	224
Útihús, kálgarðar, og túngarðar	224
Beitarhús, sel og fjárskýli.....	226
Stekkir, kvíar, réttir, og heygeymslur	229
Ummerki um mótekju og torfristu	231
Nýting á vatni.....	232
Samgönguminjar	234
6. Verndun og kynning minja	237
Heimildaskrá	242

Viðaukar

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1. Inngangur


Vorið 2016 gerðu Hrunamannahreppur og Fornleifastofnun Íslands ses með sér samning um aðalskráningu fornminja innan sveitarfélagsins. Þá höfðu áður verið aðalskráðar 354 fornleifar á 12 lögbýlum sem eru við þéttbýlið á Flúðum og í nágrenni þess; þ.e. *Hruna, Ási, Grafarbakka, Gröf, Högnastöðum, Hellisholti, Miðfelli, Götu, Núpstúni, Hrepphólum, Hólakoti*, og *Sóleyjarbakka* og kom út skýrsla um minjarnar árið 2016.¹ Aðalskráningin byggir á svæðisskráningu sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands árið 2001.²

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður úr aðalskráningu fornminja sem fram fór sumrin 2017 og 2018 en þá voru minjar skráðar á 16 lögbýlum, þ.e. *Dalbæ, Birtingarholti, Unnarholti, Unnarholtskoti, Bolafóti (Bjargi), Langholti efra, Langholti syðra, Langholtskoti, Snússu (Ásatúni), Hrafnkelsstöðum, Galtafelli, Efra-og Syðra-Seli, Hvítárholti, Ísabakka* og *Kópsvatni*. Að auki voru skráðar fornleifar sem ná yfir fleiri en eina jörð (mynd 1). Í skýrslu þessari eru upplýsingar um 461 fornleif. Heildarfjöldi fornminja sem Fornleifastofnun hefur skráð í Hrunamannahreppi er 815.

Hrunamannahreppur er í uppsveitum Árnessýslu. Hreppurinn er skýrt afmarkaður landfræðilega af vatnsföllum, einkum Hvítá og Stóru-Laxá en Heiðará og Búðará afmarka sömuleiðis lítinn hluta sveitarfélagsins. Landslag í Hrunamannahreppi er nokkuð fjölbreytt. Í suðvesturhluta þess er víðáttumikið deiglent flatlendi sem hefur verið ræst fram að miklu leyti og tekið til ræktunar. Á skráningarsvæðingu er mikið um deiglent undirlendi. Eftir því sem norðaustar dregur ber meira á grónum ásum og holtum og undirlendi minnkar að sama skapi. Mikill uppblástur hefur eytt gróðri og jarðvegi á Hrunamannafrétti á stórum svæðum og að nokkru á efstu jörðum í hreppnum sem enn eru í byggð. Þéttbýli hefur risið á Flúðum en þar er mikill jarðhiti og grænmetisræktun stunduð inni á Flúðum og í nágrenninu. Í sveitarfélaginu hafa umsvif í ferðaþjónustu aukist hratt á undanförunum árum. Allflestar jarðir eru enn í byggð í hreppnum og er hefðbundinn búskapur stundaður á meirihluta þeirra.

¹ Stefán Ólafsson (ritstj.) 2016.

² Sædís Gunnarsdóttir 2001.



Mynd 1: Kort sem sýnir þær jarðir sem skráðar voru sumrin 2017 og 2018

Þær jarðir sem eru til umfjöllunar í þessari skýrslu eru enn í byggð og er búskapur, mismikill þó, á þeim öllum. Talsverð sumarhúsabyggð er á Langholti syðra og Langholti efra og aukinheldur er tjaldsvæði í landi Langholts syðra og golfvöllur í Efra- og Syðra-Seli. Enn er stundaður landbúnaður á þessum jörðum en hann hefur dregist saman.

Áður en vettvangsskráning hófst voru svæðisskráðar 293 fornleifar á ofangreindum lögbýlum og varð því um 40% aukning í fjölda minja. Aukningin er örlítið meiri en venjan er en hún er oftast á bilinu 20–30% við vettvangsskráningu og má rekja hana að stærstum hluta til viðbótarupplýsinga frá heimildamönnum og er þeim hér færðar kærar þakkir fyrir veitta aðstoð.

Drög að fornleifaskrá fyrir árið 2017 voru birt á vefsíðu sveitarfélagsins veturinn 2017 og drögin fyrir árið 2018 voru birt á sama stað veturinn 2019 þar sem fólki gafst tækifæri til þess gera athugasemdir eða koma með viðbætur við skráninguna. Engar athugasemdir bárust. Vettvangsvinnu unnu Gylfi Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Stefán Ólafsson, fornleifafræðingar. Áður hafði Orri Vésteinsson skráð bænhús á svæðinu árið 2003. Gylfi sá um ritun skýrslu og kortagerð en uppsetning var í höndum Lilju Laufeyjar og Gylfa. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar nema annað sé tekið fram. Loftmyndir í skýrslunni koma frá Loftmyndum ehf og voru lagðar til af sveitarfélaginu.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafli kemur yfirlit um sögu fornleifaskráningar og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan skráningarsvæðisins. Í kjölfarið fylgir kafla þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá ásamt viðaukum með hnitaskrá og minjakortum.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
 - d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
 - e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
 - f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
 - i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri mínjar

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð tilteknir minjastaðir tilheyra.


Túnakort voru gerð á öllum jörðum í byggð á fyrri hluta 20. aldar og eru slík kort fyrir skráðar jarðir árin 2017–2018 birt fremst í umfjöllun um hverja jörð. Aðferðir til þess að sýna túnakort og minjar innan þeirra breyttust milli árana 2017 og 2018. Minjar innan heimatúna á jörðum sem skráðar voru árið 2017 (*Dalbær, Birtingarholt, Unnarholt, Unnarholtskot, Bolafótur (Bjarg), Langholt efra, Snússa (Ásatún), og Hrafnkelsstaðir*) eru teiknaðar upp inn á túnakort. Á jörðum sem voru skráðar árið 2018 (*Langholt syðra, Galtafell, Syðra- og Efra-Sel, Hvítárholt, Ísabakka, og Kópsvatn*) voru túnakort aftur á móti rétt upp og lögð yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. sem sýnir heimatúnið og minjar innan þess.

Í fornleifaskránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Sáust minjar á stöðum voru þær teiknaðar og var tekið merkið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-320:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um [...]“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn ← SF-175-009	Sveinshlaða		tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarþeikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar → Hætta sem steðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920 → Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornminjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands

skrasetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 m fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhætta. Í síðustu línu er heimilda getið ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-320 Dalbær

Sögulegar heimildir

1709: 15 hdr, hjáleiga Miðfells (ÁR-318), samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 249.

1847: 15 hdr, hjáleiga Miðfells (ÁR-318), samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.


1951 var jörðinni skipt upp í Dalbæ I og II, SB I, 275.

Landkostir

1920: Tún 4,7 ha, 2/3 slétt, garðar 16,2 arar.

1840: „[...] haglitlar jarðir [Dalbær, Miðfell og Gata], en heyskap af túni og engjum í meðallagi.“ SÁÁ, 112.

„Jörðin er landlítill, en landið algróið og grasgefið. Að meiri hluta er landið blaut mýri, heldur lélegt land, bæði til beitar og slæгна. Nokkurt þurrlendi á jörðin í austurhlíðum Miðfells [ÁR-318] og á holtum með móagróðri hér og hvar í mýrinni. Sumarhagar voru litlir fyrir málnytupening, áður en ræktun kom til. Engjar voru allgóðar, einum við svokallað Miðfellsgil, grasgefnar, en þýfðar. Ræktunarland er lítið, nema á framræstum mýrum, enda er mest allt votlendi jarðarinnar framræst, eftir að jörðinni var skipt.“ SB I, 275.



Teikning byggð á túnakorti Dalbæjar frá árinu 1920. Horfnar minjar eru merktar með gráum línum en minjar sem enn sjást á vettvangi með svörtum línum.



Bæjahóll Dalbæjar 001, horft til norðurs

var kjallari.

Hættumat: Stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Árnésingur I, 342-343; SB I, 27

ÁR-320:002 heimild um útihús

A: 434759 N: 400619

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 25 metrum norðan við bæ 001 og 180 metrum VNV við útihús 003, þar sem nú er vélargeymsla norðan við fjósið. Á svæðinu er nú malarplan og steinsteypt útihús.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði vegna þeirra byggingaframkvæmda sem hafa átt sér stað á svæðinu. Vegna þeirra er hún að öllum líkindum horfin .

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-320:003 heimild um útihús

A: 434942 N: 400583

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 140 metrum austan við bæ 001 og tæpum 190 metrum VNV við útihús 002]. Það hefur staðið sunnan við hól sem er í túninu, tæpum 20 metrum norðan við núverandi heimreið (2017). Á svæðinu er nú ræktað tún. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði vegna sléttunar á túninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

Gamla bæjarstæðið á Dalbæ er ekki á sama stað og núverandi bæjarstæði (2017), heldur var það staðsett rúmum 30 metrum suðaustan við það, þar sem núverandi heimreið liggur í kringum stóran 90 ára gamlan silfurvíði. Tréð stóð við hliðina á gömlu bæjarhúsunum. Þar eru nú útihús, nokkur lauftré og malarplan.

Ekki sést mikil bæjarhólsmyndun á svæðinu og því erfitt að greina hversu stór hann hefur verið. Á vesturhluta bæjarhólsins standa nú ýmiskonar útihús, þar á meðal fjós með haughúsi. Því má ætla að sá hluti bæjarhólsins hafi eyðilagst að hluta við byggingu þess. Steinsteypt íbúðarhús, sem nú er búið að rífa var byggt í stað gamla torfbæjarins árið 1923. Á því húsi



Túngarður 004 norðan við bæ, horft til suðvesturs

„Rétt ofan við bæina eru eftir mörk hins gamla túngarðs,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1920 er túngarður hringinn í kringum heimatún Dalbæjar fyrir utan norðvestur horn þess. Túngarðurinn sést norðan við bæ, meðfram malarvegi sem liggur þar upp á holtið, 80 metrum norðvestan við bæ 001. Búið er að setja niður girðingu í Á garðlagið. Túngarðurinn liggur um svæði þar sem eru ræktuð tún, fjalllendi og klettur.

Túngarðurinn liggur norðaustur - suðvestur og er 163 metrar á lengd og rofinn á einum stað. Hluti A er í norðausturhluta heimatúnsins, í beitahólfi og sést frekar vel. Hann er 1 metri á breidd og mjög siginn eða aðeins 0.2 - 0.4 metrar á hæð. Hann virðist vera að mestu

torfhlaðinn en þó sést glitta í grjóti þar sem hann er rofinn. Hluti B er í norðvesturhluta heimatúnsins. Hann er hærri eða um 0.5 metrar á hæð en annars mjög svipaður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalbær, 2; Túnakort 1920



Leiksvæðið Leggjabú 005, horft til norðvesturs

„Rétt ofan við bæina eru eftir mörk hins gamla túngarðs [004]. Þar hafa börnin frá bæjunum leikið sér að leggjum og haft bú sitt síðustu átta til níu áratugina,“ segir í örnefnaskrá. Klettur er 10 metrum ofan við túngarð 004 og 130 metrum norðan við bæ 001. Þar var leiksvæði barna í æsku heimildarmanns. Sunnan til er brattir klettur um 4-5 metrar háir en brekkan er aflíðandi til norðurs og grasi gróin.

Leggjabúið er við rætur fjallsins og þar er mikið um hóla og hæðir. Svæðið er gróið. Ekki sjást nein ummerki um fornleifar við klettinn en óvíst er af hverju fornleifarnar eru horfnar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalbær, 2



Brunnur 006, horft til suðurs

stærð járnplötunnar hefur innanmál brunnsins verið minni en 1 metri í þvermál

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalbær, 2



Stöðulhúsaklettur 007, horft til norðurs

Miðfellshverfi BJ, 106

„Austan og fyrir ofan Leggjabú [005] er Stöðulhúsaklettur. Eins og nafnið ber með sér, voru kvíar mjólkaðar þar, þegar það tíðkaðist að færa frá,“ segir í örnefnaskrá. Stöðulhúsaklettur er rúmum 200 metrum norðaustan við bæ 001 og tæpum 25 metrum norðan við túngarð 004A. Þar er grasi vaxin brekka upp á móti norðri og klettur í fjallinu.

Allt svæðið í kring um stöðulhúsaklettana var gengið en ekki fundust nein ummerki um kvíar á svæðinu. Ástæða þess gæti verið að um hafi verið að ræða færikvíar eða að mjólkað hafi verið á stöðli og skilur slíkt ekki mikil ummerki eftir sig.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalbær, 2; Ö-




Beitarhús 008, horft til SSA

Um 1,8 km norðaustur af bæ 001 er beitarhúsatóft, nærri merkjum Dalbæjar og Galtafells. Garður 031 er um 1 m sunnan við suðurhorn tóftarinnar. Beitarhúsin eru merkt á Herforingjaráðskort frá 1910. Tóftin er í grasi vaxinni aflíðandi brekku neðan við hlíðar Galtafells. Lækjargil er suðvestan við tóftina. Malarslóði, u.þ.b. í stefnu austur-vestur endar um 25 m norðvestur af tóftinni.

Tóftin er um 18 x 8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í tvö hólfi og er hólfi I, fjárhús sem er í norðvesturhluta tóftarinnar en hólfi II, hlaða er í suðausturhluta hennar. Fjárhúsið er mjórri en hlaðan og er tóftin um 7 m breið í þeim hluta. Tóftin er grafin inn í brekku á suðausturhlíð en inngangur

er á norðvesturhlíð. Breidd veggja er 2-2,5 m. Hólfi I er um 8,5 x 2,5 m að innanmáli en hólfi II um 5 x 4 m. Hæð veggja að innan er 0,8-1,5 m, hækkandi til suðausturs. Hæð veggja að utan er mest um 1,2 m og lækkar til suðausturs. Garði er eftir miðju hólfi I, um 8 x 1 m að stærð og 0,3 m hár. Mikill gróður er í tóftinni og er hún vaxin elftingu og grasi. Að mestu er gróið yfir hleðslur en þó glittir í grjóti á stöku stað að innanverðu.



Teikning af tóft 008 og garðlagi 031 sem liggur sunnan við hana

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalbær, 3; Herforingjaráðskort 47 NA, 1910

ÁR-320:009 *Ærhúsholt* tóft fjárhús

A: 435732 N: 401120

„Sunnan við klettholt er svo Klettholtsmýri, en upp úr henni, svona hálfum kílómetra frá Klettholti, rís annað holt, Ærhúsholt, grasi gróið. Á einum stað stingum smáklettur sér upp úr grassverðinum. Þar voru fjárhús allt fram til 1950,“ segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin eru merkt á Herforingjaráðskort frá 1910. Á Ærhúsholti er tóft, um 1,1 km norðvestur af bæ 001. Ærhúsholt er grasi vaxið holt sem liggur NNA-SSV og er tóftin á holtinu miðju. Lágur klettur er rétt NNA við miðju holtsins. Sléttað tún er í kring.

Tóftin er um 15 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og hefur þil verið bæði á norðvestur- og suðausturhlíð. Hæð veggja er um 1 m að innan en lægri, um 0,5 m, að utan og breidd veggja er um 2,5 m. Tóftin er grasi vaxin og sést hvergi í grjóti.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Dalbær, 3; Herforingjaráðskort 47 NA, 1910**ÁR-320:010** *Innri-Áveita* heimild áveita

A: 435551 N: 400513

„Sunnan Litlaholts er áveita, og nær hún fram að þjóðvegi um 800 m löng. Hinum megin vegarins er svo áframhald af áveitunni. Innri-Áveita er nær Litlaholti, en sunnan vegarins er Fremri-Áveita 026,“ segir í örnefnaskrá. Innri-Áveita er tæpum 750 metrum ASA við bæ 001. Þar er nú fótboltaföllur.

Þar sem heitir Innri-Áveita er nú svæði sem notað er undir folfvöll (fótboltaföll) en voru áður ræktuð tún til heyskapar. Skurðir eru á milli túnanna en áveitan sést ekki lengur. Ekki sjást nein ummerki um áveituna vegna fyllingar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar**Heimildir:** Ö-Dalbær, 3-4**ÁR-320:011** *Lambagirðing* heimild vörslugarður

A: 435236 N: 400554

„Lambagirðing afmarkast af þjóðveginum á suðvesturhlíð, en á norður- og austurhlíð eru lítil gerði [012 og 013], sem eru við fjárhúsin [byggð um 1950],“ segir í örnefnaskrá. Lambagirðing er um 430 m austur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem heitir Lambagirðing er sléttað tún í rækt. Öspum hefur verið plantað meðfram þjóðvegi (Skeiða- og Hrunamannavegi) sem liggur með suðvesturhlíð túnsins. Til austurs markast túnstykkið af þremur hólum með lágum klettum. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði í Lambagirðingu. Hafi hlaðinn garður verið um stykkið hefur hann verið sléttaður út.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar**Heimildir:** Ö-Dalbær, 4**ÁR-320:012** *Efragerði* heimild um vörslugarð

A: 435176 N: 400690

„Lambagirðing [011 afmarkast af þjóðveginum á suðvesturhlíð, en á norður- og austurhlíð eru lítil gerði, sem eru við fjárhúsin [byggð um 1950]. Nefnast þau Efragerði og Neðragerði [013]. Efragerði liggur meðfram þjóðveginum á kafla og er suðvestan við fjárhúsin [014],“ segir í örnefnaskrá. Efragerði er 380 metrum austan við bæ 001 og 190 metrum suðvestan við Neðragerði 013, austan megin við þjóðveginn, þar sem afleggjarinn að Dalbæ myndar krossgötur á veginum. Á svæðinu þar sem Efragerði stóð eru nú ræktuð tún til suðurs en grasivaxið og þýft svæði. Lauftrjám hefur verið plantað meðfram þjóðveginum.

Ekki sjást nein ummerki um gerðið á yfirborði vegna túnsléttunnar á svæðinu. Lítið er hægt að segja til um hvert hlutverk gerðisins nema að þetta hefur verið einhverskonar vörslugarður til að varna skepnum að ganga frjálst um svæðið. Ætla má að það hafi verið einhverskonar beitartún, þar sem kindur hafa verið hafðar á beit. Önnur örnefni í kring benda einnig til þess, þar á meðal Fjárhústún [014] og Lambagirðing [011]. Í dag er fjárhús á svæðinu og má því ætla svæðið hafi lengi verið notað til fjárbeitar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar**Heimildir:** Ö-Dalbær, 4**ÁR-320:013** *Neðragerði* heimild um vörslugarð

A: 435296 N: 400833

„Lambagirðing [011 afmarkast af þjóðveginum á suðvesturhlíð, en á norður- og austurhlíð eru lítil gerði, sem eru við fjárhúsin [byggð um 1950]. Nefnast þau Efragerði [012] og Neðragerði. Efragerði liggur meðfram þjóðveginum á kafla

og er suðvestan við fjárhúsin,“ segir í örnefnaskrá. Neðragerði er 540 metrum norðaustan við bæ 001 og tæpum 190 metrum norðaustan við Efragerði 012. Gömul uppistandandi fjárhús sem byggð voru um 1950 eru 50 metrum vestan við staðinn þar sem Neðragerði var. Þar sem Neðragerði var, eru nú tún í mikilli órækt og vex þar mestmegnis arfi og njóli en á milli sést glitta í grastegundir.

Ekki sjást nein ummerki um gerðið á yfirborði vegna túnsléttunar. Lítið er hægt að segja til um hvert hlutverk gerðisins nema að þetta hefur verið einhverskonar vörslugarður til að varna skepnum að ganga frjálst um svæðið. Ætla má að það hafi verið einhverskonar beitartún, þar sem kindur hafa verið hafðar á beit. Önnur örnefni í kring benda einnig til þess, þar á meðal Fjárhústún [014] og Lambagirðing [011]. Í dag er fjárhús á svæðinu og má því ætla svæðið hafi lengi verið notað til fjárbeitar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Dalbær, 4

ÁR-320:014 *Fjárhúsgerði* heimild um vörslugarð

A: 435181 N: 400830

„Lambagirðing [011] afmarkast af þjóðveginum á suðvesturhlíð, en á norður- og austurhlíð eru lítil gerði, sem eru við fjárhúsin [byggð um 1950]. Nefnast þau Efragerði [012] og Neðragerði [013]. Efragerði liggur meðfram þjóðveginum á kafla og er suðvestan við fjárhúsin. Norðan við fjárhúsin er Fjárhúsgerði eða Fjárhústún, og eru bæði nöfnin notuð jafnmikið. Fjárhúsgerði er á móts við Setberg, en er neðan við þjóðveginn,“ segir í örnefnaskrá. Fjárhúsgerði eða fjárhústún er rúmum 440 metrum norðaustan við bæ 001 og 140 metrum norðan við Efragerði 012. Örnefnið hefur að öllum líkindum dregið nafn sitt af fjárhúsunum sem byggð voru í kringum 1950 og eru staðsett 50-60 metrum austan við túnið sjálf. Svæðið sem kallað er Fjárhúsgerði er nú ræktuð tún.

Ekki sjást nein ummerki um minjar á yfirborði æi túninu. Hafi verið garðlag í kringum fjárhúsgerðið, er það nú horfið vega sléttunar túnsins. Fjárhús sem byggð voru árið 1950 standa í suðurenda Fjárhústúnsins en heimildamaður vissi ekki af tóftum á staðnum eða hvort að eldri fjárhús hafi verið á svæðinu áður en þau sem eru uppistandandi þar núna, voru byggð. Heimildamaður man heldur ekki eftir neinum garðlögum eða gerðum á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Dalbær, 4

ÁR-320:015 *Músagerði* örnefni

A: 435127 N: 400566

„Austur af Neðritúni er Músagerði. Þegar verið var að rækta þar, var svo mikill músagangur, að ekki kom annað til mála, en að kalla hið nýja tún Músagerði,“ segir í örnefnaskrá. Músagerði er tæpum 320 metrum austan við bæ 001 og rúmum 150 metrum austan við rétt 016. Túnið þar sem gerðið var er 40 metrum vestan við þjóðveginn. Svæðið þar sem Músagerði stóð eru nú ræktuð tún.

Nafnið Músagerði gefur til kynna að hlaðið gerði hafi verið í kringum túnið. Ekki sjást nein ummerki um gerði á yfirborði og heimildamaður man ekki eftir neinum gerðum á þessu svæði. Ef það hefur verið gerði á þessum stað hefur það verið sléttað í túnið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Dalbær, 5

ÁR-320:016 heimild um rétt

A: 434968 N: 400580

„Á punkti, þar sem mætast Músagerði [015], Neðratún og Brekkan, er kallað Stöðull. Þar voru réttir um 1940, og þar var gamall stöðull [017],“ segir í örnefnaskrá. Þar sem heitir Stöðull er um 170 m ASA af bæ 001. Ekki sjást ummerki um réttirnar.

Músagerði, Neðratún og Brekkan eru slétt tún í rækt. Gatnamót eru þar sem túnin mætast: Afleggjari að Mælifellstorfunni liggur VSV-ANA en vegur að útihúsum liggur frá afleggjaranum til suðurs. Ekki sjást merki um réttirnar á yfirborði og hafa minjarnar líklega verið sléttaðar í tún. Ekki er ljóst hvort réttin var byggð á stöðlinum 017 eða hvort einhver fjarlægð var á milli staðanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalbær, 5

ÁR-320:017 *Stöðull* heimild um kvíar

A: 434975 N: 400583

„Á punkti, þar sem mætast Músagerði [015], Neðratún og Brekkan, er kallað Stöðull. Þar voru réttir [016] um 1940, og þar var gamall stöðull,“ segir í örnefnaskrá. Þar sem heitir Stöðull er um 170 m ASA af bæ 001. Ekki sjást nein ummerki um stöðulinn á svæðinu.

Músagerði, Neðratún og Brekkan eru slétt tún í rækt. Þar sem túnin mætast eru gatnamót. Afleggjari að Mælifellstorfundi liggur VSV-ANA en vegur að útihúsum liggur frá afleggjaranum til suðurs. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hafa minjarnar líklega verið sléttaðar í tún. Ekki er ljóst hvort réttin 016 var byggð á stöðlinum eða hvort einhver fjarlægð var á milli staðanna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dalbær, 5

ÁR-320:018 *Einbúi* náttúrumin huldufólksbústaður

A: 434962 N: 400116



„Einbúi heitir stakur smáklettur, suðvestan við Ketilhól. Þar er sagt, að álfar og huldufólk búi,“ segir í örnefnaskrá. Kletturinn er um 500 m SSA af bæ 001. Næst Einbúa er óræktað graslendi en tún í kring lengra frá. Ketilhóll, hálfgróinn melhóll er norðaustan við klettinn. Vegarslóði liggur norðvestur-suðaustur norðaustan við klettinn en frá honum greinist annars slóði til suðurs sem liggur vestan við klettinn. Kletturinn er um 3 m hárr og um 8-9 m í þvermál þar sem hann er breiðastur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalbær, 5

Einbúi 018, horft til NNA

ÁR-320:019 *Mógirðingin* heimild um mógrafir

A: 435029 N: 399924

„Milli Einbúatúns og Keldunnar er Mógirðingin, þar voru miklar mógrafir í þann tíma, sem mór var notaður sem eldsneyti,“ segir í örnefnaskrá. Mógirðingin er um 700 m suðaustur af bæ 001. Þar sem heitir Mógirðing er grasi vaxið beitarhólf á merkjum við Galtafell. Tún eru umhverfis stykkið í landi Dalbæjar en óræktað land handan merkja.

Ekki sést til mógrafa í landi Dalbæjar og hafa þær líklega verið fylltar. Skammt suðaustan við merki sjást á loftmynd mógrafir í landi Galtafells ÁR-321.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalbær, 5-6

ÁR-320:020 *Breiðagerði* örnefni vörslugarður

A: 434782 N: 399265

„Í áframhaldi af Einbúatúni í suðvesturátt er Breiðagerði, gamalt tún,“ segir í örnefnaskrá. Breiðagerði er um 1,3 km suður af bæ 001. Breiðagerði er slétt tún, í rækt, afmarkað skurðum. Umhverfis eru önnur tún og beitarhólf.

Ekki sést til fornleifa á yfirborði við túnið. Óvíst er hvort hlaðinn garður hafi verið umhverfis Breiðagerði en hafi það verið hefur garðurinn verið sléttaður út eða skurðir grafnir í hans stað.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Dalbær, 6

ÁR-320:021 *Traðir* heimild um leið

A: 434834 N: 399810

„Vestan við teiginn og upp að Breiðagerði eru nokkur smástykki, og á milli þeirra og áðurnefndra túna, Breiðgerði [020], Austurskákar og Teigs, er götuslóði, kallaður í daglegu tali Traðir,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildarmanni, var heitið Traðir einungis notað um leið milli túna suðvestur af Einbúa 018, um 770 m suður af bæ 001. Leiðin lá milli sléttaðra túna suður af bæ og austan undir Stekkjarholti 024 sem er að mestu grasi gróið holt, með

klettum í hliðum.

Leiðin lá NNA-SSA, u.þ.b. milli Einbúa og Breiðagerðis. Þar sem hétu Traðir eru slétt tún sitthvoru megin girðingar og sjást engin ummerki um leið. Sunnar, við Stekkjarholt, er malarvegur í suður að Breiðagerði og hefur slóðinn þar farið undir núverandi veg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Dalbær, 6

ÁR-320:022 heimild um traðir

A: 434822 N: 400581

Samkvæmt túnakorti frá 1920 liggja traðir til austurs frá bæ 001. Traðirnar lágu sunnan við núverandi íbúðarhús og út túnið í átt að afleggjaranum inn að Dalbæ. Traðirnar lágu yfir ræktað tún. Ekki sjást nein ummerki um traðirnar á yfirborði vegna túnsléttunar á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-320:023 *Gamlastekkatún* örnefni stekkur

A: 435310 N: 400578

Gamlastekkatún er nefnt í örnefnaská Dalbæjar, án staðsetningar en í úthaga bæjarins. Gamlastekkatún er einnig merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar. Samkvæmt heimildamanni, er túnið um 500 m austur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Gamlastekkatún er sléttað tún, í rækt. Þrír hólar með lágum klettabeltum afmarka túnið að vestanverðu en fótboltagolfvöllur er austur af túninu og er skurður á milli. Ekki sést til fornleifa á yfirborði í eða við túnið. Ekki er ólíklegt að stekkurinn hafi verið undir einum hólanna vestan við túnið en hann hefur líklega verið sléttaður í tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Dalbær, 25; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Dalbær

ÁR-320:024 *Stekkarholt* tóft beitarhús

A: 434674 N: 399648




Beitarhús 024, horft til suðausturs

Beitarhús, um 960 m suður af bæ 001, er merkt á Herforingjaráðskort frá 1908. Á þeim stað er beitarhúsatóft suðvestan undir Stekkjarholti. Ekki er ólíklegt að beitarhúsið hafi verið reist á stekkarstæði en minjar um stekkar fundust ekki á holtinu. Stekkjarholt er aflangt holt og liggur norðaustur-suðvestur. Það er að mestu grasi vaxið, einkum suðvestantil en lág klettabelti eru víða í hliðum. Umhverfis holtið eru slétt tún.

Tóftin er um 13 x 9,5 m að stærð og snýr NNA-SSV, grafin inn í brekku að norðanverðu. Í tóftinni eru fjögur hólf. Hólf I-III eru í röð NNA-SSV en hólf IV er ASA við hólf I. Hólf I og IV eru opin til SSV. Hólf I og II eru aðskilin af um 1 m breiðum vegg en mögulegt er að um hrun sé að ræða og í raun séu þau sama hólf. Hólf I er 3 x 2 m að innanmáli en hólf II um 5,5 x 2 m. Hólf III er hlaða, um 5 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur, þvert á hólf II. Hæð veggja að innan í hólum I, II og IV er 0,8-1,6 m en hólf III er dýpra, og veggir þar um 2 m á hæð. Breidd veggja er 1,5-2 m. Tóftin er að öllum líkindum bæði grjót og torfhláðin en mikill gróður er í tóftinni, gras og elfting, og er gróið yfir grjót í hleðslum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47, SA 1908



Teikning af beitarhúsatóft og garðlagi 028

ÁR-320:025 varða landamerki

A: 436864 N: 401634



Varða 025, horft til norðurs

að vera mjög gömul, en þó má sjá aðeins mosavöxt á grjótinu í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabréf no. 60

ÁR-320:026 *Fremri-Áveita* heimild um áveitu

A: 435103 N: 399988

„Sunnan Litlaholts er áveita, og nær hún fram að Þjóðvegi um 800 m löng. Hinum megin vegarins er svo áframhald af áveitunni. Innri-Áveita [010] er nær Litlaholti, en sunnan vegarins er Fremri-Áveita,“ segir í örnefnaskrá. Fremri-

Áveita er um 670 m suðaustur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa. Þar sem heitir Fremri-Áveita er sléttað tún, í rækt, afmarkað skurðum. Umhverfis eru önnur tún og beitarhólf en þjóðvegur liggur norðaustan við túnið.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði, hvorki áveitugarðar né -skurðir og hafa minjar líklega verið sléttaðar í tún eða nýir skurðir grafnir í þeirra stað ef um skurði var að ræða.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Dalbær, 3-4

ÁR-320:027 varða landamerki

A: 436756 N: 401498



Varða 027, horft til norðurs

Hún er úr hellugrjóti og hún er um 0,6 metrar á hæð. Neðst eru tveir stórir hellusteinar og ofan á þá hefur minna grjóti verið hrúgað saman. Hún er því ekki beint vandlega hlaðin. Búið er að vefja gaddavír utan um steinana í vörðunni. Hún virðist ekki endilega vera gömul og steinarnir eru ekki mosagrónir. Hugsanlega hefur eldri varða verið á sama stað, því að það sjást mosagrónir steinar undir þeim ógrónu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Landamerkjabréf no. 60

ÁR-320:028 garðlag túngarður

A: 434758 N: 399614

Garður afmarkar suðurhluta Stekkjarholts (sjá 024), um 980 m suður af bæ 001. Tóft 024 er innan afmarkaða hlutans. Stekkjarholt er aflangt holt og liggur norðaustur-suðvestur. Það er að mestu grasi vaxið, einkum suðvestantil en lág klettabelti eru víða í hlíðum. Umhverfis holtið eru slétt tún.

Garðurinn sést á svæði sem er alls um 146 x 67 m að stærð og liggur VNV-ASA. Garðurinn hefur að öllum líkindum náð yfir stærra svæði en verið að hluta sléttaður í tún. Hann sést syðst um 90 m ASA af tóft 024, við mörk túns sunnan við Stekkjarholt. Garðurinn liggur þaðan um 67 m til NNA og er þar hálfvallin girðing meðfram garðinum þar til hann beygir til vesturs upp holtið á um 118 m löngum kafla. Garðurinn beygir þá aftur til suðvesturs og liggur á um 47 m löngum kafla niður af holtinu þar til hann hverfur í tún. Garðurinn er víða rofinn, einkum við norðausturhorn þar sem hann sést ekki á um 20 m kafla. Garðurinn er um 0,5 m breiður, vaxinn grasi og mosa. Þar sem garðurinn liggur NNA-SSV er hann um 0,6-0,8 m á hæð en annars lægri, um 0,3-0,4 m.

Hættumat: hættu, vegna jarðræktar



Landamerkjagarður 029, horft til norðvesturs

Landamerkjagarður er á merkjum Dalbæjar og Galtafells ÁR-321, um 1,4 km norðaustur af bæ 001. Austan við Skeiða- og Hrunamannaveg liggur skurður til norðausturs eftir merkjum Dalbæjar og Galtafells að Klettholti. Vegur liggur meðfram skurðinum í landi Dalbæjar en sveigir vestur fyrir holtið. Klettur standa upp úr holtinu sem er að öðru leyti að mestu grasi gróið og er grasmói sitt hvoru megin merkja.

Garðurinn er um 65 m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Hann nær frá klettum ofarlega á Klettholti, niður brekku að skurði á landamerkjum. Hann er 0,5-0,7 m breiður og er hæstur um 0,3 m

hér en fer lækkandi til suðvesturs. Garðurinn er torfhláðinn og grasi gróinn en er rofinn um miðbik á um 12 m kafla. Girðing er meðfram garðinum á suðausturhlið næst skurðinum en sveigir lítillega til austurs frá garðinum þegar nær dregur klettunum. Handan klettanna er garðurinn ekki greinanlegur.

Hættumat: engin hætta

ÁR-320:030 tóft útihús

A: 434799 N: 400680

Útihúsatóft er rúmum 85 metrum norðan við bæ 001 og rúmum 10 metrum sunnan við túngarð 004. Útihúsið er



Tóft 030, horft til norðvesturs (vinstri) og teikning af tóftinni (hægri)

ofan við lítinn trjáreit sem er norðvestan við núverandi íbúðarhús, á flötum hjalla í brekkunni ofan við bæjarstæðið. Tóftin er innan túngarðsins og þar af leiðandi innan gamla heimatúnsins en er ekki merkt inn á það. Það gæti þýtt að húsið hafi annaðhvort verið komið úr notkun árið 1920 þegar túnakortið var teiknað eða þá að það hafi verið byggt eftir 1920. Þar sem tóftin er mjög þýfð og ógreinileg má ætla að hún sé eldri en 1920 og að útihúsið hafi verið komið

úr notkun áður en túnakortið var teiknað. Þar er nú tún sem notað er undir beit búfénaðs. Lítill lauftrjáreitur er 20 metrum sunnan við hana.

Tóftin er 13 x 6 metrar á stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Hún er tvískipt og bæði hólf eru opin til suðausturs. Í norðvestur enda er hólf I og er það minna hólf, 2 x 1,5 metrar að innanmáli. Veggir eru 0.3 - 0.5 metra háir. Í suðvestur enda hólf II og er það 4.5 x 3 metrar að innanmáli og veggir 0.3 metrar á hæð. Veggir í ólfi II eru óljósari en í hólf I og eru þeir mjög hlaupnir í þúfur. Út frá hólf II til vesturs liggur lítill óljós veggur sem gæti verið angi af þriðja hólfinu. Tóftin er torfhláðin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-320:031 garðlag túngarður

A: 436287 N: 401608

Túngarður er fast sunnan við tóft 008, um 1,8 km norðaustur af bæ 001 og hefur hann afmarkað tún sem tóft 008 hefur verið í. Garðurinn er í grasi vaxinni aflíðandi brekku neðan við hlíðar Galtafells. Lækjargil liggur sunnan við garðinn og rennur lækurinn áfram meðfram garðinum sunnantil. Malarslóði, u.þ.b. í stefnu austur-vestur endar um 25 m norður af garðinum.

Garðurinn sést á svæði sem er alls um 117 x 37 m að stærð og snýr VNV-ANA. Hann sést austast um 15 m ANA af tóft 008 og liggur í vestur á um 83 m löngum kafla en beygir þá til norðvesturs og liggur áfram á um 52 m löngum kafla að malarslóða. Rof er á garðinum á nokkrum stöðum, lengst um 7,5 m. Garðurinn er 1-1,2 m breiður og 0,3-0,5 m hár. Garðurinn er torfhláðinn og hann er vaxinn grasi og elftingu. Ekkert grjót sést í garðinum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-320:032 gryfja kolagröf

A: 434921 N: 400935

Kolagrafir eru uppi á holtinu sem kallast Stöðulhúsaklettur 007, tæpum 360 metrum norðaustan við bæ 001 og rúmum 280 metrum norðaustan við útihús 030. Svæðið uppi á Stöðulhúsakletti kolagrafirnar eru grasi og mosavaxið. Þar efst uppi, bak við klettana er lítill stallur og hallar brekkan til norðvesturs niður klettana, frá kolagröfunum. Kolagrafirnar sjálfar eru í smá halla.

Kolagrafirnar eru þrjár talsins og er liggja þær í þyrpingu með 1-2 metra á milli sín. Minjasvæðið er í heild 5,5 x 5 metrar á stærð. Þær eru hringlaga og allar svipað stórar eða 2-3 metrar í þvermál. Í miðju þeirra er dæld. Þær eru um 0.5-0.7 metrar á dýpt. Uppkastið í kring er um 0.1 metri á hæð. Kolagröf A er vestast á svæðinu og er hún greinilegust. Kolagrafirnar eru grasi grónar en í gryfjunni sjálfri virðist vera meira um mosagröður.

Hættumat: engin hætta

ÁR-321 Galtafell

Sögulegar heimildir

1686: 30 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 110.

1695: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 110.

1709: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 250.

1847: 20 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

Tvíbýli var á jörðinni á 19. öld, samkvæmt Minningar e. Einar Jónsson, 6.

1440: Jarðarinnar getið í máldaga Hrepphóla­kirkju, DI IV, 616.

1527, 22.08: „Jón biskup á Hólum fær Þórar­ni Jónssyni til fullrar eignar jarðinar Ása og Tungunes á Ásum, og komi kæra á Tungunes, þá eignist Þórarinn Klömbur í Vest­rshópi; en Þórarinn legg­r á mót með upplagi og samþykki Þuríðar Haldórsdóttur konu sinnar jarðinar Galtafell í Hrunamannahreppi og Bergstaði í Biskupstungum, með fleiri greinum, er bréfið hermir.“ DI IX, 424.

Önnur býli á jörðu: Móakot (ÁR-321:005), samkvæmt Ö-Galtafell, 2 og óþekkt býli (ÁR-321:028).

Jarðarítök: „Hef ég heyrt, að Hrepphólar hafi mátt beita 100 ásauðum í Seldal, en í þess stað hafi Galtafell mátt hafa 100 sauði gamla á Hólamáryri.“ (Ö-Galtafell, 3); sjá einnig máldaga Hrepphóla­kirkju, DI IV, 617.


Landkostir

1920: Tún 8,6 ha (tún A, 5,6 ha., 2/3 slétt; tún B. 3 ha., slétt). Matjurtagarðar 11,2 ha.

1709: „Túnið spillist af læk, sem ber þar upp á grjót og sand. Engjar spillast á sama máta.“ JÁM II, 250-251.

1840: „[H]eyskaparjörð, en hagar hennar liggja undir áföllum af skriðum og blástri; stendur unidr samnefndu fjalli vestanvert.“ SÁÁ, 112.

„Jörðin er landstór og landið grösugt. Verulegur hluti landsins er fjalllendi, Galtafellsfjall, sem bærinn stendur undir. Allgott og skjólsamt haglendi að sumri til. Að öðru leyti er landið blaut mýri. Er þar sæmileg vetrar­beitt. Engjar voru reytingssamar og seinekinn heyskapurinn. Ræktunarland er ekki teljandi annað en framræstar mýrar. Mikið af mýrlendingu liggur vel við framræslu og að stórum hluta ræst og tekið til ræktunar,“ segir í SB I, 278.



Kort þar sem búið að er varpa túnakorti jarðarinnar yfir loftmynd af svæðinu



Galtafell í byrjun 20. aldar (Árnesingar I, 370)

Bærinn á Galtafelli var suðaustarlega í túni jarðarinnar samkvæmt túnakorti frá 1920, um 10 m norðan við núverandi bæjarhús (b. 1974) jarðarinnar. „Þegar ég man fyrst eftir mér, voru sjö gaflar í húsaröðinni sem vissu móti suðri fram á hlaðið, byggðir úr torfi, timbri, og grjóti. Austasta húsið var eldiviðarkofi [...]. Þá var smiðjan, nokkuð stærri og með tréþili [...]. Næst var lítil stofa með hálfþili að framan, er hvíldi á hér um bil álnar háum tóftarvegg [...]. Þá kom bæjardyrhúsið með litlu heilþili. Þá baðstofan með þykkum torfgafla [...]. Aftur af baðstofunni var svokallaður "karmur", lítið afhýsi, fráskilið

henni með timburþili [...]. Næsta hús við baðstofuna var skemman og var þar aðal geymsla heimilins,“ segir í bókinni *Minningar* eftir Einar Jónsson. Í sömu heimild er einnig sagt kálgarði rétt sunnan við bæinn, tveimur hesthúsum við bæinn ásamt fjósi: eru þau hér skráð saman undir bæjarhólnum. Bæjarhóllinn er illgreinnlegur og ekki sér til tófta eða



Bæjarhóll Galtafells 001, horft til suðausturs


annarra mannvirkja á hólnum.

Bærinn var grónum hól. Svæðið hefur tekið margvíslegum breytingum á undanförunum árum og búið að gera malbikað bílaplan rétt sunnan við bæjarhóllinn. Á syðri hluta hólsins er stór geymslugámur. Talsvert gras er á svæðinu og ógreinilegur slóði liggur norðvestur-suðaustur á norðausturhluta hólsins. Til suðurs og vesturs eru ræktuð tún en óræktað svæði til norðurs og austurs, nýtt til kúabeitar.

Búið er að umturna svæðinu þar sem gamli bærinn var eins og fyrr segir. Þó mótar mjög óljóst fyrir bæjarhól. Gróflega áætlað er hóllinn 21x15 m að stærð og snýr NNA-SSV. Vegna rasks er erfitt er að greina uppsafnaðar mannvistarleifar. Bæjarhóllinn er a.m.k. 0,5 m hár að norðvestanverðu, en þar er hann hvað greinilegastur. Annars staðar er hann vart greinanlegur, aðeins um 0,1-0,2, m á hæð og mörk hans afar óskýr. Ekki eru heimildir um kjallara í gamla bænum. Líklegt er að talsverð mannvistarlög leynist undir sverði en mjög sennilega hafa þau þó orðið fyrir talsverðu raski vegna niðurfis og framkvæmda á svæðinu. Til er ljósmynd af gamla bænum frá því um 1900 í *Árnesingi I* og þar sjást sjö bæjarhús með timburþil sem vissu mót suðri. Kálgarðurinn og fjósið sem voru rétt sunnan við bæinn eru komin undir malarborið bílaplan núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Hesthúsin tvö sem voru rétt norðan við bæinn eru á opnu og óræktuðu svæði. Engin ummerki um þau sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Einar Jónsson (1944), 6-8; *Árnesingur I*, 370



Teikning af tóft og garðlagi 002

ÁR-321:002 Stóra-Tíðholt tóft+garðlag A: 435057 N: 399127
 „En vestur af því tekur við lítið holt, er nefnist Litla-Tíðholt, en litlu austar annað stærra, Stóra-Tíðholt. Þar mun hafa verið bænhús til forna, en langt mun vera síðan, því hvergi mótár fyrir tóftum,“ segir í örnefnaskrá. Tóft og gerði eru á Stóra-Tíðholti um 940 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 500 m vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30.

Minjarnar eru á suðausturhluta grasivaxins holts í grónni hvíft. Umhverfis holtið er fremur deiglent og flatt svæði þar sem votlendisgróður er áberandi.

Tóft og garðlag eru á svæði sem er 7x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Fyrir miðju svæðinu er tóft A. Hún er einföld, 5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru grjóthlaðnir úr blöndu af flötum hellum og stæðilegu grjóti; aðeins neðsta umfarið sést. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð og 0,5 m á breidd. Í botni tóftarinnar sést í flatt mosagróið grjót og líklega hefur gólf tóftarinnar verið hellulagt. Op er á tóftinni til vesturs. Engar aðrar heimildir en örnefnaskráin geta til um bænhús á jörðinni. Ætla má að ritari örnefnaskrárinnar hafi dregið þá ályktun af örnefninu Tíðholt að þarna hafi verið bænhús. Mjög sjaldgæft er að bænhús eða kirkjur séu fjarri bæ og er þá helst um vegakapellur að ræða sem voru iðulega við seinfarnar eða hættulegar leiðir. Mögulega er

þetta lítið beitarhús.

Garðlag B liggur umhverfis tóft A. Það er nálega egglaða og er 6x5 m að stærð og snýr svo að segja norður-suður. Það er torf- og grjóthlaðið, en veggir eru mjög útflattir. Þeir eru 0,1-0,2 m á hæð og 0,2-0,4 m á breidd. Garðlagið er greinilegt til allra átta nema til vesturs þar sem það hverfur undir svörð. Ekkert op er greinilegt á gerðinu en mögulega hefur verið hlið á vesturhlið þess. Ekki er hægt að telja umför en hér og þar sést stæðilegt hleðslugrjót í veggjum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 2

ÁR-321:003 Fjósaf্লöt heimild um fjós

A: 435879 N: 399154

„Fyrir vestan bæinn er dálítill flöt; hún nefnist Fjósaf্লöt. Dregur hún eflaust nafn af gömlu fjósi, sem stóð við hana, en nú stendur sumarbústaður Einars Jónssonar [byggður á árunum 1923 til 1940] myndhöggvara þar,“ segir í örnefnaskrá. Í bókinni *Minningar eftir Einar Jónsson* segir: „Steinsnar fyrir vestan bæinn var svo aðalfjósið með þrem básum á hlið, að mig minnir og einum hlöðubás. Það sneri í suðaustur.“ Síðar í sömu heimild segir: „Hlöðubás gamla fjóssins, sem mér hafði tekizt að varðveita frá tortímingu, höfðum við fyrir kjallara.“ Fjósaf্লöt er um 40 m vestan við bæ 001 og rúmum 30 m sunnan við heygard 039.

Umhverfis svæðið er bakgarður sumarbústaðar Einars Jónssonar, þar er trjágróður umtalsverður, einkum til norðvesturs.


Það sem eftir er af fjósinu er nú komið undir sumarbústað Einars Jónssonar eins og áður segir. Bústaðurinn var læstur þegar skrásetjarar voru á vettvangi og var því ekki hægt að komast inn til að kíkja í kjallarann. Fjósið sést vel á ljósmynd frá því um 1900 sem birtist í *Árnesingi I*. Þar sést að það var torf- og grjóthlaðið og gengið inn í það að sunnan.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir: Ö-Galtafell, 1; Einar Jónsson (1944), 8

ÁR-321:004 tóft lambhús

A: 435976 N: 399550



Teikning af lambhúsi 004

„Austur af bænum er brekka og hólur í túninu. Brekkan nefnist Austurbrekka og hólarnir Austurhólar. Þar er lambhús frá fornu fari,“ segir í örnefnaskrá. Lambhústóft er um 65 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 110 m SSA við Strokkhól 031.

Tóftin er á grasivaxinni bungu á suðurbrún Lambhúskletts, rétt austan við Bæjarlækinn. Þverhnipt er austan við tóftina en Lambhúsklettur er meira aflíðandi til annarra átta.

Tóftin er einföld, 5x3 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er grjóthlaðin en á kafi í gróðri. Þó glittir í 2 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 0,8-1,2 m á hæð. Veggir eru 0,4-0,8 M á breidd og er tóftin opin til suðurs. Meðfram austur- og vesturveggjum hólsins tóftarinnar sjást hlaðnar undirstöður jatta sem eru 0,5 m á hæð og 0,5 m á breidd. Í tóftinni vaxa runnar og smávaxinn trjágróður. Í botni hennar sést einnig í bárujárnsplötur sem annað hvort hafa verið hluti af þaki tóftarinnar eða veggjakklaðningunni.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Galtafell, 1

ÁR-321:005 Móakot heimild um býli

A: 435546 N: 399613

„Nyrzt í Flötunum mótar fyrir rústum. Þær heita Móakot. Munnmæli hermdu, að þar hafi eitt sinn verið bær, sem lagzt hafði í eyði í svartadauða, og er einnig sú umsögn, að ekki megi grafa í þær rústir. Ég hef þó gert það í smáum stíl og fann þar banakringlubein, en ekki veit ég, hvort hún er úr manni eða skepnu,“ segir í örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum segir: „Mókot var hjáleiga frá Galtafelli. Síðast bjó þar Þóroddur Sveinsson í kringum 1710.“ Móakot var um 380 m vestan við bæ 001 og rúmum 75 m vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Þar er sléttað tún. Hjalti Árnason, heimildamaður, kannaðist ekki við fleiri beinafundi á þessu svæði en þann sem nefndur er í örnefnaskránni.



Teikning af stekk 006

Minjar um Móakot voru rétt norðan við litla áveituskurði í smáhæðóttu og slegnu túni.

Engin ummerki um býlið sjást á yfirborði vegna sléttunar. Ekki er þó loku fyrir það skotið að leifar af þessu býli leynist enn undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Galtafell, 2; SB I, 279

ÁR-321:006 Stekkatún tóftir stekkur

A: 436264 N: 399194

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „[...] Stekkatún [er] lítil flöt upp við fjallið. Þar voru lömb látin hlaupa um stekk fyrir fráfarur, en það lagðist niður fyrir tíð afa míns,“ Örnefnið 'Stekkjartún er einnig merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar, austan við bæ 001. Það er undir Dagmálaás sem einnig er þekktur sem Stekkarás. Oddi ássins kallast Stekkjarnef. Tvær litlar tóftir sjást á norðurbakka Stekkjarlækjar þar sem hann rennur meðfram Dagmálaás og út dalinn tæpum 480 m suðaustan við bæ 001 og 280 m norðaustan við Gamlastekkjartún 022. Leið 041 liggur meðfram ásnunum og inn dalinn, upp að tóftunum.

Tóftirnar eru í aflíðandi hlíð Dagmálaássins sem hallar til suðurs niður að Stekkjarlæk. Svæðið er grasi og mosa vaxið og lítil grasbali er að finna við lækjarbakkann sem hefur verið hægt að nýta til beitar.

Minjasvæðið er alls 26 x 12 m að stærð og samanstendur af tveimur litlum tóftum sem aðgreindar verða hér með bókstöfum. Tóft A er staðsett nyrst á svæðinu og ofar í brekkunni. Hún er 12x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist upp í tvö hólf. Hólf I er mjög óljóst og er nyrst í tóftinni. Það er 6x1.5 m að innanmáli og er op er út til vesturs. Veggir eru mjög gengnir í þúfur og útflattir, aðeins um 0,1 m á hæð. Hólf II er sunnan við hólf I og innanmál þess er 2x2 m að stærð. Ekki sést neinn inngangur inn í hólfiið en það virðist verið niðurgrafið að hluta og er dýpt þess 0.5-1 m, á meðan veggir að utanverðu eru um 0.4 m á hæð. Tóftin er torfhláðin og ekki sést í neinar grjóthleðslur í henni.

Tóft B er 8 m sunnan við tóft A og er 10x5 m að stærð. Hún snýr vestur-austur og er op á henni til vesturs. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 5x2,5 m. Mikið hrun er í austurenda hennar og þar mjókkar hún mikið að innanmáli en hún virðist þó ekki vera niðurgrafin líkt og tóft A. Tóftin er torfhláðin og veggir eru mjög signir, 0.2-0.3 m á hæð. Ekkert grjót sést í veggjum hennar. Tóft A er líklega stekkur og má vera að niðurgrafna hólfiið hafi verið lambakró. Hlutverk tóftar B er þó óþekkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 3; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Galtafell


ÁR-321:007 *Dagmálavarða* heimild um eyktamark A: 436088 N: 399090
 Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Norður af Stekkarnefni [006] liggur lágur ás, Stekkarás, en þar norður af hækkar hann mikið og nefnist þá einu nafni Dagmálaás. Á honum er varða, sem heitir Dagmálavarða, og eru dagmál á henni frá bænum.“ Dagmálaás er staðsettur rúmum 460 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 200 m suðvestan við Stekkatún 006, upp af nýbýlinu Smárahlið. Engin sjáanlega varða er lengur á ásnúnum. Flatlent er uppi á ásnúnum og mosagróid en þó skín stundum í gróðurlaus svæði.

Ekki sjást nein ummerki um vörðu uppi á ásnúnum en óvíst er hvers vegna hún er horfin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 3

ÁR-321:008 *Áshús* tóft fjárhús A: 436101 N: 399357



Teikning af fjárhúsi 008

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Sunnan í [Dagmála]ásnum er er lítil laut, Fagríhvammur, en vestan í honum, heim undir túni, er fjárhústóft, sem [nefnist] Áshús.“ Tóftin er í aflíðandi hlið ássins, rúmum 240 m suðaustan við bæ 001 og 120 m suðaustan við meint bæjarstæði 028. Svæðið er grasi vaxið og hallar til vesturs. Mikið er af sinu og elftingu á svæðinu.

Tóftin er 11x6 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er torf- og grjóthláðin og sést í grjóthleðslur á nokkrum stöðum, 1 mjög mosagróid umfar, mest í austurhlið tóftarinnar. Hleðslurnar eru þó mjög grónar og veggir nokkuð signir og því aðeins um 0.5-0.7 m á hæð. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 6x2 m. Ekki sést neinn greinilegur inngangur inn í tóftina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 3

ÁR-321:009 *náma* mógrafir A: 435048 N: 399817

Mógrafir eru á deiglendi svæði um 920 m VNV við bæ 001 og rúmum 350 m vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Grafirnar eru á landamerkjum Galtafells og Dalbæjar ÁR-320.

Mógrafirnar eru rétt sunnan við áveituskurð. Staragróður er ríkjandi gróðurfar á þessum slóðum og er svæðið hálfblautt.

Mógrafarsvæðið er 80x70 m að stærð og snýr austur-vestu. Grafirnar skiptast í 10-15 hólf, en margar hafa

runnið saman og voru þær sennilega fleiri áður fyrr. Grafirnar eru smáar, flestar 5x4 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Þær eru 0,5-1 m djúpar, margar með rakan botn og vatn stendur í sumum þeirra.

Hættumat: engin hætta

ÁR-321:010 *Seldalur* heimild um sel

A: 436959 N: 399976

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Þegar Stekkjargilsupptökum sleppir, tekur við stór og láglendur mýrardalur, er nefnist Seldalur. Það er slægjuland. Þar var haft í seli til forna frá Hrepphólakirkju.“ Seldalur er staðsettur 1.1 km norðaustan við bæ 001 og liggur út frá Sæludal í norður. Seldalurinn var allur genginn en ekki sáust nein ummerki um tóftir á svæðinu. Á vesturbakka dalsins er þýfður grasbali, sem situr nokkuð hærra í landslaginu. Þar voru engar tóftir en hugsanlega eru þar ummerki sem gætu bent til staðsetningar selminja. Gata 030b liggur slitrótt frá stekki 006 og inn að vesturbakka Seldalsins.

Grasbalinn er smáþýfur og grasi vaxinn. Seldalslækurinn rennur meðfram svæðinu til suðvesturs, út dalinn en einnig rennur lítill lækur niður á sinn vestan við grasbalann til austurs og sameinast Seldalslæknum.

Ekki sjást nein ummerki um fornar rústir á svæðinu en gata 030b liggur að vesturhluta dalsins og má ætla að þar hafi verið besta selstæðið. Þar er grasbalinn sem liggur aðeins hærra en aðrir landshlutar dalsins og er einnig þurrari. Líklega er tóftirnar það signar að þær sjást ekki lengur á yfirborði.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 3

ÁR-321:011 *Fjallhús* tóftir fjárhús

A: 436515 N: 399513

Í örnefnaskrá Galtafells segir: "Syðst, vestur af Seldal [010] eru fjárhús, nefnd Fjallhús." Tóftir af fjárhúsum eru uppi á litlum flata, neðan við svonefndan Borgarás [012], tæpum 600 m austan við bæ 001 og rúmum 400 m norðaustan við stekki 006. Gata 030a liggur frá fjárhústóftunum og upp á á sinn norðan við. Fjárhúsin eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Svæðið neðan við á sinn stendur nokkuð hærra en blaut mýrarsvæðin í kring og þar er flatlent og þurrt.



Teikning af fjárhúsi 011

Minjasvæðið er alls 26x15 m að stærð, snýr vestur-austur og samanstendur af tveimur tóftum sem fá bókstafi til aðgreiningar. Tóft A er yngri og er byggð ofan í tóft B. Hún er 15x13 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist upp í þrjú hólf. Hleðslur eru úr hellugrjóti og sjást af og til í hölfum II og III, 3-10 umför. Hleðslurnar eru þó víðast hvar yfirgrónar og sjást aðallega við inngang inn í bæði hölfina. Veggjahæð er 1-1.7 m á hæð. Hólf I er staðsett nyrst í tóftinni og þar hefur verið hlaða. Hólfiið er 6.5x3 m að innanmáli og snýr vestur-austur. Enginn sjáanlegur inngangur er í það. Hólf II er suðvestan við hólf I og er það 7x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því út til suðurs. Óljós garði er í miðju

hólfsins, 0.3 m á hæð. Hólf III er austan við hólf II og það er einnig 7x3 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á hólfinu til suðurs og nokkuð hrun er í inngangi þess.

Tóft B eru undir tóft A en sést að hluta vestan við hana. Þetta eru líklega eldri fjárhús sem þau yngri hafa verið byggð yfir að hluta. Sá hluti tóftarinnar sem enn sést er 15x12 m að stærð og snýr norður-suður. Það er þó greinilegt að tóftin hefur náð lengra til austurs. Tóftin skiptist í tvö hólf. Veggir eru mjög þýfðir og innri brún þeirra er mjög ógreinileg. Þeir eru 0.3-0.5 m á hæð en innri brún veggja í hólf I eru þó nærri 1 m að hæð. Hólf I er nyrst og það er einnig greinilegast. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr vestur-austur, en hefur líklega náð lengra til austurs. Hólf II er suðvestan við hólf I og er það 8x5.5 að innanmáli. Þetta hólf er mjög óljóst en það virðist verið op á því bæði á bæði norður- og suðurhlíð. Ekki sést neitt grjót í hleðslum í tóft B og líklega hefur grjótíð úr henni verið notað til þess að byggja yngri tóftina þegar sú eldri féll úr notkun.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 3; Herforingjaráðskort 47 SA

ÁR-321:012 *Borgarás* örnefni fjárskýli

A: 436563 N: 399587

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Norður af þeim [fjárhúsum 011] er langur ás, Borgarás. Í honum er hvilft, er nefnist Kúaskarð.“ Örnefni 'Borgarás' og 'Borgardalur' eru einnig merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar. Borgarás er langur ás sem liggur nálega norður- suður frá fjárhúsum 011 og inn að Seldal 010. Leið 030a liggur yfir ásin. Ásinn er mosavaxinn og gróðurþekja á honum er slitrótt.

Ekki sjást nein ummerki um hlaðnar fjárborgir á ásum. Heimildamaður, Hjalti Árnason, kannaðist ekki við aðrar tóftir á þessum stað en fjárhústóftir 011. Svæðið var gengið en engin ummerki fundust um minjar á eða við ásin. Ekki er ólíklegt að fjárborg hafi verið þar sem tóft af fjárhúsum 011 er og að ásin hafi dregið nafn sitt af henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 3; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Galtafell

ÁR-321:013 *Stöðull* heimild um kvíar

A: 436004 N: 399715

„Vestan í Galtagil, á móts við Lambaklett, er flöt, er nefnist Stöðull. Þar voru kýr mjaltaðar áður,“ segir í örnefnaskrá. Stöðull er um 210 m NNA við bæ 001 og rúmum 65 m norðaustan við Strokkhól 031. Stöðullinn er utan túns eins og það var afmarkað á túnakorti frá 1920. Á þessum slóðum er óræktað og grasgefið svæði. Til norðvesturs er fjallið Galtafell og til vesturs eru bílhæ og annað rusl.

Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 3; Túnakort 1920

ÁR-321:014 *Heiðarvarða* varða samgöngubót

A: 436730 N: 400661



Heiðarvarða 014, horft til suðvesturs

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Austan við hann [Fífudal], á heiðarbrúninni, er varða [sem] nefnist Heiðarvarða, en vestan við dalinn eru grjóttflákar.“ Varða er 1.2 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 720 m norðvestan við Seldal 010, á Heiði við Fífudal og norðan við Galtabotna. Leið 036 liggur slitrótt meðfram Heiði í átt að Byrgjunum 015.

Varðan er syðst á frekar gróðurlausu holti á Heiði. Gróðurþekja er mjög slitrótt, þar vex smá mosi og lyng og mikið er af ógrónu hellugrjóti í kring. Neðan og sunnan við Heiði eru grónir grasbalar.

Varðan er 2x2 m að flatarmáli og er hlaðin úr hellugrjóti úr holtinu. Hún virðist hafa verið ferhyrind og er vesturhluti hennar ennþá nokkuð vel uppistandandi þó svo að aðrir hlutar séu hrundir. Þar sjást 7 umför af hellugrjóti. Hæð vörðunnar er 0,6 m þar sem hún er hæst. Hún hefur líklega markað leið 036 sem hefur líklega legið frá Seldalnum til vesturs að Galtafelli og þaðan hugsanlega niður að bæ.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Galtafell, 4

ÁR-321:015 *Byrgin* tóft rétt


A: 436422 N: 400703

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Austan við hann [Fífudal], á heiðarbrúninni, er varða [er] nefnist Heiðarvarða [014], en vestan við dalinn eru grjótlákar. Þeir heita Hellnaholt. Innsti hlutinn heitir Byrgin; þar eru fallnar réttir, er ég kann



Byrgin 015, horft til vesturs

enga sögn um.“ Réttin er byggð upp við austurhlíð Hellnaholts, rúmum 300 m vestan við Heiðarvörðu 014. Leið 36 liggur neðan við Heiði og Heiðarvörðu, yfir Fífudal þveran í átt að réttinni en hverfur í bleytunni í dalnum.



Réttin er í smávegis halla í holtinu til austurs, í smáþýfðum grasmóa þar sem einnig vex nokkuð mikill mosi. Hellnaholtið ofan við réttina er ógróið og þar sést mikið hellugrjót. Lítill lækur rennur til suðurs um 50 m frá réttinni niður í Fífudal.

Réttin er 11x7 m að stærð og nánast sporöskjulaga, þó svo að hliðin upp við Hellnaholtið sé nokkuð bein. Hún snýr nálega norður-suður líkt og holtið og op er á austurhlíð í átt að Fífudal. Réttin er einföld og innanmál hennar er 8x6 m að stærð. Hún er hlaðin úr hellugrjóti úr holtinu og sjást 4-7 umför af grjóti. Hæð veggja er um 0.5 m. Mikið hrun úr hleðslum er við innanverðan vesturvegginn en einnig sést smávegis hrun utan við opið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Galtafell, 4

Teikning af rétt 015

ÁR-321:016 heimild um fjárskýli

A: 400724 N: 436318

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Þá tekur við steinbogi með gati í gengum sig. Hann hefur hlotið heitið Klyfberi. Þá Skútar undir hamraþil og loks Fjárskjól, skjól fyrir fénað. Klettur mikill gnæfir yfir þeim, er nefnist Steðjinn (amboltalagaður).“ Klyfberi og Steðji eru báðir merktir inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar, ásamt Kerlingarklakki og eru þeir merktir á sama stað, Steðji nyrst en Steinbogi syðst. Steinbogi sést vel uppi á fjallinu og er hann rúmum 1 km NNA við bæ 001 og 130 m vestan við byrgin 015, í vestanverðu Galtafelli. Svæðið í kringum Steinboga var gengið en ekki sáust neinir skútar eða fjárskýli á svæðinu og óvíst hvort að um náttúrulega skúta er að ræða eða hlaðin fjárskýli.

Steinbogi er rétt neðan við efstu klettana í Galtafelli og efst uppi á fjallinu er fremur ógróið. Há klettabelti eru á fjallinu vestanverðu og lítur út fyrir að vera að mestu ófært þar beint upp.

Óvíst er nákvæmlega hvar fjárskjól var staðsett á svæðinu eða hvort um er að ræða eitt skjól eða fleiri. Samkvæmt örnefnalýsingu voru líklega á milli Steinboga og Steðja en þar sáust engin ummerki um þau.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 5; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Galtafell

ÁR-321:017 *Áveitur* örnefni áveita

A: 435637 N: 400190

„Næst Móakotsmýri áðurnefndri taka við Seyrar, þá Flóð, Selbergsmýri og Áveitur,“ segir í örnefnaskrá. Örnefnið 'Áveitur' á við um svæði sem er um 730 m NNV við bæ 001 og rúmum 510 m suðvestan við Einarstöft 019. Í sléttuðu og framræstu túni sem er í órækt.

Engin ummerki um áveitumannvirki sjást á yfirborði. Búið er að ræsa svæðið fram og slétta það í tún og hefur áveitukerfið sennilega horfið af yfirborði vegna þess.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 5

ÁR-321:018 *Torfholt* örnefni rista

A: 435941 N: 700793

„Næst Móakotsmýri áðurnefndri taka við Seyrar, þá Flóð, Selbergsmýri og Áveitur [017]. Þá tekur við Torfholt,“ segir í örnefnaskrá. Torfholt er um 1,2 km norðan við bæ 001 og tæpum 340 m NNV við Einarstöft 019. Umhverfis Torfholt er hálfblautt svæði þar sem starargróður og aðrar votlendisjurtir er ríkjandi. Lengra til suðurs og vesturs eru framræsluskurðir og ræktað tún.


Engin ummerki um ristu sjást á yfirborði enda gróa slík ummerki iðulega fljótt aftur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 5

ÁR-321:019 *Einarstöft* tóft fjárhús

A: 436082 N: 400436



Teikning af Einarstöft 019

„Milli fjalls [Galtafells] og Torfholt [018] eru ærhús, er nefnast Einarstöft,“ segir í örnefnaskrá. Einarstöft er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908, um 900 m norðan við bæ 001 og tæpum 340 m SSA við Torfholt 018. Hrútaástígur 021 liggur nálega norður-suður, um 10 m austan við Einarstöft.

Einarstöft er rétt vestan við fjallsrætur Galtafells. Austan við tóftina er hálfblautt svæði þar sem votlendisgróður er áberandi og rétt suðvestan við tóftina er óræktað svæði nýtt til hestabeitar.


Tóftin er tvískipt, 23x15 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og telja má 4-7 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 1-1,5 m á hæð, hæstir á austurhlið. Enginn veggur er á vesturhlið í átt að engjum. Sjálf fjárhúsin (hólf 1) eru vestara hólf. Það er 12x6 m að stærð að innanmáli

og snýr norður-suður. Fyrir miðju þess er grjóthlaðinn garði 9x0,5 m að stærð og 0,4 m á hæð. Sjá má 2-3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Hlaðan (hólf 2) er austan við fjárhúsin. Hún er 7x4 m að stærð að innanmáli, 0,5 m djúp, og snýr austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 5; Herforingjaráðskort 47 NA

„Þar næst fyrir norðan [Einarstóft 019] er dálítill bunga, er nefnist Bali, þá Klettholtsbrún og Klettholt. Þar skammt frá eru önnur ærhús, sem heitir (svo) Hrutastígshús, en Hrutastígur [021] falleg brekka rétt innan við húsið. Um hana er oft farið upp á fjall að norðanverðu,“ segir í örnefnaskrá. Hrutastígshús er um 1,7 km norðan við bæ 001 og rúmum 775 m norðan við Einarstóft 019. Hrutastígur 021 liggur nálega norður-suður, um 10 m austan við Hrutastígshús. Hrutastígshús eru mitt á milli fjallsróta Galtafells og deigra engja.



Teikning af Hrutastígshúsi 020

Tóftin er 15x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er tvískipt og er torf- og grjóthlaðin. Veggir eru 0,5-0,8 m á hæð og telja má 2-4 umför af smáu grjóti í bland við stæðilegt grjót í hleðslum. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið. Fjárhúsin (hólf 1) eru vestar. Þau eru 7x5 m að stærð að innanmáli og snúa NNA-SSV. Þau eru á kafi í grasi en fyrir miðju sér í garða sem er 5 m á lengd og 0,5 m á breidd. Hann er 0,5 m á hæð og ekki er hægt að telja umför í hleðslum vegna gróðurs þótt hér og þar glitti í stæðilegt grjót. Hlaðan (hólf 2) er austan við fjárhúsið. Hún er 0,4 m djúp og er 5x4 m að stærð að innanmáli. Hún snýr NNA-SSV eins og fjárhúshlutinn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Galtafell, 5

ÁR-321:021 *Hrútafígur* gata leið

A: 436369 N: 401438

„Þar næst fyrir norðan [Einarstóft 019] er dálítill bunga, er nefnist Bali, þá Klettholtsbrún og Klettholt. Þar skammt frá eru önnur ærhús, sem heitir (svo) Hrútafígshús [020], en Hrútafígur falleg brekka rétt innan við húsið. Um hana er oft farið upp á fjall að norðanverðu,“ segir í örnefnaskrá. Hrútafígur liggur á svipuðum stað og Gamllivegurinn ÁR-681:024 eins og hann er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1908 þar sem hann liggur meðfram Galtafelli. Hrútafígur sést fyrst um 200 m norðan við bæ 001 og liggur þar austan við heimatúnið norður eftir Galtafelli. Hrútafígur er mjög greinilegur á loftmynd.



Hrútafígur 021, horft til suðurs

Stígurinn liggur meðfram brekkurótum vesturhluta Galtafells. Rétt austan við stíginn er óræktað svæði þar sem skiptast á graslendi sem nýtt er til hrossabeitar og hálfblaut svæði þar sem votlendisgróður er ríkjandi.

Hrútafígur sést á 1,9 km löngum kafla og liggur því sem næst norður-suður með örlitlum hlykkjum. Á vettvangi var eingöngu norðurhluti leiðarinnar rakinn, samtals 1 km. Allra nyrst sést leiðin sem ein gata, 0,3 m á breidd og grasi gróinn. Því syðra sem farið er því greinilegrri verður leiðin; þar má mest sjá 2-3 grasi- og mosavaxnar götur á 1 m breiðu svæði og er leiðin þar 1 m á breidd. Hrútafígur liggur framhjá Einarstóft 019 og Hrútafígshúsi 020 en fjarar smátt og smátt út. Á loftmynd sést að syðri hluti leiðarinnar hverfur rétt norðan við Stöðul 013.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Galtafell, 5; Herforingjaráðskort 47 NA; Herforingjaráðskort 47 SA

ÁR-321:022 *Gamlastekkjartún* örnefni stekkur


A: 436011 N: 399086

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Austan við lækinn er Hvammurinn, suður frá honum er Stekkjarnef (klettabelti). Framan undir nefinu er Gamlasekkjartún.“ Örnefnið 'Gamlastekkjartún' er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar, neðan við Stekkjarnef á Dagmálaás. Gamlastekkjartún er 450 m SSA við bæ 001 og rúmum 270 m suðvestan við Stekkatún 006. Ekki sjást nein ummerki um tóftir á svæðinu. Grasbali er upp við Stekkjarnefið en ræktuð tún eru til vesturs.

Ekki sjást nein ummerki um tóftir á svæðinu og líklega eru þær minjar um stekki, sem örnefnið bendir til að hafi verið hér, sokknar í grasbalann eða hafa verið sléttaðar í túnið þegar það var ræktað upp.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Galtafell ÓÞ, 35



„Uppi á túninu er Gyltubrekkja og Gyltukofi er í brekkunni,“ segir í örnefnaskrá. Tóft Gyltukofa er um 200 m ANA við bæ 001 og tæpum 130 m austan við lambhús 004. Það kemur fram í bókinni minningar eftir Einar Jónsson að Örnefnið Gylta dragi nafn sitt af af fjallinu fyrir ofan, sem heitir Gylta, samkvæmt Minningar e. Einar Jónsson, en ekki að í kofanum hafi svín verið höfð.

Tóftin er á grasivaxinni bungu, rétt norðan við núverandi mörk túnsins og í fjallsrótum Galtafells. Til suðvesturs rennur Bæjarlækurinn.

Tóftin er tvískipt, 13x12 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru 0,3-,5 m á hæð, hæst er tóftin í suðurenda. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en ekki er hægt að telja umför vegna gróðurs, þótt hér og þar glitti í grjót í veggjum. Op er á báðum hólfunum á SSA en ekki er op milli hólfa. Hólf 1 er syðra hólfið. Það er 6x6 m að innanmáli. Hólf 2 er norðaustan við hólf 1. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Óvíst er með hlutverk tóftarinnar en lögun og stærð hennar bendir til þess að hér er um að benda stekkjartóft eða lítil rétt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell ÓÞ, 36; Einar Jónsson (1944), 13

Teikning af Gyltukofa 023

ÁR-321:024 heimild um fjárhús

A: 435821 N: 399527

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Vestur frá gilinu [sem gengur í gegnum túnið] taka við sléttar grundir, er nefnast Flatir. Vestur af þeim eru þrjár náttugar [sjá 032, 033, 034] og eitt ærhús.“ Hjalti Árnason, heimildamaður, taldi að túnin suðvestan við bæinn gætu verið það svæði sem kallað er Flatir í örnefnaskránni. Á örnefnaupprætti Ingimundar Einarssonar er útihús merkt suðvestan við bæ, á svipuðum stað og Flatirnar hafa verið og má ætla að það sé ærhúsið sem nefnt er í örnefnaskránni. Ræktuð tún eru nú þar sem fjárhúsin stóðu.

Ekki sjást nein ummerki um tóftir á svæðinu og hafa þær verið sléttadar í tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Galtafell, 1-2

ÁR-321:025 heimild um traðir

A: 435823 N: 399299

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir frá bæ 001 til suðvesturs að vagnvegi ÁR-681:035.

Traðirnar lágu í gegnum suðurtún Galtafells sem hallar lítillega til suðurs. Vegur heim að Galtafelli liggur þar sem traðirnar voru áður. Engin ummerki um traðir sjást á yfirborði vegna vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-321:026 garðlag túngarður

A: 435999 N: 399510

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var túngarður umhverfis heimatún jarðarinnar. Hann afmarkað svæði sem var 300x120 m að stærð og sneri norður-suður: Aðeins sér til túngarðs á tveimur stöðum: annars vegar innan norðurhluta núverandi túns, um 180 m NNA við bæ 001 og hins vegar rúmum 60 m SSA við Stöðul 013. Sá garður er norðar en túngarðurinn á túnakortinu frá 1920 og því er um tvær útfærslur af túngarði að ræða. Til aðgreiningar er görðunum lýst undir sérstökum bókstöfum hér neðar.

Á þessum slóðum eru sléttuð tún. Því nyðra sem dregið er, því hæðóttara verður svæðið. Rétt fyrir miðju svæðisins rennur Bæjarlækurinn í bugðum úr austri til vesturs.



Túngarður 026B, horft til ANA

Engin ummerki um túngarð A eins og hann var afmarkaður á túnakortinu sjást á yfirborði. Túnið hefur verið fært út frá því að túnakortið var gert og líkast til hefur eldri garðurinn verið sléttaður út við þá framkvæmd. Til er ljósmynd af Galtafelli frá því um 1900 og birtist hún í Árningsi I. Þar sést vel í vestrhluta túngarðsins og er hann grjóthlaðinn úr stæðilegu grjóti.

Túngarður B er rétt austan og NNV við Strokkhól 031. Garðurinn sést sem 0,7 m hár hryggur og er 1-1,5 m á breidd. Um er ræða tvö garðlagsbrot af sama túngarði, samtals 80 m á lengd: eystri hluti hans er 50 á lengd og liggur nálega austur-vestur, rétt austan við Strokkhól 031. Fyrir miðju liggur vírgirðing nálega austur-vestur yfir garðinn. Norðurveggur réttar 029 er einnig sambyggður garðinum. Hitt garðlagsbrotið er rétt NNV við Strokkhól. Það er um 30 m á lengd og liggur NNV-SSA og fjarar smátt og smátt út til beggja enda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Árningsur 1, 370

ÁR-321:027 álagablettur

A: 435637 N: 400190

Að sögn Hjalta Árnasonar, heimildamanns, er álagablettur um 360 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 220 m NNA við Móakot 005, þar mátti ekki slá og er innan túns eins og það var afmarkað á túnakorti frá 1920. Álagabletturinn er norðarlega í sléttuðu túni, rétt sunnan við Móakotsmýri.

Álagabletturinn er enn (2018) ekki sleginn og sést sem grasivaxin bunga. Hún er náttúruleg og er 10x8 m að stærð, um 0,8 m há og snýr austur-vestur. Álagabletturinn sést ekki frá bæ 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-321:028 bæjarstæði býli

A: 436041 N: 399462

Samkvæmt heimildamönnum, feðgunum Hjalta Árnasyni og Árna Hjaltasyni, eru tóftir ANA við bæ 001, neðan við Gyltubrekkuna. Fyrir nokkrum árum (2018) gróf Árne smávegis holu í meint gólf syðstu tóftarinnar og gróf einn metra niður. Þar kom hann niður á vikurlag, sem líklega er Hekla 1104. Hann man ekki til þess að hafa komið niður á nein öskulög eða önnur mannvistarlæg. Tóftirnar eru uppi á háum hól sem er ofan við núverandi bæjarstæði, við suðurbrún hans, rúmum 130 m ANA við bæ 001. Líklega er um að ræða eldra bæjarstæði Galtafells sem hefur svo verið fært niður af hólnum. Tóftirnar eru í jaðri túns sem nú er nýtt til beitar en er ekki lengur slegið.

Minjasvæðið er alls 32x31 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Það samanstendur af fjórum tóftum, tveimur skálalaga tóftum (A og B) og er önnur þeirra byggð ofan í hina, auk tveggja minni tófta (C og D) sitthvoru



Teikning af býli 028

megin við þær. Upp við tóftirnar að vestanverðu er einnig þýft svæði E. Tóftirnar eru mjög grónar og signar og greinilegt að þær eru fornar. Miðað við stærð og lögun þeirra er líklega um fornt bæjarstæði að ræða með tveimur sýnilegum byggingarstigum. Í lýsingunni hér á eftir eru tóftirnar aðgreindar með bókstöfum.

Tóft A er nyrst á svæðinu og er líklega eldra langhúsið af þeim tveimur sem þar er að finna. Tóftin er 20x11 m að stræð og snýr norðaust-suðvestur. Hún er einföld og innanmál hennar er 10x3 m en þar sem tóft B virðist hafa verið byggð ofan í hana gæti hún þó hafa náð lengra til suðvesturs. Veggir eru 0.3-0.5 m á hæð en innri brún veggjar þó hærri og allt að 1 m. Enginn sýnilegur inngangur er greinanlegur á tóftinni.

Tóft B er suðvestan við A og er byggð ofan á hana að hluta. Hún gæti verið yngra langhús. Hún er 16x9 m á stærð og snýr ANA-VSV. Veggjahæð er 0.5-0.8 m og veggir er grónir. Tóftin er tvískipt og er hólfi I norðaustast, 4x2 m að innanmáli. Hólfi II er suðvestan við hólfi I og er 6x3 m að innanmáli. Ekki sést neinn inngangur inn í tóftina og ekki sést op á milli hólfa.

Tóft C er suðaustan við tóft A. Hún er hringlaga, 8x8 m að stærð. Innanmál hennar er þó ekki hringlaga og er 3,5x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á norðausturhlíð tóftarinnar sést glitta í grjóthleðslur, bæði hellugrjót og stóra steina, 1-2 umför. Veggjahæð er 0.3 m.


Tóft D er norðvestan við tóftir A og B og er 11x10 m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur og op er á norðausturhlíð. Innanmál hennar er 5x3 m og hæð veggja er 0.3 m. Suðvestan við tóft D og norðvestan við tóft B er þýft svæði E þar sem jarðlægra minja kann að vera að vænta. Þýfða svæðið er 9x8 m að stærð en næst tóft B er slétt svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-321:029 tóft rétt

A: 436004 N: 399648

„Byrjum þá heima undir bæ [001] enn einu sinni. Verður þá fyrst fyrir fjárrétt, sem er í túnjarðinum, efst á Strokkhólsflöt [031]. Þar fer fram rúningur og mörkun á vorin, en sundurdráttur á sláturfé og óskilafé á haustin,“ segir í örnefnaskrá. Réttin er um 155 m NNA við bæ 001 og rúnum 50 m austan við Strokkhól 031.



Teikning af rétt 029

Réttin er við fjallsrætur suðurhluta Galtarfells, í grasigrónni hvilft rétt sunnan við Setberg. Austan og sunnan við réttina rennur Bæjarlækurinn.

Réttin er einföld, 15x12 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er nálega ferhyrnd og grjóthlaðin, en mikið vallgróin og því er ekki hægt að telja fjölda umfara í hleðslu. Þó glittir í stórt hleðslugrjót hér og þar í veggjum. Veggir eru signir, 0,4-0,6 m á hæð og 0,5 m á breidd. Ekkert op sést í réttinni, en suðurveggur hennar er allur kominn undir svörð eða að þar hafi ekki verið hlaðinn veggur: mögulega hefur verið grind þar. Hefur réttin verið opin í þá átt. Gólf



Rétt 029, horft til suðurs

réttarinnar er á kafi á grasi og óslétt. Ekki mótar fyrir frekari hólfaskiptingu í henni. Réttin er byggð upp við túngarð 026B til norðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 5

ÁR-321:030 gata leið

A: 436352 N: 399233

Leið liggur inn Sæludal meðfram Dagmálaás og Stekkjarlæk, frá stekk 006. Leiðin greinist upp í þrjár áttir og hver fær sinn bókstaf til aðgreiningar. Hún greinist fyrst við stekkjatóft 006 þar sem hún liggur annars vegar slitrótt upp Dagmálaás og að Fjallhúsum 011 (hluti A) og hinsvegar áfram meðfram læknum inn dalinn að Seldal 010 (hluti B). Aftur greinist hún niðri við Stekkjarlækinn þar sem hún heldur áfram yfir hann og til norðausturs (hluti C). Leiðarnar hafa allar ólíkan áfangastað en hefjast á sama stað, yst í Sæludal. Grein A endar á Borgarás 012, grein B í vestanverðum Seljadal 010, og grein C í sunnanverðum Seljadal.



Leið 030A, horft til norðausturs

Leið A liggur yfir hálfgróna ása en hverfur í mýrarsvæðinu á milli þeirra.

Leið B liggur á grónum bökkum Stekkjarlækjarins en leið C yfir hálfgróinn ás niður í blautt mýrarsvæði sunnan við Seldal. Leiðin sést oftast sem gróin kindagata, þó svo að þar sem hún liggur yfir ógróna eða hálfgróna ása, sé gróðurþekja ekki samfelld. Hún er 0.3 m á breidd en þó breiðari á köflum og 0.1 á dýpt. Leið A sést slitrótt uppi á Dagmálaás í norðvestanverðum Sæludal í þremur bútum á 840 m löngum kafla. Leið B liggur meðfram Stekkjarlæknum á 1 km löngum kafla. Hún sést nánast alla leið frá stekk 006 inn í Seldal 010.

Leið C liggur á 200 m löngum kafla yfir Stekkjarlæk og ásinn þar norðaustan við en hverfur þar sem hún liggur niður í þýfða mýri neðan við ásinn.

Hættumat: engin hætta

ÁR-321:031 *Strokkhóll* heimild um huldufólksbústað

A: 435956 N: 399671

„Norðan við gilið eru tveir hólar, sá syðri lágur og er tún, en hinn miklu hærri og er ekki ræktuð jörð. Er hann einkennilegur í lögun, breiðastur neðst, en mjókkar, eftir því sem ofar dregur, þar til hann er ekki nema 4-6 m í þvermál í kollinn, og situr dálítill klettur í honum. Þessi hæð heitir Strokkhóll og eru munnmæli við hann kennd að einhverntíman í fyrndinni hafi heyrzt strokkhljóð í honum,“ segir í örnefnaskrá. Strokkhóll er rúmum 155 norðan við bæ 001 og um 50 m vestan við rétt 029. Strokkhóllinn er milli gamla heimatúns heimabæjar og suðurhluta fjallsrætur Galtafells. Hóllinn er á óræktuðu svæði. Rétt sunnan og austan við hann rennur Bæjarlækur.

Strokkhóll er grasvaxinn og þýfður. Mosi er talsverður í sverði, einkum í rimum og þúfum. Hóllinn er



Strokkhóll 031, horft til norðurs

náttúrulegur, 60x50 m að stærð og snýr austur-vestur. Hann er um 5 m á hæð, sést vel frá bæ og er áberandi í landslaginu; því hefur hann ljóslega kallað á einhverja merkingu sem ljáði staðnum merkingu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 1

ÁR-321:032 heimild um nátthaga

A: 435760 N: 399546

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Vestur frá gilinu [sem gengur í gegnum túnið] taka við sléttar grundir, er nefnast Flatir. Vestur af þeim eru þrír nátthagar [sjá 033, 034] og eitt ærhús [024].“ Hjalti Árnason, heimildamaður, taldi að túnin suðvestan við bæinn gætu verið það svæði sem kallað er Flatir í örnefnaskránni. Flatirnar eru um 150 m suðvestan við bæ 001 en engin ummerki um nátthagana sjást á svæðinu. Ræktuð tún eru nú þar sem nátthagarnir þrír voru.

Ekki sjást nein ummerki um garðlög eða gerði á svæðinu og hafa minjarnar líklega verið sléttaðar í túnin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 1-2

ÁR-321:033 heimild um nátthaga

A: 435729 N: 399558

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Vestur frá gilinu [sem gengur í gegnum túnið] taka við sléttar grundir, er nefnast Flatir. Vestur af þeim eru þrír nátthagar [sjá 032, 034] og eitt ærhús [024].“ Hjalti Árnason, heimildamaður, taldi að túnin suðvestan við bæinn gætu verið það svæði sem kallað er Flatir í örnefnaskránni. Flatirnar eru um 150 m suðvestan við bæ 001 en engin ummerki um nátthagana sjást á svæðinu. Ræktuð tún eru nú þar sem nátthagarnir þrír voru. Ekki sjást nein ummerki um garðlög eða gerði á svæðinu og hafa minjarnar líklega verið sléttaðar í túnin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Galtafell, 1-2

ÁR-321:034 heimild um nátthaga

A: 435768 N: 399497

Í örnefnaskrá Galtafells segir: „Vestur frá gilinu [sem gengur í gegnum túnið] taka við sléttar grundir, er nefnast Flatir. Vestur af þeim eru þrír nátthagar [sjá 032, 033] og eitt ærhús [024].“ Hjalti Árnason, heimildamaður, taldi að túnin suðvestan við bæinn gætu verið það svæði sem kallað er Flatir í örnefnaskránni. Flatirnar eru um 150 m suðvestan við bæ 001 en engin ummerki um nátthagana sjást á svæðinu. Ræktuð tún eru nú þar sem nátthagarnir þrír voru. Ekki sjást nein ummerki um garðlög eða gerði á svæðinu og hafa minjarnar líklega verið sléttaðar í túnin.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Galtafell, 1-2

ÁR-321:035 *Galtagil* heimild um vatnsból

A: 436050 N: 399631

„Vesturfjallið [...]. Þá tekur við Gylta og Gyltubrekka; er það stór ás, er nær langt inn í fjall. Hann afmarkast að vestan af mjög stóru gili, sem Galtagil nefndist. Úr því er neytluvatn tekið,“ segir í örnefnaskrá. Galtagil er rúmum 170 m norðaustan við bæ 001 og 170 m norðan við fornt bæjarstæði 028. Þar rennur enn lækur niður hlíðina. Lækurinn rennur til suðvesturs í gílinu. Svæðið í kringum hann er grasi gróðið og nýtt til beitar. Ekki sjást nein ummerki um nákvæmlega hvar í læknum neytluvatn hefur verið tekið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Galtafell, 4

ÁR-321:036 gata leið

A: 436754 N: 400617

Leið liggur framhjá Heiðarvörðu 014 og niður í Fífudal í átt að Byrgjunum 015. Líklega hefur þessi leið legið frá Seldal 010 og upp á sinn í átt að Fífudalnum og líklega þaðan niður að bæ 001 meðfram Galtafelli. Leiðin sést 1.3 km norðaustan við bæ 001 og 660 m norðvestan við Seldal 010. Hún var þó ekki öll gengin. Heiðarvarða 014 er rúmum 20 m norðvestan við götuna en hefur að öllum líkindum verið reist til að marka leiðina.



Leið 036, horft til suðausturs

Svæðið sem leiðin liggur um er grasi vaxið og ansi þýft syðst en flatlendara meðfram Heiði sem er norðan við hana. Svæðið verður mýrlendara þegar komið er niður í Fífudal.

Gatan sést sem djúpur og gróinn kindastígur í grasmóanum neðan við Heiði. Leiðin liggur í tveimur hlutum á alls 300 m löngum kafla. Suðaustast liggur hún á 150 m löngum kafla en hverfur í mesta votlendinu í Fífudal. Hún birtist svo aftur austan við lækinn sem rennur meðfram Hellholti og niður Fífudal, á 60 m löngum kafla. Þar liggur hún í átt að Byrgjunum 015 en sést þó ekki aftur vestan lækjarins. Gatan er 0.3 m á breidd og 0.3 m á dýpt og er víðast vel gróin.

Hættumat: engin hættu

ÁR-321:037 gata leið

A: 436109 N: 399894

Gata er uppi á Galtafelli sem liggur norður-suður frá Steinboga og Byrgjum 015, um 1,2 km NNA við bæ, alla vesturhlið fjallsins og endar á toppi Galta. Ekki sést nein greinileg gata niður af fjallinu enda mikið grjót í hliðum fjallsins. Leiðin hefur líklega legið frá bæ 001 og að fjárskjóli 016 og Byrgjum 015. Gatan liggur ýmist yfir gróin eða ógróin svæði. Gróður á svæðinu einkennist af mosa og lyngi.



Leið 037, horft til suðausturs

Gatan sést sem mjór kindastígur sem stundum greinist í nokkra styttri stíga. Hún sést á 1 km löngum kafla eftir fjallinu og stefnir norður-suður. Gatan er víðast 0.3 m á breidd og 0.2 m á dýpt. Oft er hún gróin en þar sem gróðurþekja er ekki samfelld er hún ógróin.

Hættumat: engin hætta

ÁR-321:038 tóft útihús

A: 436090 N: 399576

Lítil tóft er rúmum 180 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 120 m NNA við fornar bæjartóftir 028. Tóftin er í fjallsrótum Galtafells á milli kennileitanna Galta og Gyltu, í fjallinu, rúmum 80 m austan við Galtagilið.

Tóftin er í þýfðum grasmóa norðan við gamalt tún á hæðinni ofan við núverandi íbúðarhús. Túnið er nú er komið í órækt en er enn nýtt sem beitarhólf.

Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og innamál hennar er 2x2 M. Ekki er neitt greinilegt op á tóftinni. Veggir eru torfhláðir og 0.5 m á hæð að utan en aðeins 0.2 M að innan. Því má ætla að talsvert hafi hrunið úr veggjum hennar inn í hana. Óvíst er hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklega hefur hún verið lítið útihús rétt utan heimatúns.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

ÁR-321:039 heimild um heygarð

A: 435888 N: 399542

Í bókinni Minningar eftir Einar Jónsson segir: „Steinsnar fyrir vestan bæinn [001] var svo aðalfjósið [sjá 003] [...]. Fyrir norðan það var stór heygarður.“ Heygarðurinn var um 30 m VNV við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við fjós 003. Á þessum slóðum er bakgarður sumarbústaðar Einars Jónssonar (b. 1923-1940). Engin ummerki um heygarð sjást á yfirborði. Líkast til hefur hann horfið vegna framkvæmda við sumarbústaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Einar Jónsson (1944), 8

ÁR-321:040 gata leið A: 436112 N: 399390
Mjó gata liggur niður Dagmálaás 07 og í átt að fjárhúsum 008 og bæ 001, rúnum 330 m suðaustan við bæ. Hún hverfur þó í grasgróinni hlíðinni þegar komið er niður mesta brattann. Leiðin hefur legið frá bæ 001 í átt að Stekkatúni 006. Gatan liggur um mosavaxinn og hálfgróinn Dagmálaásinn og niður grasi vaxna hlíð í átt að bæ 001

Gatan sést á 130 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður upp á ásin en beygir til austurs þegar upp er komið, í átt að stekk 006. Gatan er 0.3 m á breidd og 0.1 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

ÁR-321:041 vegur leið A: 436147 N: 399120
Hjalti Árnason, heimildamaður, sagði að gömlu þjóðleiðina hafa legið um Dagmálaásinn og þaðan að Galtafelli. Gamall ruddur vegur sést við suðaustanverðan Dagmálaás, meðfram Stekkjarnefi og framhjá Gamlastekkjartúni 022 og inn Sæludal. Vegurinn er 460 m suðaustan við bæ 001 og rúnum 20 m vestan við stekk 006. Leiðin er ekki merkt á herforingjaráðskort frá 1908. Hugsanlega er þetta hluti af gömlu þjóðleiðinni sem Hjalti Árnason nefndi að hafi legið um Dagmálaásinn. Svæðið sem leiðin liggur um er að mestu grýtt og gróðurvana en norðaustast er vegurinn þó gróinn.

Vegurinn sést á 240 m löngum kafla, frá Stekkjarnefi upp suðausturhlíð Dagmálaáss, þar sem hann endar við stekk 006. Um 100 m innar í dalnum tekur leið 030 við af honum. Vegurinn virðist vera ruddur að hluta og er 3 m breiður. Ekki sjást nein hjólför á veginum og norðaustasti hluti hans er vel gróinn.

Hættumat: engin hætta



Leið 041, horft til suðvesturs

ÁR-326 Birtíngaholt

Sögulegar heimildir

1686: 26 hdr. 160 ál., Skálholtskirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1695: 26 hdr. 80 ál., Skálholtskirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1709: Jarðadýrleiki óviss, Skálholtskirkjueign, samkvæmt JÁM II, 237.

1847: 38^{2/3} hdr., bændaeygn, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.


Um 1220: Jarðarinnar er getið í máldaga Langholts syðra, DI I, 408.

1953 er Birtíngaholti skipt í Birtíngaholt I, II og III, SB I, 286.

1958 er Birtíngaholt IV skipt út úr Birtíngaholti I, SB I, 289.

Önnur býli á jörðu: Bessastaðir (ÁR-326:023), samkvæmt Ö-Birtíngaholt BJ, 112.

Jarðarítök 1709: „Laxveiði í Stóru Laxá hefur jörðunni að góðu gagni verið,“ JÁM II, 237.



Teikning byggð á túnakorti Dalbæjar frá árinu 1920. Horfnar minjar eru merktar með gráum línunum en minjar sem enn sjást á vettvangi með svörtum línunum

Landkostir

1920: Tún 11,3 ha, slétt, garðar 22 arar.

1840: „[T]únamikil jörð með allgóðum engjum, hagaþröng, mætir nokkrum sandfoks áföllum úr melum hjá Laxá.“ SÁÁ, 112.

„Þetta er landstór jörð og landið allt grasi gróið og víðast hvar mjög grasgefið. Að hálfu er landið blaut mýri, en að öðrum helmingi þurrlendi. Einkum er þurrlendi á grónum eyrum og vallendisbökkum með Stóru-Laxá. Eru þar góðir sumarhagar fyrir allan fénað og graslönd eru þar ágæt. Mýrlandi jarðarinnar er nú framræst að hluta og tekið til ræktunar. Þar voru engjalönd allgóð, einnig vetrarþrá fyrir hross og sauðfé. Ræktunarland er mikið og gott, bæði á

þurru vallendi og á mýrlendi, sem liggur vel við uppburkun.“ SB I, 286



Birtingarholt árið 1941

vinstri á myndinni og hrútakofar 037 til hægri. Suðaustan við torfbæinn má sjá martjurtagarð 040. Torfbærinn var rifinn vorið 1986 en þá var hann orðinn mjög hrörlegur. Í stað hans var byggt timburhús eftir sömu teikningum og húsið á Hrafnkelsstöðum ÁR-334 en það hús var rífið árið 1951 og í stað þess var byggt steinsteypt íbúðarhús. Það hús stendur enn á bæjarhólnum í dag (2017).

Trjagarður er sunnan við íbúðarhús en hlað og útihús norðaustan við. Holt er norðaustan við bæinn og hefur trjám einnig verið plantað þar í hlíðina. Á bæjarstæðinu markar fyrir óljósri bæjarhólsmýndun, um 75 x 35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Skýrust brún er í garði suðvestur af íbúðarhúsi og er þar um 1 m há upphækkun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Árnesingar I, 417-428

ÁR-326:002 heimild um fjárhús

A: 430797 N: 397001

Útihús er merkt inn á túnakort frá árinu 1920, um 210 m suðvestur af bæ 001. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildarmanni, voru bæði þetta útihús 002 og útihús 003 fjárhús. Ekki sést til fornleifa. Þar sem útihúsið var er trjagarður norðaustur af íbúðarhúsi í Birtingaholti 3b.

Ekki sést til fornleifa á yfirborði og hefur húsinu verið rutt út þegar Birtingaholt 3 var byggt. Þegar staðurinn var skoðaður sumarið 2017 hafði verið grafið frá húsinu en ekki sáust áberandi merki um minjar í sniði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-326:003 heimild um fjárhús

A: 430784 N: 396965

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1920, um 250-260 m suðvestur af bæ 001. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildarmanni, voru bæði útihús 002 og þetta útihús 003, fjárhús. Ekki sést til fornleifa. Þar sem útihúsið var er slétt grasflöt eða tún í halla til suðausturs, sunnan við íbúðarhús í Birtingaholti 3. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur líklega verið sléttað yfir minjarnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

Núverandi íbúðarhús í Birtingaholti 1 stendur á bæjarhól Birtingaholts, suðvestan undir Stekkjarholti 010 en engar leifar af gamla bæjarstæðinu sjást á yfirborði. Í Árnesingum I má sjá málverk af Birtingaholti sem málað var í kringum árið 1890 og þar sjást bæjarhúsin vel. Á gamla torfbænum voru 9 burstir og snéru stafnar til suðausturs. Norðaustasta útihúsið er ekki tengt bænum og stóð stakstætt, tveimur - þremur metrum frá bæjarhúsunum. Tvö önnur útihús sjást einnig á málverkinu í túni Birtingaholts. Þetta eru útihús 039 til



Bæjarstæði Birtingarholts árið 2017, horft til VNV

ÁR-326:004 *Lambhústún* örnefni lambhús

A: 430981 N: 397455

Lambhústún er á lista yfir örnefni í Birtingaholti en er einnig merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarsonar af bænum, norðan við bæ 001. Ágúst Sigurðsson, heimildamaður, sagði að hann myndi eftir að hafa séð gamla mynd af bæjarstæðinu þar sem sást í útihús í brekkunni norðan við bæinn en man þó ekki eftir því að hafa séð tóftir á svæðinu. Lambhústún er tæpum 150 metrum norðaustan við bæ 001 og rúmum 75 metrum SSV við rétt 005 en þar sjást engin ummerki um lambhús. Lambhústúnið er ræktað tún og er nú notað að hluta sem beitarrhólf fyrir hesta. Því má sjá nokkuð rof í túninu eftir hestana. Malarvegur liggur meðfram lambhústúninu, austan við það sem lagður hefur verið að húsum ofan við bæjarkjarnann.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og má ætla að sléttað hafi verið yfir það við túnrækt eða það rífið niður þegar malarvegurinn var lagður upp á túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps -Birtingaholt

ÁR-326:005 *Stöðulkriki* hleðsla kvíar/rétt

A: 431020 N: 397382



Rétt 005, hoft til norðurs


neðan við klettabeltið er grasi vaxið.

Eins og nafn krikans gefur til kynna hafa verið kvíar á svæðinu en ekki sjást nein ummerki um þær. Líklega hafa þær þó verið við Stöðulkrika eins og nafnið bendir til. Seinna var byggð rétt á svæðinu sem sést ennþá að hluta til. Réttin er byggð upp við háa kletta og við klettanna er sléttur flötur, innanmál réttarinnar. Norðurhlið réttarinnar er kantur en við suður og austurhliðar eru ruðningar sem mynda vegg hennar. Réttin er 18 x 17,5 metrar að stærð og snýr norður - suður. Hún er 16 x 15 metrar að innanmáli og er hún opin til suðurs, norðurs og austurs. Veggruðningarnir á austur og suður hliðum eru 1,5 metrar á breidd 0.5 - 0.7 metrar á hæð. Líklega hefur verið rutt innan úr réttinni til að slétta svæðið og ruðningarnir notaðir til að mynda veggina. Líkt og heimildamaður greindi frá hafa svo grindverk verið sett upp á vegg hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Birtingaholt

Stöðulkriki er á lista yfir örnefni í Birtingaholti en er einnig merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarsonar af bænum, nyrst í túninu á milli Lambhússtúns 004 og Stöðulkletta. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildarmanni, var þar byggð rétt sem notuð var þegar það var smalað. Kletturinn þar er frá náttúrunnar hendi en grindverk voru sett þar í kring. Réttin er rúmum 230 metrum norðaustan við bæ 001 og rúmum 60 metrum frá Lambhústúni 004. Þar er klettabelti til vesturs og svæðið



Teikning af rétt 005



Gamligarður 006 er horfinn undir byggingar, horft til NNA

Gamligarður er á lista Brynjúlfs Jónssonar yfir örnefni í Birtingaholti en hann er einnig merktur inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar af jörðinni og er þar sýndur fast norðan við bæ 001 í túninu. Garðurinn var rifinn og jafnaður út þegar fjós var byggt á árunum 1970 - 1980. Gamligarður var 20-30 metrum norðaustan við bæ 001, þar sem eru gamalt fjós og hlaða sem nú eru notuð sem skýli fyrir hross. Trjáreitir er 20 metrum norðvestan við garðlagið. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en líklegast þykir að þetta hafi verið kálgarður. Á svæðinu sem Gamligarður var eru nú byggingar, marlarplan og beitarhólf fyrir hesta. Ekki sjást nein ummerki um garðlagið á yfirborði vegna byggingaframkvæmda.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Birtingaholt BJ, 112; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Birtingaholt

ÁR-326:007 *Dælarbrunnur* heimild um brunn

A: 431109 N: 397083

Dælarbrunnur er nefndur í lista yfir örnefni í Birtingaholti og þar eru einnig nefnd örnefni Dæl og Dælarkriki. Dælin og Dælarkriki eru bæði nefnd í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar og merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar, fyrir suðaustan bæ 001. Dælatún er um 190 m suðaustur af bæ. Nákvæm staðsetning brunnsins er ekki þekkt og ekki sáust ummerki um hann í Dælatúni.

Dælatún er sléttáð tún, í rækt. Lækur rennur meðfram norðvesturhlíð túnsins og liggur afleggjari að Birtingaholti 5 norðaustur-suðvestur handan lækjarins. Ekki sjást merki um fornleifar í eða við Dælatún og hefur brunnurinn líklega verið fylltur og sléttáð yfir hann.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ö-Birtingaholt BJ, 112; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birtingaholt

ÁR-326:008 *Bessastaðakofi* heimild

A: 431071 N: 397139

Bessastaðakofi er nefndur í örnefnaskrá Birtingaholts, ásamt örnefninu Bessastaðatún. Í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar um Birtingaholt kemur einnig fram örnefnið Bessastaðir 023. Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar er Bessastaðatún sunnan við bæ 001. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildamanni var Bessastaðatún um 140 m austur af bæ 001 og var Birtingaholt 4, þar sem heimildamaður býr, reist á túninu. Ekki sést til fornleifa á svæðinu og er nákvæm staðsetning kofans ekki þekkt. Afstaða Bessastaða 023 og Bessastaðakofa er sömuleiðis óþekkt. Suðaustan við Birtingaholt 4 er sléttuð grasflöt eða tún, afmörkuð af aspartrjám.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og komu engar minjar fram þegar Birtingaholt 4 var byggt, samkvæmt Ágústi Sigurðssyni. Hlutverk kofans er ekki þekkt en líklegt er að hann hafi verið einhverskonar útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ö-Birtingaholt BJ, 112; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birtingaholt

ÁR-326:009 *Kuðungur* heimild

A: 431061 N: 397153

Kuðungur er nefndur í örnefnaskrá, sagður kofi. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildarmanni, var Kuðungur hóll, um 130 m austur af bæ 001, um 10 m norðaustan við íbúðarhúsi í Birtingaholti 4. Ágúst mundi ekki eftir kofa á eða við hólinn.

Kuðungur er lágur hóll, um 0,5 m hár, í garði austur af íbúðarhúsi í Birtingaholti 4. Garðurinn er slétt grasflöt afmörkuð með aspartrjám. Hóllinn var áður hærri en var jafnaður út um það leyti sem Birtingaholt 4 var byggt. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur kofinn líklega verið sléttáður í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32

ÁR-326:010 *Stekkjarkholt* örnefni stekkur

A: 431002 N: 397528



Stekkjarkholt 010, horft til norðurs

svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ö-Birtingaholt BJ, 113; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Birtingaholt

ÁR-326:011 *Sauðhústóft* tóft fjárhús

A: 432529 N: 399566



Sauðhústóft 011, horft til SSV

en þurrt hefur verið upp við bakka óssins.


Sauðhústóftin er 18 x 9 metrar að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Hún er tvískipt og dyraop er til norðurs. Hólf I er í norðurenda tóftarinnar og er 11 x 3 metrar að innanmáli, langt og mjótt. Veggir eru 0.5 metrar á hæð. Hólf II er sunnan við hólf I og er 4 x 3 metrar að innanmáli. Veggir eru einnig 0,5 metrar á hæð nema í vesturenda er veggurinn um 1 metri á hæð. Hólf II virðist vera örlítið niðurgrafið og hefur líklega verið hlaða. Tóftin er torfhláðin og ekki sést í neitt grjót í henni. Veggir tóftarinnar eru mjög þýfðir. Nú er engin hætta sem stafar frá læknum vegna þess hve lítið vatn er í honum en ef vatnsmagn eykst gæti tóftin verið í hættu vegna nálægðar við lækinn. Því er tóftin skráð í hættu vegna landbrots.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Stekkjarkholt (Stekkjatúnsholt) og Stekkjarklettur eru nefnd í Örnefnaskrá Birtingaholts og Örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar. Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar er Stekkjarkholt staðsett norðan við Stöðulkletta og vestan við Stekkjarkletta. Stekkjarkholt er rúmum 390 metrum norðan við bæ 001 og tæpum 160 metrum norðan við rétt/kvíar 005. Holtið er austan við afleggjarann sem liggur meðfram holtum og tünnum til norðurs. Rétt norðan við liggur annar afleggjari til austurs. Útsýnið er mikið til austurs á Stekkjarkholti. Nákvæm staðsetning stekkjarkholts er ekki þekkt en líklega hefur stekkurinn verið í tüninu vestan við Stekkjarkholtið.

Þar er gróið holt, mosi og gras og annar villtur gróður en sléttað tún til vesturs, þar sem stekkurinn hefur líklega staðið. Ekki sjást nein skýr ummerki um stekkin á yfirborði og líklega er hann horfin vegna tunslettunar á

Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar er Sauðhústóft staðsett nyrst í landi Birtingaholts, við Miðfellsgil. Í Árnesingum I segir að Sauðhúsið við Gilið hafi hrunið til grunna í jarðskjálftanum árið 1896. Ágúst Sigurðsson, heimildamaður, samsinnir því og segir Sauðhúsið hafa verið torf- og grjóthlaðið. Tóftin er 2.9 km norðaustan við bæ 001 alveg við lækinn sem skiptir upp landamærum Syðra-Langholts og Birtingaholts. Tóftin er á bakka lækjarins, suðvestan hans. Svæðið er þýft og vestan við tóftina er framræst mýrarsvæði



Teikning af tóft 011

Heimildir: Árneseingar I, 424; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps -Birtingaholt

ÁR-326:012 *Gráholtsgarður* frásögn túngarður

A: 430914 N: 397494



Gráholtsgarður 012, horft til suðvesturs

Gráholtsgarður og Gráholt eru bæði nefndi í örnefnaskrá Birtingaholts og örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar um Birtingaholt. Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar var Gráholtsgarður norður af bæ 001 og er sýndur sunnan við Stekkjarholtið 010. Líklega er um að ræða sama tún og sést stakstætt á túnakorti frá 1921 en það var umkringt túngarði. Útihús 026 og 025 voru innan túnsins. Garðurinn umkringdi holt sem nefnist Gráholt og dregur hann nafn sitt af því. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildamanni, er túnið undir Gráholti elsta túnið á svæðinu og man hann eftir hlöðnum görðum í kringum það. Gráholtsstún er rúmum 320 metrum norðan við bæ 001 og norðvestan við Lambhústúnið 004.

Ræktað tún er á Gráholti og holtið sjálft er nú grasi gróinn hóll og hluti af túninu. Búið er að leggja veg

upp á holtið, þvert yfir túnið. Útihús 025 og 026 hafa að öllum líkindum staðið undir holtinu. Ekki sjást neim ummerki um garðlagið á yfirborði og hefur hann verið sléttaður í túnið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Birthingaholt, 32; Ö-Birthingaholt BJ, 113; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birthingaholt; Túnakort 1921

ÁR-326:013 *Mótóftir* örnefni skemma

A: 430751 N: 398440

Mótóftir eru nefndar í örnefnaskrá Birtingaholts og samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar voru Mótóftir NNV við bæ 001, nærri Langholtsósnum og norðvestur af Ósholtsmóa. Mótóftir eru líklega sama örnefni og kemur fyrir í örnefnalista Brynjúlfs Jónssonar en þar eru þær kallaðar Mótóftin. Mótóftir voru 1,3 km NNV við bæ 001, alveg við Langholtsvaðið 015.

Mótóftir voru nálægt Langholtsósnum, á austurbakka hans. Svæðið er mjög þýft og þar var mýri en er nú að mestu þurr vegna framræslu. Ekki sáust neim ummerki um mótóftir á yfirborði en ástæða þess er óþekkt. Svæðið er mjög þýft og því gætu þær hafa horfið þýfið, enda hreyfingar miklar í svo blautum jarðvegi sem mýrarsvæði geta verið. Móggrafir kallaðar Innrigrafir 014 eru 800 metrum norðaustan við Mótóftir og örnefnið Ytrigrafir 022 er að finna á svæðinu, norðar er Innrigrafir 014. Bæði móggrafasvæðin eru við bakka Langholtsóssins og má ætla að það svæði hafi verið kjörið fyrir móggrafir, þar sem það virðist hafa verið blautt nema helst næst bakkanum. Því má ætla að einhverjar móggrafir hafi verið nálægt Mótóftum, þrátt fyrir að engar heimildir séu um það nema þetta örnefni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Birthingaholt, 32; Ö-Birthingaholt BJ, 113; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birthingaholt

ÁR-326:014 *Innrigrafir* örnefni móggrafir

A: 431347 N: 399037

Innrigrafir eru nefndar í örnefnaskrá Birtingaholts og samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar voru þær staðsettar norðan við bæ 001, og norðan við Patakeldu og Gvendarpytt. Móggrafirnar voru rúmum 1,9 km norðan við bæ 001 og rúmum 260 metrum suðvestan við Almenningsvað 017.

Þar er nú blaut og fremur slétt mýri alveg við Langholtsósin en stórþýft ofan við hann. Þar vex gras, mosi og mýrargróður. Ekki sjást neinar eiginlegar móggrafir aðeins rofin svæði í þýfðu mýrlendinu né á loftmyndum eða gervihnattamyndum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ö-Birtingaholt BJ, 113; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birtingaholt

ÁR-326:015 *Langholtsvað* náttúrumin vað

A: 430733 N: 398461

Örnefnið Langholtsvað var ekki merkt inn á örnefnakort heldur kemur aðeins fram á örnefnalista fyrir Birtingaholt. Ágúst Sigurðsson, heimildamaður, gat staðsett það og er líklega það sama og nefnt er Vaðið í skrá Brynjúlfs Jónssonar. Vaðið er í Langholtsósnum 1,3 km norðaustan við bæ 001 og 1,1 km suðvestan við Almenningsvað 017, þar sem lækurennur meðfram túnunum og sameinast Langholtsósnum. Malarafleggjari liggur frá bæjarstæðinu meðfram nýræktinni til norðvesturs, framhjá Stekkjarholti 010 og niður að vaðinu. Svæðið suðaustan við vaðið er smáþýft en ræktuð tún eru austan við.

Vaðið sést enn ágætlega í ósnum. Sandbakkar sjást beggja vegna í langholtsósnum. Og í henni er brot þar sem hefur verið tiltörulega auðvelt að fara yfir. Nú er hægt að ganga þar yfir í stígvélum enda mun minna í í ósnum en var áður fyrr enda er hann aðeins um 1-2 metraa breiddur. Líklega er vaðið á leið sem ekki sést lengur en hefur legið frá bæ 001, yfir Langholtsósinn og sameinast þar leið ÁR-681:027, en sú leið liggur frá Efra-Langholti ÁR-331 að Syðra-Langholti ÁR-327.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ö-Birtingaholt, 113

ÁR-326:016 *Hallsstekkjarbrot* örnefni stekkur

Örnefnið Hallsstekkjarbrot kemur fram í örnefnaskrá Birtingaholts en Ágúst Sigurðsson, heimildamaður, þekkti það ekki og gat ekki staðsett það. Í örnefnaskránni er örnefnið talið upp á milli Langholtvaðs 015 og Ósholtsbrots. Með örnefninu er líklega verið er að vísa til brots í Langholtsósnum og vel gæti verið að Hallsstekkur sé hinum megin við ána í landi Syðra Langholts ÁR-327. Heimildamaður Syðra Langholts, Sigurður Jóhannesson, þekkti hinsvegar ekki heldur til örnefnisins. Frekari heimilda er þörf til þess að hægt sé að staðsetja Hallsstekk nánar.

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32

ÁR-326:017 *Almenningsvað* náttúrumin vað

A: 431494 N: 399243



Almenningsvað 017, horft til norðurs

Almenningsvað kemur fram á Í örnefnaskrá fyrir Birtingaholt og samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar var það NNA við bæ 001 og norðaustur af Innrigröfum 014. Almenningsvað var á leið 020 sem var að öllum líkindum tengileið Birtingarholts við reiðleið 681:027, sem náði frá Syðra Langholti að Ásatúni. Leiðin er ekki lengur fær en Almenningsvað sést enn í Langholtsósnum. Það er 2,1 km NNA við bæ 001 og rúmum 60 metrum suðaustan við mógrafasvæði 022.

Á svæðinu eru ræktuð tún til suðurs. Við Langholtsósinn eru bakkarnir þýfðir og grasi vaxnir.

Langholtsósinn er búinn að breytast mikið á síðustu árum og er nú auðveldlega vaðfær á stígvélum. Niður að vaðinu frá suðaustri sjást gamlar kindagötur sem eru á leið 020. Sandbakkar eru greinilegir

suðaustan óssins og þar er brot í honum. Brotið liggur á ská í norður að norðvestur bakkanum en þar eru þó ekki neindir sjáanlegir sandbakkar. En bakkinn þar er þó lægri en annarsstaðar í kring.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ö-Birtingaholt BJ, 113; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birtingaholt

ÁR-326:018 *Stöðull* örnefni kvíar

A: 430982 N: 397065

Stöðull er merktur á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar, í túnjaðri ASA af bæ 001. Stöðull var um 110 m ASA af bæ 001. Örnefnið bendir til þess að þar ahfi verið kvíar eða mjólkað í stöðli. Ekki sést til fornleifa á svæðinu. Þar sem heitir

Stöðull er smáhæðótt sléttað tún sunnan við bæ. Hafi verið einhver mannvirki á Stöðli hafa þau verið sléttuð í tún og engin ummerki um þau sjást lengur af þeim sökum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birtingaholt

ÁR-326:019 heimild um traðir

A: 430970 N: 397157

Traðir í suðaustur frá bæ 001 eru merktar inn á túnakort frá 1920. Traðirnar voru á sömu slóðum og heimreið að Birtingaholti 1 liggur nú. Malarvegur liggur í norðvestur að íbúðarhúsi í Birtingaholti 1 og hefur aspartrjám verið plantað meðfram veginum suðvestan til. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hafa traðirnar farið undir núverandi veg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-326:020 gata leið

A: 431502 N: 399233



Gata 020, horft til suðausturs

Kindagötur eru við Almenningsvað 017 á suðausturbakka þeirra. Þær eru á leið sem hefur líklega verið tengileið Birtingaholts við reiðleið 681:027 en hún lá frá Syðra Langholti að Ásatúni (Snússu). Kindagöturnar eru 2,1 km NNA við bæ 001 og liggja til suðausturs en engin önnur ummerki um leiðina sjást á svæðinu. Svæðið er þýft og grasi gróið. Mikið rof er í bökkum Langholtsás.

Við suðausturenda Almenningsvaðs sést móta fyrir 4 kindagötum í þýfinu. Þær liggja í austur eða suðaustur frá vaðinu Á 4-5 metra löngum kafla þar til þær hverfa í þýfinu. Þær eru 0.3 metrar á breidd og um 0.5 metrar á dýpt. Sjást sem mjóir, ógrónir kindastíggar. Leiðin hefur að öllum líkindum legið frá Almenningsvaði 017 að Birtingarholtsbæ en svæðið hefur nú allt verið sléttað í tún.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

ÁR-326:021 *Nýjinátthagi* örnefni nátthagi

A: 430925 N: 397287

Nátthagi er merktur inn á örnefnakort Birtingaholts, norðvestan við bæ 001 og norðvestan við Brekkuna. Örnefnið Nýjinátthagi er í örnefnaskrá Birtingaholts og má ætla að um sama nátthaga sé að ræða en Ágúst Sigurðsson, heimildamaður, kannaðist ekki við neinn annan nátthaga. Nátthaginn er sunnan við það sem venjulega er kallað Brekkugarður. Ágúst man ekki eftir hlöðnu gerði á svæðinu. Nátthaginn er rúmum 120 metrum norðan við bæ 001, uppi í brekkunni þar sem nú er rjóður í trjareit norðan við bæinn.

Á svæðinu sem Nýjinátthagi mun hafa staðið er mikið af bæði lauftrjám og barrtrjám. Þar er náttúrulegt graslendi og villtur gróður en ræktuð tún eru til vesturs og norðurs. Ekki sjást nein ummerki um nátthagann á yfirborði en ef hlaðið gerði afmarkaði hann er það horfið í gróður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Birtingaholt, 32; Ö-Birtingaholt BJ, 113; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Birtingaholt

ÁR-326:022 *Ytrigrafir* heimild um mógrafir

A: 431557 N: 399197

Ytrigrafir eru í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar og þar eru þær taldar upp í listanum á milli Potakeldu og Gvendarpytts. Þær eru hinsvegar ekki merktar inn á örnefnakort Birtingaholts. Ágúst Sigurðsson kannaðist ekki við örnefnið en má

þó ætla að þær hafi verið norðar en innrigrafir 014. Á gervihnattarmynd sást móta fyrir mógröfum tæpum 80 metrum ASA við Almenningsvað 017 og er það á svipuðum slóðum og Ytrigrafir gætu hafa verið. Svæðið þar sem Ytrigrafir voru hefur verið ræst fram og er það núna ræktað tún og skurðir.

Mógrafirnar sjást ekki lengur og hefur verið fyllt upp í þær þegar túnið var ræktað á svæðinu. Þær sjást hinsvegar ágætlega á gervihnattarmynd frá árinu 2012 en þá hafði túnið þar ekki verið ræktað. Mógrafasvæðið var 47 x 33 metrar að stærð og snéri norðaustur - suðvestur. Þar sástmóta fyrir 5-6 stökum mógröfum sem voru um 5-8 metrar á lengd og 3-4 breiða og snéru norðvestur-suðaustur. Á myndinni sést að vatn er í mógröfunum.

Heimildir: Ö-Birtingaholts BJ, 113; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birtingaholt; Google Earth gervihnattamynd af Birtingaholti, 2012

ÁR-326:023 *Bessastaðir* heimild um bústað

A: 431071 N: 397137

Eyðibýlið Bessastaðir er nefnt í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar. Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Jónssonar var Bessastaðatún norðan við bæ 001. Ágúst Sigurðsson, heimildamaður kannaðist við örnefnið og sagði Bessastaðatún hafa verið um 140 m austur af bæ 001 og var Birtingaholt 4 reist á túninu. Ekki sést til fornleifa í túninu og er nákvæm staðsetning býlisins ekki þekkt. Afstaða Bessastaða og Bessastaðakofa 008 er sömuleiðis óþekkt. Suðaustan við Birtingaholt 4 er sléttuð grasflöt eða tún, afmörkuð af aspartíjám.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og samkvæmt Ágústi Sigurðssyni komu engar minjar fram þegar Birtingaholt 4 var byggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Birtingaholt BJ, 112; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Birtingaholt

ÁR-326:024 *Smjörbú* heimild

A: 431241 N: 397256



Járnhjólíð úr smjörbúi 024, horft til norðurs

Smjörbú er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908, um 290 m ANA af bæ 001. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildamanni, vottaði fyrir stíflugarði þar í læknum sem rennur neðan við Birtingaholtsbæina, um 310 m ANA af bæ 001 en engin ummerki um sjálft smjörbúið sjást lengur og engar frekari heimildir er að finna um það. Lækur, grasi gróinn að bökkum, rennur í suðvestur um 40 m austan við fjós. Lækurinn er um 5-7 m breiður og mjög staumlítill.

Örugg merki um stíflugarð fundust ekki þegar minjarnar voru skoðaðar sumarið 2017 en um 5 m langur og 2-3 m breiður tangi gengur út í lækinn á þessu svæði og er mögulegt að hann tengist stíflunni Járnhjól sem Ágúst Sigurðsson sagði úr smjörbúinu er þar við lækjarbakkann um 15 m suðvestar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV, 1908

ÁR-326:025 heimild um útihús

A: 430860 N: 397421

Útihús er merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1908, rúmum 260 metrum NNV við bæ 001 og tæpum 50 metrum austan við útihús 026 sem einnig er merkt inn á Herforingjaráðskortið. Útihús 025 og 026 standa því nokkuð nálægt hvort öðru. Útihúsið var við holt sem nefnist Gráholt og dró Gráholtsgarður 012 nafn sitt af því. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildamanni er Gráholtgarður eitt elsta túnið í Birtingarhoti og man hann eftir hlöðnum gördum í kringum það. Líklega er um sama tún að ræða og stendur stakstætt á túnakorti frá árinu 1920, en þar sést tún með túngörðum í kring og einu útihúsi. Því má ætla að annað útihúsið hafi verið lagt af fyrir árið 1920.

Svæðið þar sem útihúsið stóð hefur verið sléttuð og þar er nú ræktað, flatt tún. Yfir Gráholtið hefur verið lagður vegur. Ekki sjást nein ummerki um fornleifar á yfirborði fyrir utan sléttan blett í túninu sem sker sig órlítið úr.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV,1908

ÁR-326:026 heimild um útihús

A: 430807 N: 397414

Útihús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá árinu 1908, rúmum 280 metrum NNV við bæ 001 og tæpum 50 metrum vestan við útihús 025 sem einnig er merkt inn á Herforingjaráðskortið. Útihús 025 og 026 standa því nokkuð nálægt hvort öðru. Útihúsið var við holt sem nefnist Gráholt ogdró Gráholtsgarður 012nafn sitt af því. Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildamanni er Gráholtgarður eitt elsta túnið í Birtingarhoti og man hann eftir hlöðnum gördum í kringum það. Líklega er um sama tún að ræða og stendur stakstætt á túnakorti frá árinu 1920, en þar sést tún með túngörðum í kring og einu útihúsi. Því má ætla að annað útihúsið hafi verið lagt af fyrir árið 1920.

Svæðið þar sem útihúsið stóð hefur verið sléttað og þar er nú ræktað, flatt tún. Yfir Gráholtið hefur verið lagður vegur. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


Heimildir: Herforingjaráðskort 47, SV 1908

ÁR-326:027 tóft beitarhús

A: 431855 N: 398768

Hús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1908, um 1.8 km NNA við bæ 001. Á þeim stað er beitarhúsatóft sunnan undir Lágholti. Lágholt er lítið grasi vaxið holt norðvestur af Galtarholti. Á holtinu, um 5 m norðaustur af tóftinni, er malarnáma og liggur vegur úr austri að námunni. Sléttuð tún eru í kringum holtið.

Tóftin er um 14,5 x 14,5 m, snýr norðvestur-suðaustur og er inngangur inn í hana til norðvesturs. Hún skiptist í tvo hluta: hólfi I, beitarhús með tveimur gördum í norðvesturhluta, og hólfi II, niðurgrafna hlöðu í suðausturhluta. Hólfi I er um 10 x 5,2 m að innanmáli og snýr norðvestur- suðausturben hólfi II um 11 x 2,4 m og snýr norðaustur-suðvestur. Garðarnir tveir í hólfi I liggja hlið við hlið og eru báðir um 10 x 1 m að stærð og um 0,3 m háir. Fjórar krær hafa því verið í beitarhúsunum. Hæð veggja að utan er 0,6-0,8 m en 0,8-1 m að innan í hólfi I og um 2 m í hólfi II. Breidd veggja er víðast 1,6-2 m. Hugsanlega markar fyrir þriðja hólfinu út frá suðvesturhlið, með op til suðvesturs. Hólfið er mjög óljóst en virðist um 2 x 1,2 m að innanmáli. Hæð veggja er um 0,6 x 0,8 að innanverðu.



Teikning af beitarhúsi 027

Mikill gróður er í tóftinni og er gras gróið yfir hleðslur. Járnrusl er í suðurhorni hlöðunnar, í hólfi II.

Hættumat: hætta, vegna efnistöku

Heimildir: Herforingjaráðskort 47; SV 1908

ÁR-326:028 heimild um beitarhús

A: 432292 N: 398423

Þrjú beitarhús (028-030) eru merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1908 suðaustan undir Galtarholti um 1,9 km norðaustur af bæ 001. Aðeins sjást merki um eitt af þessum húsum, sjá 030. Tún hafa verið ræktuð á svæðinu milli Birtingaholts og Galtarholts og vegur liggur þangað niður eftir og á milli Lágholts og Galtarholts.

Galtarholt er að mestu gróið grasi og lyngi en hálfgróinn melur er upp af suðausturhlið þess. Grasi gróin brekka er niður af melnum. Tún eru sunnan við holtið, en hagar austan við. Trjám hefur verið plantað sunnan undir Galtarholti. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur beitarhúsið líklega verið sléttað í tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47; SV 1908

ÁR-326:029 heimild um beitarhús

A: 432336 N: 398427

Þrjú beitarhús (028-030) eru merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1908 suðaustan undir Galtarholti um 1,9 km norðaustur af bæ 001. Aðeins sjást merki um eitt af þessum húsum, sjá 030. Tún hafa verið ræktuð á svæðinu milli Birtingaholts og Galtarholts og vegur liggur þangað niður eftir og á milli Lágholts og Galtarholts.

Galtarholt er að mestu gróið grasi og lyngi en hálfgróinn melur er upp af suðausturhlið þess. Grasi gróin brekka er niður af melnum. Tún eru sunnan við holtið, en hagar austan við. Trjám hefur verið plantað sunnan undir Galtarholti. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur beitarhúsið líklega verið sléttað í tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47; SV 1908

ÁR-326:030 tóft beitarhús

A: 432306 N: 398460




Beitarhús 030, horft til suðurs

Þrjú beitarhús(028-030) eru merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1908 suðaustan undir Galtarholti um 1,9 km norðaustur af bæ 001. Aðeins sjást merki um eitt af þessum húsum, sjá 030. Tún hafa verið ræktuð á svæðinu milli Birtingaholts og Galtarholts og vegur liggur þangað niður eftir og á milli Lágholts og Galtarholts. Galtarholt er að mestu gróið grasi og lyngi en hálfgróinn melur er upp af suðausturhlið þess. Grasi gróin brekka er niður af melnum. Tún eru sunnan við holtið, en hagar austan við.

Tóftin er um 19 x 18,5 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er úr torfi og grjóti og er norðvestur veggur hennar grafin inn í brekku að norðaustan. Tóftin skiptist í fjögur hólfi. Hólf I og II eru í suðvesturhluta

tóftarinnar og eru samsíða. Hólf I um 11 x 2,5 m að innanmáli en hólf II um 11 x 1,5 og þau snúa norðvestur-suðaustur. Inngangur er í hólf I á suðavestur hlið, út úr tóftinni. Mögulegt er að inngangur hafi verið á sömu hlið á hólf II en hrúnið hafi fyrir hann. Hólf III er norðaustan við hólf I-II og liggur þvert á þau, norðaustur-suðvestur og tengir þau saman. Það er um 6 x 3,5 m að innanmáli. Hólf IV er austan við hólf III og er um 4,5 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekkert op er greinanlegt á hólfinu. Hæð veggja að utan er mest um 0,6 m. Hæð veggja að innan er 0,6-0,8 m í hólfum I-III en hólf IV er dýpra, 1,2-1,5 m og gæti hafa verið hlaða verið hlaða. Breidd veggja er víðast 1-3 m og eru veggir mjóstir SSV-til Á SSV hlið. Tóftin er grasi gróin og er mikill gróður í og við tóftina, en grjót sést sumsstaðar í veggjum að innanverðu, einkum í hólf I.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Teikning af beitarhúsum 030

Heimildir: Herforingjaráðskort 47; SV 1908

ÁR-326:031 frásögn brunnur

A: 430996 N: 397108

Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildarmanni, var brunnur um 80 m suðvestur af bæ 001. Vatn var leitt í bæ úr brunninum en hann þornaði upp í miklum þurrkum. Ekki sést til fornleifa. Þar sem brunnurinn var er sléttað tún suðaustur af bæ 001, sunnan við heimreið að Birtingaholti 1. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Brunnurinn hefur verið fylltur og sléttað yfir hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-326:032 brunnur brunnur

A: 430968 N: 39726

Brunnur er rúmum 100 metrum norðan við bæ 001. Brunnurinn er ekki mjög gamall og var vatni dælt upp út honnum og leitt inn í bæ. Brunnurinn er upp við slóða sem liggur neðan við trjáreit norðvestan við bæinn. Þessi brunnur er yngri en brunnur 031. Brunnurinn er í beitarhólfi sem er grasi vaxið. Það rennur vatn úr brunninum og því er svæðið suðaustan hans mjög blautt.

Brunnurinn er ferningslaga og steypdur að utan. Hann er 1,5 x 1,5 metrar að stærð og opið á honum er 0,7 x 0,7 metrar. Búið er að bygja hann að miklu leyti með steyptri plötu en þó sést að hann er hlaðinn að innan með köntuðu grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 033, horft til suðurs (vinstri) og horft til norðausturs (hægri)

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var hlaðinn túngarður hringinn í kringum heimatún Birtingaholts. Ágúst Sigurðsson, heimildamaður, mundi eftir hlöðnum garði við norðausturenda heimatúnsins, um 200 m norðaustur af bæ 001. Þar sjást engar leifar af túngaðirnum en hluti hans sést 100 metrum norðvestan við bæ 001. Norðvestur af bæ er gróið holt þar sem plantað hefur verið trjám af ýmsum tegundum og sést túngaðurinn þar. Handan holtisins er aflíðandi grasigróin brekka. Tún er norðvestur af holtinu. Mosagrónara er norðvestan við garðilagið en grasmikið suðaustan garðlagsins.

Túngarður var hlaðinn í kringum allt heimatún Birtingaholts en í dag sjást leifar hans aðeins norðvestan bæjar. Alls sést túngarðurinn er 135 metra löngum kafla, fyrst sem garðlag en svo kantur. Hann liggur suðvestur - norðaustur og er 2 metra breiður og 1 metri á hæð. Túngarðurinn virðist vera torfhláðinn og ekki sést neitt grjót í honum. Norðurhluti túngarðsins hefur verið sléttaður í túnið en þar sem hann liggur í brekkunni neðan við trjareitinn hefur hann fengið að standa óáreittur. Eftir því sem sunnar dregur sést túngarðurinn aðeins sem kantur og austurhlið er horfin að stóru leyti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-326:034 Ullarmói frásögn þvottastaður

A: 431039 N: 397048



Samkvæmt Ágústi Sigurðssyni, heimildamanni, var ull þvegin í læk suðaustur af bæ og látin þorna í Ullarmóa. Ullarmói er um 160 m suðaustur af bæ 001. Þar sem heitir Ullarmói er sléttað tún, í halla til norðvesturs. Svæðið er í túnjaðri, nærri heimreið sem liggur norðaustur-suðvestur. Lækur rennur í sömu stefnu um 15 m suðaustan við heimreiðina. Grasigróið er að bökkum lækjarins sem er lygn og um 1-1,5 m breiður. Ekki sjást nein ummerki um ullarþvottinn við lækinn og túnið.

Hættumat: engin hætta

Ullarmói 034, horft til suðvesturs



Áveitugarðlag 035, horft til austurs

Áveitugarður er 2.1 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 30 metrum suðaustan við Almenningsvað 017 og Langholtsós. Galtarholt er 820 metrum suðvestan við áveitugarðinn. Garðlagið liggur í gegnum ræktuð tún á flatlendu svæði.

Áveitugarðurinn er 380 metra langur en þó sést á loftmynd að hann hefur verið lengri. Hann liggur suðvestur - norðaustur, líkt og Langholtsósinn sem er norðvestan við hann. Garðlagið er torfhlaðið og er um 1 metri á breidd og 0.4 - 0.5 metrar á hæð.

Hættumat: engin hætta



Steinker 036, horft til norðvesturs

Í bókinni Landið, fólkíð og þjóðtrúin eftir Bjarna Harðarsson segir: "Risablendingurinn Bergþór í Bláfelli klappaði sýruker á þremum bæjum á heimleið sinni frá Eyrarbakka, fyrst að Birnustöðum á Skeiðum, þá í Birtingaholti [...] en í Birtingaholti er svokallað Steinker í litlum skúta í brekku heima við bæjarhús. [...] Ekki eru heimildir um að sýruker Bergþórs í Birtingaholti hafi verið notað eða að því hafi fylgt séstök áhrínisorð." Skútinn sem talað er um í tilvitnuninni er 90 metrum vestan við bæ 001, í brekkunni ská á móti bænum, nánast við vesturendann á klettunum. Þar rétt hjá er fánastöng sem stendur upp úr trjáreitnum.

Brekkan er grasi og blómum vaxin. Laufré vaxa allt um kring og litlir runnar fela hellisskútan. Skútinn er lítill en lítil manneskja ætti auðveldlega að

komast inn í hann. Hann er u.þ.b. 1,7 x 1 metri að stærð og hæð hans er sömuleiðis um 1 metri. Ekki eru nein ummerki um steinker inni í hellisskútanum. Ekki virðist vera auðvelt að vinna höggva bergið og því líklegra að hellirinn hafi orðið til frá náttúrunnar hendi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bjarni Harðarson, 2001, bls. 249

Hrútakofar stóðu við norðurendann á Lambhústúni og voru rifnir seinna mér. Heimildamaður, Ágúst Sigurðsson, man ekki sjálfur eftir þeim en man eftir að hafa séð mynd af þeim uppistandandi í túnbrekkunni, rétt vestan við vegslóðan.

Gróin brekkar er nú á svæðinu og er það notað sem beitarhólf fyrir hross. Ekki sjást nein ummerki um kofana á yfirborði enda voru þeir rifnir áður en heimildamaður man eftir sér.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður 038, horft til norðausturs

Garðlag er um 160 m norðvestur af bæ 001. Garðlagið er um 25 m norðvestur af túngarði 033 og liggur samsíða honum. Norðvestur af bæ er gróið holt þar sem plantað hefur verið trjám af ýmsum tegundum. Handan holtisins er aflíðandi grasigróin brekka. Tún er norðvestur af holtinu. Mosagrónara er norðvestan við garðilagið en grasmikið suðaustan garðlagsins.

Garðlagið er um 60 m langt og liggur norðaustur-suðvestur. Norðaustendi garðlagsins þess er við mörk túns. Garðlagið er 1-1,2 m hátt, 0,4-0,8 m breitt og fer lækkandi til suðvesturs. Garðlagið er vaxið grasi og elftingu og sker sig ekki frá umhverfi. Rof er á stöku stað í norðvesturhlíð garðlagsins nærri norðausturenda. Hugsanlega er um túngarð, yngri en garð 033, að ræða, eða gerði sem byggður hefur verið við túngarð 033.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Útihús 039 (Árnesingar I, bls.417)

Í ritinu Árnesingar I er mynd af málverki af gamla torfbænum í Birtingaholti sem málað var í kringum árið 1890. Uppi á holtinu norðvestan við bæinn sést útihús. Það er á milli tveggja bunga í holtinu og snýr stafn þess til suðausturs.

Á svæðinu er nú trjareitur með bæði lauf- og barrtrjám. Svæðið uppi á holtinu er vaxið náttúrulegum villtum gróðri, blómum og grasi. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði og hefur það líklega horfið vegna niðurrifs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Árnesingar I, 417

Í ritinu Árnesingar I er mynd af málverki sem málað var af Birtingaholti í kringum árið 1890. Þar sést að hlaðinn kálgarður var fast suðaustan við bæjarhúsin. Þar sem kálgarðurinn var, er nú húsgarður Birtingaholts. Þar eru lauftré og runnar. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði og hefur hann líklega horfið

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árnesingar I, 417

ÁR-327 Lángholt syðra



Kort þar sem búið að er varpa túnakorti jarðarinnar yfir loftmynd af svæðinu

Sögulegar heimildir

1686: 40 hdr., Skálholtsbiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1695: 40 hdr., Skálholtsbiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1709: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtskirkjueign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 239.

1847: 55^{1/8} hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

1220: Máldagi Lángholts syðra (DI I, 408).

1276: Þórður sagður búa á Lángholti, líklegast er átt við Lángholt í Árnesþingum en það er ekki víst. ÍF XVII, 58.

1382–1391: Jarðarinnar getið í máldaga Hrepphólakirkju (DI IV, 45–46) og er getið í máldaga Lángholtskirkju **1452** (DI V, 100).

1691, 30.04: „Heimastefna á Ytra-Lángholti út af því kærumáli sem sr. Sigurður Gíslason hafði uppborið við Kristján Muller amtmann viðvíkjandi 10 hndr. í Efra-Lángholti. Mótpartur málsins voru Magnús Guðmundsson og Páll Magnússon, sem höfðu haldið fyrirnefnd 10 hndr. Dómarinn meta þessi 10 hndr. fullkomna eign sr. Sigurðar, og mótaðilar ofurgefa sr. Sigurði þennan hlut. Þar á ofan, sr. Sigurði, til geðþekkins, ofergefa þeir honum 2. hndr. í sömu jörðu, svo þá á hann 12. hndr. í Efra-Lángholt,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 160–161.

Jörðinni skipt í SL I og SLII sem er í eyði. SL III var byggt úr SLI og SL IV úr SL II, sjá SB I, 290–292.

Bænhús var á jörðinni og er þess fyrst getið um 1220 (DI I, 408), en óvíst er hvænar það var aflgat.

Jarðaritök **1709:** „Beit fyrir málnytupenning um sumar í annað mál á jörðin [þ.e. Unnholt ÁR-328] í Syðra Lángholtsland, en Syðra Lángholt þar á mót engjatak í Unnarholts landi.“ JÁM II, 238.


Landkostir

1921: Austurbær: Tún 5,6 ha, 2/3 slétt. Matjurtagarðar 11,55 ha. Vesturbær: Tún 4,8 ha, 2/3 slétt. Matjurtagarðar 12,25 ha.

1840: „[H]efir mikil tún og engjar, hagar í meðallagi; á einnig slægjuítak í Unnarholtslandi móti fjárbeit á umri og alls fénaðar í veturnum; stendur útsunnanvert undir viðkenndu fjalli.“ SÁÁ, 112.

„[SL I] Jörðin er landstór og að meiri hluta þurrlendi. Mikill hluti þurrlendisins er fjalllendi, Lángholtsfjall. Þar eru

sumarhagar ágætir í brekkunum og lægðardrögum. Vetrarheit var léleg og engjalönd rýr og reytingssamar heyskapurinn. Ræktunarland er gott, bæði á þurru og auðunnum mómum og á framræstu votlendi. Votlendið er nú að mestu framræst og tekið til ræktunar að hluta [...]. [SL II]: Jörðin er stór og landið algróið og mest af því grasgefið. Að meiri hluta er landið þurrlandi með vallendisgróðri. Ágætir sumarhagar. Engjalönd voru rýr og slægjur reytingssamar. Vetrarheit ekki teljandi. Ræktunarland er mikið og gott, bæði á þurru mólendi og vallendi og á framræstu mýrlend,“ segir í SB I, 290–293.



Vestur- og austurbær Syðra-Langholts (Árnesingar I, 436)

ÁR-327:001 *Lángholt syðra* bæjarhóll bústaður

A: 429707 N: 397807

Í ritinu Árnésingar I segir að upphaflega hafi verið tvö lögbýli á Syðra-Langholti, Syðra Langholt I (Austurbær) og Syðra Langholt II (Vesturbær) en árið 1954 hafi lögbýlin Syðra-Langholt III og Syðra Langholt IV verið stofnuð út úr landi hinna tveggja. Á túnakorti frá 1921 eru austur- og vesturbær sambyggðir. Á gamalli ljósmynd af bæjunum tveimur sem birt er í Árnésingum I, sjást tvö timburhús á bæjarhólnum og sambyggður torf- og grjóthlaðinn kofi með timburþil á suðurgafli á milli þeirra. Nýtt steinsteypt íbúðarhús var byggt á Syðra Langholti tæpum 60 m ANA við gömlu bæina á bæjarhólnum árið 1945. Ekki er víst hvort að ábúð hafi flust alveg yfir í nýja húsið eða hvort að ábúð hafi einnig haldið áfram í eldra húsinu. Á bæjarhólnum standa í dag fjögur steypthús. Steypth, sumhver mjög hrörleg. Heimreiðin niður að Syðra-Langholti 2A og 4A liggur til suðvesturs yfir bæjarhólinn.



Bæjarhóll Langholts syðra 001, horft til vesturs

Bæjarhólsmyndun er ekki vel greinileg svæðinu enda hefur bæjarhóllinn líklega verið sléttaður eða ruddur að hluta, þegar heimreiðin var lögð yfir hann og breytingar gerðar á skipulagi hans. Það sést þó að landið er nokkru hærra þar sem austurbærinn stóð. Á ljósmynd frá árinu 1935 sjást standa fjögur timburhús í röð sem samtengd eru með torf- og grjóthledslum. Á vatnslitamynd eftir Ingimund Einarsson frá 1940 sem varðveitt er í Árnésingi má sjá sömu fjögur hús en tvö önnur norðaustan við þau. Stafnar húsanna vísa í suðaustur. Bæjarhóllinn er langur og mjór. Hann er um 100x50 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þykkt hans er 0.5-1 m.

Hættumat: hættu, vegna byggingar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnésingar I, 436-450

ÁR-327:002 heimild um útkirkja

A: 429807 N: 397895

LANGHOLT (SYÐRA/NEÐRA) Í HRUNAMANNAHR. (Á) -Maríu síðar Þorláki - HÁLFKIRKJA

[um 1220]: Maríu kirkja j langa hollte a .xx. j lande ok ku. krossa .ij. ok kluckur .ij. alltara klæde tvo. kerta stikur tvær. ok munnlaugar tvær. glerglugg ok gloðar ker. songhuss tiolld skiolu ok vatnstein. stola .ij. ostokkvil. sæg .j. ok hægingde.



Bænhús 002, horft til vesturs

horn ok handklæðe. fimm merkr vax ok reykelse. Su er afvinna þessa fiar at þar skal syngia messu hvern helgan dag. ok annan hvarn ottu song kaupa .iiij. Morkum Lysa fra mariu messu. hinne fyrr fyrer alla heilaga daga unz liðr pascha viku. Þar scal heima tiund. ok or unnar hollte. ok or birtinga hollte. DI I, 408.

1382-91: [til Hrepphóla] halfur lysitollur vr [...] Langholti nedra. Groptur af ollumm þessum bæiumm. DI IV, 45-46. 1397: [á kvikfé] portio Ecclesiae vmm fimmtye ára v hundrad. enn vj hundrad fiellu nidur firir adgiord aa kirkiu oc bot. olukt ixc. Hun aa sijna portionem vmm næstu firirfarandi x är tvo hundrud. DI IV, 49.

[1452]: Þollaks kirkia j Langholti nedre eigur nv. v. kugilldi. ij. lagde til biskup Gottskalk. þat þridia kom fra Runa og sira Jon Jonsson afhendi. og .ij. kugilldi atti kirkian adur. DI V, 100.

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bls. 49}. c 1705: Syðra-Langholti bænhús [...] kirkjugarður sést [...]; Á Langholtunum báðum skal hafa verið bænhús. JÁM II, 513.

Bænahóll eða Bænhóll hét hóll sem var 60 m norðaustan við bæ 001, á sama stað og bæjarhúsin voru færð árið 1945. Örnefnið er þó ekki nefnt í neinni örnefnaskrá og því óljóst hvaðan það kemur. Hóllinn var aðeins sunnar en undir miðju húsinu sem þar stendur nú (2018) og er nýtt sem gistihús. Samkvæmt Jóhannesi Sigurðssyni, föður heimildamanns, kom mikið grjótt í ljós þegar húsið var byggt á sínum tíma og hóllinn jafnaður út. Hins vegar komu engin mannabein í ljós. MSunnan við húsið er grasi vaxinn húsgarður og þar er nokkuð af eldri trjám. Hóllinn sem þar var er alveg horfinn en ef að bænhús hefur staðið þar sem hóllinn var þá má ætla kirkjugarðurinn hafi verið þarna við húsið og að hann sé að einhverju leyti óraskaður.

Ekki sjást neinar minjar á yfirborði. Ef bænhúsið hefur staðið á Bænahól hefur það líklega verð jafnað út að mestu þó svo að eldri kirkjur eða hlutar af þeim gætu verið óraskaðar undir yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI I, 408; DI IV, 45-46, 49; AM 263 fol, 49

ÁR-327:003 kirkjugarður legstaður

A: 429809 N: 397878

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: „Syðra-Langholti bænhús [...] kirkjugarður sést [...]; Á



Legstaður 003, horft til norðvesturs

Langholtunum báðum skal hafa verið bænhús.“ Kirkjugarðurinn á Syðra-Langholti mun hafa verið við bænhús 002 en Bænahóll eða Bænhóll hét hóll sem var 60 m norðaustan við bæ 001, á sama stað og bæjarhúsin voru færð árið 1945 og er nýtt sem gistihús í dag (2018). Samkvæmt Jóhannesi Sigurðssyni, föður heimildamanns, kom mikið grjótt í ljós þegar húsið var byggt á sínum tíma og hóllinn jafnaður út. Hins vegar komu engin mannahein í ljós.

Sunnan við húsið er grasi vaxinn húsgarður og þar er nokkuð af eldri trjám. Hóllinn sem þar var er alveg horfinn en ef að bænhús hefur staðið þar sem hóllinn var þá má ætla kirkjugarðurinn hafi verið þarna við húsið og að hann sé að einhverju leyti óraskaður.

Ekki sjást nein ummerki um kirkjugarðinn á svæðinu en hugsanlega gæti einhver hluti hans verið óraskaður

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM II, 513.

ÁR-327:004 *Borgarás* örnefni fjárskýli

A: 430577 N: 399246

Hættumat: hættu, vegna rask

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps -Syðra Langholt

ÁR-327:005 *Hallstekkjarás* heimild um stekk

A: 430591 N: 398486

Í örnefnaskrá Syðra Langholts er að finna örnefnið 'Hallstekkjarás' og 'Hallstekkjarflöt'. Í örnefnaskrá Birtingarholts ÁR-326 er að finna örnefnið 'Hallstekkjarbrot' (ÁR-326:016). Hvorki Ágúst Sigurðsson, heimildarmaður Birtingarholts né Sigmundur Jóhannesson, heimildamaður Syðra Langholts, könnuðust við þessi örnefni og því er nákvæm staðsetning örnefnisins ekki þekkt. Örnefnið Hallstekkjarbrot virðist vísa í brot í Langholtsósnum. Langur ás liggur meðfram Langholtsósnum og er grasflöt niðri við ósinn sem sker sig úr umhverfinu og það gæti bent til þess að þar hafi Hallstekur verið. Svæðið var gengið en ekki sáust nein ummerki um tóftir. Svæðið er smáþýft og grasi vaxið. Ekki sjást leifar stekks á þessum stað lengur en engin ummerki eru um rask eða sléttun að neinu tagi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt, 1; Ö-Birtingarholts

ÁR-327:006 *Kvíabali* örnefni kvíar

A: 429516 N: 398097

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Kvíabali'. Örnefnið 'Kvíadalsbali' er einnig merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar norðvestan við þáverandi bæ sem á þeim tíma hafði verið færður Sigmundur Jóhannesson, heimildamaður kannaðist ekki við örnefnið en hægt var að áætla staðsetningu þess út frá örnefnakortinu og staðsetningu annarra örnefna. Kvíabali er 340 m norðvestan við bæ 001 og 560 m VSV við Stekkjartún 008. Það sem Kvíabali var er nú ræktað tún sem hefur verið sléttað. Ekki sjást nein ummerki um kvíar á svæðinu. Ekki er víst hvort hér hafið verið hlaðnar kvíar eða færirkvíar en ef hér hafa verið einhver ummerki hafa þær líklega verið jafnaðar við jörðu þegar túnið var ræktað upp.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:007 *Smalaskáli* örnefni smalakofi

A: 429660 N: 398875

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Smalaskáli'. Örnefnið er einnig merkt inn á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Smalaskáli er um 1 km norðan við bæ 001 og tæpum 450 m vestan við Auðholtsveg (340). Á þessum slóðum er smáhæðótt og sléttað tún, nýtt til hestabeitar, og er hærra þarna yfir en í kring. Engin ummerki um smalakofa sjást á yfirborði. Líklega hefur hann horfið vegna túnasléttunar.



Smalaskáli 007, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:008 *Stekkjartún* tóft beitarhús

A: 430135 N: 39823

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Stekkjartún' og 'Litla Gerði 012' og eru þau örnefni bæði merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar norðaustan við bæ 001. Fjögur mannvirki eru sömuleiðis merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 á þessu sama svæði (sjá einnig 018, 020 og 021). Rúmum 550 m norðaustan við bæ 001, austan við Auðholtsveg (340) er lítið ræktað tún upp við fjallsrætur Langholtsfjalls. Þar er minjahlendur sem samanstendur af fjórum mannvirkjum (008, 018, 020 og 021) og gerði (012). Af þessum fjórum mannvirkjum sjást aðeins tvö þeirra; garðlag 012 og stekkur 008. Undir þessu númeri er skráð tóft á Stekkjartúni, sem virðist vera sama nyrsta mannvirkið sem merkt er inn á herforingjaráðskort. Tóftin er rúmum 620 m norðaustan við bæ 001 og er byggð upp við gerði 012. Tóftin er í jaðri ræktaðs túns og lítills holts en hefur sloppið við sléttun sökum hve hátt uppi í hlíð holtsins hún er.



Teikning af beitarhúsi 008

Nokkuð hefur verið plantað af trjám í kringum tóftina.

Tóftin er 10x7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún virðist vera torfhlaðin og ekki eru nein ummerki um grjóthleðslur í henni. Hún er þó mjög gróin og gras hátt og mikið á svæðinu. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 5.5x3 m. Veggjahæð er 0.3-0.4 m. Austurlangveggur hennar er að hluta til sambyggður gerði 012. Tóftin sem núna stendur á Stekkjartúni virðist vera beitarhús en ekki stekkur og má ætla að beitarhúsatóftin hafi verið byggð í stekkjastæðið á seinni tíma, þegar gerðið var byggt og tún ræktuð þar upp. Því má ætla að eldri stekkur gæti leynst undir tóftinni eða í túninu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt, 1; Herforingjaráðskort 47 SV; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:009 Stígur gata leið

A: 430934 N: 398910

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Stígur'. Líklega vísa 'Stígur' og 'Tæpistígur' á sömu leiðina. Stígur er 1,6 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 100 m SSA við Virkishamar 010. Leiðin sést vel á loftmynd. Leiðin liggur mitt á milli Virkishamars, mosagróins klettarana, og framræsta túna.

Leiðin sést á um 830 m löngum kafla og liggur nálega norðaustur-suðvestur. Hún er 0,5-1 m á breidd og á henni sjást 1-3 grónar götur. Hún er breiðust á syðsta hluta hennar, en mjókkar eftir því sem norðaustarlega dregur. Leiðin fjarar smátt og smátt út við sinn hvorn endann: til suðurs hverfur leiðin rétt vestan við Sauðaskjólstykki 033, og til norðurs rétt austan við Virkishamar 010.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:010 Virkishamar náttúrumin virki

A: 430846 N: 398933

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Virkishamar'. Virkishamar er rúmum 1,7 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 200 m suðaustan við beitarhús 027. Virkishamar er stór klettarani; mosi er umtalsverður í rótum



Virkishamar 010, horft til norðurs

hamarsins en annars er um berar klappir að ræða. Rétt austan við hamarinn er skógrækt Ungmennafélags Hrunamannahrepps og eru tré byrjuð að gróa yfir stóran part af norðurhluta hamarsins.

Virkishamar er mosagróin og náttúrulegur klettur, a.m.k. 25 m á hæð þar sem hann er hæstur og gnæfir yfir suðurhluta jarðarinnar og hefur því líklega kallað á einhverja sögn til þess að ljá honum merkingu fremur en að þar hafi virki verið. Hann er 330x110 m að stærð og snýr VNV-ASA. Austurhluti hans er þverhníptur en hann er meira aflíðandi til annarra átta.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:011 gata leið

A: 430646 N: 399262

Sæmilega greinileg gata liggur eftir austurhluta Borgarás 004, sem er um 1,7 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 205 m norðan við beitarhús 027. Á þessum slóðum er mosi talsverður í sverði en hér og þar standa klettur upp úr grasinu.



Leið 011, horft til suðurs

Leiðin er um 200 m á lengd og liggur NNA-SSV. Hún liggur nálega í beinni línu og sést sem einn grasi- og mosavaxinn gata, 0,4-0,6 m á breidd. Til norðurs hverfur leiðin rétt við Kónsveg ÁR-681:019 en til suður hverfur hún við gróna hvilft, rétt fyrir miðjum Borgarási.

Hættumat: engin hætta

ÁR-327:012 *Litla Gerði* garðlag túngarður

A: 430056 N: 398252

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefni 'Stekkjartún' 008 og 'Litla Gerði' 012 og eru þau örnefni bæði merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar norðaustan við bæ 001. Fjögur mannvirki eru sömuleiðis merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 á þessu sama svæði (008, 018, 020 og 021). Rúmum 550 m norðaustan við bæ 001, austan við Auðhóltsveg (340) er lítið ræktað tún upp við fjallsrætur Langholtsfjalls. Þar er minjaheild sem samanstendur af þessum fjórum mannvirkjum (008, 018, 020 og 021) og gerði (012). Aðeins er sýnilegt garðlag 012 og stekkur 008. Hér er skráð örnefnið Litla Gerði. Garðlag er staðsett 520 m norðustan við bæ 001 og er beitarhús 008 sambyggt því. Garðlagið liggur í hlíðum holts og í jafri ræktaðs túns. Nokkuð hefur verið plantað af trjám við austasta hluta þess.

Garðlagið sést í tveimur hlutum á alls 350 m löngum kafla þar sem það liggur meðfram norðurjarðri túnsins.



Litla Gerði 012, horft til SSA

Líklega hefur það áður afmarkað allt túnið en á einhverjum tímapunkti hefur túnið verið stækkað og garðlögin sléttuð í það en þau garðlög sem náðu upp í hlíðina hafa fengið að standa óröskuð. Einnig má vera að Litla Gerði sé alveg horfið og að Hluti A er norðaustast á svæðinu og liggur frá veginum inn að Álfaskeiði 031 til norðvesturs þar sem hann beygir inni í skógræktarsvæðinu til VSV og beygir síðast í norður upp að klettum í holtinu. Þessi hluti garðsins er 212 m að lengd og 1-2 m á breidd. Grjóthleðslur sjást í honum víða en hann virðist þó vera að mestu torfhláðinn. Garðurinn er 0.5 m á hæð og lítur út fyrir að vera eldri en hluti B. Hluti B heldur áfram til norðurs ofan við klettana í framhaldi af hluta A en beygir svo til NNA. Þessi hluti garðsins virðist vera yngri en hluti A og er eingöggu torfhláðinn. Hann er 0.5 m á breidd, 0.2-0.3 m á hæð og 135 m á lengd. Garðlagið endar við nýlegan sumarbústað sem er norðan við holtið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt BJ, 115; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:013 *Nátthagi* heimild um nátthaga

A: 429365 N: 397386

Nátthagi er merktur inn á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar suðvestan við bæ 001. Örnefnið Nátthagi kemur ekki fyrir í örnefnaskrá en í athugasemdum um örnefnakortið sem Einar Guðmundsson frá Syðra Langholti kom á framfæri við Örnefnastofnun árið 1975 segir: "Einar minnir að Nátthagi hafi verið kallaður Gerði, og telur hann það nafn eldra." Á túnakorti frá 1921 er ferhyrnt gerði 30x30 m á stærð merkt utan túns, VSV við bæ. Ekki er víst hversu langt í burtu frá heimatúninu gerðið var en ætla má að það sé nátthaginn sem skráður er hér. Sigmundur Jóhannesson,

heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið né neina hlaðna garða á þeim slóðum þar sem örnefnið er merkt inn á kortið. Miðað við staðsetningu á örnefnakortinu má ætla að nátthaginn hafi verið rúmum 550 m suðvestan við bæ 001, þar sem nú (2018) hefur verið byggður sumarbústaður Mikill trjágróður er í kringum sumarbústaðinn og ræktað tún eru þar í kring. Ekki sjást nein ummerki um hlaðna garða á svæðinu og má ætla að þeir hafi verið sléttaðir í tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt; Ö- Syðra-Langholt, ath. EG, 1; túnakort 1921

ÁR-327:014 *Lambhúshóll* þúst lambhús A: 429875 N: 397924
Örnefnið 'Lambhúshóll' er merkt norðaustan við Bænahól 002 á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Örnefnið er þó ekki talið upp í neinum örnefnaskrá og má því ætla að það sé frekar ungt þó svo að það sé ekki víst. Ekkert útihús er merkt á þessu svæði á túnakorti frá 1921. Lítil þúst er í túninu á svipuðum stað og Lambhúshóll er merktur á örnefnakortið, tæpum 80 m norðaustan við Bænahól 002 og 35 m suðaustan við Syðra Langholt III. Heimreiðin frá Auðholtsvegi (340) upp að bæjunum á Syðra Langholt liggur 50 m sunnan við þústina. Lambhúshóll er innan ræktaðs og sléttaðs túns.

Þústin er 14x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0.6-0.7 m á hæð. Ef þarna hefur staðið lambhús á einhverjum tímapunkti hefur það verið sléttað í túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:015 þúst útihús A: 429798 N: 397973
Þúst er í heimatúninu 50 m norðan við Syðra-Langholt III og rúmum 170 m norðaustan við bæ 001. Líklega hefur



Þúst 015, horft til norðurs

verið útihús í túninu en þó er ekkert útihús er þó merkt inn á túnakort á þessu svæði frá 1921. Þústin er innan ræktaðs



Stekkjarnes 016, horft til suðvesturs

og sléttaðs túns.

Þústin er 11x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0.5 m á hæð. Svæðið í kring er allt mjög flatt og því sker þústin sig talsvert frá umhverfi sínu. Þústin er frekar flöt að ofan en ekki sést neitt innanmál.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-327:016 *Stekkjarnes* örnefni stekkur A: 429062 N: 397686
 Á örnefnauppdrætti Ingimundar Einarssonar er örnefnið 'Stekkjarnes' merkt vestan við bæ 001. Sigmundur Jóhannesson þekkti örnefnið en vissi ekki um neinar tóftir á svæðinu. Stekkjarnef er við árbakka Stóru-Laxár, 660 m vestan við bæ 001. Árbakkinn er flatlendur og tún hafa verið ræktuð að honum. Ekki sjást nein ummerki um tóftir á þessu svæði og líklega hefur stekkurinn verið sléttaður í tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:017 *Móvellir* örnefni mógrafir A: 430129 N: 397565
 Örnefnið 'Móvellir' er merkt suðaustan við bæ 001 á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Sigmundur Jóhannesson, heimildamaður, kannaðist við örnefnið. Örnefnið bendir til þess að mógrafir hafi verið í nágrenninu við Móvelli. Móvellir eru tæpum 480 m suðaustan við bæ 001, upp við Langholtsós þar sem hann rennur til suðurs en tekur krappa beygju til vesturs og rennur þaðan út í Stóru-Laxá. Svæðið hefur verið framræst og þar eru ummerki um gömul ræktuð tún sem nú er komið í órækt að mestu leyti. Engin ummerki eru um meinar mógrafi á Móvöllum og má ætla að fyllt hafi verið upp í þær þegar svæðið var ræktað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:018 heimild um útihús A: 430119 N: 398244
 Fjögur mannvirki eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 (008, 018, 020 og 021), rúmum 550 m norðaustan við bæ 001, austan við Auðhóltsveg (340) er lítið ræktað tún upp við fjallsrætur Langholtsfjalls. Þar er staðsett minjaheild sem samanstendur af þessum fjórum mannvirkjum (008, 018, 020 og 021) og garðlagi (012). Aðeins eru sýnileg



Kálgarður 019, horft til suðausturs

garðlög 012 og beitarhús 008. Hér er skráð beitarhús 018 sem merkt er inn á herforingaráðskort frá 1910 rúmum 570 m norðaustan við bæ 001 og um 50 m suðvestan við beitarhús 008. Þar sem útihúsið stóð eru nú sléttuð og ræktuð tún. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og hefur það líklega verið rífið niður eða sléttað í túnið á einhverjum tímapunkti.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV

ÁR-327:019 heimild um kálgarð

A: 429753 N: 397811

Samkvæmt túnakorti Syðra-Langholts frá 1921 var kálgarður fast sunnan við bæ 001, Austurbæ Syðra-Langholts, sunnan við núverandi heimreið sem liggur þvert yfir bæjarhólinn, að Syðra-Langholti 2A og 4A. Svæðið er enn notað undir ræktun. Á svæðinu er stór rabbabaragarður ásamt trjám og öðrum gróðri. Ekki sjást nein ummerki um garða á svæðinu sem kunna að hafa afmarkað kálgarðinn hefur þeim líklega verið ýtt út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-327:020 heimild um beitarhús

A: 430165 N: 398236

Fjögur mannvirki eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 (008, 018, 020 og 021), rúmum 550 m norðaustan við bæ 001, austan við Auðholtsveg (340). Þar er lítið ræktað tún upp við fjallsrætur Langholtsfjalls. Þar er staðsett minjahlid sem samanstendur af þessum fjórum mannvirkjum (008, 018, 020 og 021) og garðlagi (012). Aðeins eru sýnileg garðlög 012 og beitarhús 008. Hér er skráð austasta húsið, beitarhús 020 sem merkt er inn á herforingjaráðskort, um 610 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 50 m suðaustan við beitarhús 008. Þar sem útihúsið stóð eru nú sléttuð og ræktuð tún. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og hefur það líklega verið rífið niður eða sléttað í túnið á einhverjum tímapunkti.



Brú 022, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV

ÁR-327:021 heimild

Fjögur mannvirki eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910 (008, 018, 020 og 021), rúmum 550 m norðaustan við bæ 001, austan við Auðhóltsveg (340). Þar er lítið ræktað tún upp við fjallsrætur Langhóltsfjalls. Þar er staðsett minjahlíð sem samanstendur af þessum fjórum mannvirkjum (008, 018, 020 og 021) og garðlagi (012). Aðeins eru sýnileg garðlög 012 og beitarhús 008. Hér er skráð vestasta húsið, beitarhús 021 sem merkt er inn á herforingjaráðskortið, rúmum 500 m norðaustan við bæ 001 og 140 m VSV við beitarhús 008. Þar sem útihúsið stóð eru nú sléttuð og rækтуð tún. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og hefur það líklega verið rífið niður eða sléttað í túnið á einhverjum tímapunkti.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV

ÁR-327:022 heimild um brú

A: 430305 N: 397924

Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1910 var göngubrú á lækjarmótun um 575 m austan við bæ 001 og rúmum 550 m SSV við Sauðaskjólssstykki 033. Brúin var ekki á neinni þekkttri leið. Brúin var rétt sunnan við óræktað svæði. Lengra til suðurs eru rækтуð tún. Engin ummerki um brú sáust á vettvangi eða leiðir sem lágu að henni. Hugsanlega hafa framkvæmdir vegna túna- og áveituskurða á þessum slóðum raskað henni og ummerki um gamlar leiðir sem lágu að brúnni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 SV

ÁR-327:023 heimild um brunn

A: 429648 N: 397928

Samkvæmt Sigmundi Jóhannessyni, heimildarmanni, var brunnur 130 m norðan við bæ 001, þar sem nú er malarplan í kringum núverandi fjós og sléttað tún til norðurs. Svæðið er frekar votlent og lítill lækur rennur austur-vestur meðfram fjósinu. Að öðru leyti eru þarna malarplan og útihús.

Engin ummerki sjást lengur um brunninn á svæðinu og líklega hefur verið fyllt upp í hann á einhverjum tímapunkti. Sá brunnur sem Sigmundur man eftir hefur ekki verið ýkja gamall en þar stóð upp járnhólkur lengi vel sem líklega hefur verið settur ofan í endri brunn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-327:024 heimild um traðir

A: 429653 N: 397855

Á túnakorti frá 1921 liggja traðir frá bæ 001 til norðvesturs. Utan heimatúns beygja þær til norðausturs. Enn vegur á svipuðum stað og traðirnar lágu, til norðvestur og sveigja svo til norðausturs í átt að núverandi fjósi. Gömlu traðirnar eru horfnar undir þann veg. Nýlegur malarvegur liggur á sama stað og traðirnar, meðfram útihúsum og rúllustæði. Grasi vaxin svæði eru beggja vegna við veginn og nokkuð af trjám við austurhlið hans.

Ekki sjást nein ummerki um traðirnar og má ætla að þær hafi horfið undir bílveg. Sigmundur Jóhannesson, heimildarmaður, man ekki eftir upphlöðnum tröðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-327:025 garðlag túngarður

A: 429766 N: 398019

Á túnakorti frá 1921 afmarkar túngarður gamla heimatúnið ef frá er talin suðaustur hlið þess en suðvestan við holtið sem bærinn stendur á var mýrlent og þar hefur líklega verið náttúruleg afmörkun. Ekki sjást neinar leifar af túngarði í kringum Syðra Langholt en í túninu, rúmum 200 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 50 m NNV við þúst 015 sést hryggur sem gætu verið útflattar leifar túngarðs. Gamla heimatúnið hefur verið sléttað og þar eru nú ræktuð tún.



Túngarður 025, horft til suðvesturs

Hryggurinn sem sést í túninu er greinanlegur á 60 m löngum kafla. Þarna er mikill halli í túninu til norðurs og passar þessi lína mjög vel við mörk túnsins á túnkorti frá 1921. Smávegis litabreytingar sjást í túninu á loftmyndum sem benda ennfrekar til að þarna séu leifar túngarðs undir sverði. Hryggurinn er um 1.5 m að breidd og 0.1 m að hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-327:026 heimild um fjárhús

A: 429591 N: 397697

Að sögn Sigmundar Jóhannssonar, heimildamanns, voru fjárhús tæpum 180 m suðvestan við bæ 001, rétt vestan við vestasta húsið á Syðra Langholts torfunni. Þar sem fjárhúsið var er nú smápýft beitarhólf og lítill náttúrulegur hóll er í



Beitarhús 027, horft til suðurs


Því miðju. Lítilsháttar rof er í hólnum. Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsin á þessum slóðum. Hóllinn sem þarna er er náttúrulegur og líklega klettahóll. Fjárhúsin voru rifin niður þegar hætt var að nota þau.

Hættumat: engin hætta

ÁR-327:027 tóft beitarhús

A: 430682 N: 399043

Myndarleg beitarhúsatóft er um 1,5 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 200 m VNV við Virkishamar 010. Tóftin er á nyrsta hluta tjaldsvæðisins Álfaskeiðs. Í grasi grónni brekku, rétt sunnan við Helluásskarð.




Teikning af beitarhúsi 027

Tóftin er 16x8 m að stærð, snýr NNV-SSA og er tvískipt. Í þessari lýsingu fá hólfin tölustafi til aðgreiningar. Fjárhúshlutinn (hólf 1) er í vesturenda tóftarinnar. Það er 7x4 m að stærð að innanmáli og snýr NNV-SSA. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir. Þeir eru 1,2-1,6 m á hæð og 0,5-0,8 m á breidd. Telja má 4-7 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Í fjárhúsunum er grjóthlaðinn garði sem er 5 m á lengd, 0,5 m á breidd og 0,5 m á hæð; ekki sést í grjóthleðslur vegna gróðurs. Hlaða (hólf 2) er í austurhluta tóftarinnar. Hún er 0,5 m djúp og snýr norður-suður. Veggir eru torf- og

grjóthlaðnir og eru þeir 0,5-0,8 m á hæð og 1 m á breidd. Utanmáls er hlaðan nálega hringlaga en innanmáls eru skýr horn í henni og er hún því nær að vera ferköntuð.

Hættumat: hætta, vegna rasks

ÁR-327:028 tóft beitarhús



Teikning af beitarhúsi 028


A: 430449 N: 399398

Mjög gróin beitarhústóft er um 1,7 km NNA við bæ 001 og rúmum 200 m norðvestan við Borgarás 004. Tóftin er fyrir miðju Gjóstu, skarðs sem er á milli Borgarás og Miðás, í miðju sumarhúshverfi. Vestan við tóftina er malarvegur sem liggur í gegnum sumarhúshverfið. Vísir að trjálundi er sunnan við tóftina.

Tóftin er einföld, 10x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er grafin inn í hól, um 0,7 m. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir en vegna gróðurs er ekki unnt að sjá fjölda umfara í hleðslum, þó glittir í stæðilegt hleðslugrjót hér og þar í veggjum. Op er á tóftinni á vesturhlið.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-327:029 tóft beitarhús



Teikning af beitarhúsi 029

A: 430539 N: 399663

Beitarhústóft er rétt norðan við Miðás, um 2 km NNA við bæ 001 og rúmum 400 m NNV við Borgarás 004. Tóftin er í vesturhluta sumarbústaðahverfis, mitt á milli bakgarða tveggja sumarhúsa.

Tóftin er tvískipt, 12x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir standa grónir, 0,9-1,2 m á hæð og eru torf- og grjóthlaðnir. Tóftin er á kafi í gróðri en þó glittir í 1-2 umför af stæðilegu grjóti á Í norðurvegg hennar. Op er á tóftinni á suðausturhlið. Í eystri hluta tóftarinnar er fjárhús (hólf 1). Það er 7x4 m að innanmáli og er gólfíð í henni slétt. Niðurgrafin hlaða (hólf 2) er í norðausturenda tóftarinnar. Hún er 0,2-0,4 m djúp og 4x4 m að innanmáli.

Hættumat: hætta, vegna rasks

ÁR-327:030 náma mógrafir

A: 431028 N: 398817

Lítið mógrafasvæði er rúmum 1,7 km ANA við bæ 001 og um 140 m SSA við Stíg 009. Grafirnar eru við lækinn Langholtsós, við landamörk Syðra-Langholts og Birtingaholts ÁR-326. Grafirnar eru suðaustan við Syðra-



Mógafir 030, horft til SSA

Langholtsfjall, rétt norðan við ræktað tún. Norðan við grafirnar liggur unglegur stígur nálega austur-vestur.

Mógrafarsvæðið er 40x30 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Mógrafirnar skiptast í 5-6 hólf, og er þær um 0,2-0,5 m djúpar, dýpstar til vesturs. Grafirnar eru blautar vestar en verða grynri og þurrari eftir því sem austar dregur. Ekki er útilokað að grafirnar hafi náð lengra til austurs, en þar er svæðið sem er vel gróið og þurrt og ekki sjást því skýr ummerki um móskurð.

Hættumat: engin hættu

ÁR-327:031 *Álfaskeið* örnefni huldufólksbústaður

A: 430585 N: 398989



Álfaskeið 031, horft til SSA

Einarssonar. Nafnið bendir til þess að huldufólk og/eda álfatrú tengist svæðinu. Þarna var einnig samkomustaður (þingstaður). Fyrsta samkoman var haldin þar árið 1905 og eftir að Ungmennafélag Hrunamannahrepps var stofnað

árið 1908 voru haldnar árlega samkomur þar, eins og fram kemmur í ritinu Árningsingur I. Álfaskeið er um 1,4 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 270 m austan við Virkishamar 010. Engar álfasagnir tengjast staðnum. Álfaskeið er rétt norðan við Hallstekkjarás 005. Malarborinn vegur liggur nálega NNA-SSV frá Auðholtsvegi 340 og að tjaldsvæðinu. Skógræktarsvæði Ungmennafélags Hrunamannahrepps er rétt austan við Álfaskeið.

Svæðið sem Álfaskeið á við er 190x155 m að stærð og snýr austur-vestur. Svæðið hefur tekið róttækum breytingum á undanförunum árum og er búið að umturna því með því að útbúa tjaldsvæði þar. Engin mannvirki sem tengjast samkomuhaldi ungmennafélagsins sjást þar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Syðra-Langholt,1; Árningsingur I, 444; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:032 *Áveitur* örnefni áveita

Örnefnið 'Áveitur' er merkt vestan við bæ 001 á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Áveiturnar sjást ekki lengur en voru að líkindum staðsettar um 1,4 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 940 m norðvestan við Stekkjarnes 016. Svæðið hefur allt verið sléttað í tún. Ekki sjást nein ummerki um áveitur á svæðinu og hefur verið fyllt upp í skurði og sléttað yfir garðlög ef einhver hafa verið á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:033 *Sauðaskjólstykki* örnefni fjárskýli

A: 430471 N: 398452

Örnefnið 'Sauðaskjólstykki' er merkt NNA við bæ 001 á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Uppdrátturinn er ekki í réttum hlutföllum og því er staðsetning örnefnisins ekki nákvæmlega merkt inn á kortið. Örnefnið Sauðaskjólstykki gæti bent til þess að þar hafi verið fjárskýli. Sauðaskjólstykki er um 1 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 270 m ANA við stekk 005. Stígur 009 liggur rétt norðan og vestan við Sauðaskjólstykki. Sauðaskjólstykki er vel gróinn klettarani. Engin ummerki um fjárskýli fundust á svæðinu.



Sauðaskjólstykki 033, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:034 *Heimastaáveita* örnefni áveita

Örnefnið 'Heimastaáveitar' er merkt VNV við bæ 001 á uppdrátt Ingimundar Einarssonar. Áveitan hefur að öllum líkindum verið um 80 m norðvestan við bæ 001 og 450 m NNA við Stekkjarnes 016. Þar eru nú sléttuð og framræst tún. Ekki sjást nein ummerki um Heimustuáveitu og hefur verið fyllt upp í skurði og sléttað yfir þau garðlög sem ætla má að henni hafi tilheyrt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Langholt

ÁR-327:035 tóft beitarhús

A: 430232 N: 399003

Tóft er um 1,2 km NNA við bæ 001 og rúmum 590 m ANA við Smalaskála 007. Hún sést vel þegar ekið er eftir Auðholtsvegi (340). Tóftin er grónni bungu, rétt suðvestan við Borgarás 004. Til NNV er lítil vísir að trjálundi og til norðurs er bakgarður sumarhúsins Holtabyggð 201 (b. 2006).

Tóftin er einföld, 8x4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru 0,4-0,6 m á hæð og 0,6-0,8 m breiðir. Þeir eru torf- og grjóthlaðnir en vegna gróðurs er ekki hægt að telja fjölda umfara í hleðslum. Op er á tóftinni á norðvesturveggi. Ekki mótar fyrir hólfaskiptingu, garða, eða hlöðu sem gæti gefið vísbendingar um hlutverk hennar. Staðsetning og lögun bendir þó helst til þess að hér hafi lítið beitarhús verið.

Hættumat: hætta, vegna rasks



Beitarhús 035, horft til norðurs

ÁR-328 Unnarholt

Sögulegar heimildir

1686: 33 hdr. 80 ál, Skálholtskirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1695: 33 hdr. 40 ál, Skálholtskirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1709: Jarðadýrleiki óviss, Skálholtskirkjueign, samkvæmt JÁM II, 238.


1847: 47 hdr., bændaegin, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

Um 1220: Jarðarinnar getið í máldaga Langholts syðra (DI I, 408). Jarðarinnar er einnig getið í máldaga Hrepphólakirkju 1382–1391 (DI IV, 45-46).

1709 eru hjáleigur Unnarholtskot [ÁR-329] í byggð og Norðurhjáleiga [Bolafótur, ÁR-330] í eyði.

Bænhús var á jörðinni. Þess er fyrst getið máldaga Hrepphólakirkju 1382–1391 (DI IV, 45-46), en óvíst er hvenær það var aflagt.

Jarðarítök 1709: „Laxveiði á jörði í Litlu Laxá að gangi þá til vill, item í Stóru Laxá ef brúkað væri. Beit fyrir málytjupening um sumar í annað mál á jörðin í Syðra Langholtsland, en Syðra Lángholt þar á mót engjatak í Unnarholtslandi.“ JÁM II, 238.



Teikning byggð á túnakorti Unnarholts frá árinu 1920. Horfnar minjar eru merktar með gráum línum en minjar sem enn sjást á vettvangi með svörtum línum.

Landkostir

1921: Tún 4,1 ha, um 1/2 slétt, garðar 8,6 arar.

1709: „Jörðin er landlitil og landljett sökum foraða, legur og strax unír á vetur sökum votsams flatlendis. Engjum spillir Litla-Laxá, svo nú miklu verri eru en til forna.“ JÁM II, 238.

1840: „Unnarholt í vestur frá Langholti, með hjáleigunum Unnarholtskoti og Bolafæti; standa allar í sama holti útnorðanvert við Langholtsfjall, heyskapajarðir góðar, en hagar lakir.“ SÁÁ, 112.

„Að landrými er jörðin vel í meðallagi. Að meiri hluta blaut mýri, en nokkurt þurrlendi á bökkum Litlu-Laxár og á holtum með móagróðri í mýrinni. Sumarhagar lélegir og vetrararbeit einnig. Engjar voru góðar, bæði í áveitum og á árbökkum.“ SB I, 193.



Unnarholt um aldamótin 1900 (Árnesingar 1, bls 454)

á flestum þökum. Burstir eru fjórar talsins og viðarþil eru á þeim öllum. Stafnar bæjarins vísa að öllum líkindum nokkurnvegin í norður. Stakstætt timburhús sést standa fast vestan bæjarhúsanna. Árið 1938 var byggt nýtt íbúðarhús á bæjarhólnum og þá hefur torfbærinn að öllum líkindum verið rifinn niður.

Malarplan er á bæjarstæðinu og stendur nýleg vélageymsla í austurhorni þess. Lauftrjám hefur verið plantað í vesturhorn bæjarstæðisins. Engin greinileg ummerki um bæjarhól sjást á yfirborði. Möl hefur verið dreift yfir svæðið og sléttað út. Því er bæjarhóllinn nú orðið ógreinanlegur.



Bæjarstæði Unnarholts 001, horft til austurs

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnesingar I, 454

ÁR-328:002 heimild um bænhus

A: 429244 N: 399793

Í Íslenskum fornritum frá 1382-1391 er talað um bænhus á Unnarholti. Þar segir: „[til Hrepphóla] halfur lysitollur vr [...] Vnnarholli. Groptur af ollumm þessum bæium.“ Nákvæm staðsetning bænhusins í Unnarholti er ekki þekkt þó svo að líklegt þyki að það hafi verið nálægt bænum. Heimildamaður kannaðist ekki við bænhus á svæðinu og því þarf frekari heimildir eða rannsóknir til þess að staðsetja það nákvæmlega. Punktur var tekinn við gamla bæjarhól Unnarholts en sá punktur er ekki nákvæmur.

Malarplan er á bæjarstæðinu og stendur nýleg vélageymsla í austurhorni þess. Lauftrjám hefur verið plantað í vesturhorn bæjarstæðisins. Engin greinileg ummerki um bænhus sjást á yfirborði, vegna sléttunar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: DI IV, 45-46

ÁR-328:003 heimild um útihús

A: 429147 N: 399619

Samkæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 180 metrum SSV við bæ 001. Útihúsið var við vesturenda heimatúnsins en túnið hefur nú verið fært út til vesturs og hefur útihúsið verið við miðbik þess eins og það er núna. Það sem útihúsið var er nú ræktað tún en heimildamaður, Trausti Indriðason segir það ekki hafa verið plægt. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði vegna sléttunar túnsins.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-328:004 heimild um útihús

A: 429133 N: 399605

Samkæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 200 metrum SSV við bæ 001. Útihúsið var við vesturenda heimatúnsins en túnið hefur nú verið fært út til vesturs og hefur útihúsið verið við miðbik þess eins og það er núna.

Það sem útihúsið var er nú ræktað tún en heimildamaður, Trausti Indriðason segir það ekki hafa verið plægt. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði vegna sléttunar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-328:005 heimild um útihús

A: 429185 N: 399545



Moldarflag þar sem útihús 005 stóð, horft í suður við það.

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús 240 metrum sunnan við bæ 001. Það hefur verið fyrir utan núverandi tún, í smávegisóðfnu, alveg upp við girðinguna sem nú afmarkar túnið.

Þar sem útihúsið var er smápýfður grasmói, í jaðri ræktaðs túns. Moldarflag er þar sem útihúsið hefur líklega verið. Ekki sjást nein ummerki um útihúsið á yfirborði en stórt moldarflag er á svæðinu sem gæti bent til að það hafi staðið þar en hafi nú verið rífið. Trausti Indraíðason, heimildamaður, sem bjó á Unnarholti frá 1965, en er nú fluttur á Flúðir, nefndi að eitt útihúsanna á túnakortinu ætti sjást ennþá og þar sem útihús 005 er eina útihúsið sem er utan núverandi túns mætti ætla að hann hafi átt

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-328:006 *Dýgata* örnefni leið

A: 429339 N: 399800

Dýgata er nefnd í örnefnaskrá. Samkvæmt Trausta Indriðasyni, heimildarmanni, var mögulega upphlaðin gata í mýri austur af bæ. Mýrin er um 100 m austur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa og er nákvæm staðsetning götunnar ekki þekkt eða á hvaða leið gatan var.

Mýrin er deiglend, vaxin strjálu víðikjarri og er nýtt til beitar. Lág brekka er upp af mýrinni til vesturs. Ekki sjást merki um upphlaðna götu í mýrinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unnarholt, 29

ÁR-328:007 *Fjárhúsholt* heimild um fjárhús

A: 429710 N: 399721

Fjárhúsholt er nefnt í örnefnaskrá. Þrjú hús (007,022-023), eru merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1908 við Fjárhúsholt, um 430-500 m ASA af bæ 001.

Fjárhúsholt er aflangt og liggur norðaustur-suðvestur. Það er grasi vaxið með lágum klettabeltum í hlíðum. Aflíðandi brekka er niður af holtinu til suðausturs. Sléttað tún er á holtinu að hluta og suðaustur af því. Ekki sést til fornleifa og hafa minjarnar um fjárhúsin líklega verið sléttaðar í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 1; Herforingjaráðskort 47 SV, 1908

ÁR-328:008 tóft beitarhús

A: 430684 N: 400812

Útihús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 tæpum 1,8 km norðaustan við bæ 001. Tóftin er við suðausturenda Hrafnabjarga, 230 metrum vestan við Langholtsveg (341). Tóftin er á flatlendu svæði nema við bjargið sem er grasi gróið. Þar vex villtur, náttúrulegur gróður og nokkuð kjarlendi er sunnan og vestan við tóftina.

Tóftin er 18 x 10 metrar að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Inngangur er á tóftinni til suðvesturs og er hún þrískipt. Öll hólfin snúa einnig norðvestur-suðaustur. Hólf I er suðaustast í tóftinni og er það 4.5x3.5 metrar að innanmáli. Það er niðurgrafið og hefur því líklega verið hlaða. Veggir eru 1,5 metrar á hæð að innan en 0.4 að utan. Hólf II er staðsett norðvestan við hólf I og er 7.5 x 3 metrar að innanmáli. Hugsanlega má sjá móta fyrir öðru hólfi innan þess eða þá að hrúnið er þannig úr veggjum að það lítur út fyrir að vera svo. Hæð veggja er 0.5 metrar. Hólf III er á utanverðri suðvesturhlið tóftarinnar er utan á tóftinni og er opið inn í það frá norðvestri. Það er 3x1 metri að innanmáli. Tóftin er mjög gróin og sokkin í landslagið og vegna þess hve mikill gróður er á svæðinu er erfitt að sjást SJÁ móta fyrir ytri brún veggja hennar. Eins og fram hefur komið er hólf I niðurgrafið og þar er tóftin dýpst og veggir hæstir. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum og tóftin er því líklega engöngu torfhlaðin.



Teikning af beitarhúsi 008

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV, 1910

ÁR-328:009 Geldingaholtsáveita garðlag áveita

A: 430371 N: 401846



Áveitugarðlag 009, horft til norðausturs

um sé að ræða tvö garðlög sem hvort tveggja er 0.6 metrar á breidd og mjór kindastigur á milli þeirra. Hrossin á svæðinu nota einnig áveituskurðinn sem götu til að ganga eftir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 1

ÁR-328:010 heimild um áveitu

A: 429575 N: 400553

Áveita er merkt inn á örnefnakort Unnarholts sunnan við Krókavað og vestan við Titlingsholt, rúmum 320 metrum ANA við Bjarg ÁR-330 og rúmum 840 metrum norðaustan við bæ 001. Á svæðinu er smáþýft graslendi með dreifðum kjarrgróðri. Hólfíð er nú notað sem beitarhólf fyrir hesta. Ekki sjást nein ummerki um áveituna á yfirlit vegna sléttunar á túnunum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Unnarholtsholshverfið

ÁR-328:011 *Kotstekkatún* örnefni stekkur

Í örnefnalýsingu er Kotstekkatún staðsett á milli Innri og Ytri Fótarholta og Bæjarholts. Á örnefnakorti Unnarholts má sjá staðsetningu Fótarholts og Bæjarholts miðað við önnur örnefni á svæðinu. Nákvæm staðsetning Kotstekkatúns er hinsvegar ekki þekkt og kannaðist, Trausti Indriðason, heimildamaður, ekki við örnefnið. Kotstekkatún dregur væntanlega nafn sitt af stekki frá Unnarholti, sem ætla má að hafi verið staðsettu einhverstaðar á milli þessara holta. Þar sem eru nú ræktuð tún sem tilheyra Unnarholtskoti og gæti stekkurinn því hafa verið sléttuður í túnin.

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Unnarholtsholshverfið

ÁR-328:012 *Kvíaklettur* örnefni kvíar

Í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar er að finna örnefnið Kvíaklettur. Ekki eru neinar staðsetningar í skránni og örnefnið er ekki merkt inn á örnefnakort Unnarholtshverfisins. Trausti Indriðason, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið en nafnið bendir þó til þess að kvíarnar hafi verið við klett. Frekari heimilda er þörf til þess að hægt sé að staðsetja örnefnið og kanna hvort þar sjáist einhver ummerki um kvíar.

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 1

ÁR-328:013 *Hof* örnefni

A: 429216 N: 399815

Hof er nefnt í örnefnaskrá og hefur verið þar sem nú er lítill túnblettur, norðvestan við heimreiðina að Unnarholti og undir Hofaklettum. Túnbletturinn er um 50 m norðvestur af bæ 001 en ekki sést til fornleifa á svæðinu.

Þar sem heitir Hof er sléttuð svæði, suðvestan undir brekku sem trjám hefur verið plantað í. Heimreið að bæ liggur meðfram túninu suðvestanverðu. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hafa mögulegar minjar um hof líklega verið sléttuðar í tún.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 1

ÁR-328:014 *Markagarður* garðlag landamerki

A: 429216 N: 399981



Markagarður 014, horft til norðurs

Svokallaður Markagarður liggur meðfram túnnum á mörkum Unnarholts og Unnarholtskots. Hann er tæpum 160 metrum norðan við bæ 001 og 40 metrum vestan við Gamlagarð 015. Hofaklettur [sjá Hof 013] eru austan við Markagarðinn. Girt hefur verið ofan á garðlagið. Svæðið er grasi vaxið og ræktuð tún eru beggja vegna garðlagsins. Svæðið er flatlent en túnin eru með litlum hólum og hæðum og hafa líklega ekki verið sléttuð.

Garðlagið liggur NNV-SSA frá Unnarholti að Bjargi ÁR-330. Það liggur nánast samsíða Gamlagarði en er þó beinni. Við norðurendann tekur það krappa beygju til norðausturs í átt að Gamlagarði 015. Markagarður er alls 420 metrar að lengd og beygir til norðaustur eftir 320 metra. Hann er um 1 metri á breidd og 0.5 - 1.2 metrar á hæð. Garðlagið er mjög gróið og

að öllum líkindum er það eingöngu torfhlaðið því ekki sjást nein ummerki um grjót í hleðslum þess. Rof er á einum stað í garðlaginu og þar sést ekkert grjót. Búið er aðgírða ofan á garðinn og steypa tvo stóra og gilda girðingarstaura ofan í það.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 1



Gamligarður 05, horft til NNA

eru mjög mosagrónar. Garðlagið liggur yfir allt holtið, langleiðina í átt að Bjargi ÁR-330. Í garðlaginu eru tveir steyptir hringlaga staurar sem líta út fyrir að vera gamlir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 1

ÁR-328:016 *Sunnefnukofi* örnefni óþekkt

Í örnefnaskrá Unnarholts segir um úthaga jarðarinnar: „Sunnefnukofi. (þar bjó einsetukerling).“ Trausti Indriðason, heimildarmaður, kannaðist ekki við örnefnið og það er ekki á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar fyrir bæina og því óvíst hvar það er staðsett. Frekari heimilda er þörf til þess að staðsetja fornleifarnar og athuga þá hvort þar séu leifar eftir kofann.

Heimildir: Ö-Unnarholts, 29

ÁR-328:017 *Geldingaholtsvað* örnefni vað

A: 430062 N: 402128



Geldingaholtsvað 017, horft til norðausturs

örugg því ekki sést til götu við vaðið en nefna má að gata 031 sem liggur eftir Geldingaholti stefnir á vaðið.

Góðar eyrar eru beggja vegna árinna og að auki breiðir hún vel úr sér á þessum stað. Bakkar eru grösugir og frekar lágir. Vaðið liggur á ská yfir ána og er stefna þess frá suðri til norðurs.

Gamligarður er nefndur í örnefnaskrá Unnarholts. Hann er uppi á holtinu við bæinn tæpum 170 metrum norðan við bæ 001. Garðlagið er liggur uppi á holtinu fyrir ofan Hofakletta 013. Garðurinn hefur að öllum líkindum verið vörslugarður til að halda búfénaði frá túninu fyrir ofan klettana.

Holtið þar sem Gamligarður er, er grasivaxið mó- og graslendi og hefur lauftrjám verið plantað víða. Ræktuð tún eru vestan við holtið. Gamligarður er 308 metrar á lengd og liggur NNA-SSV en beygir líkt og holtið gerir eftir 200 metra og endar á að liggja norðursuður. Garðlagið er 0.7 - 1 metri á breidd og 0.5 metrar á hæð. Það er grjóthlaðið en mjög gróið svo aðeins sést móta fyrir grjóthleðslum á stöku stað, 1-2 umför. Þær hleðslur sem sjást

Örnefnið Geldingaholtsvað kemur fyrir í örnefnaskrá Unnarholtshverfis sem Brynjúlfur Jónsson tók saman en þar er nánari staðsetningu hvergi getið. Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar er Geldingaholt sunnan Litlu-Laxár en norðan við Smjörflóðsáveitu 036 og Smjörflóð. Geldingaholt er aflangt holt sem liggur frá suðvestri til norðausturs og er norðurendi þess næstur ánni. Brynjúlfur nefnir einnig Geldingaholtsós sem er að öllum líkindum sami ós og á örnefnakorti Ingimundar er nefndur Markós. Mun hann hafa verið á merkjum Unnarholtshverfis og Langholtskots. Út frá þessu má ætla að Geldingaholtsvað hafi verið á Litlu-Laxá í nágrenni við norðurenda Geldingaholts, um 2,5 km norð-norðaustan við bæ 001, 420-430m norðvestan við Geldingaholtsáveitu 009 og tæpa 400m norðaustan við Engjavað 037. Staðsetning er ekki

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 2; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Unnarholtshverfið

ÁR-328:018 *Hólmavað* örnefni vað

A: 428268 N: 400804



Hólmavað 018, horft til norðvesturs

Örnefnið Hólmavað kemur fyrir í örnefnaská Unnarholtshverfis sem Brynjúlfur Jónsson tók saman en þar er nánari staðsetningu hvergi getið. Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar er Hólmur lítil eyja við ósa Litlu-Laxár þar sem hún rennur út í Stóru-Laxá og má ætla að Hólmavað hafi verið á Litlu-Laxá í nágrenni við Hólminn og dregið nafn af honum. Bíltroðningur liggur nærri bakka Litlu-Laxár að sunnanverðu, um 200m austan við Hólmann en hvort hann liggir eftir gamalli leið er ekkert hægt að segja um. Staðsetning er ónákvæm en þó er líklegt að vaðið hafi verið alveg við Hólmann um 1,4 km norð-norðvestan við bæ 001, um 400m vestan við Áveitu 021 og um 600m vest-suðvestan við vað 026.

Góðar sandeyrar eru beggja vegna árinna og bakkar lágir. Góð og hæg uppkoma beggja vegna. Áin er lygn og breiðir vel úr sér.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 2; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps- Unnarholtsholshverfið

ÁR-328:019 *Útverkavað* örnefni vað

Örnefnið Útverkavað kemur fram í örnefnaskrá Unnarholtshverfis. Ekki eru til neinar heimildir um staðsetningu þess og nafn þess kemur ekki fram á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar. Trausti Indriðason, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið og því var ekki hægt að staðsetja það á jörðinni fyrir utan að segja að það hafi verið einhverstaðar við Litlu Laxá. Frekari heimilda er þörf ef staðsetja á það með fullnægjandi nákvæmni.

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 2

ÁR-328:020 *Sunnefuvað* örnefni vað

Örnefnið Sunnefuvað kemur fram í örnefnaskrá Unnarholtshverfisins. Ekki eru til neinar heimildir um staðsetningu þess og nafn þess kemur ekki fram á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar. Trausti Indriðason, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið og því var ekki hægt að staðsetja það á jörðinni. Líklegast þykir að Sunnefuvað sé einhverstaðar á Litlu Laxá en frekari heimilda er þörf ef staðsetja á það nákvæmlega

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 2

ÁR-328:021 *Áveitur* renna áveita

A: 428677 N: 400853

Örnefnið Áveitur er sýnt á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar austan við Hólm og vestan Lokaflóðs. Ummerki eftir áveitu má finna um 1,2 km norð-norðvestan við bæ 001, um 400m austan við Hólmavað 018 og um 330 suð-suðvestan við vað 026.

Áveitan er í smáþýfðu flötu graslendi sem notað er sem bithagi fyrir hross. Tveir áveituskurðir á svæði sem er um 150x120m að stærð sjást greinilega en vera má að þeir hafi verið fleiri. Annar þeirra liggur rúma 180m til suðausturs frá syðri bakka Litlu-Laxár en hinn liggur rúma 100m frá þeim fyrrnefnda til suðvesturs. Þeir eru um 1m á breidd og 30 cm á dýpt. Botninn er flatur og hefur þunna gróðurhulu, skurðbakkarnir rúnnaðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Unnarholtsholshverfið

ÁR-328:022 heimild um beitarhús

A: 429749 N: 399713

Þrjú útihús (007,022-023), eru merkt inn á Herföngjaráðskort frá 1908 við Fjórúsholt um 430-500 m ASA af bæ 001 og dregur holtið líklega nafn sitt af þessum þremur fjórúsum eða beitarhúsum sem þar hafa staðið. Ekki sjást nein ummerki um minjar á svæðinu.

Fjórúsholt er aflangt og liggur norðaustur-suðvestur. Það er grasi vaxið með lágum klettabeltum í hlíðum. Aflíðandi brekka er niður af holtinu til suðausturs. Sléttað tún er á holtinu að hluta og suðaustur af því. Ekki sést til fornleifa og hafa minjar um beitarhúsin líklega verið sléttadar í tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar**Heimildir:** Herföngjaráðskort 47 SV, 1908**ÁR-328:023** heimild um beitarhús

A: 429731 N: 399752

Þrjú útihús (007,022-023), eru merkt inn á Herföngjaráðskort frá 1908 við Fjórúsholt um 430-500 m ASA af bæ 001 og dregur holtið líklega nafn sitt af þessum þremur fjórúsum eða beitarhúsum sem þar hafa staðið. Ekki sjást nein ummerki um minjar á svæðinu.


Fjórúsholt er aflangt og liggur norðaustur-suðvestur. Það er grasi vaxið með lágum klettabeltum í hlíðum. Aflíðandi brekka er niður af holtinu til suðausturs. Sléttað tún er á holtinu að hluta og suðaustur af því. Ekki sést til fornleifa og hafa minjar um beitarhúsin líklega verið sléttadar í tún.

Heimildir: Herföngjaráðskort 47 SV, 1908**ÁR-328:024** tóft beitarhús

A: 430492 N: 401030

Beitarhús eru merkt inn á Herföngjaráðskort frá árinu 1910 1,78 km norðaustan við bæ 001 og 300 metrum norðvestan við útihús 008. Beitarhúsið stendur norðvestan við Vestari Hrafnabjörg. Norðan við hana er nýlegt skógræktarsvæði. Mikill gróður er á svæðinu og tóftin er frekar sokkin í grasið.

Tóftin er 19 x 16 metrar að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Hún er þrískipt, skiptist í fjórúsi (hólf I), hlöðu (hólf II) og gerði (hólf III). Inngangur er á tóftinni á norðvesturshlið en á gerðinu er op til norðvesturs og suðvesturs Hólf I, fjórúsið, er 10 x 5 metrar að innanmáli og í hólfinu miðju liggur garði sem er 0.4 metrar að hæð. Það snýr norðvestur - suðaustur. Veggir þess er u 0.5 - 0.7 metrar að hæð. Hólf II, hlöðan, er niðurgrafin og er 8 x 5 metrar að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur og er suðaustan við fjórúsin. Veggir eru 1 - 1.2 metrar á hæð að innan en 0.3 - 0.4 metrar að utan. Innanmál hlöðunnar er 4 x 2,5 metrar að innanmáli en hólfíð er samansigið og víkka veggir út á við. Ekki sést neitt op á milli hólfa I og II. Hólf III, gerðið, er 11 x 6,5 metrar að innanmáli og veggir þess eru 0.4 - 0.5 metrar að hæð. Það snýr norðvestur-suðaustur og er á suðvesturshlið hólfa I og II. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sést grjót í inngangi fjórúss, 2 umför af hellugrjóti. Hlaðan er niðurgrafin eins og áður hefur verið sagt.



Teikning af beitarhúsum 024

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV, 1910

ÁR-328:025 gata leið

A: 430373 N: 400986



Gata 025, horft til norðausturs

Gata liggur neðan við Hrafnabjörg, 1,6 km norðaustan við bæ 001. Hún liggur frá beitarhúsum 024 undir vesturhlíð Vestari Hrafnabjarga og í átt að Unnarholtshverfinu. Garðlag 029 liggur alveg upp við götuna, suðaustan við hana. Svæðið þar sem gatan liggur er grasi vaxið og sjálf gatan er algerlega gróin og sést sem gróin dæld.

Gatan sást á vettvangi á 116 metra kafla og er 0,3 metrar á breidd. Hún liggur norðaustur - suðvestur, frá útihúsi 024 í átt að bæ. Gatan sést sem mjór og gróinn stígur meðfram garðlagi 029. Á loftmynd sést að hún heldur líklega áfram yfir holtin suðvestan við Hafnabjörg en hverfur í þýfðu graslendi suðvestan við þau. Alls er gatan því 267 metra löng áður en hún hverfur. Líklega hefur þessi gata legið frá bæ 001 að

beitarhúsunum og verið notið til að reka féð þar á milli. Stór hluti leiðarinnar er nú horfinn vegna jarðræktar en sá hluti sem liggur yfir holtin neðan við Hrafnabjörg sést enn að einhverju leyti.

Hættumat: engin hætta

ÁR-328:026 frásögn vað

A: 428801 N: 401160

Samkvæmt Guðbrandi Kristmundssyni og Sigrúnu Guðmundsdóttur, heimildarmönnum, var vað á Litlu-Laxá aðeins norðar en núverandi brú. Vaðið var um 1,5 km NNV af bæ 001. Litla-Laxá er um 25 m breið á vaðinu og er grasivaxð að árbakka báðu megin árinna. Vestan árinna er 1,5-2 m há brekka en afluðandi halli er að ánni austanmegin.

Áin er fremur lygn og virðist um 0,2-0,3 m djúp frá eystri bakka séð. Hún er sendin í botn. Engin leið sést að vaðinu og ekki er vitað hvaða leið lá þar yfir ána.

Hættumat: engin hætta

ÁR-328:027 garðlag túngarður

A: 429375 N: 399808

Garðlag er í mýri um 140 m austur af bæ 001. Mýrin er deiglend, vaxin strjálu víðikjarri og er nýtt til beitar. Lág brekka er upp af mýrinni til vesturs.

Garðlagið liggur u.þ.b. norður-suður á ská yfir mýrarstykkið þvert. Það er um 175 m langt, um 0,5 m breitt og um 0,3 m hátt. Um 0,1 m djúp lægð er upp við austurhlíð garðsins. Á loftmynd virðist garðlagið mögulega halda áfram um 235 m til suðausturs frá suðurenda. Garðurinn er grasi gróinn og sker sig ekki úr gróðri í kring. Garðurinn fellur vel að austurmörkum túns eins og þau eru sýnd á herforingjaráðskorti frá 1910 en á túnakorti frá 1921 eru mörkin sýnd vestar, nær bæ 001. Því verður að teljast líklegt að um eldri útgáfu af túngarði sé hér að ræða.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Herforingjaráðskortkorti 47 SV 1908; Túnakort 1921

ÁR-328:028 heimild um traðir

A: 429241 N: 399818

Taðir eru merktar inn á túnakort frá 1921 sem liggja frá bæ 001 til norðausturs, á svipuðum stað og núverandi heimreið liggur. Svæðið þar sem traðirnar lágu er flatlent og ræktuð tún beggja vegna við núverandi heimreið. Engin ummerki sjást um traðirnar á yfirborði vegna vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-328:029 garðlag óþekkt

A: 430464 N: 401041



Garðlag 029, horft til suðvesturs

Garðlag liggur rétt vestan við beitarhúsatóft 024 undir vesturhlið Vestari Hrafnabjarga og liggur gata 025 alveg upp við garðlagið, norðvestan við það. Það er 1,6 km norðaustan við bæ 001. Mikill gróður er á svæðinu og garðlagið er mjög sokkið í gróðurinn.

Garðlagið er 120 metrar á lengd og liggur norðaustur - suðvestur, meðfram götu 025. Garðlagið er 1,2 metrar á breidd og 0.3 metrar á hæð. Það er torfhlaðið. Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt en hugsanlega hefur garðlagið afmarkað lítið tún við beitarhúsin.

Hættumat: engin hætta

ÁR-328:030 heimild um túngarð

A: 429094 N: 399597

Túngarður er við suðvestur- og norðausturenda heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1921. Hlið var á túngarðinum í suðvesturenda, nálægt útihúsi 005. Svæðið þar sem túngarðurinn var hefur nú verið ræktað undir tún sem ná lengra til suðvesturs en gamla heimatúnið.

Samkvæmt túnakorti afmarkaði túngarður suðvestur og norðaustur hluta heimatúns sem var 400x170 metra stórt. Ekki var túngarður á suðausturhæið túnsins, en þar er brött brún niður að framræstu mýrarsvæði. Svo virðist þó sem að eldri túngarður hafi áður verið á þessari hluta túnsins en leifar túngarðs 027, sem sjást á bæjarsteikningu frá 1908, eru enn að finna í mýrinni suðaustan við heimatúnið. Ekki sjást nein ummerki um yngri túngarðinn á yfirborði vegna túnsléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-328:031 gata leið

A: 430085 N: 401814

Greina má götu af loftmynd sem liggur frá suðvestri til norðausturs í vestanverðum brekkurótum Geldingaholts. Hún liggur að Geldingaholtsvaði 017. Hægt er að rekja hana á rúmlega 570m löngum kafla. Hún er rúma 200m norðvestan við Geldingaholtsáveitu 009, um 2km norðaustan við bæ 001 og 150-320m suðaustan við Litlu-Laxá. Stefna hennar er suðvestur og norðaustur og út frá því má ætla að hún hafi legið á milli Unnarsholts eða Bolafótar að sunnanverðu og Hvítárhólts að norðanverðu.

Gatan liggur vestan til í brekkurótum lágs holts sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Gatan var ekki skráð á vettvangi og því er ekki hægt að lýsa henni nákvæmlega..

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Beitarhús 032, horft til norðausturs


og er hæð veggjarins á þeirri hlið um 0,3-0,8 m, lægri til ASA. NNA-hliðin er grasi vaxin en rof er í veggnum á stöku stað. Bárujárnsbrak er við ASA-enda veggjarins. Út frá ASA-enda markar einnig fyrir röskuðum leifum NNA-hliðar á um 1 m löngum kafla. Restinni af tóftinni hefur verið rutt út en um 4 m vestur af veggnum er lág þúst, um 13 x 7 m að stærð (snýr norðaustur-suðvestur), sem í er mikið af grjóti og bárujárnsbraki, auk þess sem grjót er einnig á dreif suðvestur af veggnum.

Beitarhús eru merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 um 550 m norðaustur af bæ 001 á Titlingsholti. Á þeim stað er hleðsla og garðlag 033 sem liggur í kingum holtið. Titlingsholt er aflengt holt sem snýr norðaustur-suðvestur og er tóftin rétt suðvestan við miðju holtsins. Holtið er grasvaxið, smápýft að ofan en stórbýfðara í hlíðum. Vegarslóði liggur yfir holtið austanvert í stefnu NNA-SSV. Tún eru austur af holtinu en hagar vestur af því. Svæðið er beitt.

Leifar beitarhússins ná yfir svæði sem er um 26 x 13 m (VNV-ASA) en af henni er aðeins uppistandandi einn veggur. Hann er um 13 x 1,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Grjóthleðslur eru skýrar á SSV-hlið sem er um 1-1,2 m há og eru í henni um 6 umfór. NNA-hlið er að hluta grafin inn í brekku

Hættumat: hætta, vegna rask

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV, 1910



Teikning af beitarhúsum 032



Túngarður 033, horft til VSV

Garður afmarkar stóran hluta Titlingsholts, um 500 m norðaustur af bæ 001. Hleðsla 032, leifar af beitarhúsum er innan garðsins. Garðurinn hefur afmarkað tún sem hefur verið ræktað við beitarhúsin 032, en þau eru nú að mestu leyti horfin. Titlingsholt er aflangt holt sem snýr norðaustur-suðvestur og er tóftin rétt suðvestan við miðju holtsins. Holtið er grasivaxið, smáþýft að ofan og einkum innan garðsins, en stórþýfðara í hlíðum. Vegarslóði liggur yfir holtið austanvert í stefnu NNA-SSV. Tún eru austur af holtinu en hagar vestur af því. Svæðið er beitt.

Garðurinn afmarkar svæði sem er trapísulaga. Það er 205 x 80 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðausturhlíð er styttri en norðvesturhlíð og er um 160 m að lengd. Bæði suðaustur- og norðvesturhlíð sveigjast lítillega til

norðvesturs en á norðaustur- og suðvesturhlíðum er garðurinn beinn. Garðurinn er grasi og mosagróinn, hlaðinn úr torfi og grjóti og er um 0,5-0,6 m breiður, 0,3-0,7 m hár. Hann er mikið genginn í þúfur og víða rofinn, m.a. Af vegi sem liggur yfir holtið og af norðvesturhlíð er aðeins suðvestari helmingur greinilegur. Sléttara er víðast innan garðsins en utan og hefur þar líklega verið ræktað tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

ÁR-328:034 frásögn fjárhús

A: 429899 N: 399808

Þegar fjárhús og hlaða voru byggð norðaustan við Fjárhúsholt 007 árið 1968 voru þar fyrir gamlar fjárhústóftir, samkvæmt Trausta Indriðasyni, heimildarmanni. Fjárhúsið sem nú stendur er um 660 m austur af bæ 001.

Bárujárnsklætt fjárhús er um 20 m austan við Auðholtsveg sem liggur milli fjárhússins og Fjárhúsholts. Víðitrjám hefur verið plantað kringum fjárhúsið en trén virðast flest dauð. Ekki sést til fornleifa á yfirborði og hafa eldri fjárhústóftirnar farið undir yngra hús. Líklega eru því allar leifar eftir gömlu húsin séu horfnar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-328:035 heimild um brunn

A: 429375 N: 399807

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var brunnur var 50-70 metrum ASA við bæ 001 og 240 metrum suðvestan við útihús 005, við austurmörk túnsins. Hann var austan við vélageymslu sem er byggð á bæjarhól Unnarholts. Á svæðinu er nú smávegs brekka frá vélageymslunni niður að þýfðri, framræstri mýri austan við. Brunnurinn hefur verið á milli brekkunnar og mýrinnar.

Brunnurinn er merktur inn á túnakort en skráningarmönnum yfirforst hann í yfirferð á heimildum um svæðið og sást hann því ekki fyrr en eftir að vettvangsferð var farin að Unnarholti. Vegna þessa voru aðstæður ekki kannaðar á vettvangi. Á loftmynd sést svartur blettur þar sem brunnurinn á að hafa verið og því gætu verið leifar af honum á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921



Áveita 036, horft til suðvesturs

Í örnefnaskrá Unnarholtshverfis er örnefnið Smjörflóðsveitur. Áveita er merkt á örnefnakort Unnarholtshverfisins og er þar sunnan undir Smjörflóði. Hún er 1,4 km NNA við bæ 001 og um 50 metrum norðaustan við Lambhúsríma 004. Svæðið þar sem áveitan var er þýft og þar er framræst mýri vaxin mýrargróðri og kjarri. Hún er hálfþurr.

Ekki eru nein ummerki um áveituna á svæðinu. Þar sjást þó langar, 2 metra breiðar dældir með hjólförum sem gætu verið leifar af áveituskurðum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Unnarholtsholshverfið; Ö-Unnarholtshverfis, 2



Engjavað 037, hort til austurs

Örnefnið Engjavað kemur fyrir í örnefnaská sem Þorsteinn Bjarnason tók saman en þar er nánari staðsetningu hvergi getið. Ekki könnuðust Guðbrandur Kristmundsson og Sigrún Guðmundsdóttir, heimildarmenn, við örnefnið Engjavað en þekktu aftur á móti til Heybandsvaðs og fannst þeim líklegt að um sama vað væri að ræða. Það drægi þá nafn sitt af engjum við norðurbakka Litlu-Laxár sem væru þá í landi Auðsholts. Örnefnaskrá Auðsholts styður þetta en þar segir að við bakka Litlu-Laxár hafi verið engi sem aðrar jarðir hafi haft ítök í. Nákvæm staðsetning Engjavaðs er ónákvæm því engar greinilegar götur sjást sem liggja að því en mögulega er gott vað á ánni tæpa 2,2 km norð-norðaustan við bæ 001, tæpa 400m suðvestan við Geldingaholtsvað 017 og

tæpa 300m norðvestan við götu 031.

Bakkar eru lágir og grösugir og beggja vegna árinna eru sendnar eyrar og því er uppkoma hægt að byrja á. Áin gæti þó verið nokkuð djúp á þessum stað. Vaðið hefur þá að öllum líkindum verið á leið sem gæti hafa verið kölluð Engjaleið eða Heybandgata þó að þeirra sé ekki getið í heimildum og hún ekki skráð hér. Hugsanlega gæti sú gata hafa verið á svipuðum slóðum og bíslóði sem liggur eftir bökkum Litlu-Laxár og um tún sem eru norðan við Smjörflóðsveitur en um það er ekkert hægt að fullyrða.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Unnarholtskot ÞB, 30; Ö-Auðsholt, 4

Gildruholt er í dag þekkt undir nafninu Gildurholt. Örnefnið kemur fram í örnefnaskrá Unnarholtshverfis. Það er rúmum 820 metrum NNA við bæ 001 og rúmum 340 metrum austan við Bjarg ÁR-330. Malarslóði liggur frá Bjargi og að Gildruholti og þaðan áfram í Tittlingaholtið.

Austurhelmingur holtsins hefur nú verið sléttaður og ræktaður undir tún. Vesturhlutinn, þar sem ekki hefur verið sléttað, er þýft mólendi. Ekki sjást nein ummerki um refagildru á svæðinu og hefur holtið verið sléttað að stórum hluta. Ef gildran hefur verið á þeim helmingi sem hefur verið sléttaður þá má ætla að hún sé með öllu horfin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unnarholtshverfi, 117

ÁR-329 Unnarholtskot

Sögulegar heimildir

1709: Jarðardýrleiki óviss, Hjáleiga Unnarholts, þá talin byggð fyrir um 80 árum, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 238–239.

1847: Jarðardýrleiki óviss, hjáleiga Unnarholts, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

1949: Jörðinni var skipt í tvær jarðir, SB I, 294–295.


Jarðarítak 1709: „Laxveiði kann ábúandi að brúka ef vill eftir proportion við heimajörðina.“ JÁM II, 239.

Landkostir

1921: Tún 4,6 ha, um 2/3 slétt, garðar 7,6 arar.

1840: „Unnarholt í vestur frá Langholti, með hjáleigunum Unnarholtskoti og Bolafæti; standa allar í sama holti útnorðanvert við Langholtsfjall, heyskapajarðir góðar, en hagar lakir.“ SÁÁ, 112.

„Jörðin er fremur landlítill, að hálfu blaut mýri og að hálfu þurrlendi, bæði á bökkum Stóru-Laxár og á bæjarholtinu. Engjar voru góðar, bæði á árbökkunum og í áveitum á mýrinni. Sumarhagar góðir, en vetrarþing lítill sem engin. Ræktunarland er gott, bæði á þurrlendi og á framræstum mýrum. Allt votlendið hefur verið tekið til framræslu,“ SBI, 294.



Teikning byggð á túnakorti Unnarholtskoti frá árinu 1921



Vatnslitamynd eftir Ingimund Einarsson af Unnarholtskoti kringum 1940 (Árnesingar I, bls. 460)

Í ritinu Árnesingar I segir: „Þegar Hjörleifur [Sveinsson, 1887-1964] kom að Unnarholtskoti [árið 1920] var jörðin mjög niðurnídd. [...] Húsakostur var lélegur. Allt varð að byggja upp að nýju.“ Í sömu bók sést ljósmynd af bænum sem óvíst er hvenær var tekin en af sama bæ er til málverk frá árinu 1940. Það er bærinn sem Hjörleifur endurbýggði eftir árið 1920 þegar hann settist að í Unnarholtskoti. Húsin á myndinni eru timburhús með sex burstum og snúa stafnar þeirra til suðurs. Á ljósmyndinni sést einnig kálgarður 012 og túngarður 011. Steinsteypt íbúðarhús var byggt árið 1949 á öðrum stað, þegar landinu var skipt upp í tvö lögbýli. Gamli bærinn stóð þar sem nú er slétt grasflöt norðan við núverandi íbúðarhús.

Byggingar, bæði íbúðar- og útihús, eru allt í kring um grasflötina þar sem gamli bærinn stóð. Trjágróður er sömuleiðis í kringum húsin. Heimreið liggur að núverandi íbúðarhúsi úr austri og liggur annar malarvegur frá bæjarstæðinu til norðurs.


Bæjarhóll Unnarholtskots er um 65 x 25 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hann er 0,8-1 m á hæð og hefur verið sléttaður og sér ekkert til eldri minja nema hugsanlega kantur sem er á suðurhlíð hólans og um 3,5 m breidd geil sem er inn í hólinn á mótis við íbúðarhús. Ekki er þó hægt að fullyrða eða segja neitt til um þetta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnesingar I, 459-460

ÁR-329:002 tóft beitarhús

A: 428713 N: 399454



Teikning af beitarhúsi 002

Beitarhúsatóft er um 490 m suðvestur af bæ 001. Tóftin er í grasmóa vestan við hæð. Tún er ofan við hæðina, sem og norður af móanum. Framræst mýri til austurs og suðurs. Tóftin er á um 1 m háum rana sem gengur út frá hæðinni til vesturs. Meiri grasvöxtur er við tóftina en í móanum í kring og er svæðinu beitt.

Tóftin er um 17 x 12 m og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólf. Hólf I er fjárhús með garða í miðju, um 1,6 x 11,5 m að innanmáli og er dyraop til suðurs. Garðinn er um 0,5 x 11 m að stærð og 0,3 m á hæð. Hólf II er hlaða beint norður af hólf I, 5 x 3 m að innanmáli (snýr austur-vestur). Hólf III er suðvestur af hólf II, um 3 x 1,5 m að innanmáli (snýr austur-vestur) og er dyraop til suðurs. Hæð veggja í hólf I er um 0,6 m, í hólf II um 2 m og í hólf III 0,6-1,5, hæst austantil. Hæð veggja að utan er um 0,4-1 m. Breidd veggja er víðast um 2 m en

er breiðari við norðvesturhorn og aðeins 0,5 m breiður veggur aðskilur hólfi I og III. Tóftin er grasi vaxin og nokkuð hlaupin í þúfur en grjót sést í veggjum á stöku stað. Ekki er hlaðinn veggur á milli fjárhúss og hlöðu, aðeins kantur og ekki er opið inn í hólfi II frá hinum hólfum.

Hættumat: hætta, vegna rasks

ÁR-329:003 *Brunngata* heimild um leið

A: 428949 N: 399672

Brunngata er nefnd í örnefnaskrá. Gatan lá frá bæ í suðvestur að brunni 004, sem mun hafa verið um 400 metrum suðvestan við bæ 001. Suðvestur af bæ er tún en smápýfð brekka með lágum klettabeltum er niður af túninu til vesturs. Þar fyrir neðan til vesturs eru einnig ræktuð tún, afmörkuð skurðum, en mói til suðvesturs.

Slóðar eftir umferð dýra eru eftir brekkunni neðan við tún en ekki sjást merki um götu frá bænum og er ekki öruggt nákvæmlega hvar Brunngatan lá.

Heimildir: Ö-Unnarholtskot, 30

ÁR-329:004 frásögn brunnur

A: 428798 N: 399502

Samkvæmt Guðbrandi Kristmundssyni og Sigrúnu Guðmundsdóttur, heimildarmönnum, var brunnur um 400 m suðvestur af bæ 001.

Suðvestur af bæ er tún en smápýfð brekka með lágum klettabeltum er niður af túninu til vesturs. Þar fyrir neðan til vesturs eru einnig ræktuð tún, afmörkuð skurðum, en mói til suðvesturs. Ekki sést til fornleifa á yfirborði og hefur líklega verið fyllt upp í brunnen. Nákvæm staðsetning brunnsins er ekki öruggt og er mögulegt að hann hafi verið aðeins nær bænum. Hann hefur þó líklega verið utan við heimatún Unnarholtskots.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unnarholtskot, 30

ÁR-329:005 *Hrossbeinakofi* örnefni

Í örnefnaskrá yfir land Unnarholtskots kemur fram að örnefnið Hrossabeinakofi hafi verið í túni bæjarins. Guðbrandur Kristmundsson, heimildarmaður, hafði ekki heyrt örnefnið áður og því var ekki mögulegt að staðsetja það með nákvæmari hætti en að það væri í túni bæjarins. Frekari heimilda er þörf ef til þess að geta staðsett kofann með innan við 50 metra skekkju. Ekki sáust nein ummerki í túninu sem gætu verið leifar af Hrossabeinakofa.

Heimildir: Ö-Unnarholtskot, 30

ÁR-329:006 *Kvíaföt* örnefni kvíar

Í örnefnaskrá yfir land Unnarholtskots kemur fram að örnefnið Kvíaföt hafi verið í túni bæjarins. Guðbrandur Kristmundsson, heimildarmaður, hafði ekki heyrt örnefnið áður og því var ekki mögulegt að staðsetja það með nákvæmari hætti en að það væri í túni bæjarins. Frekari heimilda er þörf ef til þess að geta staðsett kvíarnar með innan við 50 metra skekkju. Ekki sáust nein ummerki í túninu sem gætu verið leifar af Kvíaföt.

Heimildir: Ö-Unnarholtskot, 30

ÁR-329:007 *Gamlistöðull* örnefni kvíar

A: 429346 N: 400146

Gamlistöðull er nefndur í örnefnaskrá. Samkvæmt Sigrúnu Guðmundsdóttur, heimildarmanni, hét Gamlistöðull þar sem brúsapallurinn var á gatnamótum Bjargs (Bolafótar ÁR-330) og Unnarholtsbæja (ÁR-328 og ÁR-329). Gatnamótin eru um 450 m NNA af bæ 001.

Afleggjari liggur í suður að Unnarholt og Unnarholtskoti frá Auðsholtsvegi sem liggur áfram norðvestur að Bjargi. Vestan við gatnamótin eru lágir hálfgrónir klettur og grasi og mosavaxnir stallar neðan við klettana. Suðaustan við gatnamótin er sléttuð tún en beitarhólf norðaustan við. Ekki sést til fornleifa á yfirborði við gatnamótin en líklegast staður fyrir stöðul er undir klettunum vestan gatnamótanna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unnarholtskot, 30

ÁR-329:008 heimild um útihús

A: 428987 N: 399569

Hús er merkt inn á herforingjaráðskorti frá 1908, um 180-190 m suðvestur af bæ 001 og hefur húsið að líkindum verið beitarhús. Þar sem beitarhúsin eru merkt á kortið er áberandi stakur hóll, um 6 m hár, í sléttuðu túni. Lágir klettur eru niður undir hólnum suðaustan til. Hóllinn er grasi vaxinn en efst á honum er steypur kassi með járnloki, um 0,9 m á hvora hlið og um 0,3 cm hár, sem óljóst er hvaða hlutverki gegnir.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði á eða við hólinn. Þegar staðurinn var skoðaður sumarið 2017 var hóllinn á kafi í grasi og er ekki alveg útilokað að gróður hylji minjar á hólnum. Hafi beitarhúsin verið neðan við hólinn hafa þau hins vegar verið sléttuð í tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 SV, 1908**ÁR-329:009** *Framkofi* örnefni

Í örnefnaskrá yfir land Unnarholtskot kemur fram að örnefnið Framkofi hafi verið í úthögum bæjarins. Guðbrandur Kristmundsson, heimildarmaður, hafði ekki heyrt örnefið áður og því var ekki mögulegt að staðsetja það með nákvæmari hætti en að það væri í úthögum. Frekari heimilda er þörf ef til þess að geta staðsett kofann með innan við 50 metra skekkju. Ekki sást nein ummerki sem gætu verið leifar af Hrossabeinakofa.

Heimildir: Ö-Unnarholtskot, 30**ÁR-329:010** *Áveitur* garðlag áveita

A: 428274 N: 399426



Áveitugarðlag 010, horft til austurs

Áveitur eru nefndar í örnefnaskrá. Garðlag, líklega áveitugarður, er við Stóru-Laxá, um 880 m VSV af bæ 001.

Næst Stóru-Laxá er grasmói en vestar er framræst mýri sem liggur um 0,5 m lægri í landinu en móinn. Garðlagið liggur í suðvestur að Stóru-Laxá frá horni tveggja skurða sem liggja til norðurs og austurs. Garðlagið sést á jörðu niðri á um 46 metra löngum kafla, frá skurðunum að mörkum mýrar og móa. Á loftmynd virðist garðlagið halda áfram í sömu stefnu að bökkum Stóru-Laxár, um 60 m vegalengd, en er rofinn á kafla af leið ÁR-681:029. Girðing liggur eftir garðlaginu að hluta. Garðlagið er 0,3-0,7 m á hæð, hækkandi til norðausturs, og 0,5-0,7 m breitt.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Unnarholtskot, 30**ÁR-329:011** heimild um túngarð

A: 428969 N: 399752

Túngarður er við suður-, vestur- og norðurmörk heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1921. Sami túngarður sést vel á ljósmynd af Unnarholtskoti sem birt er í ritinu Árnesingar I. Svæðið þar sem túngarðurinn stóð var áður gamalt heimatún en nýrri ræktuð tún eru á svæðinu.

Ekki sjást nein ummerki um túngarðinn á yfirborði en það sést móta fyrir leifum af honum á loftmynd vestan við bæ 001 en þar er gamlat tún í órækt. Þessi hluti sást ekki á vettvangi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1921; Árnesingar I, 459

ÁR-329:012 heimild um kálgarð

A: 429062 N: 399762

Á ljósmynd í ritinu Árnesingar I sést kálgarður sunnan við við bæ 001, þar sem nú er húsgarður og íbúðarhús. Svæðið er grasivaxið og lauftré eru á svæðinu. Ekki sáust nein ummerki um kálgarðinn á yfirborð vegna sléttunar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árnesingar I, 459

ÁR-329:013 vegur leið

A: 429037 N: 399821

Traðir í norðvestur frá bæ 001 eru merktar inn á túnakort frá 1921. Útihús eru norðan við bæjarhól 001 en tún og beitarhól til norðvestan við hólinn.

Frá bæ 001 liggur gróinn slóði til norðvesturs, um 2,5 m breiður. Hann sést fyrst um 10 m suðvestur af uppistandandi útihúsi sem stendur norðan við bæ 001, og liggur áfram á um 78 metra löngum kafla til norðvesturs. Mögulega er um upphlaðinn veg að ræða en um 0,2 m há upphleðsla sést við suðvesturhlið. Engin upphleðsla er sjáanleg við norðausturbrún. Þessar leifar eru líklega eftir traðir þær sem lágu frá bæ 001 og í norðvestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-330 Bolafótur

Sögulegar heimildir

1709: Jarðardýrleiki óviss, hjáleiga Unnarholts, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 239. Enn fremur segir þar: „Önnur hjáleiga hefur verið í Unnarholtslandi, svo sem stekkarveg frá bænum kölluð Norður hiáleiga, aðrir kölluðu hana Leðurskó, nokkrir vildu að hún hjeti Á Bjarge [...]. Þessi hjáleiga bygðist fyrst fyrir nokkrum og 20 árum, bygðin varaði hjer um 10 ár og eyðilagðist síðan er og ekki jörðunni nema til skaða, ef aftur byggjast skyldi, þar hún þess fyrir utan þrönglend er sem áður er sagt.“

1847: Jarðardýrleiki óviss, hjáleiga Unnarholts, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

Jörðin heitir nú Bjarg, SB I, 297.


1831: „Nýbýli: Bolafótur hjá Unnarholti, upp tekið árið 1931.“ SÁÁ, 113.

Landkostir

1921: Tún 2,6 ha, 9/10 sléttað, garðar 5,9 arar.

1840: „Unnarholt í vestur frá Langholti, með hjáleigunum Unnarholtskoti og Bolafæti; standa allar í sama holti útnorðanvert við Langholtsfjall, heyskapajarðir góðar, en hagar lakir.“ SÁÁ, 112.

„Jörðin er landlítill, að miklum meiri hluta, blaut mýri. En nokkurt þurrlendi er á bökkum Litlu-Laxár og smá holtum með móagróðri. Sumarhagar eru lélegir og vetrarþeir lítill sem engin. Engjar blautar og rýrar. Ræktunarland lítið nema á framræstum mýrum.“ SB I, 297



Teikning byggð á túnakorti Bolafóts frá árinu 1921



Gamla íbúðarhúsið á Bolafóti, líklega af því sem stóð þar um aldamótin 1900 (heimild: Árnesingar I, bls. 465)

Bolafótur var hluti af svokölluðu Unnarholtshverfi en árið 1939 var nafni jarðarinnar breytt úr Bolafæti í Bjarg. Tveimur árum áður, eða 1937, hafði nýtt íbúðarhús verið reist á gamla bæjarstæðinu og stendur það enn. Það er þó ekki lengur búíð í húsinu. Gamla bæjarstæðið er 25m norðaustan við núverandi íbúðarhús sem er byggt 1967



Bæjarhóll Bolafóts 001, horft til norðvesturs

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnesingar I, 465-7

Bæjarstæðið er á jarðlægum kletti miðsvæðis í húsaþyrpingu. Eins og áður sagði er yngri íbúðarhús suðvestan við bæjarstæðið en norðaustan við það eru skepnuhús og skemmur. Suðaustan við bæjarstæðið lækkar landið mjög skarpt.

Bæjarstæðið er 35x25m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur og mun framhlið hafa snúið til suðausturs. Bæjarstæðið var byggt á bjargi og því er nafnið á bænum mjög viðeigandi en sökum þess er upphledsla óveruleg en gæti þó verið um 1m. Á bæjarstæðinu er einnar hæðar íbúðarhús með valmaþaki og er ekki lengur búíð í húsinu.



Stekkatún 002, horft til suðvesturs

bragginn við suðvesturenda holtins sé á stekkjastæðinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Bolafótur ÞB, 3; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Unnarholtsholshverfið

Örnefni Stekkatún og Stekkatúnsholt koma fyrir í örnefnaská Þorsteins Bjarnasonar en engin lýsing á staðsetningu þeirra. Stekkatúnsholt er aftur á móti sýnt á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar. Örnefni Stekkatún og Stekkatúnsholt draga að öllum líkindum nafn sitt af stekki sem hefur staðið þar hjá. Samkvæmt örnefnkortinu er Stekkatúnsholt um 360m VSV við bæjarstæði 001 og tæpa 400m vestan við kálgarð 006.

Stekkatún og Stekkatúnsholt er grösugt svæði sem hafa verið sléttuð og framræst. Stekkatúnsholtið er aflangt holt sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Við suðvesturenda þess er braggi.


Þrátt fyrir leit á svæðinu fannst engin stekkur og því má ætla að hann hafi horfið þegar landið var sléttað eða að



Holtið þar sem útihús 003 hefur staðið, horft til NNA.

Samkvæmt Herforingjaráðskorti frá 1910 var hús um 170m norðaustan við bæjarstæði 001 og um 160m suðasutan við gerði 004. Minjastaðurinn var skráður af loftmynd og má gera ráð fyrir að þar hafi staðið útihús. Þýft graslendi milli sléttadra túna en ekkert sést til minja.

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV, 1910



Teikning af rétt 004

Gerði eða lítið aðhald er austur undir brekkurótum Slögholts eins og það er nefnt á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar. Það er rúma 220 m norðan við bæjarstæði 001 og um 430m vestan við garðlag 328:032 á Titlingsholti.

Gerðið er á þröngum bakka undir löngum klettavegg sem er nokkuð brattur og skagar lítið eitt yfir gerðið. Það er 14x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Það er byggt upp að klettavegg sem myndar norðvestur vegginn. Vegghleðslur er annars úr torfi og grjóti og eru þær um 150cm á breidd og 30-80cm á hæð. Á gerðinu eru hugsanlega tvö op, annað er sunnarlega á suðausturlanghliðinni en hitt á norðausturgafflinum og liggur um 30cm djúp rás að

því. Hleðslugrjótið er frekar stórt og er hægt að telja 2-3 umför.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Unnarholtsholshverfið




Kletturinn við Kvíablett 005, horft til suðurs

Örnefnið Kvíablettur, eða Kvíaklettur eins og Karl Jónsson, heimildamaður, kallaði hann, kemur fram í örnefnaskrá Bolafótar og er hann þar nefndur í úthaga jarðarinnar. Kvíablettur var rúmum 80 metrum suðaustan við bæ 001. Svæðið er grasi gróið og þar er nú þýft mýrlendi í kring. Ekki sjást nein ummerki um kvíar á svæðinu og óvíst er hvort þar hafi verið færirkvíar eða hlaðnar kvíar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bolafótur, 31



Kálgarðsklettur er rúma 100m suðaustan við bæjarhól 001, rúma 60m sunnan við kvíar 005 og rúma 90m suðaustan við útihús 007. Kálgarðurinn er í jaðri sléttads túns sem er vestan megin við hann og fremst á bakka sem er austan við hann.

Kálgarðurinn er tvískiptur, um 30x10m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Vegghleðslur eru 1-1,2m á breidd og 40-70cm á hæð. Hvorki finnst fyrir hleðslugrjóti né sést og því líklegt að vegghleðslurnar séu eingönguúr torfi. Nokkuð greinileg op er í norðvesturhorni nyrðra hólsins en þar að auki eru þrjú op á syðra hólfinu sem munu vera vegna rofs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bolafótur ÞB, 31

Teikning af kálgarði 006

ÁR-330:007 *Lambhúsrími* örnefni lambhús

A: 429288 N: 400801

Örnefnið Lambhúsrími kemur fyrir í örnefnaská Þorsteins Bjarnasonar en engar frekari lýsingar á staðsetningu þess. Örnefnið bendir til þess að við eða á þessum ríma hafi staðið lambhús. Lambhúsrími er ekki sýndur á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar en samkvæmt heimildamönnunum, Guðbrandi Kristmundssyni og Sigrúnu Guðmundsdóttir mun Lambhúsrími hafa verið á svipuðum stað og Slögholt er sýnt á örnefnaupprætti Ingimundar. Sú staðsetning kemur heim og saman við merkingu af húsi á herforingjaráðskorti frá 1910. Lambhús mun því hafa staðið rúma 300m norðan við bæjarstaði Bjargs 001, um 80m norðan við gerði 004 og 460m vestan við útihús 008.

Slögholt er grösugt holt umkringt sléttuðum túnnum. Ekkert sér til minja vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Bolafótur ÞB, 31; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Unnarholtshverfi; Herforingjaráðskort 47 NV 1910

ÁR-330:008 garðlag túngarður

A: 429362 N: 400411

Samkvæmt túnakorti Bolafóts frá 1921 var hlaðinn túngarður á 30 metra löngum kafla meðfram suðaustur hluta heimatúns bæjarins. Lítil hluti úr garðlagi sést sunnan við malarveg sem liggur niður að Titlingaholti 328:032., tæpum 15 metrum sunnan við veginn og tæpum 20 metrum frá kálgarði 006. Þetta er líklega hluti af túngarðinum.

Túngarðsbúturinn er vestan við klettahól í þýfðu graslendi. Vestan við hólinn eru ræktuð tún.

Túngarðsbúturinn er um 3 metra langur, 0.3 m á breidd og 0.5 m á hæð. Ekki sést neitt grjót í hleðslum og því má ætla að hann sé torfhláðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Brunnur 009 var í brekkunni við núverandi túnjaðar norðvestan við bæ 001, horft til norðurs

Samkvæmt heimildarmanni, Guðbrandi Kristmundssyni, var brunnur rúmum 20 metrum norðvestan við bæ 001, undir brekkunni við heimreiðina þar sem núverandi bæjar- og útihús standa.

Svæðið þar sem brunnurinn var er þýft og grasi vaxið en ræktuð tún eru til norðvesturs og skurður þar meðfram. Ekki sjást nein ummerki um brunninn á yfirborði og hefur að líkindum verið fyllt upp í hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-331 Lángholt efra

Sögulegar heimildir

1686: 40 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1695: 40 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1709: 40 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 240–242. Þar segir einnig: „Jörðunni er sundur skift í tvo bæi og tvær hjáleigur. Annar parturinn heima heitir Vesturpartur, en annar Austurpartur, og er þessi deiling heimajarðarinnar eldri en menn til muni og jörðunni eignarskiftum skift í helnringa. Vesturpartinum fylgir sú hjáleiga, sem kallast Lángholtskot, en Austurpartinum sú, sem heitir Lindarhamar. Jarðarinnar dýrleiki er til samans xl € svo vitt sem jörðin fer kaupum og solum. Þar af telst nú Vesturparturinn fyrir xii € Lángholtskot fyrir viii €, Austurparturinn með Lindarhamri fyrir xx €.“

1847: 40 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

1331: Jarðarinnar er getið í máldag Hrunakirkju (DI II, 665–666). Jarðarinnar er einnig getið í máldaga Hrunakirkju **1382–1391** (DI IV, 43–44).

1566, 09.06: „Kaupbréf fyrir hluta í Langholti efra.“ DI XIV, 493.

1618, 13.01: Með samþykki konu sinnar Margrétar Jónsdóttur, selur Gísli Hákonarson lögmaður Gísla Þórðarsyni Engey og Laugarnes fyrir 80 hndr. í eftirfylgjandi jörðum: Kvennahóli á Skarðsströnd (Dal.), 12. hndr., Höllustöðum á Reykjanesi (Barð.), 12 hndr., og Sæból í Aðalvík (Ísf.), 16 hndr. Hér í mót handsalar Ormur Vigfússon vegna Gísla Þórðarsonar lögmanninum Gísla Hákonarsyni þessar jarðir: 10 hndr. í Hjalla í Ölfusi (Árn.), Sodda (Sogn?) og Litlaland í sömu sveit, 30 hndr., og Miðhús (Rang.), 20 hndr. Hér að auki tilskilur Gísli Hákonarson sér veð í Hjalla og hálf Langholt í Hrunamannahreppi (Árn.), en skyldi gefa ofur (svo í hdr) Miðhus og láta sér lynda Flekkudal í Kjós, 40 hndr., kynni sú jörð heldur að nást,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 15.

1623, 9.04: Ólafur Árnason auglýsir að 6 hndr. í Langholti séu gengin undan Gísla Sigurðssyni, er faðir hans, sr. Sigurður sálugi Gíslason hlaut að láta Einari sáluga Eyjólfssyni til eignar fyrir ómakslaun að ná aftur Langholtspati,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 161.

1691, 30.04: „Heimastefna á Ytra-Langholti út af því kærumáli sem sr. Sigurður Gíslason hafði uppborið við Kristján Muller amtmann viðvíkjandi 10 hndr. í Efra-Langholti. Mótpartur málsins voru Magnús Guðmundsson og Páll Magnússon, sem höfðu haldið fyrrnefnd 10 hndr. Dómarinn meta þessi 10 hndr. fullkomna eign sr. Sigurðar, og mótaðilar ofurgefa se. Sigurði þennan hlut. Þar á ofan, sr. Sigurði, til geðþekkings, ofergefa þeir honum 2. hndr. í sömu jörðu, svo þá á hann 12. hndr. í Efra-Langholt,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 160–161.

1670, 16.09: „Úr arfaskiptum bræðranna Einars, Bjarna, og Sigurðar Gunnlaugssonar, áhræranda Arngerðareyrareignar og aðkomst: Einari hlotnast hálfur Kollabær í Fljótshlíð (Rang.), 30 hndr., og hálfendan Brenna í Borgarfirði, 8 hndr. að dýrleika, og hálf þriðja hundrað austur í Sumar(liða?)bæ (Rang?). Bjarna hlotnast 20 hndr. í Arngerðareyri (Ísf.) og hálf Efra-Langholt austur í Hreppum (Árn.), 20 hndr. að dýrleika,“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 131–132.

1960: Vesturbærinn fór í eyði, SB I, 301.

1709: Langholtskot [ÁR-332] og Snússa [ÁR-333] (í eyði) fylgdu vesturpartinum en Lindarhamar [ÁR-331:010] og Smyrilshattur [ÁR-331:011] (í eyði) fylgdi Austurpartinum samkvæmt JÁM II.


Bænhús er á jörðinni og er þess fyrst getið árið 1331 (DI II, 664), en óvíst er hvenær það var aflagt.

Jarðarítók **1709:** „Hjer fyrir utan eiga Skálholts dómkirkja og Hrunakirkja ískyldu i jörðina, (hvar um síðar), og halda menn, (sem og líkast er), að það jarðarmagn, sem sú ískylda afgangur, hafi verið xx €. Svo að allrar jarðarinnar dýrleiki sje lx €. Þó er þessum ískylduparti ekki úrskift, og engin byggíngarráð hafa hjer yfir hverki Skálholts kirkja nje Hruna kirkja, heldur fylgir ískyldan pörtum jarðarinnar eftir proportion, og er í þann máta sjerhver partur þriðjungi dýrari en fyrrskrifað stendur [...]. Laxveiði á jörðin í Litlu Laxá.“ JÁM II, 241–242.

Landkostir

1921: Austurbær: Tún 5,9 ha, um 2/3 slétt, garðar 12,4 arar. Vesturbær: 2,8 ha, 3/5 slétt, garðar 7,6 arar.

„Land jarðarinnar er að mestu blaut mýri, grasgefið slægjuland, en erfitt í vætutíð. Jörðin á land að Litlu-Laxá, og er það nokkurt þurlendi.“ SB I, 301



Teikning byggð á túnakorti Efra Langholts frá árinu 1921

ÁR-331:001 *Lángholt efra (austurbær og vesturbær)* bæjarhóll bústaður A: 432794 N: 401422

Tvö túnakort frá 1921 eru til yfir bæna á efra Langholti, austurbær og vesturbær og voru þeir í miðju túninu. Austurbærinn stóð rétt vestan við þau útihús sem nú eru uppstandandi, tæpum 120 metrum suðvestan við núverandi íbúðarhús og vesturbærinn var nánast sambyggður honum að vestanverðu. Í ritinu Árnesingar I kemur fram að steinsteypt íbúðarhús hafi verið byggt í stað torfbæjar austurbæjarins árið 1940. Vesturbærinn fór í eyði um 1960 og stóð torfbærinn ennþá þar til hann var rifinn, eftir 1965 samkvæmt ljósmyndum. Í ritinu Árnesingar I eru ýmsar teikningar, málverk og ljósmyndir af gömlu bæjunum í Efra Langholti sem þar stóðu. Stafnar húsanna vísuðu til suðausturs og sjást 6-8 burstir samtals á bæjunum, þar af fjórar á vesturbænum. Á teikningu eftir Torfa Harðarson sést að timburpil voru á stöfnum Vesturbæjarins en veggir hafa verið torf- og



Bæjarhóll 001, horft til norðausturs

grjóthlaðnir. Flestöll hús austurbæjarins virðast hinsvegar hafa verið byggð úr timbri. Á málverki eftir Svein Þórarinsson sést að kálgarður 003 hefur verið suðaustan við bæinn og þar sjást tíu hús á bæjarhólum. Torfhúsin á vesturbænum og steinsteypta húsið á austurbænum hafa nú verið rifin.

Slétt flöt er þar sem húsin stóðu og brekka niður til suðausturs. Vélageymsla stendur í norðurenda svæðisins. Ekki sést nein bæjarhólmmyndun á svæðinu og líklega hefur bæjarhóllinn verið sléttaður að einhverju leyti þegar bæjarhúsin voru rifin. Sömu leiðis hafa leifar austurbæjarins líklega raskast þegar steinsteypt hús var byggt þar árið 1940.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnésingar I, 486-488

ÁR-331:002 heimild um bænhús

LANGHOLT EFRA Í HRUNAMANNAHR. (Á) (HRUNAFING).

Í Íslenskum fornritum II (DI II) frá 1331 segir: „Grafar kirkia liggur thil songs j runa. Lann[g]hollt hid efra [...]. Tijvndir liggja til runa af þessum fyrr nefndum bæivm [...] half j lanngaholli. [...] lysitollar allir eru til runa. Vr heima Þjngum [...] enn hálfur vr grafar Þjngum. Groptur er j runa af þessum ollum bæium. Sem fyrr eru nefndir.“

Í Íslenskum fornritum IV frá 1382-91 segir: „Grafarkirkja liggur til saungs j Hruna oc Langholt hid efra. [...] Tiunder liggja til Hruna af þessum fyrnefndum bæium nema Grof oc Langholli half. [...] Groptur er j Hruna af ollum þessum bæium sem fyrr eru nefnder [...] kirkja j Runa a flogra vetrunga eldi j Langholt, skal sa vi d taka er þar byr ad Michaelsmessu oc annast til fardaga oc abyrgaizt sem log votta.“

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 segir: „Efra-Langholti hálfkirkja [...] Kirkjugarður sést [...]. Á Langholtunum báðum skal hafa verið bænhús.“ Ekki eru til neinar heimildir um nákvæma staðsetningu kirkjunnar á Efra Langholti.

Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður kannaðist ekki við að hafa heyrt um bænhús eða hálfkirkju á jörðinni. Þó má ætla að minjarnar hafi verið á eða við bæjarhólinn 001. Slétt og grasi vaxin flöt er þar sem bæjarhóllinn stóð og brekka er niður til suðausturs. Vélageymsla stendur í norðurenda svæðisins. Ekki sjást nein ummerki um bænhúsið á bæjarhól Efra Langholts og engar frásagnir eru um að mannabein hafi komið upp við jarðrask á honum.

Heimildir: JÁM XIII, 513; DI II, 664; DI IV, 42-43

ÁR-331:003 heimild um kálgarð

A: 432812 N: 401403

Í Árnésingum er málverk af Efra Langholti eftir Svein Þórarinsson þar sem sést að kálgarður var fast suðaustan við bæ 001. Kálgarðurinn lá niður í brekkuna neðan við bæinn og ef rýnt er í málverkið má sjá bæði grjót- og torfhleðslur á suðurvegg hans.

Brekkan sem kálgarðurinn var í er nú grasi gróð svæði, þar sem vex að hluta til njóli og annar gróður. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árnésingar I, 487

ÁR-331:004 heimild um útihús

A: 432843 N: 40444

Samkvæmt túnakorti austurbæjarins frá 1921 var útihús 50 - 60 metrum austan við bæ 001. Útihúsið stóð á svipuðum stað og steyp tlaða og fjárhús/hesthús stendur nú, sunnan við núverandi íbúðarhús. Malarheimreið liggur á milli þess og annars uppistandandi útihúss.

Á svæðinu eru uppistandandi byggingar og malarplan. Ekki sjást nein ummerki um fornleifar á yfirborði vegna byggingar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-331:005 heimild um brunn

A: 432834 N: 401449

Samkvæmt túnakorti austurbæjarins frá 1921 var brunnur u.þ.b 50 metrum ANA við bæ 001. Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður kannaðist við brunn á svæðinu og var hann við norðausturhorn á núverandi útihúsum sem standa austan við bæ 001.

Þar sem brunnurinn var er nú malarplan og uppistandandi útihús til suðurs og austurs. Ekki sjást nein ummerki um brunn á yfirborði, líklega vegna fyllingar. Ekki er vitað hvort að leifar brunnsins leynist enn undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-331:006 gata leið

A: 433675 N: 402145



Leið 006, horft til suðvesturs

Um 1,2 km norðaustur af bæ 001 liggur leið frá Kirkjugötu ÁR-681:013. Leiðin liggur í suðvestur í átt að bænum, framhá tóft 044. Leiðin liggur suðvestan undir hálfgrónu klettaholti sem liggur norðaustur-suðvestur. Suðvestan leiðarinnar er framræst mýri.

Leiðin liggur norðaustur-suðvestur og er um 2-3 m breið og er grasi vaxin. Hún afmarkast af holtinu á norðvesturhlið en af um 0,8 m háum kanti á suðausturhlið. Á loftmynd má alls rekja leiðina um 645 m í átt að bæ. Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildamanni, lá þessi leið frá bæjunum á svæðinu og svo inn á Kónsveginn 681:027.

Hættumat: engin hætta

ÁR-331:007 heimild um fjárhús

A: 433305 N: 402286

Samkvæmt túnakorti austurbæjarins frá 1921 var stakstætt tún með hlöðnu gerði 030 í kring og einu húsi á Efra Langholti. Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildarmanni hét túnið Gerði og var umrætt hús torf- og grjóthlaðið fjárhús. Það var tæpum 1 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 70 metrum norðvestan við Langholtsveg (341). Svæðið sést vel á gamalli loftmynd frá 1950-1965 sem er í fórum Sveins Flosa. Þar sjást rústir fjárhús, hlaðnir veggir gerðis 030 og uppistandandi hesthús 044.

Svæðið hefur verið ræktað undir tún, en hóll er í túninu á svipuðum stað og fjárhúsið mun hafa staðið. Túnið hallar nokkuð mikið niður til norðvesturs. Ekki sjást nein ummerki um fjárhús á yfirborði. Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður sagði að það hefði verið sléttað í túnið fyrir allnokkrum árum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-331:008 heimild um útihús

A: 432760 N: 432760

Samkvæmt túnakorti vesturbæjarins frá 1921 var útihús 80 metrum suðvestan við bæ 001. Þar í túninu er lítil upphækkun og þar gætu leynst jarðlægar leifar útihússins en það hefur verið sléttað í túnið.

Þar sem útihúsið stóð er nú ræktað tún. Ekki eru nein ummerki um útihúsið á yfirborði önnur en upphækkunin og líkur til þess að einhverjar leyfar þess gtu leynst undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-331:009 Hof heimild um fjárhús

A: 432567 N: 401441

Samkvæmt túnakorti vesturbæjarins frá 1921 var útihús 170 metrum norðvestan við bæ 001 og rúmum 40 metrum austan við klettana sem eru í túninu, á efri parti túnsins. Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður, sagði útihúsið hafa verið fjárhús og gengið undir nafninu Hof. Þar er nú ræktað tún. Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsið á yfirborð vegna sléttunar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-331:010 *Lindarhamar* bæjarstæði býli

A: 433055 N: 401499

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir: „Lindarhamrar, hjáleiga eldri en menn til muni. Fylgir Austurpartinum.“ Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildamanni, var fjárhús sem sýnt er á túnakort frá 1921, um 280 m NNA af bæ 001, byggt á bæjarstæði Lindarhamars.

Svæðið þar sem býlið Lindarhamrar var, er grasi gróið og suðvestan þess er stórt, grasi vaxið holt og er hamrabelti (Lindarhamrar) í suðvestur enda þess sem býlið dregur nafn sitt af. Á bæjarstæðinu sést 1-1,5 m há hólmyndun á um 30 x 26 m stóru svæði (austur-vestur). Ekki sjást merki um fjárhúsið sem byggt var á bæjarstæðinu og hefur því líklega verið rutt út.



Lindarhamar 010, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM II, 243; Túnakort 1921

ÁR-331:011 *Smyrilshattur* bæjarstæði býli

A: 432843 N: 401585

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 segir: „Smyrilshattur hjet hjáleiga, sem fylgdi Austurpartinum, bygð í fyrstu hjer um fyrir 30 árum, en eyðilögð aftur fyrir 18 árum.“ Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildarmanni, var Smyrilshattur um 180 m NNA af bæ 001, um 40 m NNA af núverandi íbúðarhúsi. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem býlið var er nú tiltölulega slétt grasflöt. Brekka er niður af flötinni til norðausturs. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur líklega verið sléttað yfir minjar býlisins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM II, 243

ÁR-331:012 *Fjósaföt* örnefni fjós

Í örnefnaskrá Efra Langholts kemur fram að örnefnið Fjósaföt sé í túni austurbæjar. Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið og vissi ekki hvar í túninu það væri staðsett. Frekari heimilda er þörf ef til þess að staðsetja Fjósafötina með innan við 50 metra skekkju. Engin ummerki í túninu benda til þess hvar fjósið, sem Fjósaföt dregur nafn sitt af, kann að hafa verið.

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28

ÁR-331:013 frásögn heystæði

A: 432774 N: 401435

Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildamanni, var heystæði um 30 metrum norðvestan við bæ 001 þar sem nú er skemma. Skemman sem nú hefur verið byggð þar sem heystæðið var, er bárujárnsklædd og liggur malarvegur að hennifrá austri. Tún er vestur af skemmuni en beitarhólf norðan við hana.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hafa minjarnar farið undir skemmuna. Ekki er hægt að segja til um hvort að einhverja leifar heystæðisins séu enn til staðar undir skemmuni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfis, 28

ÁR-331:014 Vesturbæjarveita garðlag áveita

A: 432751 N: 401246



Vesturbæjarveita 014, horft til ASA

Vesturbæjarveita er sýnd á örnefnauppdrætti Ásatúns frá 2005 en nafnið bendir til þess að þar hafi verið áveita. Vesturbæjarveita er 150-250m sunnan bæ 001 og 50-60m suðaustan við Hofkletta (SJÁ 009). Í henni eru áveitumannvirki. Minjastadurinn er í þýfðu deiglendi sem hefur verið framræst og er nýtt til hrossabeitar.

Vesturbæjarveita er á svæði sem er 180x120m að stærð og snýr vestur-austur. Innan svæðisins eru tveir áveitugarðar. Nyrðra garðlagið er rúmlega 150m á lengd og snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur en það syðra er um 90m á lengd og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Bæði garðlögin eru mikið hlaupin í þúfur en þau eru 30-40 cm á hæð og um 1 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Örnefnauppdráttur - Ásatún - Hrunamannahreppur 2005

ÁR-331:015 Stöðull örnefni kvíar

A: 432386 N: 401165

Í örnefnaskrá Efra Langholts kemur fram að örnefnið Stöðull sé í túni vesturbæjar. Að öllum líkindum er hér átt við sama stöðul og örnefnin Stöðultún og Stöðulklettar draga nafn sitt að og eru sýnd á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar norðvestan við bæjarstæði Snússu (Ásatúns) ÁR-333:001. Þessi örnefni eru einnig sýnd á örnefnauppdrætti Ásatúns frá 2005 sem er í eigu ábúenda Ásatúns. Þessi örnefni eiga við kletta sem Snússubærinn (Ásatún) stóð undir og túnið norðvestur af þeim. Örnefni sem hafa orðhlutann stöðul vísa til þess að þar hafi sauðfé og/eða kýr verið mjólkaðar, stundum í kvíum. Stöðultún og Stöðulklettar eru um 450m suðvestan við bæjarhól 001.

Við Stöðulkletta hefur mikið af trjám verið gróðursett en Stöðultúnið hefur verið sléttað. Ekkert sér til minja eftir kvíarnar og óvíst er að þar afi verið eiginlegt mannvirki sem mjólkað var í.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Langholtshverfið; Örnefnauppdráttur Ásatún Hrunamannahreppur 2005

ÁR-331:016 garðlag óþekkt

A: 431747 N: 399878

Garðlag liggur frá tóft 056 til norðurs meðfram sléttuðu túni í Vatnsdal sem hefur verið breytt í golfbraut. Það er 145m vestan við hesthústóft 054 og 1,8km suðvestan við bæ 001. Garðlagið liggur milli sléttuðs túns og móa.



Garðlag 016, horft til norðausturs

Garðlagið er um 60 m langt og liggur frá suðri til norðurs. Það er 1m á breidd og 50-70 cm á hæð. Hugsanlega hefur það verið hlaðið sem vörslugarður í tengslum við fjárhús 056.

Hættumat: hætta, vegna rasks

ÁR-331:017 tóft beitarhús


A: 433672 N: 402054



Beitarhús 017, horft til suðurs

Tóft er rúmum 1 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 450 metrum suðaustan við gerði 030. Hún er undir lágum klettum sem liggja meðfram mýri á svæðinu. Beitarhús 035 er 15 metrum norðaustan við tóftina. Þar sem tóftin er í úthaga, nokkuð langt frá bæ má ætla að um sé að ræða beitarhús, líkt og 035, en þó mun eldra þar sem leifar eru óljósari og fornlegri. Tóftin er í smáþýfðu mó- og graslendi og lágt klettabelti til norðvesturs. Þýfð mýri er til suðausturs.

Tóftin er 14 x 7 metrar að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Hún er tvískipt og dyraop til norðausturs, inn í hólfi II. Hólf I sem er í suðvesturenda er 8 x 4 metrar að innanmáli og snýr eins og tóftin. Hólf II er norðaustan við hólfi I og er það 3 x 2 metrar að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustur veggurinn er mjög óljós. Í veggjum sést glitta í grjóti og er tóftin bæði grjót- og torfhlaðin. Lítil þúst er í suðvesturenda hennar sem gæri verið einhverskonar hrun en þar sést í nokkuð magn af grjóti. Veggir eru um 0.3 - 0.5 metrar á hæð en hæstir eru þeir þar



Teikning af beitahúsi 017

sem þústin er og þar er hún um 1 metri. Þetta er töluvert eldri og óljósari minjar heldur en tóft 035 sem er rétt norðaustan við það.

Hættumat: engin hætta

ÁR-331:018 *Sauðhúsaklettur* tóft fjárhús
A: 433468 N: 401995

Í örnefnaskrá Efra Langholts kemur fram að örnefnið Sauðhúsaklettur sé í úthaga austurbæjarins. Sveinn Flosi Jóhannsson kannaðist ekki við örnefnið en hann vissi af tóftarleifum sem áttu að hafa verið gömul sauðahús. Má leiða líkur af því að þetta séu sauðhúsin sem Sauðhúsaklettur dregur nafn sitt af. Tóftin er upp við klettabelti um 890 m norðaustur af bæ 001. Tóftin er undir um 3-4 m háum klettum ofarlega í grasi- og mosagróinni brekku. Klettabeltið liggur norðaustur-suðvestur. Neðan (suðaustan) brekkunnar er mói og framræst mýri þegar honum sleppir. Birki og grenitrjám hefur verið plantað í brekkuna.

Tóftin er milli klettabeltis og staks klettur ofarlega í brekkunni. Hún er einföld, um 6 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti. Suðvesturhlið tóftarinnar er grafin inn í brekku milli klettabeltis og staks klettur, og eru ytri mörk ekki greinileg. Norðausturveggur er um 2 m breiddur og liggur suðausturendi ofan á hálfgróinni klöpp. Klettabeltið gegnir hlutverki

norðvesturveggjar en op er á tóftinni til suðausturs. Hæð veggja að innan er um 0,6-0,7 m. Tóftin er grasi- og mosagróin en grjót sést að innan og hafa hleðslur hrunið inn í tóftina. Mjauðurt vex inni í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28

ÁR-331:019 *Stekkjarnef* örnefni stekkur A: 433296 N: 401701
Stekkjarnef er nefnt í örnefnaskrá Efra Langholts, í úthaga austurbæjar. Stekkjarnef er um 580 m norðaustur af bæ 001. Þar sjást engar minjar um stekk. Þar sem heitir Stekkjarnef er brott þýfð brekka, vaxin grasi, elftingu og mjauðurt ofan (norðvestan) við framræsta mýri. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði við Stekkjarnef en ekki er vitað af hverju minjarnar eru horfnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28

ÁR-331:020 garðlag túngarður A: 433110 N: 401493



Túngarður 020, horft til norðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var túngarður í kringum tún býlisins Lindarhamra 010. Um 330 m austur af bæ 001 sjást leifar af túngarðinum ofan við framræsta mýri. Garðlagið liggur niður grasivaxið holt með klettabeltum í hliðum. Holtið snýr suðvestur-norðaustur. Suðaustan við holtið er framræst mýri, vaxið grasi, mjauðurt og víði.

Garðlagið liggur frá klettum niður grasi vaxna brekku til suðausturs en hverfur eftir um 20 m þegar komið er niður á jafnsléttu. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti og er að mestu gróið yfir hleðslur nema næst klettum við norðvesturenda garðlagsins. Garðlagið er um 1,5 m á breidd og 0,15-0,3 m á hæð. Líklega hefur túngarðurinn afmarkað tún sem hefur verið í kringum býlið Lindarhamra og fjárhúsin sem byggð voru þar seinna.

Heimildir: Túnakort 921

ÁR-331:021 *Stekkhólar* örnefni stekkur

A: 432378 N: 400756



Stekkhólar 021, horft til norðvesturs

Í örnefnaskrá Efra Langholts er getið um örnefnið Stekkhóla, Stekkjarás, Stekkjarskarð og Stekkjarflöt en afstaða þeirra eða staðsetning kemur hvergi fram. Örnefnið Stekkjarflöt, Stekkjarholt og Stekkjarskarð eru aftur á móti öll sýnd á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar og ennfremur á Örnefnaupprætti Ásatúns. Upplýsingar um staðsetningu Stekkhóla er því eina örnefnið sem vantar á bæði örnefnakortin. Í örnefnaskránni eru Stekkhólar taldir upp á milli Brennholts og Brennimýri og samkvæmt örnefnakortunum eru stekkar-örnefnið sem þau sýna einnig nálægt Brennimýri og Brenniholti. Af þessu má draga þá ályktun að öll þessi stekkar-örnefni dragi nafn sitt af sama

stekknunum. Þrátt fyrir leit á umræddu svæði fannst engin tóft sem gæti verið stekkur. Við norðurenda Stekkjaráss er útihús, bárujárnsklætt og undir þaki. Það verður að teljast líklegt að útihúsið standi á stekkarstæðinu en það er algengt að menn endurnýti þau svæði þar sem önnur mannvirki standa eða hafa staðið. Útihúsin standa undir grónum klettahól. Ekkert sér til minja.

Hættumat: hættu, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Langholtshverfið; Örnefnaupprætti Ásatún Hrunamannahreppur 2005

ÁR-331:022 *Gráklettur* bæjarstæði býli

Í örnefnaskrá Efra Langholts kemur fram að örnefnið Gráklettur sé í úthaga austurbæjarins og sé eyðibýli. Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið og vissi ekki hvar í úthaganum það var staðsett. Þar af leiðandi þarf frekari heimildir til þess að hægt sé að staðsetja eyðibýlið með innan við 50 metra skekkju.

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28

ÁR-331:023 *Markagarður* örnefni

Í örnefnaskrá Efra Langholts kemur fram að örnefnið Markagarður sé í úthaga austurbæjarins. Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið og vissi ekki hvar í úthaganum það væri staðsett. Líklegt þykir að um landamerkjagarð sé að ræða sem hafi verið við landamörk Efra Langholts og Hrafnkelsstaða ÁR-334 eða Götu ÁR-319. Vegur efur verið byggður við mörk Efra Langholts og Hrafnkelsstaða en skurðir hafa verið grafnir við mörk Efra Langholts og Götu. Því má ætla að markagarðurinn sé horfinn vegna vegaframkvæmda eða jarðræktar. Frekari heimilda er þörf ef á staðsetja Markagarðinn með innan við 50 metra skekkju..

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28

ÁR-331:024 *Völkvarða* örnefni óþekkt

A: 432133 N: 400783

Í örnefnaskrá Efra Langholts er getið um örnefnið Völkuvörðu en engin lýsing á staðsetningu þess. Á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar er örnefnið Varðan sýnd sunnan Háamóadals og Sunnan Ásatúns. Varðan er einnig sýnd á örnefnaupprætti Ásatúns. Það er líklegt að um sömu vörðu sé að ræða og að örnefnið hafi verið stytta í daglegu máli úr Völkuvörðu í Vörðuna. Varðan er rúma 900m suðvestan við bæjarstæði 001, 230m vestan Akurtúns 049 og tæpa 900m norð-norðaustan við tóft 055. Varðan er stór, náttúruleg, aflöng og ávöl hæð með smá klettum efst. Þrátt fyrir leit fannst engin varða eða önnur mannaverk á hæðinni.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Unnarholtsholshverfið

ÁR-331:025 *Markagarðurinn* garðlag landamerki A: 431594 N: 399436

Í Landamerkjabréfi segir „[...] í markhelluna austur á Langholtsfjalli, frá hellunni ræður Markagarðurinn að Birtungahálsi [...]“. Markagarðurinn er við landamerki Snússu ÁR-333 og Syðra- Langholts ÁR-327 og liggur frá Langholtsós upp í Langholtsfjallið. Búið er að setja reisa girðingu ofan á Markagarðinum og á henni er hlið þar sem hlið hefur verið Á í garðinum.

Markagarðurinn liggur annarsvegar um grasi vaxið fjallendi og hins vegar um stórþýfða og blautu mýri.

Garðlagið er 107 metrar á lengd og liggur norðvestur - suðaustur. Það 1,5 metrar á breidd og 0,3 - 0,4 metrar á hæð. Efri hluti garðlagsins er grjóthlaðinn og þar sést 1 umfar af stórum steinum sem er frekar gróið. Neðri hlutinn er bæði torf- og grjóthlaðinn en grjótið er mun grónara þar sem garðurinn liggur um mýrina. Búið er að girða ofan í neðri huta garðlagsins. Hlið er á garðlaginu og þar er í dag stórt járnhlið. Leið 681:035 liggur í gegnum hliðið, frá Syðra-Langholti að Snússu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabréf no 57

ÁR-331:026 *Vatnagarður* garðlag varnargarður A: 430971 N: 402907

Í örnefnaskrá Efra-Langholtshverfis er getið um örnefnið Vatnagarð en engar lýsingar á staðsetningu þess. Á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar kemur fyrir örnefnið Votigarður og verður það að teljast líklegt að um sama mannvirki sé að ræða. Votigarður er 2,4 km norðvestan við bæ, 560m norðaustan við áveitu 052 og 60m norðvestan við heystæði 050. Líklegt hefur hlutverk þess verið að takmarka flóð úr Litlu-Laxá yfir landið. Það liggur samsíða ánni og því ekki líklegt til að vera áveitugarður

Garðlagið liggur um flatlendi við bakka Litlu-Laxár. Það er um 150m langt, 30-60cm á hæð og 70-80cm á breidd. Það er örlítið uppmjótt og liggur alveg frá árbakkanum og fyrir lítið ávalt nes sem gengur út í Litlu-Laxá. Engar grjóthleðslur sjást í því.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Langholtshverfið

ÁR-331:027 *Skúlagarður* garðlag varnargarður A: 431525 N: 403351

Í örnefnaskrá Efra-Langholtshverfis er getið um örnefnið Skúlagarð en engar lýsingar á staðsetningu þess. Staðsetning þess kemur aftur á móti fram á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar og þar er það sýnt fast sunnan Litlu-Laxár. Skúlagarður er 2,3 km norðvestan við bæjarstæði bæ 001, um 700m norðaustan við Vatnagarð 026 og 1,4km norðvestan við Jóhannsríma 046. Líklega hefur hlutverk þessa garðlags verið að takmarka flóð úr Litlu-Laxá yfir landið.



Skúlagarður 027, horft til suðvesturs

Það liggur samsíða ánni og því ekki líklegt til að vera áveitugarður.

Garðlagið liggur fremst á árbakka Litlu-Laxár. Garðlagið er mjög óljóst en það er tæplega 60m langt, 30cm á hæð og 50-60 cm á breidd.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Langholtshverfið

ÁR-331:028 *Simbagarður* garðlag varnargarður

A: 431450 N: 403296



Simbagarður 028, horft til suðvesturs

Það og samsíða því liggur bíslóði.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Langholtshverfið

ÁR-331:029 *Kvíaklettur* örnefni kvíar

Í örnefnaskrá Efra Langholts kemur fram að örnefnið Kvíaklettur sé í úthaga austurbæjarins. Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið og vissi ekki hvar í úthaganum það væri staðsett. Örnefnið bendir til þess að kvíar hafi verið nálægt kletti sem dregur nafn sitt af þeim en ekki reyndist unnt að staðsetja klettinn með innan við 50 metra skekkju út frá þeim heimildum sem fyrir lágu.

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28

ÁR-331:030 *Gerði* garðlag túngarður

A: 433269 N: 402277

Samkvæmt túnakorti frá 1921 er stakstætt tún með hlöðnum vallargörðum og útihúsi 007 norðaustan við bæ 001. Tvö hlið voru í suðausturhorni túnsins. Sveinn Flosi Jóhannsson heimildamaður sagði þetta vera túnið Gerði. Gerði er rúmum 950 metrum norðaustan við bæ 001 og tæpum 930 metrum suðaustan við fjárhúsin við Jóhannesarríma 046. Það er tæpum 80 metrum norðvestan við þjóðveginn. Svæðið sést vel á gamalli loftmynd frá 1950-1965 sem er í fórum Sveins Flosa. Þar sjást rústir fjárhús, hlaðnir veggir gerðis 030 og uppistandandi hesthús 044. Enn sjást leifar af þessum hlöðnu gördum sem hafa afmarkað túnið í kringum fjárhúsin sem þarna stóðu.

Á svæðinu er nú ræktað tún og hefur hluti Gerðsins verið sléttað niður í túnið. Hluti garðanna VEGGJA ÞESS standa þó enn. Túnið hallar mikið til norðvesturs og garðhleðslurnar liggja í halla upp í brekkuna. Neðan við túnið er þýfð og framræst mýri. Svæðið neðan túns er notað sem beitahólf fyrir hesta.



Gerði 030, horft til norðurs

Hluti túngarðanna hafa nú verið sléttaður í túnið en samkvæmt túnakorti var Gerði 148 x 95 metrar að stærð og snéri norðaustur - suðvestur. Það var tvískipt og voru hlið á hólfunum, í suðausturenda stærra hólfins og norðausturenda þess minna. Minna hólfíð, var staðsett suðvestan við það stærra og var 60 x 34 að stærð. Stærra hólfíð var norðaustan við það minna og var 87 x 94. Nú er lítið eftir af túngörðum Gerðis og sjást þeir aðeins í vesturenda þess. Þeir mynd L og afmarka svæði serm er 57 x 41 metri á stærð. Veggurinn sem liggur suðvestan til, upp brekkuna, er betur varðveittur en það sem liggur í mýrinni, neðar í brekkunni. Hann er 1,2 metrar á breidd og 1 metri á hæð en veggurinn sem liggur í mýrinni er 0.5 - 0.7 metrar á hæð og mjög þýfður. Rof eru kominn í vegginn á nokkrum stöðum í brekkunni og í mýrinni sést einnig rof á milli þúfna.

Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-331:031 *Stöðull* örnefni kvíar

Í örnefnaskrá Efra Langholts kemur fram að örnefnið Stöðull sé í úthaga austurbæjarins. Sveinn Flosi Jóhannsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið og vissi ekki hvar í úthaganum það væri staðsett. Örnefnið bendir til þess að þar hafi sauðfé eða kýr verið mjólkaðar. Ekki reyndist unnt að staðsetja Stöðul með innan við 50 metra skekkju út frá fyrirbyggjandi heimildum.

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28

ÁR-331:032 *Hamarinn* huldufólksbústaður huldufólksbústaður A: 432619 N: 401376

Í ritinu Árnésingar I segir: "Í túninu nálægt bænum er þó hæð með klettborgum sem heitir Hamarinn. Þegar Sveinn [Arnoddsson] afi var búinn að koma sér fyrir á nýja heimilinu leið ekki langur tími þar til huldukonan bláklædda vitjaði hans í draumi og sagði honum fagnandi að hún hefði flutt með honum, nú væru sín heimkynni í Hamrinum ." Hamarinn er hátt hamrabelti sem Sveinn Flosi Jóhannsson kallar Lindarhamar, um 150 metrum sunnan við bæ. Hamarinn er í suðvesturenda stórs holts sem liggur suðvestur-norðaustur, neðan við bæinn. Býlið Lindarhamar 010 var í norðausturenda holtisins. Holtið er grasivaxið og tún og framræstar mýrar eru sunnan vestan, sunnan og austan við það.

Hamarinn sést vel í landslaginu og blasir við frá gamla bæjarstæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árnesingar I, 485

ÁR-331:033 *Varða* heimild um landamerki

Í landamerkjabréfi um landamerki Efra Langholts segir: „Sýnhendingu frá Geldingaholtsós, þar sem hann fellur í Litlu-Laxá um Vörðu austur á heiðinni og í Markhelluna austur á Langholtsfjalli.“ Varðan sem talað er um ætti líklega að vera einhverstaðar á heiðinni, þar sem nú er sumarbústaðabyggð um 1-2 km frá bæ 001. Stór hluti heiðarinnar var genginn en ekki sáust nein ummerki um landamerkjavörðuna. Svæðið hefur breyst mikið og hefur verið plantað trjám í kringum sumarbústaðina. Ekki var unnt að staðsetja vörðuna með innan við 50 metra skekkju út frá fyrirleggjandi heimildum.

Heimildir: Landamerkjabréf no 57

ÁR-331:034 heimild um beitarhús

A: 433184 N: 401559

Beitarhús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 um 430 m ANA af bæ 001. Þar sjást engar fornleifar. Á Atlaskorti Landmælinga Íslands er þessi staður merktur sem býlið Lindarhamar 010 en samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildarmanni, bæjarstæði Lindarhamar mun nær bæ 001 og munar um 150 metrum á staðsetningu þess og beitarhússins sem merkt er inn á herforingjaráðskortið. Um 150 m eru á milli minja 010 og 034. Í þeim tilvikum þar sem tóft stendur enn eftir útihús merkt á herforingjaráðskort hefur skekkjan sjaldnast verið mikið meiri en 50-70 m og er því líklega ekki um sama stað að ræða.

Þar sem húsið er merkt á Herforingjaráðskort er aflangt holt í stefnu suðvestur-norðaustur. Grasi gróið er niður af holtinu til suðausturs og framræst mýri þar neðan við. Mólent er efst á holtinu.

Ekki sjást merki um fornminjar á yfirborði og hefur beiarhúsinu líklega verið rutt út.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NA,1910, Atlaskort Landmælinga Íslands, 2002


ÁR-331:035 *Austurbús* tóft beitarhús

A: 433689 N: 402067



Austurbús 035, horft til austurs

Beitarhús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 um 1,1 km norðaustan við bæ 001. Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni hétu húsin Austurbús og voru beitarhús sem voru í notkun frá um 1890. Beitarhúsin eru undir lágu klettabelti, ásamt útihúsi 017 á móts við Geldingartanga. Á milli útihúss 017 og beitarhúsa 035 eru um 15 metrar.



Teikning af beitarhúsi 035

Beitarhúsin eru í smáþýfðu mó- og graslendi upp við kletta og hafa skjól af þeim. Þýfð mýri er til suðausturs en holt, hólar og lágir klettur til norðvesturs. Tóft beitarhússins er 16 x 9 metrar að utanmáli og snýr suðaustur - norðvestur. Tóftin er einföld og op er inn í hana tá suðausturvegg, niður að mýrinni. Innanmál toftarinnar er 15 x 3,5 metrar og veggjahæð er á flestum stöðum 1 - 1,5 metrar nema suðaustur vegg hennar þar sem þeir eru aðeins 0.4 metrar á hæð og í norðvestur endanum þar sem veggir ná hæst í tvo metra. Norðvesturveggur beitarhúsið hefur verið grafið inn í hólinn. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og í veggjum hennar sjást grjóthleðslur á þremur stöðum. Á innanverðri suðvesturhlið sjást 2 umför af grjóti. Í norðvesturenda sjást 4-5 umför og á þeirri hlið er inngangurinn er sjást 1-2 umför af grjóti. Þakplötur, timbur úr þaki og/eða grind og grjóthrun eru í norðvesturhluta toftarinnar. Rof er í báðum langveggjum sem gætu verið eftir kindagötu. Timburleifar eru einnig fyrir utan tóftina, við suðausturvegginn.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NA, 1910

ÁR-331:036 heimild um fjárhús

A: 432486 N: 402627

Á örnefnakorti Langholtshverfisins er merkt ærhús (fjárhús) í Langholtsmýri, 1,25 km NNV við bæ, tæpum 160 metrum sunnan við fjárhúsið á Jóhannesarrima 046. Leitað var að fjárhúsinu í mýrinni en þar sem staðsetning á örnefnakortinu var frekar óljós, fundust engar leifar af því. Eftir að vettvangsferð var lokið, sást móta fyrir tóft á grænum bletti í mýrinni á gervihnattamynd frá árinu 2012. Þetta var á svipuðum stað og ærhúsið var merkt inn á örnefnakortið og má leiða líkum að því að um sé að ræða sama stað. En vegna þess að tóftin sást aðeins eftir að vettvangsferð var lokið, var staðurinn ekki heimsóttur á vettvangi.

Þýfð og hálfblaut mýri er í kringum fjárhúsin en þau virðast vera byggð á þurrara og grænna svæði.

Tóftin er greinileg á gervihnattamynd frá árinu 2012 og einnig sést móta fyrir henni á nýlegri loftmynd. Það má því leiða líkum að því tóftin sé enn sýnileg í mýrinni. Á gervihnattamynd sést að tóftin er 17 x 10 metrar að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Til þess að lýsa tóftinni nákvæmlega þyrfti að fara aftur á vettvang.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Langholtshverfið

ÁR-331:037 heimild um traðir

A: 432799 N: 401330

Samkvæmt túnakorti frá 1921 lágu traðir til SSA frá bæ 001 meðfram kletti sem kallast Lindarhamar. Fast neðan (sunnan) við bæ 001 er grasi vaxin aflíðandi brekka. Klettaholt er um 90 m suðaustur af bæ 001 en tún til vesturs.

Um það bil þar sem jaðar túns er sýndur á túnakorti er hálfgróinn vegarslóði í sömu stefnu og traðirnar lágu. Slóðinn er myndast af 4-5 götum og liggur hann meðfram klettum við austurjaðar túns. Ekki sjást merki um traðir.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-331:038 heimild um traðir

A: 432696 N: 401464

Samkvæmt túnakorti frá 1921 lágu traðir norðvestur frá bæ 001 og upp á vagnveg 681:027. Traðirnar lágu upp þar sem skipting er á tünnum vestur- og austurbæjar, rétt vestan við vélageymslu. Þær hafa haldið áfram upp brekkuna meðfram litlu lækjargili og klettum þar sem þær hafa sameinast vagnveginum, tæpum 70 metrum suðaustan við Langholtsveginn (341).

Þar sem traðirnar lágu er gamalt heimatún sem komið er í órækt en ræktuð tún til suðvesturs. Girðing aðskilur nú tún austurbæjar og vesturbæjar.

Ekki sjást nein ummerki um traðirnar á yfirborði en auðvelt er að sjá hvernig þær hafa legið á milli klattanna og gilsins. Á svipuðum slóðum og traðirnar lágu, liggur nú (2017) mjó kindagata meðfram girðingunni sem skiptir upp tünunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**ÁR-331:039** gata leið

A: 432914 N: 401488

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lá leið frá bæ 001 til austurs um 90 m og beygði þá til NNA og hélt þar áfram út heimatúnið. Norðaustan við útihús Efra-Langholts er beitarhólf og holt þar suðvestur af. Beitarhólfíð er að mestu slétt en smáþýft á köflum. Leiðin lá 30 metrum norðvestan við holtið.

Þar sem leiðin lá NNA-SSV efir að hún beygði, sést móta fyrir 2-5 götum í beitarhólfinu. Göturnar virðast að mestu traktorsslóðar en ekki er ólíklegt að þeir fylgi eldri leið, þó svo að gamla leiðin sé horfin vegna sléttunar

Hættumat: engin hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920

Leið 039, horft til NNA

ÁR-331:040 Heybandsgata frásögn leið

A: 432382 N: 402066

Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildarmanni, lá Heybandsgata norðan við Langholtskot [ÁR-332], þar sem nú er þýft og framræst mýri. Hún lá frá grasbala norðan við Langholtskot sem kallaður var Heydalur og það þar vestur eftir meðfram girðingu sem skilur að tún og þýft mýrarsvæði.

Svæðið sem leiðin lá um er notað sem beitarhólf fyrir hesta og er nokkuð rofið og traðkað á köflum. Þar sem leiðin hefur legið til vesturs er þýft mýri en undir Heydalnum. Er meira graslendi og mólendi. Ekki sjást nein ummerki um Heybandsgötu á yfirborði.

Hættumat: engin hætta**ÁR-331:041** Veita örnefni áveita

A: 432559 N: 401058

Örnefnið Veita er sýnt á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar og einnig á Örnefnauppdrætti Ásatúns. Veita er um 420m suðvestan við bæ 001 og um 100 m austan við bæjarhól Snússu ÁR-333:001. Örnefnið gefur tilkynna að áveita hafi verið á svæðinu. Minjastaðurinn er í sléttuðu túni. Ekkert sér til minja á svæðinu vegna séttunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar**Heimildir:** Örnefnauppdráttur - Ásatún - Hrunamannahreppur 2005; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Langholtshverfið**ÁR-331:042** frásögn brú

A: 434106 N: 402391

Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildarmanni, var upphlaðin brú yfir keldu á leið ÁR-681:013, um 1,6 km norðaustur af bæ. Ekki sést til brúarinnar.

Upphlaðinn malarvegur liggur VSV-ANA yfir mýri og móa á sömu slóðum og leið ÁR-681:013 lá áður. Ekki

sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur brúin farið undir yngri veg.

Hættumat: engin hættu

ÁR-331:043 *Lindarhamrar* frásögn vatnsból

A: 432824 N: 401283

Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildamanni, var lind undir Lindarhömrum sem aldrei þraut. Lindin var um 130 m suður af bæ 001 en fannst ekki á vettvangi 2017. Lindarhamrar eru þverhniptir háir klettur við suðvesturenda hólts sem liggur norðaustur-suðvestur. Grasi gróin brött brekka er niður af klettunum. Beitarhólf og tún eru vestur af klettunum. Gengið var undir Lindarhömrum en engin merki um lind fundust.

Hættumat: engin hættu

ÁR-331:044 heimild um hesthús

A: 433468 N:401995



Samkvæmt túnakorti efra Langholts frá 1921 var stakstætt tún, með hlöðnu gerði 030 í kring og einu húsi 007. Á loftmynd í eigu heimildamanns, Sveins Flosa Jóhannssonar, sem líklega er frá 1950-1965, sést einnig uppistandandi hús við gerðið. Sagði Sveinn að húsið hefði verið notað sem hesthús en jafnframt til þess að rýja fé.

Hluti svæðisins hefur nú verið ræktað undir tún og hallar túnið hallar niður til norðvesturs. Neðan við túnið er þýfð og framræst mýri. Svæðið neðan túns er notað sem beitarhólf fyrir hesta. Ekki sjást nein ummerki um hesthúsið á yfirborði vegna túnsléttunar.

Hesthús 044, horft til norðausturs

ÁR-331:045 frásögn mógrafir

A: 433404 N: 401313

Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildarmanni, voru mógrafir við Götukeldu um 620 m austur af bæ 001. Götukelda hlykkjast norðaustur-suðvestur á merkjum milli Efra-Langholts og Götu (ÁR-319). Framræst mýri/beitarhólf eru sitt hvoru megin keldunnar. Hólfid Efra-Langholtsmegin er beitt en girðing er meðfram keldunni og mjög vel gróið við bakka hennar. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur líklega verið fyllt upp í grafirnar.

Hættumat: engin hættu



Jóhannsrimi 046, horft til suðvesturs

Samkvæmt Sveini Flosa Jóhannssyni, heimildamanni, voru fjárhús í Langholtsmýri við Jóhannsrima, sem kennd voru við flækning nokkurn sem oft var kallaður Jóhannes beri en hann átti það til að rífa sig úr fótunum. Samkvæmt örnefnaskrá Langholtshverfis og Herforingjaráðskorti frá 1938 gekk svæðið undir heitinu Yrpurimi eða Irpurimi og á Herforingjaráðskorti er merkt inn hús á rímanum. Bæði Jóhannsrimi og Irpurimi eru skráðir inn á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Rimarnir eru merktir í mýrinni með nokkurra hundruða metra millibili og er Jóhannsrimi merktur vestar. Örnefnið Stekkjartún er einnig merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar, rétt hjá Yrpurima og er það sýnt með ferhyrningslaga gerði í kring. Þetta er mjög líklega sömu minjar og Sveinn Flosi benti á og sagðist heita Jóhannsrima, þar sem engar aðrar minjar fundustu á svæðinu lítill ærhús 036, en þau eru merkt inn á örnefnakort Ingimundar rétt hjá Jóhannsrima. Líklega hafa örnefnin eitthvað skolast til og nafnið Jóhannsrimi festis á allt svæðið á seinni tímum. Fjárhústóft 046 er 1,4 km NNV við bæ 001 og er á lágum þurrum þúfnahól nokkuð hærra í landslaginu en mýrin í kring. Í kringum tóftina sjást leifar af ferhyrningslaga gerðis 048 og leifar af brunni 047 utan við það.

Svæðið er vaxið mýrargróðri og grasi en einnig er þar nokkuð af kjarri. Þar er þýfð mýri sem er blaut á köflum. Tóftin er fremur illa farin og er mikið um rof í henni. Hún er 30 x 19 metrar að stærð og snýr norðaustur - suðvestur. Hún er tvískipt og er dyraop á henni í vesturhorni. Hólf I, fjárhúsin, eru í suðvestanverðri tóftinni og hólf II, hlaðan, eru í henni norðaustanverðri. Hólf I er 15 x 3,5 metrar að innanmáli og veggir eru 0.3 - 0.5 metrar á hæð. Hólf II er 6 x 5 metrar að innanmáli og veggir þess að innan ívið hærri en í hólfi I eða 0.8 - 1 metri á hæð enda hólfíð niðurgrafið að hluta en mikið rof er í veggjum og því erfitt að gera sér grein fyrir hólfinu í heild sinni. Veggir eru einnig óvenju breiðir en það gæti verið vegna þess að tóftin hefur aflagast vegna þess mikla rofs sem er á svæðinu. Tóftin hefur að öllum líkindum verið fjárhús með áfastri og niðurgrafinni hlöðu.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Efra-Langholtshverfi, 28; Herforingjaráðskort 47, 1938; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Langholtshverfið



Brunnur 047, horft til norðausturs

Brunnur er í Langholtsmýrinni, um 1.4 km NNV við bæ 001. Hann er upp við og utan við gerði 048 tæpum 60 metrum suðvestan við fjárhús 046. Þar sem brunnurinn er hefur hlið á garðlaginu. Brunnurinn, fjárhús 046 og gerði 048 eru öll á sama svæði. Á svæðinu þar sem brunnurinn er þýfð mýri sem er blaut á köflum. Í henni er mýrargróður og gras en einnig nokkuð af kjarri.

Brunnurinn sést sem greinilegur niðurgröftur rétt utan við gerði 048. Hann er um 0,8 m í þvermál og 0.5 metrar á dýpt. Í honum er mýrarbleyta. Ekki er að sjá að hann hafi verið hlaðinn upp að innan með grjóti.

Hættumat: hætta, vegna rasks

ÁR-331:048 gerði vörslugarður

A: 432477 N: 402732

Gerði er í Langholtsmýrinni 1.4 km NNV við bæ 001. Það er tæpum 60 metrum suðvestan við fjárhús 046 og upp við það er brunnur [047]. Ekki sást önnur garðlög á vettvangi en á gervihnattarmynd frá árinu 2012 má sjá greinilega sjá gerði í kringum fjárhústóftina þó svo að norðvesturhlið þess sé óljósari en hinar. Svæðið innan gerðisins er svipað og utan þess nema rétt í kringum tóftina sjálfa en þar er þurrara og grænna.

Á svæðinu þar sem brunnurinn er er þýfð mýri sem er blaut á köflum. Í henni er mýrargróður og gras en einnig nokkuð af kjarri.

Gerðið eins og það sést á gervihnattamynd, var 105 x 86 metrar að stærð og snéri norðaustur - suðvestur. Hlið var á því til suðvesturs, þar sem brunnur 047 er. Gerðið er nánast allt horfið í þýfið og því orðið ógreinilegt á vettvangið fyrir utan suðvestur hluta þess. Garðlagið sem sést á vettvangi er torfhlaðið og nánast alveg hlaupið í þúfur. Það er 72 metrar á lengd, 1 metri á breidd og 0.4 metrar á hæð. Á köflum má sjá rof á milli þúfnanna í garðlaginu. Norðausturhluti garðlagsins er þó sérstaklega illa farinn, vegna álags hrossa sem eru á beit í mýrinni og bleytnnar í mýrinni, sem gerir það auðvelt að traðka það niður.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

ÁR-331:049 Akurtún örnefni akur

A: 432443 N: 400789

Örnefnið Akurtún er sýnt á örnefnkortu Ingimundar Einarssonar og Örnefnuppdrætti Ásatúns frá 2005. Örnefnið vísar til þess að þar hafi mögulega í fyrndinni verið akur. Akurtún er um 700m suðvestan við bæ 001 og um 70m norðan við Stekkjarholt 021. Akurtún er sléttað og grösugt tún.

Um túnið þvert liggur rani með brattar hlíðar og hefur hann stefnuna norður-suður. Hafi akur verið á þessum slóðum er líklegt að hann hafi verið í hlíðum þessa rana en ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Langholtshverfið; Örnefnauppdráttur - Ásatún - Hrunamannahreppur 2005.


ÁR-331:050 tóft heystæði

A: 430958 N: 402866



Tóft 050, horft til suðausturs

Tóft er 2,3 km norðvestan við bæ 001 og 45m suðvestan við Vatnagarð 026. Tóftin í heild er nokkuð stór en útlit hennar og staðsetning benda til þess að um heystæði sé að ræða. Tóftin er í grösugu, þýfðu flatlendi 70m sunnan Litlu-Laxár.




Teikning af tóft 050

Tóftin er stór þýfður pallur sem er um 18m í þvermál og er upphleðsla hans 50-70cm. Ofan á pallinum er tóft, að öllum líkindum heystæði sem er einföld, 6x6m að stærð. Hún er öll hlaupin í þúfur og er vesturhlíðin einna verst farin. Þar virðast vera tvö op eða rof. Veggir tóftarinnar eru 30-50cm á hæð og um 1m á breidd. Hleðsluhæð hvoru tveggja er þó ekki meiri en 1-1,2 m. Engar grjóthleðslur eru sýnilegar en umhverfis pallinn vottar fyrir þælu.

Hættumat: engin hætta

ÁR-331:051 tóft heystæði

A: 431244 N: 403173



Lítill tóft sem út frá stærð, lögun og staðsetningu hefur að öllum líkindum þjónað sem heystæði er framarlega við bakka Litlu-Laxár, 410-420m norðaustan við heystæði 051 og um 2,3km norðvestan við bæ 001. Tóftin er í grösugu, þýfðu flatlendi fremst á bakka Litu-Laxár.

Tóftin er upphlaðinn ferhyrndur pallur sem er 4x3m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hleðsluhæð hans er um 50cm og vottar fyrir þælu sunnan og austan við hann. Í vesturhorni hans er inngróin gaddavísrúlla.

Hættumat: engin hætta

Teikning af tóft 051

ÁR-331:052 garðlag áveita

A: 430643 N: 402449

Garðlög, sem ætla má að hafi þjónað sem áveita út frá gerð og staðsetningu, er 500-520m suðvestan við heystæði 050, um 40m suðaustan við bakka Litlu-Laxár og tæpa 2,4km norðvestan við bæ 001.



Áveita 052, horft til suðausturs

Garðlögin eru í flötu grösugu mýrlendi sem hefur verið framræst. Garðlögin liggja samsíða og er um það bil 40cm rás á milli þeirra. Þau eru rúmlega 25m á lengd, 30cm á hæð og 50cm á breidd. Samtals er breiddin því um 140-150cm. Engar grjóthleðslur sjást í þeim. Gera má ráð fyrir því að vatni úr Litlu-Laxá hafi verið veitt um rásina inná landið sunnan við hana.

Hættumat: engin hætta

ÁR-331:053 náma mógrafir

A: 431739 N: 399417

Undir brekkurótum Langholtsfjalls og norðan við Götukeldu eru mógrafir. Þær eru tæpum 2,3 km suð-suðvestan við bæ 001 og rúmum 280m suðvestan við áveitu 057.


Mógrafirnar eru í grösugu deiglendi niður undan Kerlingarflötum. Mógrafarsvæðið er 300x60m að stærð, snýr suðvestur og norðaustur og liggur meðfram bakka Götukeldu. Mógrafirnar eru mjög misdjúpar. Þær sem voru skoðaðar voru frá 50-80 cm djúpar. Allar eða flestar eru þær grónar í botninn og stendur ekki vatn í þeim.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnauppráttur - Ásatún - Hrunamannahreppur 2005;



Hesthús 054, horft til suðausturs



Teikning 045

Tóft er vestan Kerlingaása og sunnan Vatnsdalsvatns, um 1,7 km suðvestan við bæ 001, 15m sunnan við tóft 055 og rúma 100m aust-norðaustan við tóft 056. Samkvæmt Örnefnauppdrætti Ásatúns var hún nýtt sem hesthús. Minjastaðurinn er innan svæðis sem hefur verið breytt í golfvöll. Tóftin er innarlega á bakka sem liggur að S-laga kletti sem er norðvestan megin við tóftina. Milli kletts og tóftar er göngustígur.

Tóftin er tvískipt, 16 x 7 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Tóftin er nokkuð fornleg að sjá og er hún hlaðin úr torfi og grjóti. Vegghleðslur eru 30-60cm á hæð og 1-2m á þykkt. Innrabyrði er sumstaðar nokkuð skarpt en annars er tóftin orðin mjög sigin og á kafi í grasi. Sýnilegar grjóthleðslur eru í norðausturhólfinu og má þar telja um 2 umför en engar grjóthleðslur eru sýnilegar í suðvesturhólfinu. Op er á báðum hólfum. Á norðausturhólfinu er það á suðausturhlð en á suðvesturhólfinu er opið á norðvesturhlð.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Örnefnauppdráttur - Ásatún - Hrunamannahreppur 2005;



Fjánhús 055, horft til norðvesturs

ÁR-331:055 tóft fjánhús

A: 431906 N: 399914

Tóft er vestan Kerlingaáa og sunnan Vatnsdalsvatns, um 1,7 km suðvestan við bæ 001, 15m norðan við tóft 054 og rúma 130m aust-norðaustan við tóft 056. Samkvæmt Örnefnaupprætti Ásatúns var hún nýtt sem ærhús. Minjastaðurinn er innan svæðis sem hefur verið breytt í golfvöll.

Tóftin er framarlega á bakka undir lágum S-laga kletti sem er vestan megin við tóftina. Milli þessa kletts og tóftarinnar er göngustígur.

Tóftin er 15x7m að stærð, snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur og skiptist í fjánhús og hlöðu. Hlaðan er grafin inn í brekkuna að norðvestanverðu og því er mikill munur á innra og ytra byrði. Ytrabyrði er á bilinu 30-100cm en innra byrði fjárhúsa er um 1,5m en innrabyrði hlöðu um 2m. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er hægt að telja allt að 10 umför í hleðslum hlöðunnar. Tóftin er nokkuð stöndug og lítt sigin. Hvorki var hægt að sjá nein áberandi ummerki eftir garð né jötu. Djúp dokk, hugsanlega lítil brunnhola er suðvestan við fjárhúsið sem er um 2m á þvermál og 30-50cm djúp.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Örnefnauppráttur - Ásatún - Hrunamannahreppur 2005;

ÁR-331:056 tóft fjánhús


A: 431753 N: 399850



Fjánhús 056, horft til austurs

Innst í Vatnsdal og sunnan Vatnsdalsvatns er tóft og lítið gerði sambyggt henni. Hún er rúmlega 1,8 km suðvestan við bæ 001, tæplega 130m vest-suðvestan við tóft 054 og um 7m suðaustan við garðlag 059. Samkvæmt Örnefnaupprætti Ásatúns var hún nýtt sem ærhús. Minjastaðurinn er innan svæðis sem hefur verið breytt í golfvöll. Tóftin er fast norðan undir hamri og í jaðri túns sem er norðan við hana og hefur því verið breytt í golfbraut.

Minjarnar eru á svæði sem er 43x35m að stærð og snýr svo til austur-vestur. Minjasvæðið skiptist í tóft sem er tvískipt og gerði sem er sambyggt henni austan megin. Tóftin er 15x20m að stærð, tvískipt og snýr vestur-austur. Nyrðra hólfíð er 14x2m að innanmáli og er op á því austurs. Ytrabyrði er 80-



Teikning af tóft 056

100cm á hæð en innrabyrði er um 2m á hæð. Hleðslurnar eru á kafi í miklu og háu grasi og sést ekki í grjóthleðslur en það finnst fyrir þeim. Syðra hólfíð er 5x5m að innanmáli og eru tvö op á austurvegg við sitt hvorn enda hans. Það nyrðra er þó sennilega tilkomið vegna rofs. Hleðsluhæð ytrabyrðis á syðra hólfínu er 80-100 cm og innrabyrði er um 1m. Grjóthleðslur eru greinilegar og er hleðslugrjótið stórt og má telja fjögur umför í þeim. Austan við tóftina er ferhyrnt gerði sem er 18x18m að stærð og afmarkað af garðlagi sem er hlaðið út torfi og grjóti. Sunnan við tóftina er svo pallur sem er áberandi sléttur og er hann 13x8m að stærð og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Örnefnauppdráttur - Ásatún - Hrunamannahreppur 2005;

ÁR-331:057 garðlag áveita

A: 431966 N: 399586

Garðlög sem hafa að öllum líkindum hafa gegnt hlutverki áveitugarða eru í Dýjunum suðaustan undir Kerlingarflötum. Þau eru um 2km suðvestan við bæjarhól 001, um 180m vestan við mógrafir 058 og um 300m suður af hesthústóft 054.

Garðlögin liggja um blauta mýri og að bakka Götukeldu. Alls er minjasvæðið um 60x20m að stærð. Garðlögin liggja frá norðvestri til suðausturs eða frá Kerlingarflötum og að Götukeldu. Þau liggja þannig þvert á landið um mjög blauta mýri sem nefnist Dýin. Garðlögin liggja samsíða og eru um það bil 13-15m á milli þeirra. Þau eru um 1m á breidd og 30-40cm á hæð. Þau eru töluvert sigin og á kafi í grasi. Syðra garðlagið er 33m að lengd en nyrðra garðlagið er um 56m að lengd.

Hættumat: engin hætta

ÁR-331:058 náma mógrafir

A: 432197 N: 399654

Mógrafir eða hugsanlega torfvöllur er í Brennimýri, um 1,8km suð-suðvestan við bæ 001, 150-160m austan við áveitu 057 og um 350m suðaustan við hesthústóft 054. Mógrafirnar eru í deigu landi sem hefur verið framræst með mjög djúpum skurðum.

Mógrafasvæðið er 150x100m að stærð og snýr vest-suðvestur og aust-norðaustur. Mógrafirnar virðast flestar ekki mjög djúpar. Þær eru þó 50-70cm djúpt, mikið til grónar í botninn og stendur ekki vatn í þeim. Mógrafirnar eru merktar inná Örnefnauppdrátt Ásatúns.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnauppdráttur - Ásatún - Hrunamannahreppur 2005;

Við norðurenda Stekkjaráss er garðlag. Það er rúmum 25m suðaustan við bárujárnsklætt útihús (sjá 021), um 780m suðvestsan við bæjarstæði 001 og fast sunnan Akurtúns 049. Garðlagið liggur í grösugri brekku sem hallar til norðurs.

Garðlagið er um 35m langt, um 40cm á hæð og um 1m á breidd. Engar grjóthleðslur sjást í því en það er vaxið grasi og mosa. Það liggur frá suðvestri til norðausturs og hefur hugsanlega þjónað sem einhvers konar aðhald. Það gæti hugsanlega hafa tengst stekk 021 eða fjárhúsum sem hafa verið reist á stekkjastæðinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Teikning byggð á túnakorti Langholtskots frá árinu 1921

Sögulegar heimildir


1709: Jarðardýrleiki óviss, hjáleiga Langholts efra (ÁR-331) og „eldri en í manna minni,“ samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 242–243.

1847: 8 hdr., hjáleiga Langholts efra (ÁR-331), samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

Landkostir

1921: Tún 2,6 ha, 3/4 slétt, garðar 11,2 ha.

„Landlítill jörð, en landið grösugt. Blaut mýri að mestu, en þurrir móar og vallendi að litlum hluta. Sumarhagar lélegir, einkum fyrir málnytupening, og vetrarþeir mjög lítill.“ SB I, 291



Vatnslitamynd eftir Ingimund Einarsson af Langholtskoti um 1940 (*Árnesingar I*, bls. 481)

Langholtskot er við norðurenda Langholtsfjalls. „Ég [Gestur Oddleifsson] heyrði fólk tala um hvað væri gott loft í bænum okkar og þakkaði það því hvað hann stæði hátt. Hann stóð á hól, Bæjarhólnum [...],“ segir í *Árnesingar I*. Í sama ritil er einnig góð lýsing á húsakynnum á bæjarhólnum en þar segir: „Þar [á Langholtskoti] var að sjálfsgöðu torfbær sem víðast þá, hann snéri í suður. Vestast var skemma, svo baðstofa, þá bæjardyr, inn af þeim eldhús, svo búr. Austast var svo smíðja, oft notuð sem hesthús, og þá þurrkhjallur. Bak við þessa kofa var svo heygardurinn. Bak við eldhúsið var svo fjósið og gangur þar á milli.“ Gamli bærinn var þar sem nú (2017) er fjós um 45 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi í Langholtskoti. Samkvæmt Unnsteini Hermannssyni, heimildarmanni, var um 1 m sund milli bæjar og elsta (nyrsta) hluta fjóss.

Austan við fjósið er malarborið hlað milli þess og núverandi íbúðarhúss. Brekka er niður af fjósinu til vesturs og stendur útihús þar neðan við. Ekki sést skýr bæjarhólmmyndun á bæjarstæði Langholtskots en Bæjarhóllinn sem bærinn stóð á er í grunninn náttúrulegur kletthól. Rabbarbari vex sunnan undir bæjarstæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; *Árnesingar I*, 484

ÁR-332:002 heimild um brunn

A: 432339 N: 401740

Brunnur er merktur inn á túnakort frá 1921, um 40-50 m norður af bæ 001. Ekki sést til fornleifa. Malarhlað með rúllustæði og ýmsum vélum er norður af bæ 001. Grasi vaxin brekka er niður af hlaðinu til norðurs. Ekki sjást merki umbrunninn á yfirborði og hefur verið fyllt upp í hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-332:003 *Fjánhúsaklettur* tóft fjárhús

A: 432344 N: 401855



Fjánhús 003, horft til norðvesturs

Í ritinu *Árnesingar I* segir: „Svo tóku við móar og holt. Stórholt. Litlaholt, Fjánhúsaklettur, Kvíaklettur [004], Vakaraholt.“ Tóft er við Fjánhúsaklett rúmum 170 metrum norðan við bæ 001, í brekkunni norðan við bæjarstæðið. Fjánhúsaklettur liggur norðvestur - suðaustur meðfram tóftinni og garðlagi 011. Svæðið þar sem tóftin er er grasi vaxið og smáþýft og er notað sem beitarhólf fyrir hesta. Vegna ágangs hestanna er rof farin að myndast í austurhlíð tóftarinnar.

Tóftin er 11 x 7 metrar að stærð og snýr norðvestur - suðaustur. Tóftin er einföld, 7 x 2 metrar að innanmáli og er enginn hlaðinn veggur til suðausturs sem bendir til þess að þar hafi verið viðarþil. Í tóftinni innanverðri sést í grónar hleðslur, 1-2 umfór af grjóti sem eru þó ekki alltaf í sömu hæð. Veggir er um 1

metri að hæð að innanverðu, þó heldur lægri í norðvesturenda. Þar sem þeir eru um 0.5 metrar á hæð og virðast vera hrundir að einhverju leyti. Að utan er hæð veggja 0.3 - 0.5 metrar á hæð. Garðlag 011 liggur út frá tóftinni til bæði norðvesturs og suðausturs og er nánast samfast tóftinni á norðvesturenda.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Árnesingar I, 480

ÁR-332:004 *Kvíaklettur* örnefni kvíar A: 432357 N: 401783
„Svo tóku við móar og holt, Stórholt, Litlaholt, Fjánhúsklettur [003], Kvíaklettur, Vakarholt,“ segir í Árnesingum I. Kvíaklettur er um 100 m norður af bæ 001. Ekki sést til fornleifa. Kvíaklettur liggur ANA-VSV. Klettarnir eru um 2-5 m háir, hærri VSV-til og eru hálfgrónir. Norðan undir klettunum er hálfgróinn malarvegur en neðar grasi gróin brekka. Lítil nýlegur reykkofi er undir klettunum vestantil.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Ekki er vitað hvort á staðnum voru hlaðnar kvíari eða hvort notast var við færivíar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Árnesingar I, 480

ÁR-332:005 frásögn fjárhús A: 432253 N: 401781
Fjárhústóftir voru suðaustantil á holti um 140 m norðvestur af bæ 001, samkvæmt Unnsteini Hermannssyni, heimildarmanni. Búið er að ryðja húsunum út. Holtið er gróið grasi og smágróðri en stórgrýti og rofabörð eru á stöku stað. Grasi grónara er í hlíðum holtsins en á toppi þess. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

ÁR-332:006 heimild um traðir A: 432420 N: 401658
Traðir frá bæ 001 til suðausturs eru merktar inn á túnakort frá 1921. Traðirnar lágu á svipuðum slóðum og núverandi heimreið að bæ. Malarvegur liggur úr suðaustri að hlaði milli fjóss og núverandi íbúðarhúss. Tún eru sitt hvoru megin vegarins. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hafa traðirnar farið undir núverandi veg.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-332:007 gata traðir A: 432330 N: 401680
Traðir frá bæ til vesturs eru merktar inn á túnakort frá 1921. Traðirnar voru á svipuðum slóðum og malarvegur sem liggur til suðvesturs frá fjósi á bæjarstæði 001. Malarvegur suðvestur-norðaustur milli grasvaxinna hóla og sveigir upp norður fyrir fjósið.

Grasi vaxin gata er niður brekku frá fjósinu í vestur að malarveginum. Gatan er um 20 m löng, 2 m breið og 0,3 m djúp og er hér mögulega um leifar traðanna að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-332:008 heimild um beitarhús A: 431961 N: 401587
Hús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá árinu 1910 420 metrum VNV af bæ 001 og 50 metrum austan við útihús 009, þar sem nú (2017) stendur nýlegt útihús undir lágum kletti. Malarvegur liggur frá bæ 001, norðan við útihúsin og áfram inn á túnin norðan og vestan við þau. Á Atlaskorti Landmælinga Íslands (mælt 1906-1908, endurskoðað 1971) er túnið nefnt Stekkjartún og má því leiða líkum að því að þar hafi þar einhverntíman verið stekkur, líklega á sama stað og annaðhvort beitarhús 008 eða 009.

Svæðið hefur verið framræst, ræktað og sléttað. Inn á milli túna sjást grasi vaxin svæði sem ekki hafa verið ræktað. Ekki sjást nein ummerki um beitarhúsin Á yfirborði vegna sléttunar

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV, 1910; Atlaskort Landmælinga Íslands, 2002



Beitarhús 008, horft til suðvesturs

ÁR-332:009 heimild um beitarhús

A: 431891 N: 401587

Hús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá árinu 1910, 490 metrum VNV af bæ 001 og 50 metrum vestan við útihús 008, þá svipuðum stað og nú (2017) stendur nýlegt útihús og braggahlaða undir lágum kletti. Malarvegur liggur frá bæ 001, norðan við útihúsin og áfram inn á túnin norðan og vestan við þau. Á Atlaskorti Landmælinga Íslands (mælt



Beitarhús 009, horft til norðurs

1906-1908, endurskoðað 1971) er túnið nefnt Stekkjartún og má því leiða líkum að því að þar hafi þar einhverntíman verið stekkur, líklega á sama stað og annaðhvort beitarhús 008 eða 009.

Landslagið í kring um beitarhúsin hefur líklega breyst mikið á síðustu árum þar sem búið er að ryðja út hluta af brekkunni til vesturs og slétta til þess að byggja fjárhúsin. Svæðið er allt vaxið arfa og grasi. Ekki sjást nein ummerki beitarhúsin á yfirborði og hugsanlega gæti verið búið að ryðja því burt eins og brekkunni sem liggur vestan við núverandi útihús á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47, NV 1910; Atlaskort Landmælinga Íslands, 2002

ÁR-332:010 heimild um brunn

A: 432497 N: 401642

Samkvæmt Unnsteini Hermannssyni, heimildarmanni, var brunnur um 50 m SSA af bæ 001. Ekki sést til fornleifa. Brunnurinn var sunnan undir hól sem bærinn stóð á. Hóllinn er grasi vaxinn en klettur eru við suðurhlíð hans. Greni og reynitryám hefur verið plantað upp við klettana. Malarvegur liggur austur-vestur sunnan við hólinn. Ekki sjást merki um brunninn á yfirborði og hefur verið fyllt upp í hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-332:011 garðlag túngarður

A: 432389 N: 401826

Garðlag sem afmarkað hefur tún langholtskots er um 140 m norður af bæ 001 og er tóft 003 er upp við garðlagið. Túngarðurinn er líklega yngri en túngarður 012 þar sem hann sést ekki á túnakortinu frá 1921 og hefur túnið verið stækkað eftir 1921 til norðurs hann er því á mörkum þess að vera nógu gamall til að teljast til fornleifa eins og lögin skilgreina þær. Garðlagið er í smábýfðu beitarhólfi í halla til norðurs, fast norðan við hæð sem Langholtskot stendur á. Norðan og vestan við beitarhólfid eru klettaholt.



Túngarður 011, horft til norðvesturs

Garðlagið sést syðst ofarlega í brekkunni og liggur þaðan um 105 m til norðvesturs framhjá tóft 003 og upp með klettum við vesturenda holts. Garðlagið er óskýrt meðfram klettabrúninni en sést aftur neðan við klettana og beygir þar til suðvesturs út fyrir mörk beitarhólfsins og verður þar ógreinilegt á jörðu niðri. Á loftmynd má rekja garðlagið lengra, alls um 100 m í stefnu suðvestur-norðaustur. Garðlagið er víðast um 0,2-0,4 m hátt og 0,5-1 m breitt, mjórri norðvestantil en suðaustan. Garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti, töluvert gengið í þúfur og víða rofið vegna ágangs dýra.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

ÁR-332:012 heimild um túngarð

A: 432295 N: 401747

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var hlaðinn túngarður í kringum allt heimatún Langholtskots fyrir utan lítinn hluta norðvestan við bæ 001. Á loftmynd sést móta fyrir túngarðinum tæpum 100 metrum norðvestan við bæ 001, þar sem hann liggur neðan við klettana í túninu.

Túnin í kringum bæinn hafa verið stækkuð til allra átta og eru því ræktuð tún þar sem túngarðurinn stóð, fyrir utan þar sem hann liggur í jaðri klettahólanna og sést á loftmynd. Túngarðurinn sást ekki á yfirborði en það sést móta fyrir línu á loftmynd á 30 - 40 metra kafla, þar sem hann lá undir klettahólunum vestan við bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-333 Snússa

Sögulegar heimildir

1709: Jarðardýrleiki óviss, hjáleiga Langholts efra (ÁR-331), í eyði. JÁM II, 243. Þar segir einnig: „Þetta býli byggðist fyrst fyrir hjer 30 árum og hefur nú í eyði lagst síðan 1694, er jörðinni ei nema til skaða að aftur byggist, túnstæðið er og af sjer gengið og að miklu leyti fordjarfað.“

1847: Jarðardýrleiki óviss, hjáleiga Langholts efra (ÁR-331), samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

1921 heitir jörðin Snússa. Frá **1936** heitir jörðin Ásatún, SB I, 299.

Um **1960** fór Vesturbær Langholts efra í eyði og landið fór þá undir Ásatún, SB I, 299, 301.


Landkostir

1921: Tún 1,7 ha, um 4/5 slétt, garðar 6 arar.

„Landið var lítið en grasgefið og þurrlendi að mestu. Sumarhagar eru allgóðir, en vetrarþeir rýr. Engjar voru litlar.“ SB I, 298



Kort þar sem búið að er varpa túnakorti jarðarinnar yfir loftmynd af svæðinu



Vatnslitamynd eftir Ingimund Einarsson af Snússu um 1940 (Árnesingar I, bls. 478)

Bæjarhóll Snússu er í brekkurótum við norðurenda Langholtsfjalls og sunnan við Langholtsveg. Húsakostur jarðarinnar er í nokkuð þéttri þyrpingu og vestast í henni er bæjarhóllinn. Nafni Snússu var breytt árið 1936 í Ásatún. Bæjarhóllinn er norðvestan undir nokkuð bröttum bakka og hefur mikið af trjám verið gróðursett í hann. Landið hallar til suðausturs.

Bæjarhóllinn er 60x25m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Framhlið bæjar hefur að öllum líkindum snúið til suðausturs að láglendinu. Á suðvesturhluta bæjarhólsins stendur íbúðarhús sem byggt var 1967. Byggt var við húsið og við þær framkvæmdir komu

hleðslur í ljós sem talið var að gætu hugsanlega hafa tilheyrt flór í fjósi. Var öllum þessum hleðslum rutt burt. Upphleðsla bæjarhólsins gæti verið um 3 m.



Bæjarhóll 001, horft til vesturs

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-333:002 heimild um útihús

A: 432405 N: 401056

Samkvæmt túnakorti var útihús tæpa 50m suð-suðvestan við bæjarhól 001. Minjastaðurinn er í talsverðri brekku sem mikið af trjám hefur verið gróðursett í.

Ekkert sér til minja en á svipuðum stað og útihúsið mun hafa staðið er minnismarki um fyrri ábúendur, Gróu Magnúsdóttur og Indriða Gíslason.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-333:003 heimild um útihús

A: 432419 N: 401053

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 40m sunnan við bæjarhól 001. Minjastaðurinn er í talsverðri brekku sem mikið af trjám hefur verið gróðursett í. Ekkert sér til minja og ber svæðið þess merki að hafa verið umbylt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-333:004 *Lambhústún* heimild um lambhús A: 432394 N: 401024
Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús 60-70m suð-suðvestan við bæjarhól 001 og samkvæmt örnefnaupprætti frá 2005 eru Lambhúsklettar og Lambhústún á mjög svipuðum stað. Út frá því má gera ráð fyrir því að útihúsið sem sýnt er suðvestast á túnakortinu hafi staðið í eða við Lambhúskletta og þeir dregið nafn sitt af því. Lambhústún kemur einnig fram í örnefnaskrá Efra-Langholtshverfis og þar er þess getið að það tilheyri túni vesturbæjar ásamt Snússutúni. Út frá þessu má því ætla að um sama tún sé að ræða.

Minjastaðurinn er í talsverðri brekku og hefur trjám verið gróðursett í hana. Ekkert sér til minja og má gera ráð fyrir því að útihúsið hafi verið rífið og yfirborð sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Ö-Efra-Langholtshverfi, 28; Örnefnauppráttur Ásatún Hrunamannahreppi 2005

ÁR-333:005 heimild um útihús A: 432414 N: 401019
Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 70m sunnan við bæjarhól 001. Minjastaðurinn er í brekkurótum nærri heimreiðinni að bænum. Í brekkuna fyrir ofan minjastaðin hafa tré verið gróðursett. Ekkert sér til minja og má gera ráð fyrir því að útihúsið hafi verið rífið og yfirborð sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-333:006 brú leið A: 432418 N: 401198
100m norðan við bæjarhól 001, 160m sunnan við hlið 008 og 100 aust-norðaustan garðlag 023 er hleðsla sem hefur að öllum líkindum verið brú. Brúarhleðsla þessi mun þá væntanlega hafa verið á heimreið sem núna er komin undir tún. Hleðslan er í þýfðri hvílt milli tveggja sléttaðra túna.

Hleðslan er 2m breið og 23m löng. Hún liggur í smá boga í grunnri hvílt sem er í landinu og er ræsi undir henni miðri þar sem hvíltin er dýpst. Ekkert vatnsból er í nágrenninu en líklega hefur vatn safnast þar saman í úrkomum þar sem nokkur hallandi er þarna á landinu. Hleðslan er 30-60cm á hæð.



Brú 006, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-334 Rafnkelstaðir

Sögulegar heimildir

1686: 20 hdr., Skálholtskirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1695: 20 hdr., Skálholtskirkjueign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1709: Jarðadýrleiki óviss, Skálholtskirkjueign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 244.

1847: 30^{1/3} hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 67.

[1331]: „kirkia liggur thil songs j runa [...] rafnkelzstadi,“ Máldagi Hrunakirkju (DI II, 665–666). Jarðarinnar er einnig getið í máldaga Hrunakirkju 1382–1391 (DI IV, 43–44).

1951 er jörðinni skipt í Hrafnkelsstaði I og II, sama ár er Hrafnkelsstöðum II skipt upp og Hrafnkelsstaðir III stofnað, SB I, 302.

1963 er Hrafnkelsstöðum I skipt og Hrafnkelsstaðir IV stofnað. Árið 1966 er Hrafnkelsstaðir I og II sameinað, SB I, 302–305.


Bænhús var á jörðinni og er þess fyrst getið 1331 (DI II 665–66), en ekki er vitað hvenær það var aflagt.

Jarðarftök 1709: „Laxveiði á jörðin í Litlu Laxá.“ JÁM II, 44.


Landkostir

1921: Tún 8m² ha, um 3/4 slétt, garðar 18,4 arar.

„Jörðin var að landrými vel meðaljörð. Landið allt gróid og mjög grasgefið. Að hluta er landið blaut mýri, sem nú er að mestu framræst. En að öðrum hluta þurrlendi, einkum á bökkum Litlu-Laxár, en einnig móar og vallendi, gott og auðunnið ræktunarland. Engjar voru ágætar, bæði á áveitum á mýrinni og á árbökkunum. Sumarhagar góðir, en vetrarþeir létt.“ SB I, 302



Teikning byggð á túnakorti Hrafnkelsstaða frá árinu 1921



Hrafnkelsstaðir um 1896 (Árnesingar I, 497)

„Nokkrir hólar eru í túninu á Hrafnkelsstöðum, og var bærinn á einum þeirra vestan við, þar sem nú er fjós Þorgeirs Sveinssonar. Gamli bærinn er nú horfinn. [...] Smiðjuhóll nefndist allstór öskuhóll framan við smiðjuna sem var austast í húsaröð bæjarins,” segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1921 er kálgarður 010 merktur suðaustan við bæ. Í ritinu Árnesingar I er mynd af bæjarhól

Hrafnkelsstaða og þar sést fallett hvítmálað timburhús, byggt skömmu eftir jarðskjálftann mikla árið 1896 og annað timburhús vestan við það. Á bakvið íbúðarhúsið sést gamli torfbærinn, þrjár burstir, eldhús vestast, svo skemma og smiðja austast. Grjóthlaðnar traðir 026 sjást liggja niður bæjarhólinn til suðurs. Húsin voru rifin laust eftir 1960. Bærinn var um 20 m suðvestan við núverandi fjós, beint ofan við þar sem heimreið greinist annars vegar að fjósinu og hins vegar heim að Hrafnkelsstöðum 4. Smiðjan var skráð með bæjarhólnum.

Þar sem bærinn stóð er sléttuð grasflöt við heimreið upp að Hrafnkelsstöðum 4. Asparttrjám hefur verið plantað meðfram heimreiðinni. Ekki hefur verið byggt eða rótað á bæjarstæðinu frá því timburhúsin byggð 1896 voru rifin laust eftir 1960. Bærinn sneri í suður. Bæjarhólsmyndum er greinilega þar sem hallar niður af til norðausturs og suðurs. Bæjarhóllinn er um 70 x 40 m að stærð (suðvestur-norðaustur) og 1-2 m á hæð.



Bæjarhóll Hrafnkelsstaða 001, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Ö-Hrafnkelsstaðir, 1, 7; Árnesingar I, 497

ÁR-334:002 *Blásíus* heimild um bænhús

A: 434102 N: 404012

HRAFNKELSSTAÐIR Í HRUNAMANNAHREPPI (Á) (HRUNADING) - BÆNHÚS

[1331]: „kirkia liggur thil songs j runa ... rafnkelzstadir

Tijvndir liggia til runa af þessum fyrr nefndum bæivm

lysitollar allir eru til runa. vr heima þijngum [...] enn hálfur vr grafar þijngum

Groptur er j runa af þessum ollum bæium. sem fyrr eru nefndir"; Máld DI II 665-666 [Hruna]

1382-91: „liggur til saungs j Hruna [...] Hrafnkjeldstader

Tiunder liggia til Hruna af þessum fyrnefndum bæium

Lysitollar aller eru til Hruna vr heimaþijngum [...] og aller vr Grafar þingumm.

Groptur er j Hruna af ollum þessumm bæiumm sem fyrr eru nefnder"; Máld DI IV 43-44 [Hruna].

Bænhús og kirkjugarður voru á hólnum Blásíusi sem er um 50 m norðvestur af bæ 001. Íbúðarhús Hrafnkelsstaða IV stendur á hólnum. Hóllinn stendur um 2 m hærra en bæjarhóll 001. Íbúðarhúsið er steyppt, með hlaði norðaustan við en garði, trjám og runnum austan og sunnan við. Íbúðarhús Hrafnkelsstaða IV er á niðurgrofnum sökkli (1,5 m niður, 2 m niður á fast) en að öðru leyti var ekki hróflað við hólnum við byggingu þess. Samkvæmt Sveini Gunnari Sveinssyni, heimildarmanni, eru því líklega enn einhverjar óhreyfðar minjar undir grunninum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI II 665-666; DI IV 43-44

ÁR-334:003 heimild um hrútakofa

A: 434078 N: 404024

Um 80 m VNV af bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1921. Samkvæmt Sveini Gunnari Sveinssyni, heimildarmanni, var húsið hrútakofi. Ekki sést til fornleifa. Þar sem útihúsið stóð er sléttað tún eða beitarhólf í halla til NNV norðan við íbúðarhús á Hrafnkelsstöðum 4.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað yfir hrútakofann. Örlitlar ójöfnur eru þó í brekkunni á þessu svæði og má vænta þess að leifar af útihúsinum séu enn undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-334:004 heimild um fjárhús

A: 434058 N: 404096

Um 130-140 m norðvestur af bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1921. Samkvæmt Sveini Gunnari Sveinssyni, heimildarmanni, var húsið líklega fjárhús. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem útihúsið stóð er sléttað tún eða beitarhólf norðan við íbúðarhús á Hrafnkelsstöðum 4. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað yfirfjárhúsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-334:005 heimild um lambhús

A: 434031 N: 404015

Um 120-130 m VNV af bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1921. Samkvæmt Sveini Gunnari Sveinssyni, heimildarmanni, var húsið lambhús. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem lambhúsið stóð er sléttað tún eða beitarhólf í halla til VNV norðan við íbúðarhús á Hrafnkelsstöðum 4. Lambhúsið var í vesturjaðri stykkisins en malarslóði liggur norður-suður rétt vestan við staðsetningu þess. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað yfir lambhúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-334:006 heimild um útihús

A: 433934 N: 404040

Um 220-230 m vestur af bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1921. Ekki sést til fornleifa. Þar sem útihúsið stóð er sléttað tún eða beitarhólf norðan við hesthús sem eru í notkun. Gerði eru ANA og norðvestan við hólfíð.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað yfir útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-334:007 heimild um útihús

A: 433855 N: 404025

Um 300 m vestur af bæ 001 er útihús merkt inn á túnakort frá 1921. Ekki sést til fornleifa. Þar sem útihúsið stóð er sléttað tún ASA við hesthús sem eru í notkun. Rúllustæði og útihús eru norðan við hólfíð en vegur er meðfram hólfinu sunnantil. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað yfir útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-334:008 *Holtshús* heimild um fjárhús

A: 434299 N: 403867

„Fjárhúsholt nefnist lítið holt, þar sem fjárhús Þorgeirs Sveinssonar er nú. Þar voru kvíar [022],“ segir í örnefnaskrá. Fjárhúsholt er kallað í daglegu tali Holt. Á Holti er útihús merkt inn á túnakort frá 1921, um 200 m suðaustur af bæ 001 og sömuleiðis er það merkt á Herfingjaráðskort frá 1910. Samkvæmt Sveini Gunnari Sveinssyni, heimildarmanni, var húsið fjárhús og hesthús, nefnt Holtshús. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem fjárhúsin og hesthúsin stóðu er sléttað tún á aflöngu holti sem snýr suðvestur-norðaustur. Útihús í bragga er sunnan við suðvesturenda holtsins. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað yfir fjár- og hesthúsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 6; Túnakort 1921; Herfingjaráðskort 47 NA 1910

ÁR-334:009 frásögn brunnur

A: 434201 N: 403990

Að sögn Sveins Gunnars Sveinssnar, heimildamanns var brunnur suðaustan undir bæjarhól 001, um 30 m norðan við þar sem heimreið greinist að Hrafnkelsstaðabæjunum fjórum og fjósi, samkvæmt Sveini Gunnari Sveinssyni, heimildarmanni.

Þar sem brunnurinn var er grasi vaxið brekka austan við heimreið upp að Hrafnkelsstöðum 4. Aspartrjám hefur verið plantað meðfram heimreiðinni vestantil. Búið er að fylla upp í brunninn. Efsti hluti hans (2-3 metrar) var hlaðinn en en neðan við það var hann höggvinn í gegnum móbergsklöpp. Ekki sjást ummerki um brunninn á yfirborði en þó eru örlítið meiri ójöfnur eru í grasi á þessu svæði en umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-334:010 heimild um kálgarð

A: 434174 N: 403960

Kálgarður er merktur inn á túnakort Hrafnkelsstaða frá 1921, fast sunnan við bæ 001 og suðvestan við heimreiðina 026. Kálgarðurinn var rétt norðvestan við gatnamótin þar sem heimreiðin tvístrast í fjórar heimreiðar. Svæðið er grasi



Kálgarður 010, horft til norðurs

gróid og smá brekka er niður til suðausturs. Þar eru malarheimreiðir og grasblettir. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn á yfirborði vegan sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 2; Túnakort 1921

ÁR-334:011 heimild um kálgarð

A: 433845 N: 404083

Um 320 m vestur af bæ 001 er kálgarður merktur inn á túnakort frá 1921. Þar sem garðurinn var er rúllustæði, slétt malarplan, afgirt með gaddavírsgirðingu. Útihús er norðan við rúllustæðið. Vegur gróinn arfa, liggur úr suðvestri að húsinu. Tún eru í kring. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað yfir garðinn eða honum rutt út.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-334:012 heimild um vað

A: 434621 N: 403743



Vað 012, horft til austurs

„Andrésarmígandi nefnist foss í Hellisholtalæk norðan við Kringlumýri skammt neðan við núverandi veg. Vað er á læknum ofan við fossinn ...“ segir í örnefnaskrá. Vaðið er 530 metrum suðaustan við bæ 001, rúmum 70 metrum norðan við þjóðveginn og fast norðan við steypa göngubrú yfir lækinn. Við lækinn sést mól í bökkum beggja vegna hans og þar í kring er gras, lyng og annars mólendisgróður. Nokkrir lágir Trjárunnar eru við vaðið.

Vaðið sést greinilega á læknum norðan við þjóðveginn og er enn notað til þess að fara með hross yfir lækinn en þar sjást mikið af hófförum eftir hesta. Gangandi vegfarendur fara þó að öllum líkindum yfir á göngubrú sem er 10 metrum sunnan við vaðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 2

ÁR-334:013 *Markamýrardraugur* heimild um draug

A: 4339334 N: 402751

Í örnefnaskrá Hrafnkelsstaða segir: „Markamýri nefnist mýrin norðan við Markatjörn. Þar er svonefndur Markamýrardraugur, sem Helgi Haraldsson á Hrafinkelstöðum reið eitt sinn ofan á. Unglingi hafði verið úthýst á Hrafinkelstöðum að vetrarlagi og varð hann úti við Markamýraklett. Síðan hefur verið reimt og villugjarnt í Markamýri [...].“ Markamýrin þar sem Markamýrardraugurinn er sagður dvelja er 1,25 km suðvestan við bæ 001 og fast sunnan við Markaklettinn 023. Þjóðvegurinn liggur upp við Markamýrina en hún hefur nú öll verið ræst fram og hluti hennar hefur verið ræktaður.

Svæðið hefur allt verið ræst fram og hluti landsins verið ræktaður undir tún. Við þjóðveginn er svæðið smápýft og vaxið grasi og mýrargróðri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 3

ÁR-334:014 hleðsla fjárhús

A: 433541 N: 403463

„Völhóll nefnist lítið holt eða hóll í mýrinni suðvestur frá bænum og vestur frá Markakletti [...]. Þarna var um 60 kinda fjárhús og voru hafðir þar veturgamlir sauðir og síðan hafði Sveinn þar ær sínar, en eftir fjárskiptin 1951-52 var húsið lagt niður,“ segir í örnefnaskrá. Hús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910, um 850 metrum suðvestan við bæ 001 á Völhól. Völhóll er 820 metrum suðvestan við bæ 001 og tæpum 680 metrum norðvestan við Markaklett 023. Malarslóði liggur frá bæ til suðurs og að hólnum en í kringum hann eru framræst og ræktuð tún. Hólfið sem hóllinn er í er nú notað sem beitarhólf fyrir búfenað.



Fjárhús 014, horft til suðvesturs

Svæðið er grasi vaxið og hólfið sem hóllinn er í hefur ekki verið sléttað. Rof er í hólnum norðanverðum. Mjög grónar hleðslur sjást á hólnum þar sem fjárhúsið stóð. Um er að ræða tvo veggj sem snúa norðaustur - suðvestur og mynda mannvirki sem er 18 x 16 metrar að stærð. Innanmál mannvirkisins er 18 x 8 metrar en greinilegt er að hreyft hefur verið við veggjunum þegar það var rífið og því óljóst hvert raunverulegt innanmál eða stærð fjárhússins var upphaflega. Hleðslurnar uppi á Völhól og halla niður til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 4; Herforingjaráðskort 47 NA, 1910

ÁR-334:015 heimild um áveitu

A: 433745 N: 404243

Í örnefnaskrá segir: „Miðstykki var áveitustykki milli tveggja áveitugarða út við Litlu-Laxá norðan við Löngudæl.“ Áveitan var í túnunum við Litlu-Laxá tæpum 480 metrum norðvestan við bæ 001. Þar sem áveitan var eru ræktuð tún og martjurtargarðar. Ekki sjást nein ummerki um áveituna á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 4

ÁR-334:016 Stekkhóll heimild um stekk

Í örnefnaskrá segir: „Stekkhóll nefnist hóll við Litlu-Laxá ofan við Efri-Bakka. Þar var stekkur fram til 1900.“ Þar segir jafnframt: „Stekkatún nefnist túnið suðaustan við Stekkhólinn. Þar var fjárrétt og stekkur fyrrum.“ Draga má þá ályktun að í þessum tveimur setningum sé verið að ræða sama stekkin, þar sem örnefnin Stekkhóll og Stekkatún eru nálægt hvort öðru. Stekkurinn hefur verið í notkun þar til um aldamótin 1900 en þá hefur verið byggð fjárrétt á sama stað. Stekkhóll er tæpum 340 metrum norðvestan við bæ 001 og rúmum 600 metrum norðan við Völhól 014. Malarslóði liggur frá bænum og að hólnum til vesturs og sunnan hans eru ræktuð tún með framræsluskurðum. Stekkhóll og svæðið í kring var allt gengið á vettvangi en ekki sáust nein ummerki um stekk eða fjárrétt á svæðinu og má ætla að fornleifarnar

hafi verið rifnar niður eða sléttaðar í tún.

Svæðið sunnan við hólinn hefur að mestu verið ræktað en á og við hólinn er grasmói og óræktuð svæði. Ekki sjást nein ummerki um stekkin eða réttina á yfirborði vegna sléttunar

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 5

ÁR-334:017 *Strokkhóll* huldufólksbústaður huldufólksbústaður A: 434294 N: 404100
„Strokkhóll er hóll í túninu austan við Fagurhól. Í hólnum átti stundum að heyrast strokkhljóð af völdum huldufólks, og af því er nafnið dregið,“ segir í örnefnaskrá. Strokkhóll er um 170 m norðaustur af bæ 001.



Strokkhóll 017, horft til ASA

Hóllinn er um 10 m suðvestan við íbúðarhús á Hrafnkelsstöðum 3. Trjám hefur verið plantað í kringum húsið en annars eru tún umhverfis. Annar lægri hóll er um 30 m norðvestar. Hóllinn er um 40 x 25 m að stærð (norðaustur-suðvestur) og 3-4 m hár, lægri norðaustan til.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 5

ÁR-334:018 *Stöðull* heimild um kvíar A: 434131 N: 404146
„Stöðull var áður sléttur blettur vestan við túnið, þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrin,“ segir í örnefnaskrá. Þar sem heitir Stöðull er um 150 m norður af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem heitir Stöðull er slétt grasflöt með lágri brekku niður af blettinum til norðurs. Malarvegur liggur í stefnu norðaustur-suðvestur sunnan við blettinn. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Óvíst er hvort hlaðið mannvirki hafi verið í Stöðli.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 5

ÁR-334:019 heimild um lambhús A: 433957 N: 404172
„Flatir nefndist stykki vestarlega í túninu og var þar áður lambhús frá Helga, en Haraldur hefur þar nú hesta,“ segir í örnefnaskrá. Lambhúsið var um 260 m norðvestur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Þar sem lambhúsið var er sléttá tún eða beitarhólf. Vegur liggur meðfram suðvestur- og norðvesturhlíð hólfsins. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttá yfir útihúsið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 6

ÁR-334:020 heimild um túngarð

A: 434284 N: 403929

Túngarður er merktur inn á túnakort frá 1921 suðaustan við bæ 001. Þar gengur hann frá tröðum 026 til suðausturs og beygir til norðaustur. Aðeins þetta litla horn af heimatúninu hefur verið með hlöðnum túngarði samkvæmt túnakortinu.

Þar sem túngarðurinn var eru nú ræktuð tún sem hafa verið sléttuð. Ekki sjást nein ummerki um túngarðinn á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-334:021 heimild um brunn

A: 434258 N: 403919

„Brunnhólar nefndust smáhólar skammt sunnan við bæinn. Þar var brunnur, sem hefur verið fylltur upp,“ segir í örnefnaskrá. Brunnhólar eru um 130 m suðaustur af bæ 001.

Þar sem heitir Brunnhólar er grasi og njólavaxin brekka eða hóll fast sunnan við hæð sem Hrafnkelsstaðir standa á. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 6

ÁR-334:022 heimild um kvíar

A: 434305 N: 403838

„Fjánhúsholt [008] nefnist lítið holt, þar sem fjárhús Þorgeirs Sveinssonar er nú. Þar voru kvíar,“ segir í örnefnaskrá. Fjánhúsholt er um 220 m suðaustur af bæ 001. Ekki sést til fornleifa.

Fjánhúsholt er aflangt holt sem snýr suðvestur-norðaustur. Sléttuð tún er á og í kringum holtið. Útihús í bragga (sem líklega eru fjárhús Þorgeirs Sveinssonar, sem nefnd eru í örnefnaskrá) er sunnan við suðvesturenda holtisins. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Ekki er vitað hvort hlaðin mannvirki hafi verið á staðnum eða hvort notast hafi verið við færivíar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 6

ÁR-334:023 *Markaklettur* náttúrumin landamerki

A: 433903 N: 402896

Samkvæmt heimildamanni markar Markaklettur landamerki Hrafnkelsstaða sé horft frá honum beint í Litlu-Laxá. Kletturinn er alveg við Langholtsveginn, 1,12 km sunnan við bæ [001]. Miklar vegaf framkvæmdir voru í gangi á svæðinu



Markaklettur 023, horft til suðausturs

þegar vettvangs athugun átti sér stað (2017) en hefur kletturinn enn fengið að standa óáreittur við veginn. Ekki er vitað

til þess að nein varða hafi verið á klettinum. Kletturinn er í litlum hól við þjóðveginn sem er grasi vaxinn.

Hóllin er lítill eða um 3 metra hár og og grasi vaxinn. Hann er aflangur og liggur líkt og Langholtsvegurinn, suðvestur- norðaustur. Ekki er að sjá nein ummerki um fornleifar í hólnum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-334:024 *Holt* heimild um túngarð

A: 434312 N: 403895

Á túnakorti frá 1921 er stakstætt tún sunnan við heimatúnið, með vallargörðum og fjárhúsi/hesthúsi 008 á hæð nokkurri sem kölluð var Holt eða Fjárhúsholt. Samkvæmt túnakortinu var túnið 206 x 103 metrar að stærð og snéri VNV-ASA.

Þar sem útihúsið og vallargarðarnir stóðu er sléttað tún á aflöngu holti sem snýr suðvestur-norðaustur. Útihús í bragga er sunnan við suðvesturenda holtsins. Ekki sjást nein ummerki um túngarðinn á yfirborði og hefur hann líklega verið sléttaðir í túnið.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-334:025 heimild um fjárhús

A: 434310 N: 403470

Samkvæmt heimildamanni, Sveini Gunnari Sveinssyni, voru sauðhús fast vestan við heimreiðina á Hrafnkelsstöðum, þar sem hún sameinast Langholtsveginum. Hús er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 á svipuðum stað. Fjárhúsin voru tæpum 550 metrum SSA við bæ 001 og 80 metrum norðvestan við Langholtsveginn, á svipuðum stað og nú er rafstöð uppi á hólnum.

Girðing er í kringum rafstöðina sem stendur uppi á lítilli hæð. Klettur eru austan við hana og grasi vaxin svæði með trjágróðri. Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsin á yfirborði en líklegasta staðsetning var talin þar sem sést grænn blettur í túninu rúmum 30 metrum norðaustan við rafstöðina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NA, 1910

ÁR-334:026 heimild um traðir

A: 434195 N: 403974

Traðir í suðaustur frá bæ 001 eru merktar inn á túnakort frá 1921. Ljósmynd af tröðunum er í ritnu Árnesingar I og þar sjást grjóthlaðnir garðar traðanna sem liggja niður bæjarhólinn til suðurs. Leið ÁR-681:009 sem merkt er inn á Herforingjaráðskort frá 1910 hefur líklega legið áfram frá tröðunum.

Þar sem bærinn stóð er sléttuð grasflöt við heimreið upp að Hrafnkelsstöðum 4. Aspartjám hefur verið plantað meðfram heimreiðinni vestanverðri. Traðirnar voru á sama stað og núverandi heimreið að Hrafnkelsstöðum 4. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hafa traðirnar farið undir núverandi veg og ræktuð tún beggja vegna við hann.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnesingar I, 497; Herforingjaráðskort 47 NA, 1910

ÁR-335 Syðra-Sel

Sögulegar heimildir

1686: 20 hdr., Skálholtsbiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1695: 20 hdr., Skálholtsbiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1709: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsbiskupseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 244. Í sama riti segir: „Þessi tvö Sel [sjá Efra-Sel ÁR-336] liggja samtýnis, eru þó tvær jarðir frá elstu tíð aðskildar að bæjum og skift túnnum og engjum, sem þó liggja hvert við annað og hefur óefað í gamllri tíð ein jörð verið, og eru munnmæli, að Gröf hafi þetta land átt í fyrstu.“


1847: 30^{1/3} hdr., bændaæign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 68.

Jarðarítök 1709: „Laxveiði á jörðin í Litlu Laxá eins og aðrar, sem þar við liggja.“ JÁM II, 244.

Landkostir

1921: Tún 4,5 ha mest slétt. Matjurtagarðar 19,8 ha.

„Vel metin jörð að landrými og landið allt grasi vaxið og mjög grasgefið. Votlendi að mestu, en nokkurt þurrlandi á bökkum Litlu-Laxár. Engjar voru með ágætum, en sums staðar blautar á stundum. Sumarhagar einnig ágætir, en vetrarþeir engin á flötu og skjóllausu landi. Ræktunarland lítið annað en framræst mýri.“ SB I, 306



Kort þar sem búið að er varpa túnakorti jarðarinnar yfir loftmynd af svæðinu

ÁR-335:001 *Syðra-Sel* bæjarhóll bústaður

A: 433700 N: 404877

Gamli bærinn í Syðra-Seli var í austurhluta heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1921, á stórum og grösugum hól um 170 m norðan við núverandi íbúðarhús á bænum (byggt 1984). Gamla bæjarstæðinu og bæjarhólnum hefur verið raska mikið, ekki síst þegar íbúðarhús var byggt á honum árið 1947 eins og fram kemur í ritinu Árneseingur 1. Það hefur ljóslega raskað bæjarhólnum og sjást engar leifar eldri bæjarhúsa á hólnum.

Íbúðarhúsið sem byggt var 1947 stendur enn á bæjarhólnum. Umhverfis það er ógirt en vel hirt lóð. Suðaustan við bæjarhólinn er golfvöllur og austan við hann er húsabyrping. Rétt vestan við hólinn er stórt fjós sem byggt var árið 1965.



Bæjarhóll Syðra-Sels 001, horft til NNV

Á gamla bæjarstæðinu er ekki afgerandi bæjarhóll en vitað er að á norðurhluta hans var rutt út þegar íbúðarhús var byggt á honum 1947. Greina má hólsmyndun í suðurhluta bæjarhólsins og er hann 0,4 m á hæð á svæði sem gæti verið 30x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Kjallari er í íbúðarhúsinu (b. 1947) og hefur það skemmt minjar undir sverði. Kjallari var ekki á gamla bænum. Til er ljósmynd af gamla bænum í Árneseingi I. Þar sést að sex burstir voru á bænum sem sneru mót suðri. Bærinn var að mestu byggður úr timbri en tvær lágur burstir í austurhluta bæjarins voru með torfþaki.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

Heimildir: Túnakort 1921; Árneseingur I, 512

ÁR-335:002 heimild um útihús

A: 433588 N: 404584

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 120 m VNV við bæ 001 og rúmum 45 m NNV við Þorsteinsþúfu 022. Útihúsið var ofarlega á norðurhluta grasivaxins hóls sem ekki er lengur sleginn. Hér og þar sjást moldarflög á hólnum og til norðurs eru sléttuð tún. Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði og má ætla að það hafi verið sléttað í tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-335:003 *Lindarbalakvíar* örnefni kvíar

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Lindabalakvíar' og kemur fram að það sé í túninu. Örnefnið gæti vísað á nálægar kvíar. Hvorki Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður fyrir Syðra-Sel, né Daniel Apeland, heimildamaður fyrir Efra-Sel, könnuðust við þetta örnefni. Án frekari upplýsinga er ekki hægt að staðsetja kvíarnar með 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Syðra-Sel, 1

ÁR-335:004 *Gíslakvíar* örnefni kvíar

A: 433340 N: 404273

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Gíslakvíar'. Gíslakvíar eru merktar inn á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar, suðaustan við bæ 001 upp við Litlu-Laxá. Gíslakvíar voru um 700 m suðvestan við bæ 001, á svokölluðu Nesi, 1,5 km austan við ærhús 021 sem er á Langabug á ánni. Þetta kvía örnefni er óvenju langt frá bæ en kvíar voru venjulega frekar nærri bæ, oft í túnjaðri. Nesið hefur verið sléttað og tún ræktað upp. Framræsluskurður er í norðurhluta túnsins. Ekki sjást nein ummerki um kvíar á svæðinu. Ekki er víst hvort um var að ræða færivíar eða hvort einhverjar hleðslur eða tóft hafi verið á svæðinu, en hafi svo verið hafa minjarnar að öllum líkindum verið sléttaðar í túnið á sínum tíma.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Syðra-Sel; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Sel og Efra Sel

ÁR-335:005 *Selgarðsnes* örnefni óþekkt

A: 432156 N: 403551

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Selgarðsnes'. Selgarðsnes er merkt suðvestan við bæ 001 á örnefnaupprætti Ingimundar Einarssonar, rétt hjá ærhúsi 011 á Langabug. Langibugur er sveigur á Litlu-Laxá 2 km suðvestan við bæ 001. Hér er verið að skrá garðlag sem örnefnið bendir til þess að gæti hafa verið á þessu svæði en hlutverk garðlagsins er óþekkt. Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður, man ekki eftir garðlagi á þessu svæði. Svæðið við Langabug er grasi vaxið og flatlent. Svæðið hefur verið ræst fram og nyrsti hluti þess hefur verið ræktaður í tún. Ekki sjást nein ummerki um garðlag á Langabug. Ef þarna hefur verið garðlag, eins og örnefnið gefur til kynna, er það horfið vegna túnræktunar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Syðra-Sel; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Syðra, Sel og Efra Sel

ÁR-335:006 *Grafirnar* heimild um mógrafir

A: 433310 N: 405275

Í upptalningu örnefna á jörðinni í örnefnaskrá er að finna heitið 'Grafirnar' sem gæti bent til mógrafasvæðis. Örnefnið Grafirnar er um 550 m NNV við bæ 001 og tæpum 500 m norðan við túngarð 018. Svæðið sem heitir Grafirnar er á mörkun ræktað túns og óræktaðs svæðis, rétt suðvestan við Selsós. Á þessum slóðum er talsvert um völduga áveituskurði: einkum norðan við Grafirnar. Búið er að ræsa landið fram; af þeim sökum sjást engin ummerki mógrafa á svæðinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Syðra-Sel



Grafirnar 006, horft til norðurs

ÁR-335:007 *Torfholt* örnefni rista

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Torfholt'. Örnefnið bendir til þess að í nágrenni holtsins hafi torf verið rist. Hvorki Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður fyrir Syðra-Sel, né Daniel Apeland, heimildamaður fyrir Efra-Sel, konnuðust við þetta örnefni. Án frekari upplýsinga er ekki hægt að hnitsetja Torfholt með 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Syðra-Sel

ÁR-335:008 *Borgarhóll* örnefni fjárskýli

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Borgarhóll'. Örnefnið bendir til þess að á hólnum eða í nágrenni hans hafi verið fjárborg. Hvorki Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður fyrir Syðra-Sel, né Daniel Apeland, heimildamaður fyrir Efra-Sel, konnuðust við þetta örnefni en Guðmundur benti þó á að þarna gæti verið að vísa í hæsta punktinn á Borgarási 010. Án frekari heimilda er þó ekki hægt að staðsetja þetta örnefni nánar og því óvíst hvort verið sé að vísa til sömu fjárborgar og á Borgarási eða fjárborgar annars staðar í Syðra Seli.

Heimildir: Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel, 1

ÁR-335:009 *Vörðuás* örnefni óþekkt

A: 434292 N: 405772

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Vörðuás.' Vörðuás er einnig merktur inn á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar, í framhaldi af Borgarás 010, norðaustan við bæ 001. Vörðuásinn liggur norðaustur-suðvestur, á merkjum á mótí Högnastaðum ÁR-316. Bræðratunguvegur (359) liggur þvert í gegnum Vörðuásinn og hefur hluti af ásnum verið sprengdur í burtu við vegagerðina. Hér er verið að skrá vörðu sem örnefnið Vörðuás bendir til að hafi verið á ásnum. Ásinn er grasi og mosa vaxinn og sjást nokkur klettabelti á honum.

Ekki sjást nein ummerki um vörðu á ásnum. Hugsanlega hefur grjót úr henni verið notað til þess að hlaða garðinn sem liggur á landamerkjum milli Högnastaða ÁR-316 og Syðra-Sels. Landamerkjagardurinn var skráður árið 2015 í landi Högnastaða (ÁR-316:016). Hlutverk vörðunnar sem eitt sinn stóð á Vörðuási er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel, 1

ÁR-335:010 *Mjólkurleið* frásögn leið

A: 434031 N: 404735

Að sögn Daniels Apeland, heimildamanns, lá leið frá Keldukjafsvaði 012 og til Selsbæjanna (Syðra-Sels 001, og Efra-Sels, ÁR-336:001), um 360 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 280 m vestan við Grafarvað 015. Leiðin kallaðist Mjólkurleið vegna þess að þessa leið var farið með mjólkina á hestvögnum. Móðir heimildamanns, Ástríður



Mjólkurleið 010, horft til norðurs

Danielsdóttir (fædd 1948), man eftir að hafa farið þessa leið með mjólkun ungu að aldri. Golfvöllur sem heitir Selsvöllur er á svæðinu sem leiðin lá yfir. Sjá má margvíslegan trjágróður á svæðinu, einkum á norðurhluta golfvallarins, en hann er minni á suðurhluta vallarins.

Malar- og sandborin leið liggur nálega norðaustur-suðaustur þar sem mjólkurleiðin lá áður og sjást engin

ummerki um hana á yfirborði. Mjólkurleiðin er sennilega horfin vegna vegagerðar og framkvæmda við golfvöllinn. Leiðin var að minnsta kosti 370 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna rask

Heimildir: Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel, 1

ÁR-335:011 heimild um rist

A: 431844 N: 403859

Samkvæmt Guðmundi Böðvarssyni, heimildarmanni var torfrista NNV við Langabug á Litlu-Laxá, 2,1 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 340 m norðvestan við fjárhús 021. Svæðið er mýrlent og erfitt yfirferðar. Þar er grasi vaxið og þýft en flatlent. Ekki sjást nein ummerki um torfristu á svæðinu enda gróðurinn fljótur að vaxa aftur og að endurnýja sig.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel, 1

ÁR-335:012 *Keldukjafsvað* heimild um vað

A: 434270 N: 404500

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Keldukjafsvað'. Daniel Apeland, heimildarmaður, var ekki viss um staðsetningu örnefnisins en taldi líklegt að um væri að ræða eitt af fjórum vöðum sem hann þekkti til á Litlu Laxá. Hélt hann að þetta væri það vað sem er beint niður af Mjólkurleið 010. Vaðið er þá rúmum 680 m suðaustan við bæ 001 á Litlu Laxá, 280 m vestan við Grafarvað 015 og tæpum 280 m austan við vað 024. Á þessum slóðum eru árbakkar Litlu Laxár aflíðandi norðanmegin, en talsvert brattari sunnanmegin og ekki eins grónir.

Litla Laxá er fremur grunn og lygn á þessu svæði og um 30 m á breidd þar sem vaðið var á henni yfir. Moldar- og malarbotn, er í farvegi árinna og hún virðist ekki vera straumhörd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel, 1

ÁR-335:013 *Langabrot* örnefni vað

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Langabrot'. Hvorki Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður fyrir Syðra-Sel né Daniel Apeland, heimildamaður fyrir Efra-Sel könnuðust við örnefnið en nafnið bendir til þess að þetta hafi verið vað á Litlu Laxá. Daniel veit um fjögur vöð á ánni en þekkti ekki til örnefna sem fylgdu þeim. Hann taldi þó líklegt að Grafarvað 015 væri austasta vaðið næst Gröf ÁR-315 og Keldukjafsvað 012 væri vestan við Grafarvað. Tvö ónefnd vöð 024 og 025 eru vestar á Litlu Laxá og hugsast getur að Langabrot sé annað þeirra. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja örnefnið innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel, 1

ÁR-335:014 *Selsvað* heimild um vað

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Selsvað'. Hvorki Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður fyrir Syðra-Sel né Daniel Apeland, heimildamaður fyrir Efra-Sel könnuðust við örnefnið en nafnið bendir til þess að þetta hafi verið vað á Litlu Laxá. Daniel veit um fjögur vöð á ánni en þekkti ekki til örnefna sem fylgdu þeim. Hann taldi þó líklegt að Grafarvað 015 væri austasta vaðið næst Gröf ÁR-315 og Keldukjafsvað 012 væri vestan við Grafarvað. Tvö ónefnd vöð 024 og 025 eru vestar á Litlu Laxá og hugsast getur að Selsvað sé annað þeirra. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja örnefnið innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel, 1

ÁR-335:015 *Grafarvað* heimild um vað

A: 432686 N: 405649

Hvorki Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður fyrir Syðra-Sel né Daniel Apeland, heimildamaður fyrir Efra-Sel könnuðust við örnefnið en nafnið bendir til þess að þetta hafi verið vað á Litlu Laxá. Daniel veit um fjögur vöð á ánni en þekkti ekki til örnefna sem fylgdu þeim. Hann taldi þó líklegt að Grafarvað 015 væri austasta vaðið næst Gröf ÁR-315. Grafarvað er á Litlu Laxá rúmum 830 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 200 m austan við Keldukjafsvað 012,



Traðir 016, horft til norðurs

líklega á leið sem lá að Gröf. Engar leiðir sáust við vaðið á vettvangi eða loftmyndum. Við grasgróna bakka, rétt sunnan við Selsvöll (golfvöllur). Litla Laxá er fremur grunn á þessu svæði og um 20 m á breidd þar sem vaðið var á henni yfir

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Efra-Sel og Syðra-Sel, 1

ÁR-335:016 heimild um traðir

A: 433700 N: 404846

Samkvæmt túnakorti frá 1921 lág vegur frá bæ 001 til suðurs gegnum kálgarð 017. Vegurinn lág um gróna brekku sem hallar mót suðri.

Malarvegur liggur heim að gamla íbúðarhúsi Syðra-Sels (b. 1947) þar sem gamli vegurinn lág áður. Engin ummerki um veginn sjást á yfirborði vegna vegagerðar. Gamli vegurinn sést hins vegar vel á ljósmynd í ritinu Árningsi I og var hann malarborinn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-335:017 heimild um kálgarð

A: 433714 N: 404846

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var kálgarður um 30 m sunnan við bæ 001 og rúmum 105 m suðaustan við útihús 002. Vegur 016 lág yfir miðjan kálgarðinn og skipti honum í tvo jafnstóra hluta. Kálgarðurinn var í aflíðandi og grasivaxinni brekku sem hallar smávægilega til suðurs. Engin ummerki um kálgarðinn sáust á vettvangi. Hann hefur líkast til horfið vegna sléttunar og túnaræktunar.



Kálgarður 017, horft til ASA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921



Túngarður 018, horft til SSV

ÁR-335:018 garðlag túngarður

A: 433494 N: 404817

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var túngarður umhverfis heimatún jarðarinnar. Hann afmarkaði svæði sem var 425x255 m að stærð og sneri norðvestur-suðaustur. Þar segir einnig að norðan var túnið girt af með áveitum. Aðeins sér til túngarðs á vesturhluta núverandi túns, um 215 m vestan við bæ 001 og rúmum 100 m vestan við útihús 002. Rétt sunnan við netagirðingu sem er umhverfis túnin næst bænum. Garðurinn liggur meðfram rótum gróins hóls.

Túngarðurinn er afar veigalítill, og sést sem 0,5 m hár hryggur og er 0,5 m á breidd. Hann er um 45 m á lengd og liggur NNA-SSV. Ekki er ólíklegt að girðing hafi verið á garðinum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-335:019 heimild um myllu

„Á Syðra-Seli var vatnsmylla [...]. Hún var austast í Syðra-Sels engjunum, á norðurbakka Selsvatns, sem er fyrir austan Syðra-Sel. Slétt kringlótt smá flöt er þar, sem myllan stóð og lítill lækur rennur þar hjá í halla niður í vatnið,“ segir í svörum við spurningum um brauðgerð og kornmölun á heimilum í Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands. Hwarki Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður frá Syðra-Sel, né Daniel Apeland, heimildamaður fyrir Efa-Sel könnuðust við örnefnið Selsvatn. Sömuleiðis könnuðust þeir ekki við að hafa heyrt um myllu á svæðinu. Þeir töldu þó hugsanlegt að myllan og vatnið hafi verið þar sem golfvöllurinn er núna. Svæðið þar er ansi blautt og mikið af uppsprettum koma þar upp. Frekari heimilda er þörf til þess að hægt sé að staðsetja mylluna innan við 50 m skekkju.

Heimildir: ÞÞ 62, 7503

ÁR-335:020 garðlag varnargarður

A: 432779 N: 404316

Á örnefnaupprætti Ingimundar Einarssonar er merktur inn varnargarður við lítinn sveig á ánni. Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður, sagði að hlaðið garðlag væri við Litlu Laxá á þessu svæði en sagði það vera skjólgarð fyrir hross. Garðlagið sést sem lágur hryggur, rúmum 1 km suðvestan við bæ 001 og 960 m norðaustan við fjárhús 021. Það er 16 m norðan við árbakkann. Árbakkinn við Litlu Laxá er grasi gróinn og smáþýfður.


Ekki sést neitt hlaðið garðlag við árbakkann en lágur hryggur er á svipuðum stað og varnargarðurinn á örnefnakorti I. E. Hryggurinn er 10 m langur og liggur austur-vestur meðfram ánni. Hann er 1.5 m á breidd og hæð hans er 0.3-0.4 m. Ekki sést neitt í grjóthleðslur í hryggnum og er hann mjög siginn og útflattur. Hann virðist því vera að mestu torfhlaðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Sel og Efra Sel

ÁR-335:021 tóft fjárhús

A: 432088 N: 403630



Teikning af fjárhúsi 021

Á örnefnauppdrætti Ingimundar Einarssonar er ærhús merkt suðvestan við bæ 001, á Selgarðsnesi 005 sem í dag er þekkt sem Langibugur. Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður, sagði að fé hefði verið haft í húsunum í kringum árin 1930/40 til reddinga en þá flæddi áin inn í þáverandi útihús nálægt bænum og því ekki hægt að notast við fjárhúsin. Fjárhúsóft er ofarlega á Langabug, 2 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 960 m suðvestan við varnargarð 020. Langibugur er grasi vaxinn og flatlentur. Svæðið hefur verið ræst fram að einhverju leyti og tún verið ræktuð en tóftirnar hafa fengið að standa.

Fjárhúsóftin er 25x17 m að stærð og snýr nokkurnvegin vestur-austur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en hún er þó mjög gróin og aðeins sést glitta í stöku grjóti í henni. Veggjahæð er 0.3-0.7 m. Tóftin skiptist upp í þrjú hólf. Hólf I er austast í tóftinni og er 7x4 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur eins og tóftin. Hugsanlega er op á

suðurhlið hólfins en það er þó ekki augljóst. Mikið hrun er þá í opinu ef um op er að ræða. Hólf II er vestan við hólf I og er það 9x5 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur og op er á vesturhlið. Hólf III er norðan við hólf II og er 8x4 m að innanmáli. Enginn veggur er á vesturhlið þess og þar gæti því hafa verið timburþil. Veggir tóftarinnar eru allþykkir eða 2-4 m breidd.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Sel og Efra Sel

ÁR-335:022 Þorsteinsþúfa náttúrumin

A: 433608 N: 404832

Að sögn Guðmundar Böðvarssonar, heimildamanns, var Þorsteinsþúfa um 100 m austan við bæ 001 og rúmum 10 m norðan við núverandi fjárhús jarðarinnar (b. 1965). Samkvæmt Guðmundi má slá þúfuna en ekki grafa í hana, því þá myndi bærinn og önnur hús brenna. Á þessum slóðum er óræktað svæði þar sem heyrúllur eru geymdar. Suðvestan við svæðið er lítill trjálundur.

Þorsteinsþúfa er þúst sem er 4x4 m að stærð. Hún er grasigróin og náttúruleg bungu, sem er 0.8 m á hæð. Þorsteinsþúfa sést vel frá bæ 001 og er innan heimatúns eins og það var afmarkað árið 1921.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-335:023 heimild um lög

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: „Laxveiði á jörðin í Litlu Laxá eins og aðrar, sem þar liggja.“ Guðmundur Böðvarsson, heimildamaður, man eftir lögnum við ána en ekki hvar hún var nákvæmlega. Án frekari

upplýsinga er ekki hægt að hnitsetja lögnina innan við 50 m skekkju.

Heimildir: JÁM II, 244

ÁR-335:024 gata vað

A: 433974 N: 404438

Samkvæmt Daníel Apeland, heimildarmanni, var vað á Litlu Laxá neðan við Vökudý, sunnan við bæ 001. Vaðið er á Litlu Laxá, 550 m SSA við bæ 001 og 200 m suðaustan við vað 025

Árbakkar beggja vegna árinna eru lágir. Gróinn vegslóði liggur niður að ánni í landi Hrafnkelsstaða (ÁR-334) en heldur þó ekki áfram yfir ána og í landi Syðra-Sels. Vaðið sést ennþá ágætlega í ánni sem lítið brot skáhallt í ánni, alveg við litla göngubrú sem liggur yfir ána og tilheyrir golfvöllinum. Áin er ekki djúp á þessu svæði og er um 5 m breið.

Hættumat: engin hætta

ÁR-335:025 frásögn vað

A: 433820 N: 404500

Samkvæmt Daníel Apeland, heimildarmanni, var vað á Litlu Laxá beint suður af bæ 001. Á herforingaráðskorti frá 1910 sést að leið ÁR-681:035 hefur legið frá Hrafnkelsstöðum (ÁR-334) yfir að Selja-bæjunum og hefur þetta vað líklega verið á þeirri leið. Leiðin sést ekki lengur. Árbakkinn í landi Syðra-Sels er gróinn og nokkuð hár en í landi Hrafnkelsstaða er bakkinn mun lægri og sandtungur úti í ánni.

Vaðið sést ekki mjög vel lengur en áin er greinilega grynri á þessu svæði en annars staðar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NA

ÁR-335:026 *Borgarás* tóft fjárhús


A: 433873 N: 405462

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Borgarás.' Örnefnið er einnig merkt inn á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar norðan við bæ 001. Borgarás er rúmum 600 m NNA við bæ 001 og þar eru fjórar tóftir 026, 033, 034 og 035. Minjasvæðið sem tóftirnar fjórar eru á er 65x50 m að stærð og snýr norður-suður. Hér er skráð fjárhústóft 026. Tóftin er uppi á Borgarási, austast af tóftunum fjórum, rúmum 610 m NNA við bæ 001 og 35 m austan við 034. Örnefnið bendir til þess að á ásnum hafi verið fjárborg en á svæðinu er aðeins fjárhús en engar sýnilegar minjar um fjárborg.



Fjárhús 026, horft til austurs

Tóftir á Borgarási



Borgarásinn er að mestu grasi vaxinn en þó má greina slitnari gróðurþekju austar á honum. Svæðið þar sem tóftirnar eru er frekar þýft. Mýri og beitarhólf fyrir húsdýr eru sunnan við ásinn en sumarbústaðahverfi er norðan við það.

Tóftin er 16x14 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torf- og grjóthlaðin en mjög gróin svo ekki sést í neitt grjót í henni. Hæð veggja er 0.5-0.7 m og breidd veggja er 2-3 m. Tóftin skiptist upp í fjögur hólf. Hólf I er syðst á Í tóftinni og gæti verið einhversskonar viðbygging við hana eða jafnvel eldri hluti hennar. Kannski hefur þetta hólf ekki verið undir þaki og því veggir þess óverulegri. Hugsanlega hefur það þá verið heystæði. Hólf I er 7x2 m að innanmáli og op er á vesturhlið. Hólf II er norðan við hólf I og er 5x2 m að innanmáli, Op inn í það er einnig á vesturhlið. Hólf III er norðan við hólf II og er 7x3 m að innanmáli. Op er á vesturhlið. Hólf I-III snúa öll vestur-austur. Hólf IV er 7x2 m að innanmáli og snýr norður-suður, ólíkt hinum þremur hólfunum. Það er aftan (austan) við hólf II og III og er líklega hlaða. Ekki sjást nein ummerki um að hún sé niðurgrafin. Nokkuð hrun er úr ytri norðurvegg tóftarinnar. Ekki sjást nein ummerki um jötur eða garða í fjárhúsinu.

Hættumat: hætta, vegna rask

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Sel og Efra Sel

ÁR-335:027 renna áveita

A: 432839 N: 404717

Á örnefnaupprætti Ingimundar Einarssonar er merkt inn örnefnið Vélaáveita í mýrinni norðan við varnargarð 020. Ummerki eftir Vélaáveitu sjást enn á loftmynd en voru ekki heimsóttar á vettvangi sökum þess hve svæðið er erfitt yfirferðar. Áveituskurðirnir eru 870 m vestan við bæ 001 og 250 m norðan við varnargarð 020. Mikið þýfi og kjarr er á svæðinu og það er frekar votlent enda mikið mýrarsvæði.

Þrír skurðir sjást á nýrri loftmynd af svæðinu frá Loftmyndum ehf. Minjasvæðið er 215 x 190 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Einn skurður af þremur liggur norður-suður en tveir vestur-austur, þvert á þann fyrsta. Þeir eru 150-200 m langir. Örnefnið gæti bent til þess að þetta séu vélgrafnir skurðir og því ekki mjög gamlir.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Suðra Sel og Efra Sel

ÁR-335:028 renna áveita

A: 431711 N: 403974


Samkvæmt Guðmundi Böðvarssyni, heimildarmanni, var svæðið ofan við Langabug kallað Áveitur, austan við Launfit. Á þessu svæði sést greinilegur áveituskurður á loftmynd og er hann staðsettur 2 km VSV við bæ 001 og tæpum 450 m norðvestan við fjárhús 021, ofan við Langabug. Mikið þýfi og kjarr er á svæðinu og það er frekar blautt enda mikið mýrarsvæði.

Áveituskurðurinn er 250 m á lengd og snýr vestur-austur. Hann var skráður á loftmynd en ekki heimsóttur á vettvangi sökum erfiðs aðgengis.

Hættumat: engin hætta

ÁR-335:029 Bjarnatættur tóft fjárhús

A: 430710 N: 402942



Samkvæmt Guðmundi Böðvarssyni, heimildarmanni, hét svæðið vestan við Áveitur 028, Launfit og þar, alveg við landamærin við Auðsholt, voru fjárhústóftir sem kallaðar voru Bjarnatættur. Bjarnatættur eru staðsettar rúmum 4 km suðvestan við bæ 001 og 130 m austan við landamærin við Auðsholt. Tóftin er 50 m norðan við Litlu Laxá. Allt í kringum tóftina er blautt mýrarsvæði en þurrt næst tóftinni.

Tóftin er 14x9 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í norðurenda. Hún virðist vera einföld en innanmál hennar mun óljósara en utanmálið og innri brún veggja er aðeins 0,1 m á hæð en ytri brún veggja er 0,2-0,4 M. Innanmál er 10x3 m og hæð veggja að utan er 0.2-0.4. Veggir eru því mjög sokknir í mýrina og tóftin ógreinileg. Ekki sjást neim ummerki um grjót í veggjum og virðist hún hafa verið alveg torfhlaðin.

Hættumat: engin hætta


Teikning af fjárhúsi 029

ÁR-335:030 Lunti tóft fjárhús

A: 434239 N: 405043

Samkvæmt Daniel Apeland, heimildarmanni, er fjárhústóft á Ölfusholti norðan við sumarbústaðabygðina Svanabyggð, rúmum 560 m norðaustan við bæ 001 og 560 m sunnan við tóftirnar á Borgarási (026). Á holtinu eru tvær tóftir 030, 031 og garðlag 032 sem mynda eina minjaheild. Hér er skráð stærsta tóftin, fjárhústóftin Lunti en hún er suðvestast á holtinu, 10 m norðvestan við tóft 031.

Mikil trjárækt er á svæðinu þar sem fjárhústóftin er og mikið af trjám vaxa í veggjum hennar og innan í henni. Mikill gróður er á holtinu og sumarbústaðurinn Svanabyggð 7 er 30 m vestan við hana, neðar á holtinu.



Teikning af fjárhúsi 030

Tóftin er 24x18 m á stærð og snýr nokkurnvegin austur-vestur. Hún er torf- og grjóthlaðin og sést í hleðslur víða í tóftinni, 3-5 umför. Hæð veggja er 0,7-1 m. Tóftin er tvískipt. Hólf I, fjárhúsin, er vestast í tóftinni og er 13x10 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur eins og tóftin og tvö op eru á vesturhliðinni. Tveir garðar eru eftir endilöngum fjárhúsunum og eru um 2 m á milli þeirra. Hvor um sig er 10 m á lengd, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hólf II er niðurgráfin hlaða í austurenda tóftarinnar. Hlaðan er 9x2,5 m að innanmáli og veggir halla mikið inn á við vegna þess hve mikið er hrunið úr þeim. Hólfiið snýr norður-suður og er greinilega niðurgráfið enda mun dýpra en aðrir hlutar tóftarinnar, eða 2-2,5 m á dýpt. Það sést aðeins í hleðslur í vesturvegg, sem skipur á milli fjárhúsa og hlöðu en ekki er sýnilegt op á milli þeirra.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-335:031 tóft fjárhús

A: 434256 N: 405030

Samkvæmt Daniel Apeland, heimildarmanni er fjárhústóft á Ölfusholti norðan við sumarbústaðabyggðina Svanabyggð, rúmum 560 m norðaustan við bæ 001 og 560 m sunnan við tóftirnar á Borgarási (026). Á holtinu eru tvær tóftir 030, 031 og garðlag 032 sem mynda eina minjaheild. Hér er skráð útihústóft 031 sem er 10 m suðaustan við fjárhús 030. Líklega hefur sauðfé verið haft í þessari tóft eins og hinni.

Mikil trjárækt er á svæðinu þar sem tóftin er. Mikill gróður er á holtinu og sumarbústaðurinn Svanabyggð 7 er 30 m vestan við hana, neðar í holtinu.

Norðurhlið tóftarinnar er byggð upp við lítinn hól á holtinu. Tóftin er 10x5 m að stærð og snýr norðaustur-



Fjárhús 031, horft til suðurs

suðvestur. Hún er einföld og innanmál hennar er 7x3 m. Tóftin er mjög gróin og mikil elfting hylur hana nánast alla. Þar af leiðandi var erfitt að sjá veggja hennar greinilega. Hæð veggja er 0.5-0.6 m á hæð en enginn inngangur sést. Tóftin virðist vera að mestu torfhláðin og ekki sjást nein ummerki um grjót í hleðslum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-335:032 garðlag túngarður



Túngarður 032, horft til norðurs

A: 434291 N: 405115

Samkvæmt Daniel Apeland, heimildarmanni, er fjárhústóft á Ölfusholti norðan við sumarbústaðabyggðina Svanabyggð, rúmum 560 m norðaustan við bæ 001 og 560 m sunnan við tóftirnar Borgarási (026). Á holtinu eru tvær tóftir 030, 031 og garðlag 032 sem mynda eina minjaheild. Hér er skráð garðlag 032 og er rúmum 80 m norðaustan við fjárhús 030 og 640 m ANA við bæ 001. Garðlagið liggur þvert yfir gróið og smápýft holtið og í kringum það vex mikið af trjám.


Garðlagið liggur norðvestur-suðaustur, þvert yfir holtið í tveimur hlutum á alls 38 m löngum kafla. Það liggur niður norðvesturhlíð holtisins en hverfur við sumarbústaðabyggðina suðaustan megin. Garðlagið er 2 m breitt og hæð þess er mest

1 m. Það virðist vera að mestu torfhlaðið og ekki sést í neitt grjót í því. Líklega er þetta túngarður sem hefur afmarkað tún í kringum fjárhús 030 og 031 en aðrir hlutar þess eru horfnir sökum sumarbústaðabygðar í holtinu og trjáræktar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-335:033 tóft fjárhús

A: 433836 N: 405407



Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Borgarás.' Örnefnið er einnig merkt inn á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar norðan við bæ 001. Borgarás (sjá 026) er rúmum 600 m NNA við bæ 001 og þar eru fjórar tóftir 026, 033, 034 og 035. Minjasvæðið sem tóftirnar fjórar eru á er 65x50 m að stærð og snýr norður-suður. Hér er skráð tóft 033. Tóftin er uppi á suðvestanverðum ásnum, vestust af tóftunum fjórum, rúmum 550 m NNA við bæ 001 og 65 m norðaustan við 026.

Borgarásinn er að mestu grasi vaxinn en þó má greina slitnari gróðurþekju austar á honum. Svæðið þar sem tóftirnar eru er frekar þýft. Mýri og beitarhólf fyrir húsdýr eru sunnan við ásinn en sumarbústaðahverfi er til norðurs.

Tóftin er 14x7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er torfhlaðin og veggjahæð hennar er 0.3 m. Hún er einföld og innanmál hennar er 7x2 m. Mikið hrun er úr tóftinni niður brekkuna til SSA og hugsanlega er op á þeirri hlið en hann er þá mjög óljós. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en þó má ætla að hún hafi verið notuð sem fjárhús líkt og fjárhústóft 026.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Sel og Efra Sel

Teikning af fjárhúsi 033

ÁR-335:034 tóft fjárhús

A: 433839 N: 405451




Fjárhús 034, horft til suðausturs

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Borgarás.' Örnefnið er einnig merkt inn á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar norðan við bæ 001. Borgarás (sjá 026) er rúmum 600 m NNA við bæ 001 og þar eru fjórar tóftir 026, 033, 034 og 035. Minjasvæðið sem tóftirnar fjórar eru á er 65x50 m að stærð og snýr norður-suður. Hér er skráð tóft 034 sem staðsett er á suðvestanverðum ásnum, á milli tófta 026 og 035, rúmum 590 m NNA við bæ 001 og 35 m austan við 026.

Borgarásinn er að mestu grasi vaxinn en þó má greina slitnari gróðurþekju austar á honum. Svæðið þar sem tóftirnar eru er frekar þýft. Mýri og beitarhólf fyrir húsdýr eru sunnan við ásinn en sumarbústaðahverfi er til norðurs.

Tóftin er 10x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á norðvesturhlið hennar. Veggir eru torfhlaðnir



Teikning af fjárhúsi 034 og 035

og eru 0.2-0.5 m á hæð að utanverðu en hún er grafin inn í brekkuna sem hallar aflíðandi til norðvesturs. Að innan er tóftin um 1,5 m á dýpt og veggir hennar töluvert signir og halla inn á við. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 5x3 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er þetta einhverskonar lítið gripahús, líklega fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Sel og Efra Sel

ÁR-335:035 tóft fjárhús

A: 433834 N: 405438

Í upptalningu örnefna á jörðinni er að finna örnefnið 'Borgarás.' Örnefnið er einnig merkt inn á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar norðan við bæ 001. Borgarás (sjá 026) er rúmum 600 m NNA við bæ 001 og þar eru fjórar tóftir 026, 033, 034, og 035. Minjasvæðið sem tóftirnar fjórar eru á er 65x50 m að stærð og snýr norður-suður. Hér er



Fjánhús 035, horft til suðausturs

skráð tóft 033. Tóftin er uppi á suðvestanverðum ásnum, rúmunum 580 m NNA við bæ 001 og 30 m norðan við 033.

Borgarásinn er að mestu grasi vaxinn en þó má greinaslitnari gróðurþekju austar á honum. Tóftasvæðið er frekar þýft. Mýri og beitarhólf fyrir húsdýr eru sunnan við ásinn en sumarbústaðahverfi er til norðurs.

Tóftin er að mestu grafín inn í brekkuna sem hallar aflíðandi til norðvesturs og ekki sjást neinar hleðslur að utan nema við innganginn á norðvesturhlíð. Þær hleðslur eru úr torfi og eru 0.2 m á hæð. Tóftin er 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og innanmál er 8x3,5 m. Innanmál tóftarinnar er niðurgrafið um 1,5 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt um er að ræða lítið gripahús, líklega fjánhús.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Sel og Efra Sel

ÁR-335:036 *Keleríslaut* frásögn

A: 433510 N: 404735

Samkvæmt Guðmundi Böðvarssyni, heimildamanni, var Keleríslaut um 240 m VSV við bæ 001 og um 80 m sunnan við túngarð 018. Ofarlega á grónum hólum sem komið er að stórum hluta undir tún. Vírgirðing liggur norðaustur-suðvestur þvert fyrir miðju hólsins.

Lautin sést illa fyrir en að henni er komin. Þá er hún nokkuð greinileg, 12x4 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er 0,4-0,8 m djúp með nokkuð aflíðandi bakka.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-335:037 frásögn mógrafir

A: 431631 N: 403606

Samkvæmt Guðmundi Böðvarssyni, heimildarmanni voru mógrafir VNV við Langabug og fjánhús 021. Mógrafirnar voru 2.4 km suðvestan við bæ 001 og rúmunum 450 m vestan við fjánhús 021. Svæðið er fremur blautt og erfitt yfirferðar. Það er smáþýft og flatlent.

Ekki sást nein ummerki um mógrafir á svæðinu en óvíst er af hverju þær eru horfnar. Hugsanlega hafa þær sigið saman og horfið í gróður

Hættumat: engin hætta

ÁR-336 Efra-Sel

Sögulegar heimildir

1686: 20 hdr., Skálholtsbiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1695: 20 hdr., Skálholtsbiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 109.

1709: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsbiskupseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 245. Í sama riti segir: „Þessi tvö Sel liggja samtýnis, eru þó tvær jarðir frá elstu tíð aðskildar að bæjum og skift túnnum og engjum, sem þó liggja hvert við annað og hefur óefað í gamallri tíð ein jörð verið, og eru munnmæli, að Gröf hafi þetta land átt í fyrstu.“

1847: 30^{1/3} hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 68.

Jarðarítök 1709: „Laxveiði á jörðin í Litlu Laxá eins og aðrar, sem þar viðliggja.“ JÁM II, 245.

Landkostir

1921: Tún 4,2 ha, um 2/3 slétt. Matjurtagarðar 11,9 ha.

„Jörðin er meðaljörð að landrými og meirihluti landsins er mýrlendi. Allt landið er grasi vaxið, og mjög grasgefið. Engjar voru ágætar, en vildu blotna í votviðrum. Sumarhagar mjög góðir, en vetrarþeir léleg. Nokkurt þurrlendi er til ræktunar og ræktunarskilyrði góð, en aðallega á þurrkuðu landi,“ segir í SB I, 301.



Kort þar sem búið að er varpa túnakorti jarðarinnar yfir loftmynd af svæðinu

ÁR-336:001 *Efra-Sel* bjarstæði býli

A: 433772 N: 404923

Bærinn í Efra-Seli er merktur inn vestarlega í heimatúninu á túnakort frá 1921. Í ritinu Árneseingum I er ljósmynd frá árinu 1912 af fallegu timburhúsi. Byggt var steinsteyppt íbúðarhús árið 1953 litlu sunnan við timburhúsið, í suðurjaðri bæjarhólsins og fékk gamla húsið að standa eitthvað lengur. Timburhúsið hefur nú (2018) verið rífið en lágur hóll sést enn á svæðinu. Þar er einnig húsgarður á milli tveggja eystri íbúðarhúsa Efra-Sels. Suðurhluta bæjarhólsins hefur verið rutt út þegar malarheimreið var lögð sunnan við hólinn, sem liggur vestur-austur í átt að nýrri íbúðarhúsum vestar á svæðinu.



Bæjarhóll Efra-Sels 001, horft til NNV

Bæjarhóllinn er á milli tveggja íbúðarhúsa Efra-Sels þar sem nú er húsgarður og malarheimreið. Trjáreitir er á vesturhluta hans.

Á háhól bæjarhólsins stendur nú (2018) ekkert hús hús en í norður, suður og vestur jöðrum hans standa nýrri íbúðarhús. Því má ætla að bæjarhóllinn sé að miklu leyti óraskaður, fyrir utan suðurhluta hans sem rutt var út. Þó má ætla að ýmiss konar rask á síðustu öld hafi ef til vill raskað yngstu minjunum efst á hólnum. Sá hluti bæjarhólsins sem enn sést er 18x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Hóllinn er um 1 m á hæð en þó er erfitt að áætla hæð hans nákvæmlega vegna rasksins á suðurhlíð og gæti hann því verið hærri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árneseingar I, 517-523

ÁR-336:002 heimild um traðir

A: 433783 N: 404916

Á túnakorti frá 1921 er merktar traðir sem lágu til suðurs frá bæ 001 Traðirnar hafa legið á svipuðum stað og núverandi heimreið liggur upp að íbúðarhúsunum. Heimreiðin er malarvegur sem liggur upp brekkuna til norðurs að núverandi íbúðarhúsum.

Ekki sjást nein ummerki um hlaðnar traðir á svæðinu og ef slíkar hafa verið á þessum stað eru þær horfnar undir núverandi heimreið.



Túngarður 003, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-336:003 heimild um túngarð

A: 433694 N: 404936

Á túnakorti frá 1921 afmarkar túngarður suður- og vesturhluta heimatúns Efra-Sels. Á túnakortinu stendur skrifað: „[...] girt að sunnan með nýgírðingu, en að norðan girða áveitur [sjá 004].“ Tún Efra-Sels og Syðra-Sels lágu saman að vestan en að sunnan lá hann á svipuðum stað og heimreiðin niður að bæjunum tveimur liggur nú.

Íbúðarbyggð, golfvöllur og svæði fyrir ferðafólk er nú á stórum hluta gamla heimatúnsins. Nýbýlin Borgarás 1 og 2 eru í austurhluta túnsins.

Ekki sjást nein ummerki um túngarð umhverfis heimatúnið. Landnotkun á svæðinu hefur breyst mikið frá 1996 þegar búskap var hætt og byrjað var að starfrækja ferðaþjónustu á landinu. Líklega hafa garðarnir verið ruddir út og sléttaðir á einhverjum tímamarki en vera má að leifar þeirra leynist einhverstaðar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-336:004 heimild um áveitu

A: 433697 N: 404976

Á túnakorti frá 1921 afmarkar túngarður 003 suður- og vesturhluta heimatúns Efra-Sels. Á túnakortið er skrifað: „[...] girt að sunnan með nýgírðingu [sjá 003], en að norðan girða áveitur.“ Áveita var rúmum 90 m norðan við bæ, og afmarkaði heimatún bæjarins að norðanverðu. Svæðið norðan við heimatúnið er nú að mestu undirlagt golfvelli en á milli golfbrauta sjást þýfð náttúruleg svæði.

Ekki sjást nein ummerki um áveituskurði né garðlög á svæðinu vegna þess rasks sem hefur átt sér stað á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-336:005 *Efrasels Áveitur* garðlag áveita

A: 432431 N: 404512

Á örnefnaupprætti Ingimundar Einarssonar eru 'Efrasels Áveitur' merktar vestan við bæ 001. Uppdrátturinn er ekki í réttum hlutföllum; því er staðsetning áveitunar ekki nákvæmlega merkt inn á uppráttinn. Áveitugarður sést enn 1,4 km bæ 001. Garðlagið liggur um sléttuð tún, milli tveggja völdugra framræsluskurða.



Dý 006, horft til NNV

Garðlagið liggur nálega norður-suður og er 640 m á lengd. Það er torfhláðið og eru hleðslur signar, 0,2-0,4 m á hæð og 0,5 m á breidd. Garðurinn endar við djúpa framræsluskurði til beggja enda. Ekki sáust fleiri mannvirki á yfirborði sem tengjast áveitugarðinum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Syðra Sel og Efra Sel

ÁR-336:006 Dý frásögn vatnsból

A: 433812 N: 404759

Samkvæmt Daniel Apeland, heimildamanni, var vatnsból sunnan við bæ 001 sem kallaðist Dý. Vatnsbólið var notað löngu áður en móðir Daniels, Ástríður (f. 1948), fæddist en hætt var að nota það árið 1980. Vatnsbólið er rúmum 160 m SSA við bæ 001 upp við golfvöll innan jarðarinnar, sunnan við veginn. Daniel vissi ekki hvort að þarna hafi verið hlaðinn brunnur á einhverjum tímapunkti. Stór skógarreitir er á svæðinu þar sem vatnsbólið var.

Ekki sjást nein ummerki um vatnsból á svæðinu, hvorki mannvirki né votlendi. Líklega hefur verið fyllt upp í það þegar notkun var hætt í kringum 1980 eða þegar golfvöllurinn var byggður.

Hættumat: engin hætta

ÁR-336:007 heimild um fjós

A: 433770 N: 404927

Á túnakorti frá 1921 segir: „Vatnsból [010] í fjósinu.“ Engin útihús eru sýnd á túnakortinu og má því ætla að fjósið hafi verið sambyggt bæjarhúsunum og vatnsból 010 hafi verið inni í fjósinu. Samkvæmt Daniel Apeland, heimildarmanni koma upp mikið litlum vatnsbólum eða uppsprettum á svæðinu og því greinilegt að uppspretta vatns er mikil á jörðinni. Líklega hefur einhver vatnsuppspretta verið innan fjóssins árið 1921. Á ljósmynd af timburhúsinu á bæjarhólnum frá 1912 sem birt er í ritinu Ánesingar I sjást einhverjar grjóthlaðnar byggingar við sitthvorn endann á húsinu en þær eru þó mjög ógreinilegar. Önnur þeirra gæti verið fjósið sem nefnt er á túnakortinu.

Bæjarhóllinn er á milli tveggja íbúðarhúsa Efra-Sels þar sem nú er húsgarður og malarheimreið. Trjáreitir er í



Mógrafir 008, horft til austurs

vesturhluta hans.

Ekki sjást nein ummerki um fjósið lengur en öll hús á bæjarhólnum hafa verið rifin en nýleg íbúðarhús byggð í jaðri hans. Suðurhluta bæjarhólsins hefur verið rutt út en líklega er að finna heillegar minjar annarsstaðar á honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnésingur I, 518

ÁR-336:008 frásögn mógrafir

A: 433547 N: 405387

Að sögn Daniels Apeland, heimildamanns, voru mógrafir 510 m NNV við bæ 001 og rúmum 280 m suðvestan við áveitu 011. Á þessum slóðum er trjágróður með gróskumikinn botngróður, rétt vestan við golfvöllinn Selsvöll. Engin ummerki um mógrafir sást á vettvangi.

Hættumat: engin hætta

ÁR-336:009 renna áveita

A: 433896 N: 404506



Áveita 009, horft til norðausturs

Áveituskurður er við Litlu Laxá, tæpum 440 m suðaustan við bæ 001 og tæpum 80 m austan við vað ÁR-335:025. Árbakkinn er þýfður og grasi vaxinn en austan við hann er golfvöllur. Víða við goföllinn er trjágróður.

Áveituskurðurinn liggur norðaustur-suðvestur í átt að Litlu-Laxá en endar 6 m frá henni. Hann er ekki alveg beinn heldur hlykkjast nokkuð um svæðið. Hann er 26 m á lengd og 0.5 m á breidd. Dýpt hans er 0.3-0.5 m. Líklega hefur skurðurinn verið grafinn til þess að veita vatni úr ánni til austurs. Skurðurinn er dýpri í norðausturhlutanum, fjær ánni, og hefur vatnið verið leitt í þá átt. Landnotkun á svæðinu hefur breyst mikið en þarna er nú

golfvöllur og erfitt að segja hvernig landnotkun var þar áður fyrr.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

ÁR-336:010 heimild um vatnsból

A: 433768 N: 404926

Á túnakorti frá 1921 segir: „Vatnsból í fjósinu [007]“ Engin útihús eru sýnd á túnakortinu og má því ætla að fjósið hafi verið sambyggt bæjarhúsunum og vatnsból hafi verið inni í fjósinu. Samkvæmt Daníel Apeland, heimildarmanni, koma upp margar uppsprettur á svæðinu og því greinilegt að uppspretta vants er mikil á jörðinni. Líklega hefur verið einhver vatnssuppspretta verið innan fjóssins árið 1921. Á ljósmynd af timburhúsinu á bæjarhólnum frá 1912 sjást einhverjar grjóthlaðnar byggingar við sitthvorn endann á húsinu en þær eru þó mjög ógreinilegar. Fjósið með vatnsbólínu gæti hafa verið í öðru þeirra.

Bæjarhóllinn er á milli tveggja íbúðarhúsa Efra-Sels þar sem nú er húsgarður og malarheimreið. Trjáreitir er í vesturhluta hans.

Ekki sjást nein ummerki um vatnsbólið lengur en öll hús á bæjarhólnum hafa verið rifin en nýleg íbúðarhús byggð í jafri hans. Líklega hefur verið fyllt upp í vatnsbólið þegar fjósið var rífið. Suðurhluta bæjarhólsins hefur verið rutt út en líklega er að finna heillegar minjar annars staðar á honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-336:011 garðlag áveita

A: 433726 N: 405605

Garðlag er um 670 m norðan við bæ 001 og rúmum 200 m suðvestan við Borgarás. Garðlagið liggur í gegnum flatlendi sem búið er að ræsa fram að stórum hluta.



Áveita 011, horft til norðurs

Garðlagið liggur nálæga norður-suður og sést á 150 m löngum kafla. Það er torfhláðið, 0,5-0,8 m á hæð og 0,5 m á breidd. Þæla sést rétt austan við garðlagið. Rof er á garðlaginu norðarlega þar sem malarvegur liggur nálæga austur-vestur í gegnum garðinn. Til norðurs fjarar garðlagið út rétt sunnan við Hvítárhóltsveg 3445 og til suðurs hverfur það við enda golfplatnar á Selsvelli.

Hættumat: hætta, vegna rasks

ÁR-336:012 tóft beitarhús

A: 434168 N: 405823

Beitarhús er merkt inn á herforingaráðskort frá 1910, tæpum 950 NNA við bæ 001 og um 45 m VSV við Vörðuás

ÁR-335:009. Beitarhúsið er ofarlega á ásnúm. Tóftin er á grasríku svæði, rétt norðan við sumarbústaðabyggð.

Tóftin er 24x16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er þrískipt og er op á henni á vesturhluta hennar til norðvesturs. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og eru þeir 0,5-0,8 m á hæð, hæstir til suðurs. Tóftin er mikið mjög vallgróin en hægt er að telja 2-3 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum. Austasta hólfið (1) er 0,5 m djúp hlaða, 4x4 m að innanmáli. Vestan við hlöðuna eru sjálf fjárhúsin sem skiptast í tvö hólf (2 og 3) sem bæði snúa norðaustur-suðvestur: syðra hólfið er 12x4 m að innanmáli, en hið nyrðra er 10x6m að innanmáli. Í því miðju er 8x0,5 m stór garði greinilegur. Hann er grjóthlaðinn og sjá má 1-2 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 0,4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NA



Beitarhústóft 012, horft til norðurs

ÁR-337 Hvítárholt

Sögulegar heimildir

1709: „Hvítárhollt hjet hjáleiga við Hvítá í Ísabakka landi öðru nafni kallað Árnakot, hefur nú í auðn legið undir 20 ár, þar fyrir bygt með kippum og lengi í eyð þess á milli, yrsta bygðin er annars fyrir manna minni,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 263.

1847: 26 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 68.

Aðrir bústaðir á jörðu: Másstaðir (ÁR-337:012), samkvæmt Árbók 1972, 10–80.

Jörðin er einnig nefnd Árnakot, e.g. JÁM II, 263.


Í Landnámu segir: „Brondólfur ok Már Naddoddssynir ok Jórunnr, dóttir Olvis barnakarls, kónu til Íslands snemma landsbyggðar; þeir námu Hrunamannahrepp, svá vítt smem votn deila [...]. Már bjó á Másstöðum.“ ÍF I, 382–383.

Landkostir


1921: Tún 4,2 ha, allt slétt. Matjurtagarðar 21,72 ha.

1709: „Ekki er þetta kot aftur byggilegt, því túnið er komið í hrjóstur, þrengir og að jörðunni, ef aftur byggjast skyldi,“ segir í JÁM II, 263.

„Jörðin er að landrými vel meðaljörð. Landið er allt mjög grasfeið og varla lófastór blettur, svo ekki sé hann kafloðinn. Engjalönd eru frábær, bæði starengi og sléttar vallendisflatir á Hvítárbökkum. Sumarhagar eru með ágætum, en vetrarþeig léleg á skjóllausu flatlendi [...]. Ræktunarland er gott á þurrum árbökkum og framræstum mýrum,“ segir í SB I, 308



Kort þar sem búið að er varpa túnakorti jarðarinnar yfir loftmynd af svæðinu



Hvítárholt um 1920 (Árnesingar I, 529)

Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1921 í miðju heimatúninu. Í ritinu Árnesingar I er bæjarhúsum í Hvítárholti lýst af Helga Eyjólfssyni sem var þar í sveit um 1920: „Magnús [Magnússon f. 1851] og Guðríður [Einarsdóttir f. 1851] bjuggu í norðurendanum á baðstofunni, sem var þiljaður af Heimili Þórðar [Magnússonar f. 1884] og Margrétar [Sigurðardóttur f. 1883] var svo í hinum endanum. Það var þriggja og hálfis rúms lengd, lengdin á baðstofunni sem þau höfðu. Ég man að það voru þrjú rúm hvert aftur af öðru og svo eitt þversum, sem hún Þóra gamla hafði. Þegar ég var þarna í sveit í Hvítárholti voru eldhúsin tvö, gamla eldhúsið og nýja eldhúsið, raunar moldargólf á



Bæjarhóll Hvítárhólts 001, horft til suðvesturs

baðum og sðeins hlóðir í gamla eldhúsinu, sem var að öðru leyti torfhús. Guðríður eldaði alltaf á hlóðum í gamla eldhúsinu. Undir stofunni var kjallari úr grjóti. Þar geymdi Magnús kjötið heila árið. Það var alveg jafn gott að hausti.“

Í ritinu Árnesingar I má einnig sjá gamla ljósmynd af Hvítárholti. Þar sjást sex hús í röð sem eru sambyggð, torf- og grjóthlaðið mannvirki vestast (líklega, frekar en austast), þar næst timburhús með tveimur stöfnum (íbúðarhúsið) og þrjú útihús austast með torf- og grjóthlaðna veggj en timburþil að framan og timburþak. Að húsabaki sést annað timburhús en einnig torf- og grjóthlaðinn gangabær á milli timburhúsanna. Líklega er þessi ljósmynd tekin í kringum árið 1940 því húsin eru lík þeim er sjást á vatnslitamynd eftir Ingimund Einarsson sem máluð er um það leyti. Á málverki af bænum frá árinu 1920 sem einnig er að finna í ritinu Árnesingar, eru sömuleiðis 6 bæjarhús og það vestasta (líklega frekar en austasta) torf-og grjóthlaðið en en hin með timburstafna og þök. Framan við húsin er heljarstór kálgarður (026). Samkvæmt þessu samansafni af ljósmyndum og málverkum af bæjarhúsunum má ætla að stafnar húsanna hafi líklega vísað mót suðri, Þetta er sérstaklega skýrt þegar málverkið frá 1920 er skoðað en þar virðist Hvítá renna aftan við bæjarhúsin en Hvítá rennur einmitt norðan við gamla heimatúnið. Uppröðun húsa á túnakortinu bendir til þess að bæjarhlaðið hafi verið sunnan við bæinn. Árið 1951 var steinsteypt íbúðarhús byggt á bæjarhólnum og þá voru gömlu húsin líklega rifin.

Þrjú steypt hús, íbúðarhús, fjós og hesthús, standa nú (2018) á bæjarhólnum en á milli þeirra er grasi vaxið svæði ásamt malarheimreið og plani. Trjágarður er sunnan við núverandi íbúðarhús.

Ekki sjást nein ummerki um bæjarhólinn og hefur hann líklega verið sléttaður niður að mestu leyti þegar gömlu húsin voru rifin. Hugsast má þó að einhverjar mannvistarleifar gamalla bæjarhúsa leynist óraskaðar undir sverði, þá sérstaklega á svæðinu milli íbúðarhússins og útihúsanna.



Draugapyttur 005, horft til VNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnésingar I,527-529

ÁR-337:002 heimild um útihús

A: 432718 N: 405739

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 160 m austan við bæ 001 og rúmum 20 m sunnan við Hvítárholtssveg 3445. Þar sem útihúsið var eru nú ræktuð tún. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði og hefur það líklega horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337:003 heimild um útihús

A: 432400 N: 405686

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 160 m vestan við bæ 001 og tæpum 10 m norðan við útihús 004, rétt norðan við Hvítárholtssveg (3445) þar sem hann liggur áfram til vesturs frá íbúðarhúsinu. Útihúsið var sambyggt innanverðri vesturhlið túngarðs 017. Þar sem útihúsið var eru nú gömul tún og grænmetisbeð. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði; trúlega horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337:004 heimild um útihús

A: 432397 N: 405670

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús rúmum 165 m vestan við bæ 001 og um 10 m sunnan við útihús 003, rétt norðan við Hvítárholtssveg (3445) þar sem hann liggur áfram til vesturs frá íbúðarhúsinu. Útihúsið var sambyggt innanverðri vesturhlið túngarðs 017. Þar sem útihúsið var eru nú gömul tún og grænmetisbeð. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði; ugðlaust horfið vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337:005 *Draugapyttur* örnefni draugur

A: 430099 N: 405152

„Draugapyttur, djúpur pyttur í árbaka við veginn milli Hvítárholtss og Auðsholtss,“ segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við örnefnaskrá segir: „Draugapyttur er í svonefndri Hámelaleyri svo sem 1-200 m frá Hvítá. Þar rétt hjá var hlaðinn skjólgarður [sjá 006], sem lengi stóð. Sagt var, að barni hafi einn sinn verið drekkt þar.“ Draugapyttur er rúmum 2,5 km VSV við bæ 001 og rúmum 55 m suðaustan við garðlag 006. Draugapyttur er norðvestarlega í sléttuðu túni, rétt sunnan við malarveg sem liggur gegnum norðurenda túnsins.

Enginn ummerki um pytt sjást á yfirborði, líkast til hefur verið fyllt upp í hann og er hann kominn undir sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hvítárholt, 1; Ö-Hvítárholt Viðb., 1

ÁR-337:006 garðlag

A: 430044 N: 405163

„Þar rétt hjá [Draugapytt, 005] var hlaðinn skjólgarður, sem lengi stóð,“ segir í örnefnaskrá. Skjólgarðurinn var um 2,4 km VSV við bæ 001 og tæpum 55 norðvestan við Draugspytt 005. Skjólgarðurinn var mitt á milli Hvítár og norðvesturhluta sléttað túns. Engin ummerki um garðlag sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvítárholt Viðb, 1

ÁR-337:007 heimild um rist

A: 431791 N: 405314

„Reiðingsrista var í mýrinni suður af Holtinu. Þar var rist torf til einangrunar í þak fjóssins sem byggt var 1949-50,“ segir í viðbótum við örnefnaskrá. Ristustaðurinn er um 880 m VSV við bæ 001 og rúmum 150 m norðvestan við beitarhús 025. Torf var rist á svæði sem er búið er að slétta og ræsa fram. Svæðið er nú (2018) milli tveggja djúpra áveituskurða. Merki um torfristu sjást ekki á yfirborði, enda slík ummerki iðulega fljót að gróa aftur.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hvítárholt Viðb., 2

ÁR-337:008 *Miðveita* renna áveita

A: 433547 N: 405387

Í viðbótum við örnefnaskrá Hvítárholtis segir: „Áveitur, sem nú eru niður lagðar, voru víðáttumiklar. Hólfín höfðu flest fengið nafn. Efsta hólfíð, næst Stekkjardælu [ÁR-337b:004], hét Rimi. Næsta fyrir framan nefnt Miðveita, síðan Vélaveita, þá Kvíar og Fremstaveita.“ Hólfín í áveitunni sem hér eru talin upp eru teiknaðar á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar frá 1940, sunnan við bæ. Á túnakorti frá 1921 er áveita merkt suðaustan við bæ 001. Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildamanni, var áveitan 400–500 m sunnan við bæ 001. Svæðið er að mestu ræktað og nýtt undir ýmiss konar grænmetisrækt eða búfjárbæit.

Áveituskurðirnir voru skráðir af loftmynd en svæðið en lítil ummerki eru um þá á jörðu niðri. Minjasvæðið er 490x180 m að stærð og snýr VSV-ANA. Þar sjást átta skurðir, tveir þeirra liggja VSV-ANA, fimm liggja NNV-SSA og einn nálega norður-suður. Síðastnefndi skurðurinn sést nú aðeins að hluta en samkvæmt örnefnauppdrætti Ingimundar Einarssonar lá hann alla leið upp að Hvítá og veitti vatni inn á áveitusvæðið. Samkvæmt uppdrættinum var áveitusvæðið allt samtengt en í dag hefur svæðinu verið umturnað og stór vélgrafinn skurður skiptir því upp í tvö svæði. Skurðirnir eru mislangir, allt frá 65 m til 240 m.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hvítárholt Viðb., 2; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps- Hvítárholt; túnakort 1921

ÁR-337:009 *Nátthagi* heimild um kvíar

A: 432648 N: 405759

Í viðbótum við örnefnaskrá Hvítárholtis segir: „Nyrzt hafði verið gert gerði ásamt fjárrétt, sem Náthagi hét, þar sem mjólkaðar voru kvíær. Heitir sá blettur í túni svo enn.“ Guðmundur Geir Sigurðsson, heimildarmaður, man ekki eftir hlöðnum gördum á svæðinu en man að traðir 024 skiptu túninu upp í tvö hólf sem oftast voru kölluð Náthagi að austan og Leynir að vestan. Náthagi var rúmum 90 m norðan við bæ 001. Túnið norðan við bæ hefur allt verið ræktað upp og sléttað. Engin ummerki sjást lengur um nátthagann né réttina og hefur garðlögum verið rutt niður og þau sléttuð í túnin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hvítárholt Viðb., 2

ÁR-337:010 *Lambeyrar* heimild um fjárskýli

A: 431096 N: 405413

Í viðbótum við örnefnaskrá Hvítárholtis segir: „Í Hvítá eru svonefndar Lambeyrar tilheyrandi Hvítárholti. Þar voru áður fyrr höfð fráfernálömb, og bera leifar af skjólgarði merki um það. Nú hefur áin brotið hluta af þeim.“ Örnefnið 'Lambeyrar' er merkt vestan við bæ 001 inn á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Lambeyrar eru suðaustasta stórum hólma úti í Hvítá, 1.5 km vestan við bæ 001. Syðst á hólmanum eru miklir sandbakkar en norðar er hann kjarri

og grasi vaxinn. Mikið rof er í bökkum og brýtur áin að öllum líkindum af bökkum hólman á hverju ári.

Ekki reyndist unnt að komast út á Lambeyrar. Horft var yfir svæðið af suðurbakka Hvítár og loftmyndir skoðaðar en ekki sáust nein ummerki um skjólgarð eða aðrar minjar á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Hvítárholt Viðb, 3; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps- Hvítárholt

ÁR-337:011 heimild um vað

„Gamalt vað er nokkru ofar á ánni á Kópsvatnseyrum [í landi Kópsvatns], en einnig er vað á ánni niður undan þessum stað [012], sem vel má hafa verið nothæft í fornöld,“ segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1972. Vað hefur verið á Hvítá ánni neðan við bæjarstæði 012, þar sem grafir voru upp 10 mannvirki frá landnámsöld. Vaðið var á Hvítá rúmum 520 m norðvestan við bæ 001 og 490 m norðan við bæjarstæði 012. Sendnir bakkar eru beggja vegna Hvítár og miklar eyrar, sérstaklega við norðurbakkann.

Ekki sjást nein ummerki um vaðið en líklega hefur svæðið breyst mikið í aldanna rás vegna framburðar í ánni. Óvíst er á hvaða leið þetta vað var en það gæti hafa verið leið frá bæjarstæði 012 til annarra bæja norðan við Hvítá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1972, 64

ÁR-337:012 *Másstaðir* tóftir býli

A: 432184 N: 405350

Fornar rústir fundust við uppgröft á aflöngum hrygg, um 600-800 m löngum, vestan við bæ 001. Fornleifauppgröfturinn fór fram á árunum 1963-7 á vegum Þjóðminjasafn Íslands undir stjórn Þórs Magnússonar og birtist uppgraftarskýrsla í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1972. Í þeirri skýrslu er talið að þarna hafi verið grafnar upp leifar Másstaða sem nefndir eru í Landnámu. Minjarnar voru um 510 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 40 m norðan við fjárhús 014. Minjarnar voru uppi á grónni hæð nærri bökkum Hvítár sem búið er að slétta og rækta í tún.



Másstaðir 012, horft til norðausturs

Engin ummerki um býlið eða ummerki um uppgröftinn sjást á yfirborði. Búið er að grafa upp öll mannvirk em tilheyrðu bænum eins og fram kemur í uppgraftarskýrslunni í Árbók 1972, og fylla aftur upp og slétta yfir. Ekki er því mikils að vænta af mannvistarleifum undir sverði, þó að eftirleitir með aðferðum fornleifafræðinnr sem notaðar eru í dag gætu hugsanlega skilað einhverjum nýjum upplýsingum.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Fjánhús 014, horft til austurs

Heimildir: Árbók 1972, 10-80

ÁR-337:013 heimild um fjánhús A: 432145 N: 405331
„Fjánhús hafa lengi verið vestantil á Holtinu og vottaði fyrir gömlum garðlögum [018] í nágrenni þeirra,“ segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1972. Fjánhúsin voru um 550 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 45 m suðvestan við Fornleifastykki 012. Fjánhúsin voru ofarlega á grónni hæð sem búið er að slétta og rækta tún
Engin ummerki um fjánhús sjást á yfirborði. Mjög sennilega horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Árbók 1972, 10

ÁR-337:014 heimild um fjánhús A: 432190 N: 406309
„Austan til [á Holtinu] voru einnig fjárhústættur, ekki gamlar þó, og virðist ekki hafa staðið þar hús áður,“ segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1972. Fjánhúsin voru um 535 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 40 m sunnan við Fornleifastykki 012. Fjánhúsið var neðarlega á grónni hæð þar sem er lítill og ílangur trjálundur. Engin ummerki um fjánhús sjást á yfirborði. Líkast til horfinn vegna sléttunar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Árbók 1972, 10

ÁR-337:015 frásögn brunnur A: 432692 N: 405648
Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildarmanni, var brunnur tæpum 70 m suðaustan við bæ 001, á milli núverandi íbúðarhúss og vélageymslu. Þessi brunnur var notaður fyrir 1960 en þá var grafinn nýr brunnur við bakka Hvítár. Ekki fylgdi sögunni hvort brunnurinn hafi verið hlaðinn. Svæðið er grasi vaxið og beitarhólf hesta er rétt sunnan við það. Ekki sjást nein ummerki um brunninn og er líklegt að fyllt hafi verið upp í hann þegar hann var tekinn úr notkun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árbók 1972, 64

ÁR-337:016 frásögn mógrafir A: 432904 N: 405585
Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildarmanni, voru mógrafir í mýrinni 290 m suðaustan við bæ 001,



Mógrafir 016, horft til austurs

rúmum 90 m utan við heimatúnið. Svæðið hefur allt verið ræktað undir tún og nú (2018) eru þau nýtt undir grænmetisrækt. Ekki sjást nein ummerki um mógrafir á þessu svæði og hafa þær verið sléttaðar og fyllt upp í þær þegar túnin voru rækтуð á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

ÁR-337:017 heimild um túngarð

A: 432390 N: 405681

Á túnakorti frá 1921 afmarkaði túngarður heimatún Hvítárholts. Á kortinu kemur eftirfarandi fram: „girt og varið með görðum og áveitum [020].“ Garðurinn afmarkað aðeins vesturhlíð túnsins og til norður afmarkaði Hvítá túnið. Óvist er hvað afmarkaði til annarra átta en sennilega voru þar náttúrulegar afmarkanir og áveitur. Útihús 003 og 004 sambyggð garðinum. Og á suðvesturhorni túngarðsins var gerði 019 sambyggt garðinum. Garðurinn lá meðfram mishæðóttu túni, rétt sunnan við árbakka Hvítárinnar. Engin ummerki um túngarð sáust á yfirborði. Líkast til er hann horfinn vegna túnasléttunnar

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337:018 heimild um

A: 432071 N: 405325

"Fjánhús [013] hafa lengi verið vestantil á Holtinu og vottaði fyrir gömlum garðlögum í nágrenni þeirra," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1972. Garðlögin voru um 620 suðvestan við bæ 001 og tæpum 25 m vestan við fjánhús 013. Garðlögin voru í sléttu og fremur flatlentu túni sem enn er í rækt. Engin ummerki um garðlög sjást á yfirborði í túninu og má ætla að þau séu horfin vegna túnasléttunnar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Árbók 1972, 10



Minjastaður 019, horft til suðvesturs

ÁR-337:019 heimild um óþekkt

A: 432404 N: 405451

Á túnakorti frá 1921 er einhvers konar gerði, líklega rétt, merkt um 300 m suðvestan við bæ 001 og rúmunum 230 m sunnan við útihús 004. Gerðið var sambyggt utanverðri vesturhlið túngarðs 017. Þar sem gerðið var liggur nú malarvegur meðfram Holtinu og Fornleifastykki 012. Svæðið í kringum malarveginn er grasi vaxið og neðan við hann er grænmetisrækt. Ekki sjást nein ummerki um gerðið né túngarð 017 og má ætla að það hafi verið rífið niður og sléttað þegar tún var ræktað upp á svæðinu og vegurinn lagður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337:020 heimild um áveitu

A: 432593 N: 405526

Á túnakorti frá 1921 segir að túnið hafi verið „girt og varið með görðum [017] og áveitum.“ Líklega hefur áveituskurður verið meðfram túninu suðaustanverðu en garðlag að vestan, 100 m suðaustan við bæ 001. Svæðið suðaustan við gamla heimatúnið hefur nú verið ræktað upp og á því er umfangsmikil grænmetisrækt. Ekki sjást nein ummerki um áveituskurði í jaðri gamla heimatúnsins enda hefur svæðið tekið miklum breytingum og mörk túna búið að breytast mikið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337:021 renna áveita

A: 430456 N: 404842

Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildamanni, var áveita sunnan við Draugapytt 005. Áveitan er 2.3 km VSV við bæ 001 og tæpum 1 km austan við landamerkin við Auðsholt ÁR-385. Draugapyttur 005 er tæpum 300 m suðaustan við áveituna. Svæðið er þakið kjarri. Það er mjög þýft og búið er að grafa mikið af holum um svæðið, með þeim tilgangi að þurrka það upp.

Áveitan sást ekki á vettvangi en svæðið var ekki þaulgengið sökum bleytu. Áveituskurður sést hinsvegar á



Hlaða 022, horft til NNA

loftmynd og er hann 260 m langur og liggur norðvestur-suðaustur, þvert yfir óræktað hól milli ræktaðra túna. Ekki sáust frekari mannvirki á þessu svæði á loftmynd sem tilheyrir hafa áveitunni. Þar sem skurðurinn var aðeins skráður af loftmynd er ekki hægt að lýsa honum nánar en að hann er samsiginn og ógreinilegur.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337:022 frásögn hlaða

A: 432613 N: 405701

Samkvæmt bræðrunum Sigurði og Guðmundi Geir Sigurðssonum, heimildarmönnum, var hlaða rúmum 40 m norðan við bæ 001. Hlaðan var ekki sambyggð bænum og var vestan vð traðir 024. Röð af aspartíjám hefur verið plantað þar sem hlaðan var og ræktað tún í kring sem nýtt eru til beitar. Ekki sjást nein ummerki um hlöðuna og líklega hefur hún verið rifin niður eða sléttuð í túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-337:023 frásögn fjárhús

A: 432629 N: 405737

Samkvæmt bræðrunum Sigurði og Guðmundi Geir Sigurðssonum, heimildarmönnum, voru hrútakofar rúmum 65 m norðan við bæ 001 og 15 m norðaustan við hlöðu 022. Traðir 024 lá fast austan við hrútakofana. Svæðið er að mestu ræktað tún sem nú eru notuð sem beitarhólf húsdýra. Ekki sjást nein ummerki um hrútakofana á svæðinu, þeir hafa líklega verið ruddir niður og tóftir sléttaðar í túnin þegar þau voru ræktað upp.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-337:024 frásögn traðir

A: 432624 N: 405724

Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni lágu traðir frá bæ 001 til norðurs sem enduðu í leið ÁR-681:036 sem lá frá

Auðsholti (ÁR-385) til Hvítárhólts og svo áfram til Efra Sels (ÁR-336). Svæðið er að mestu ræktuð tún sem nú eru notuð sem beitarhólf húsdýra.

Á vettvangi sjást engin ummerki um traðir bæjarins en á loftmynd sést móta fyrir litabreytingu þar sem traðirnar lágu. Þær sjást á loftmyndinni á 60 m löngum kafla og liggja nálega norður-suður en beygja svo eftir 20 m til norðausturs. Guðmundur Geir nefndi ekki hvort að traðirnar hefðu verið hlaðnar eða aðeins slóði en ætla má að einhverjar hleðslur gætu leynst undir sverði.

ÁR-337:025 frásögn beitarhús

A: 431925 N: 405244

Að sögn Guðmundar Geirs Sigurðssonar, heimildamanns, voru beitarhús um 760 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 175 m suðaustan við ristu 007. Beitarhúsin voru rétt vestan við voldugan áveituskurð, í sléttuðu og mishæðóttu túni. Engin ummerki um beitarhús sjást á yfirborði. Mjög hugsanlega horfin vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

ÁR-337:026 frásögn lögn

A: 430311 N: 405244

Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildamanni, var lögn um 2,3 km vestan við bæ 001 og rúmum 230 m norðaustan við Draugapytt 005. Lögnin var á grónni eyri þar sem lúpína og kjarrgróður er áberandi. Lögnin var þar sem Hvítá er fremur straumþung en ekki mjög djúp. Í dag er ekki lengur veitt á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

ÁR-337:027 frásögn lögn

A: 430698 N: 405333

Samkvæmt heimildarmanni, Guðmundi Geir Sigurðssyni, var lögn vestan við Lambeyrar, á norðurbakka Hvítár. Lögnin er staðsett um 2 km VSV við bæ 001 og 240 m vestan við lögn 028. Bakkar eru grónir á ánni en þegar minna er í henni myndast langir sandbakkar. Ekki sjást nein ummerki um lögnina í ánni enda ekki mikil ummerki sem slíkt skilur eftir sig.



Litið til norðvesturs og horft til Lambeyrar þar sem lögn 027 var

Hættumat: engin hætta



Vað 031, horft til norðurs

ÁR-337:028 frásögn lögn

A: 430943 N: 405349

Samkvæmt heimildarmanni, Guðmundi Geir Sigurðssyni, var lögn vestan við Lambeyrar, á norðurbakka Hvítár. Lögnin er staðsett um 1.7 km VSV við bæ 001 og 240 m austan við lögn 027. Bakkar eru grónir á ánni en þegar minna er í henni myndast langir sandbakkar Ekki sjást nein ummerki um lögnina í ánni enda ekki mikil ummerki sem slíkt skilur eftir sig.

Hættumat: engin hættu

ÁR-337:029 frásögn lögn

A: 431589 N: 405383

Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildamanni, var lögn við Hvítá rúmum 1 km vestan við bæ 001 og rúmum 215 norðvestan við ristu 007. Árbakki Hvítár er fremur aflíðandi á þessu slóðum og mjög blómrikur. Lögnin var á stað við árbakkan þar sem lítið og flatt svæði er. Ekki er lengur veitt á staðnum.

Hættumat: engin hættu

ÁR-337:030 frásögn vað

A: 431571 N: 405366

Að sögn Guðmundar Geirs Sigurðssonar, heimildamanns, var vað yfir Hvítá um 1 km vestan við bæ 001 og rúmum 10 m suðvestan við lögn 029. Engar leiðir að vaðinu sáust á vettvangi eða á loftmynd. Bakki Hvítár er aflíðandi og gróinn á þessum slóðum, því nær sem dregur vatninu því minni gróður verður. Til suðurs eru ræktuð tún. Hvítá er um 130 m breið á þessum slóðum, frá árbakka hennar í landi Hvítárhólts og sandeyrar í Bræðratungulandi ÁR-344. Áin virtist sæmlega grunn og þegar skrásetjari var á vettvangi og ekki straumhörð.

Hættumat: engin hættu

ÁR-337:031 frásögn vað

A: 431808 N: 405695

Guðmundur Geir Sigurðsson, heimildamaður, man eftir vaði yfir Hvítá, rúmum 780 m VNV við bæ 001 og um 380 m norðan við ristu 007. Ekki er ljóst hvaða leið var farin að vaðinu en engar leiðir sáust á þessu svæði, hvorki á vettvangi né á loftmynd. Vaðið er rétt sunnan við Háeyri. Það er við sandeyrar en gróður eykst því lengra sem farið er inn til lands. Vaðið liggur yfir Hvítá þar sem hún er hvað straumminnst. Áin er um 120-130 m breið á þessum slóðum, og virðist ekki vera djúp.

Hættumat: engin hættu

ÁR-337:032 frásögn lögn

A: 432526 N: 405839

Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildarmanni, var lögn á Hvít, tæpum 200 m norðvestan við bæ 001 á



Lögn 033, horft til norðurs

svæði sem kallað var Flúðir í ánni. Lögnin í ánni er neðan við hæsta hlutann í túninu norðvestan við bæ. Árbakkar Hvítár eru mosagrónir og nokkur lúpína vex á svæðinu. Einnig er það kjarrgróður í litlu magni. Ekki sjást nein ummerki um lögnina enda ekki mikil ummerki sem slíkt skilur eftir sig. Ekki eru lengur lögð út net á þessu svæði.

Hættumat: engin hætt

ÁR-337:033 frásögn lögn

A: 432780 N: 405777

Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildarmanni, var lögn á Hvít, rúmum 180 m norðaustan við bæ 001 og 260 m austan við lögn 032. Lögnin er í ánni neðan við nýlega vélageymslu, austasta húsið á svæðinu. Árbakkinn er vel gróinn, lítill tangi skarar út í ána þar sem lögnin var. Ekki sjást nein ummerki um lögnina enda ekki mikil ummerki sem slíkt skilur eftir sig. Ekki eru lengur lögð út net á þessu svæði.

Hættumat: engin hætt

ÁR-337:034 heimild um brunn

A: 432799 N: 405756

Meintur brunnur er merktur inn á túnakort frá 1921, við bakka Hvítár, Á túnakortið er teiknaður lítill hringur 190 m norðaustan við bæ 001 og rúmum 50 m norðan við útihús 002, sem túlkað hefur verið sem brunnur. Hann virðist hafa verið staðsettur á svipuðum stað og nú stendur vélageymsla austast á túninu og hefur leið Á-681:036 legið framhjá honum. Guðmundur Geir Sigurðsson, heimildamaður, man ekki eftir brunn á þessum stað en um 1960 grafinn brunnur upp við Hvítá, rúmum 130 m vestar, beint norður af bæ 001. Svæðið er vel gróið og bakkar árinna líka. Vélageymsla og bílaplan rétt sunnan við. Ekki sjást nein ummerki um brunn á svæðinu og hefur líklega verið fyllt upp í hann þegar hætt var nota hann.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337b Ísabakki

Sögulegar heimildir

1686: 16 hdr. 160 ál., Skálholtsbiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 110.

1695: 16 hdr., 80 ál., Skálholtsbiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 110.

1709: Jarðardýrleiki óviss, Skálholtsbiskupseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar Páls Vídalíns II, 262.

Jörðin er einnig nefnd Bakki, sbr. DI IV, 42.

1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju (DI II, 665) og einnig í máldaga Hrunakirkju **1382–1391** (DI IV, 43–44).

1563, 27.06: „Vitnisburður fimm presta, að eyin fyrir ofan Höfða í Byskupstungum og Ísabakkaeyjar séu rétt eign Skálholtskirkju.“ DI XIV, 106.

Ísabakki fór í eyði vegna hættulegra flóða úr Hvítá. SSÁ, 126.

1974: „Þetta er gamalt býli, en hafði verið í eyði í rúm 100 ár og legið undir Hvítárholti. Árið 1974 fengu Anna og Helgi landið og reistu þar nýbýli.“ SB I, 309.


Jarðarítök **1709:** „Lax- og silúngs-veiði hefur verið í Hvítá, en nú í mörg ár ekki að stóru gagni. Engjaítak á jörðin á Laxárbökkum í Auðsholtlandi, en þræta er um hversu stórt ítakið sje; þar á mót á Auðsholt beit kúm á Hvítárbökkum í ísabakka landi. Ísabakka-ey, sem liggur í Hvítá, brúkar jörðin til slæгна.“ JÁM II, 262-263.

Landkostir

1921: Tún 1,68 ha, slétt. „Landið er mjög grasgefið og sumarhagar góðir með afbrigðum, og eins engjar. Vetrarheit er lítil á skjóllausu flatlendi.“ SB I, 309

1709: „Túni og engjum jarðarinnar hefur Hvítá stórum spilt. Útigangur er hjer svipull á láglandi, sem kemur í svell eftir leysingar á vetur,“ segir í JÁM II, 263.

Heimatún Ísabakka er merkt ASA við heimabæ Hvítárholts ÁR-337:001 inn á túnakort Hvítárholts frá 1921; þar er ekkert mannvirki merkt inn á kortið enda hafði jörðin verið lengi í eyði. Ísabakkatún er utan heimatúns Hvítárholts og nákvæm staðsetning þess er ekki merkt. Jörðin fór í eyði á 18. öld og lagðist undir Hvítárbakka. Aftur hófst byggð á jörðinni árið 1974 samkvæmt upplýsingum úr Sunnlenskum byggðum. Bæjarhóllinn er í norðausturhorni heimatúns Ísabakka, um 455 m NNA við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1974). Bæjarhóllinn er vel greinanlegur og enn sjást vel varðveittar tóftir á hólnum.



Teikning af bæjarhól Ísabakka 001

Bærinn var á stæðilegum bæjarhól þar sem tún byrjar að hækka, rétt sunnan við Hvítá. Vírgirðing er umhverfis bæjarhóllinn en hún er þó fallin á norðausturhluta hólins. Hóllinn er ekki mikið raskaður en rétt norðvestan við hann er rafmagnsstaur. Til norðurs frá hólnum liggur malarlóði en til annarra átta er ræktað tún sem hallar lítillega til suðurs.

Bærinn var skráður í skýrslu Eddu Linn Rise o. fl., 'Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Ísabyggðar í landi Ísabakka, Hrunamannahreppi. Bæjarhóllinn er 50x45 m að stærð, 4-5 m á hæð og snýr NNV-SSA. Bæjartóftin er 40x35 m að stærð og snýr eins og hóllinn. Veggir tóftarinnar eru torf- og grjóthlaðnir, hæstir til vesturs 1,8 m, en til suðurs eru þeir ívið lægri, 0,7-1,4 m. Bæjartóftin er á kafi í grasgróðri en þó sjást 2-4 umföer af stæðilegu grjóti í bland við flatt grágrýti hér og þar í hleðsum. Í tóftinni má greina 9 aðskilin hól og fá þau tölustafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir, sem hefst á suðausturhorni tóftarinnar á hólfi 1. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr nálega austur-vestur. Hólf 2 er vestan við hólfi 1. Það er 3x3 m að innanmáli. Ekki eru hlaðnir veggir á SSA hliðum þessara hólfa, sem vísa fram á hlað og hefur líklega verið timburgafl á þessum hliðum hólfa. Hólf 3 er vestan við hólfi 2. Mörk hólfsins eru ekki skýr vegna mikils gróðurs, það er þó a.m.k. 3x3 m að stærð. Ekkert op er á hólfinu en lítill gangvegur er á milli þess og hólfs 7. Hólf 4 er vestan við hólfi 3. Það er 10x6 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gólf þess er slétt. Gengið er inn í SSV og SA hlið þess. Hólf 5 og 6 eru í norðvesturhluta tóftarinnar. Þau eru bæði 5x4 m að stærð, snúa ANA-VSV og eru bæði hólfin opin til VSV. Innangengt er milli hólfa. Botn innan þeirra er talsvert þýft og grjótdreif sjáanleg hér og þar innan hólfa. Rétt austan við hólfi 6 eru hólfi 7 og 8. Þau eru 11x10 m að innanmáli og snúa



Bæjarhóll Ísabakka 001, horft til SSV

nálega ANA-VSV og er innangengt milli hólfa 7 og 8. Gólf þeirra eru 0,6 m lægri en annarra hólfa á hólnum. Hólf 9 er í suðausturhorni bæjarhólsins. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er sjáanlegt til ANA.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1921; SB I, 309; Edda Linn Rise o. fl. (2004), 8-9

ÁR-337b:002 *Stöðulholt* örnefni kvíar

A: 433458 N: 406018

„Stöðulholt, móaholt hjá [bæjarhól] Ísabakka [001],“ segir í örnefnaskrá Hvítárholts. Stöðulholt er um 205 m SSV við bæ 001 og rúmum 115 m NNA við útihús 003. Stöðulholt var áður fornleifaskráð vegna deiliskipulags í skýrslu Eddu Linn Rise o. fl., 'Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Ísabyggðar í landi Ísabakka, Hrunamannahreppi,' Sléttað tún er á Stöðulholti. Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborð enda voru stöðlar staðir þar sem kýr voru mjólkaðar og ekki endilega von á mannvirkjum á þeim.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hvítárholt, 1; Edda Linn Rise o. fl. (2004), 10

ÁR-337b:003 heimild um útihús

A: 433385 N: 405930

„Stöðulholt [002] er fram af túninu á Ísabakka, en mýrarsund með flóði á milli. Það var gert að túni 1964; þar voru 10-20 húsa- eða kofarústir frá Ísabakka,“ segir í viðbótum við örnefnaskrá Hvítárholts. Að sögn Guðmundar Geirs Sigurðssonar, heimildamanns, var útihús um 320 m SSV við bæ 001 og rúmum 115 m SSV við Stöðulholt 002. Guðmundur man eingöngu eftir tveimur útihúsum á jörðinni (sjá einnig 007) og því misræmi milli örnefnalýsingar, sem nefnir 10-20 kofarústir, og heimildamannsins hvað varðar fjölda útihúsa á jörðinni. Búið er að slétta túnið og ekki er hægt að skera úr um fjölda útihúsa á jörðinni nema með frekari rannsóknum. Útihúsin sem nefnd eru í örnefnaskránni eru af þeim sökum skráð saman undir einu fornleifanúmeri. Holtið er komið undir sléttað en smáhæðótt tún. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði en þau hafa horfið við túnrækt á holtinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hvítárholt viðb, 2

ÁR-337b:004 *Stekkjardæla* heimild um stekki

A: 433332 N: 405734

Í viðbótum við örnefnaskrá Hvítárholts segir: „Fram af túni á Ísabakka er Stekkjardæla, sem hvað veldur hefur ekki



Túngarður 005, horft til norðurs

verið tekin í örnefnaskrá. Hún mun kennd við stekki, er verið hefur á háum grjóthól rétt hjá núverandi bæ [b. 1978] á Ísabakka.“ Stekkurinn var um 510 m SSV við bæ 001 og rúmum 80 m suðvestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar. Stekkurinn var á grasivaxinni bungu. Þar stendur þó víðsvegar grjót upp úr grasinu. Malbikað bílapan er rétt austan við Stekkjardæluna en ræktuð tún til annarra átta. Ekki sér til ummerkja stekkjara á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Hvítárholt Viðb, 2

ÁR-337b:005 garðlag túngarður

A: 433589 N: 406165

Á túnakorti Hvítárholtis ÁR-337 frá 1921 segir að heimatún Ísabakka sé girt. Túngarður sést enn meðfram vestanverðu túninu, um 50 m VSV við bæ 001 og tæpum 40 m norðvestan við mógrafir 009. Túngarðurinn liggur rétt vestan við áveituskurð. Allt í kring eru sléttuð tún.

Túngarðurinn er mjög óljós. Hann er 90 m á lengd og liggur nálega NNA-SSV. Hann sést sem lítill hryggur, 0,1-0,2 m á hæð og 0,5 m á breidd. Til beggja enda fjarar garðurinn smátt og smátt út. Að sögn Guðmundar Geirs Sigurðssonar, heimildamanns, var hlið sunnarlega á vesturhluta garðsins, það sést ekki lengur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-337b:006 Árnakot heimild um býli

„Þórður Magnússon frá Hvítárholti [ÁR-337] segir, að á Hvítárholtsholti skammt fyrir suðvestan fjárhúsin séu rústir eða gamlar byggingar og girðingar í slakka og skjóli. Þar er ekkert örnefni, sem bendir á, hvað hefir verið þarna. Skyldi þetta ekki vera Árnakot,“ segir í ritinu Heimi. Guðmundur Geir Sigurðsson, heimildamaður, vissi ekki hvar býlið var staðsett og án frekari heimilda er ekki hægt að staðsetja Árnakot með 50 m skekkju.

Heimildir: Heimir, 3

ÁR-337b:007 frásögn útihús

A: 433504 N: 406092

Að sögn Guðmundar Geirs Sigurðssonar, heimildamanns, var útihús um 115 m SSV við bæ 001 og rúmum 90 m NNA við Stöðulholt 002. Nyrst á sléttuðu túni, rétt sunnan við áveituskurð. Engin ummerki um útihús sjást á yfirborði. Líkast til komið undir svörð vegna sléttunar.



Lögn 008, horft til SSV

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

ÁR-337b:008 frásögn lögn

A: 433505 N: 406251

Samkvæmt Guðmundi Geir Sigurðssyni, heimildamanni, var lögn við Hvítá, rúmum 70 m NNV við bæ 001 og um 110 m suðvestan við vað 011. Nýlegur akslóði liggur að lögninni. Ekki er lengur veitt á staðnum. Bakki Hvítár er afar brattur á þessum slóðum. Mikið er um mól og sand á honum, og er gróður lítil sem enginn. Þó má sjá gras og mosa í skjóli og í glufum. Hvítá er ekki straumþung á þeim stað sem lögnin var og er áin fremur grunn á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta

ÁR-337b:009 frásögn mógrafir

A: 433592 N: 406124



Að sögn Guðmundar Geirs Sigurðssonar, heimildamanns, voru mógrafir rúmum 85 m suðaustan við bæ 001 og um 90 m norðaustan við útihús 007. Grafirnar voru á svæði sem búið er að ræsa fram og rækta tún. Engin ummerki um mógrafir sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Mógrafir 009, horft til suðurs

ÁR-337b:010 þúst útihús

A: 433573 N: 406173

Í túni milli áveituskurðar og Bæjarhóls Ísabakka 001 er þúst um 30 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 20 m VNV við túngarð 005. Túnið er sléttað og smáhæðótt.

Þústin sést sem 0,4 m há bunga vaxin ljósgrænu grasi. Hún er 8x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Ekki er unnt að greina innanmál í þústinni. Óvíst er hvers konar mannvirki þarna hefur verið en þar sem hún er innan gamla heimatúnsins er líklegt að þar hafi verið útihús.

Hættumat: hættu, vegna jarðræktar

ÁR-337b:011 frásögn vað

A: 433607 N: 406285

Að sögn Guðmundar Geirs Sigurðssonar, heimildamanns, var vað á Hvítá, rúmunum 100 m NNA við bæ 001 og um 110 m ANA við lögn 008. Engar gamlar leiðir sáust sem lágu að vaðinu, hvorki á loftmyndum né á vettvangi. Árbakkar Hvítár eru flatir og grónir á þessu svæði. Áin er ekki hvorki straumþung né djúp þar sem vaðið var. Hvítá er 270-280 m á breidd á þessum slóðum.

Hættumat: engin hættu



Vað 011, horft til norðurs

ÁR-339 Kópsvatn

Sögulegar heimildir

1686: 31 hdr., 160 ál., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 110

1695: 24 hdr., bændaeign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 110.

1709: 24 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 263.

1847: 24 hdr., bændaeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 68.

Kóksvatn og Kógsvatn eru fornar nafngiftir. Kóksvatn sennilega frumgerðin, samkvæmt Árbók 1923, 25.

1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju. DI II, 665–666.

1506, 25.11: „Vitnisburður um landamerki Kóksvatn (Kópsvatn) í Hrunamannahreppi. (Athugavert bréf).“ DI VIII, 129–130.

1639, 14.06: „Sr. Bjarni Hallgrímsson selur Vigfúsi Gíslasyni hálfu Bessastaði í Sæmundarhlíð, 20 hndr., fyrir hálfu Kópsvatn (Árn.), 12. hndr., og hálfu Garðstaði (Rang.), 7½ hndr.“ segir í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 208.

1945: Jörðinni skipt í Kópsvatn I og II, SB I, 312–313.

Önnur býli á jörðu: Nafnlaust býli (ÁR-339:011), samkvæmt Ö-Kópsvatn, 6.

Jarðarítök 1709: „Laxveiði á jörðin í Hvítá.“ JÁM II, 264.


Landkostir

1921: Tún 6 ha. Matjurtagarðar 9,4 ha.

„Landrými jarðarinnar er í góð meðallagi. Mikill hluti landsins er grafið mýrlendi og var vetrarþeir þar með ágætum, einkum fyrir hross og sauði. Nokkur hluti landsins er lágir ásar og hæðadrög með valllendisgróðri. Allgott og skjólsamt beitoland. Þurrlendi til ræktunar er nokkuð, einkum meðfram Hvítá.“ SB I, 311.



Kort þar sem búið að er varpa túnakorti jarðarinnar yfir loftmynd af svæðinu



Vatnslitamynd e. Ingimund Einarsson af Kópvatni um 1940 (Árnesingur I, 543)

Bærinn er merktur inn á túnakort frá 1921 í vesturjaðri heimatúnsins. Í ritinu Árnesingar I má sjá gamalt málverk af torfhúsunum á Kópvatnsbænum, líklega málað fyrir aldamótin 1900, teikningu af timburhúsi sem Guðmundur Jónsson (bóndi á Kópvatni 1900-1936) byggði um aldamótin, og vatnslitamynd Ingimundar Einarssonar frá 1940. Á elsta málverkinu sjást fjögur torf- og grjóthlaðin hús með timburþilum og

þökum standa í röð og aftan við þau er annað stærra útihús með timburþili. Myndin er grófmáluð og því erfitt að koma auga á smáatriði. Á teikningu af íbúðarhúsinu sem byggt var um aldamótin 1900, má sjá fallett timburbyggt íbúðarhús og sambyggð útihús austan við það en stakt torf- og grjóthlaðið útihús vestan við. Á vatnslitamynd frá 1940 sést tvílyft timburhús (sem byggt var 1936) með hálfniðurgröfnum steypum kjallara á miðri mynd og með sambyggðum skemmum beggja vegna. Húsið var byggt nokkru sunnar en eldri íbúðarhús. Þrjú útihús sjást á þessari sömu



Bæjarhóll Kópvatns 001, horft til norðurs

vatnslitamynd, bak við það austan megin, svipuð hús og sjást á teikningu um aldamótin 1900. Tvö hús eru vestan við, annað þeirra er torfhús en hitt með torf- og grjóthlaðnum veggjum en timburþili að framan. Íbúðarhúsið sem byggt var 1936 stendur enn á sama stað á suðurenda bæjarhólsins en öll eldri útihús hafa verið rifin. Árið 1946 var jörðinni Kópvatni skipt upp og stofnuð voru tvö lögbýli, Kópvatn I og II. Árið 1990 var byggt þriðja íbúðarhúsið á svæðinu, í austurjaðri bæjarhólsins. Þá var komið niður á gamlar mannvistaleifar 030, hugsanlega frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi.

Á bæjarhólnum standa núna þrjú hús, tvö íbúðarhús og útihús en öll eru þau í jaðri hans. Húsgarðar í kringum íbúðarhúsin eru því á stærstum hluta bæjarhólsins ásamt ræktuðu túni. Smávægis trjágróður er í vesturhluta hans og girðing liggur yfir hann miðjan frá austri til vesturs.

Bæjarhóllinn sést ágætlega enda hefur ekki verið byggt á háhólnum frá því um 1940. Sýnilegur hluti bæjarhólsins er 33x24 m að stærð og snýr hann norður-suður. Ljóst er að hann hefur verið mun stærri en byggingaframkvæmdir hafa raskað ystu hlutum hólsins en syðst og austast á hólnum eru íbúðarhús með steyptra grunna og kjallara. Vestast eru útihús sem líklega hafa raskað vestasta hluta hans. Á háhólnum má þó ætla að heillegar minjar séu undir sverði. Háð bæjarhólsins er 1-1,5 m en ummerki um eldri mannvirki hafa verið rifin niður og sléttuð svo nú sést aðeins sléttur grashóll. Hann er frekar aflíðandi til allra átta.



Fjánhúsholt 003 og 004, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921; Árnésingar I, 539-544

ÁR-339:002 heimild um útihús

A: 436626 N: 407390

Á túnakorti frá 1921 er útihús merkt um 110 m sunnan við bæ 001 og var það sambyggt túngarði 032. Útihúsið hefur staðið austan við heimreiðina sem liggur til suðurs frá bæjarhólnum, litlu austan við heyrúllustæði. Svæðið hefur að mestu verið sléttað og ræktað undir tún. Milli túnhluta hafa skurðir verið grafnir.

Ekki sjást nein ummerki um útihúsið og hefur það líklega verið sléttað í tún eða rífið niður á einhverjum tímavarki og leifar þess sléttadar þegar tún voru ræktað á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-339:003 *Fjánhúsholt* heimild um fjárhús

A: 436858 N: 407526

Tvö útihús (sjá einnig 004) eru merkt inn á túnakort frá 1921 á stakstætt tún. Á túnakortinu kemur fram að túnið heiti Fjánhúsholt. Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Fjánhúsholt er holt vestan við Kópsvatnsás að sjá í norður frá Dúnkletti en í austur frá bænum. Þar hefur oftast verið fjárhús. Stöðullholt mun vera annað nafn á Fjánhúsholti.“ Örnefnið 'Fjánhúsholt' er merkt ANA við bæ 001 á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Samkvæmt Valdísi Marínósdóttur, heimildarmanni, er Fjánhúsholt um 200 m austan við bæ. Hér eru skráð fjárhús sem voru vestar á holtinu, nær bæ 001. Fjánhúsin voru tæpum 220 m austan við bæ 001 og 50 m vestan við fjárhús 004.

Þegar vettvangsskráning fór fram var stórt moldarflag á holtinu þar sem verið var að endurrækta túnið. Holtið hefur verið sléttað.

Ekki sjást nein ummerki um fjárhúsin og má ætla að það hafi verið sléttað í túnið þegar ræktun þar hófst fyrst. Ekki sáust nein ummerki um grjót eða torf í flaginu. Þó gætu vel enn verið leifar útihúsa á Fjánhúsholtinu lengra undir

sverði. Annað nafn á Fjánhúsholti er Stöðulholt og bendir það til þess að ær eða kýr hafi verið mjólkaðar þar á stöðli. Hinsvegar er ekki víst að þær minjar hafi skilið eftir sig einhverjar mannvistarleifar og því óvíst hvort að einhver ummerki um kvíarnar gætu leynst á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1921; Ö-Kópsvatn, 10; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Kópsvatn

ÁR-339:004 *Fjánhúsholt* heimild um útihús

A: 436858 N: 407543

Tvö útihús (sjá einnig 003) eru merkt inn á túnakort frá 1921 á stakstætt tún. Á túnakortinu kemur fram að túnið heiti Fjánhúsholt. Útihúsið er einnig merkt inn á herforingjaráðskort frá árinu 1908 en þá er einungis eitt hús á holtinu. Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Fjánhúsholt er holt vestan við Kópsvatnsás að sjá í norður frá Dúnkletti en í austur frá bænum. Þar hefur oftast verið fjárhús. Stöðulholt mun vera annað nafn á Fjánhúsholti.“ Örnefnið 'Fjánhúsholt' er merkt ANA við bæ 001 á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Samkvæmt Valdísi Marínósdóttur, heimildarmanni er Fjánhúsholt um 200 m austan við bæ. Hér eru skráð útihúsin sem voru austar á holtinu, fjær bæ 001 en ekki er víst hvort þau voru einnig fjárhús eða útihús fyrir aðra gripi. Þau voru tæpum 270 m austan við bæ 001 og 50 m austan við fjárhús 004.

Þegar vettvangsskráning fór fram var stórt moldarflag á holtinu þar sem verið var að endurrækta túnið. Holtið hefur verið sléttað. Ekki sjást nein ummerki um útihúsin og má ætla að þau hafi verið sléttuð í túnið þegar ræktun þar hófst fyrst. Ekki sáust nein ummerki um grjót eða torf í flaginu. Þó gætu enn verið leifar útihúsa á Fjánhúsholtinu.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1921; Ö-Kópsvatn, 10; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - kópsvatn; Herforingjaráðskort 47 NA

ÁR-339:005 frásögn brunnur

A: 436607 N: 407438

Samkvæmt systkinunum Valdísi Marínósdóttur og Guðmundi Marínóssyni, heimildarmönnum, var brunnur 70 m sunnan við bæ 001, ofan við vélageymslu sem nú stendur vélageymsla við heimreið bæjarins, neðar í brekkunni. Svæðið næst vélageymslunni er grasi gróið en malarvegur liggur hringinn í kringum hana fær gróna svæðinu. Ekki sjást nein ummerki um brunninn og hefur hann verið fylltur þegar notkun hans var hætt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Brunnur 005, horft til suðausturs

ÁR-339:006 bæjarstæði býli

A: 437448 N: 408795

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Norðan við gilið [Auðnugil], þar sem þjóðvegurinn liggur nú yfir, eru fornar rústir, líklega frá 12. öld [sjá einnig 006, 010, 043 og 050]. Ein þeirra, sem hefur verið manna bústaður, hefur verið rannsökuð af Þjóðminjasafninu.“ Minjasvæðið, sem samanstendur af fimm tóftum (006, 010, 011, 043 og 050) og torfgarði

(038), er rúmum 1,5 km norðaustan við bæ 001 og 500 m NNV við Kirkjuskarð ÁR-681:009.

Svæðið er beggja vegna þjóðveggarins (Skeiða- og Hrunamannavegars 30) og hafa minjar raskast mikið við vegagerðina árið 1947. Nokkuð rof er á svæðinu við veginn en annars er svæðið mjög þýft og mishæðótt, sérstaklega vestan við veginn. Einnig er svæðið fremur blautt á köflum.

Minjasvæðið er alls 190x100 m að stærð og snýr nállega austur-vestur. Skeiða- og Hrunamannavegur (30) liggur þvert yfir svæðið. Bæjarstaði 006 er staðsett vestan við þjóðveginn og syðst á svæðinu. Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1972 segir um sama svæði: „Í landi Kópvatns, þar sem heitir Auðnugil eru fornar byggingarleifar, og sumarið 1964 var rannsókuð þar forn húsatóft, sem virðist greinilega frá því í fornöld eða snemma á miðöldum.“ Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1982 segir: „Rústin, sem rannsökuð var, er um 20 m norðan við Auðnugil og um 15 m vestan (neðan) við veginn. [...] undir yfirborði komu í ljós tveir veggir, sem lágu þvert á skurðinn [...]. Í torfunum sást greinilega öskulagið, sem talið er komið af Torfajökulssvæðinu um 900, „landnámslagið“ svonefnda. Einnig sást ógreinilega votta fyrir öskulaginu frá Heklu 1104 í torfunum, og má af þessu tvennu marka það, að þessi bygging hafi sennilegast verið reist á 12. öld. [...] Þarna hefur verið langhús, mjög lítið þó, og sneru framhlið til suðurs, en dyr hafa verið á göflum, að austan og vestan, en um sumt var hús þetta nokkuð óljóst.“

Í dag sjást engin ummerki um tóft þessa enda var hún öll grafin fram árin 1963–1964. Tóftin var líklega íveruhús, 10x6 m að stærð og 7x3 m að innanmáli. Hún snéri norðaustur-suðvestur og veggir voru torf og grjóthlaðnir, inngangar á vestur og norðurhliðum þess. Um 10 sm þykkt gólfag var innan þess en ekkert greinilegt eldstæði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kópvatn, 6; Árbók 1972, 7; Árbók 1984, 189-190

ÁR-339:007 heimild um brunn

A: 436588 N: 407537

Á túnakorti frá 1921 er hringlaga mannvirki, mögulega brunnur, merkt um 60 m norðvestan við bæ 001. Systkinin Valdís og Guðmundur Marínósbörn, heimildamenn, mundu ekki eftir brunni á þessum stað og hefur hann líklega verið aflagður fyrir þeirra tíma (fædd 1938 og 1939) og byrjað að nota brunn 005, sunnan við bæ. Brunnurinn var í brekkunni norðvestan við bæinn. Svæðið norðvestan við bæ hefur nú verið ræktað upp og þar eru sléttuð tún

Ekki sjást nein ummerki um brunn á þessu svæði og má ætla að fyllt hafi verið upp í hann og sléttuð yfir þegar notkun hans var hætt og tún endurræktuð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-339:008 tóft beitarhús

A: 435956 N: 408143

„Netholt nefnist allstór holt út við Hvítá [...]. Fremri hluti holsins hefur verið ræktaður, og er nú fjárhús syðst á því. Áður var fjárhús norðar [sjá 047], við suðvestur enda eystra klettabeltisins, og hefur þar trúlega fjárhús verið um langan



Beitarhús 008, horft til vesturs

tíma og jafnvel byggð manna til forna, því að lag með viðarkolum og ösku má finna í moldarbakka þar hjá,“ segir í örnefnaskrá. Fjárhúsið er merkt inn á herföngjaráðskort frá 1910, um 970 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m sunnan við fjárhús 047. Tóftin er syðst á Netholti, á grasríku og smáhæðóttu svæði.



Píkholt 009, horft til suðausturs

Tóftin er einföld, 9x7 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er grafin inn í hæð, um 0,5 m. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og telja má 2-3 umför af stæðilegu grjóti í bland við smærri steina í hleðslum sem eru 0,8 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Op er á tóftinni á ASA-gafla. Ekki sjást ummerki um garða eða undirstöður jafna meðfram langveggjum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 2; Herforingjaráðskort 47 NA

ÁR-339:009 heimild

A: 435684 N: 407866

„Píkholt er örlítið holt eða rími í mýrinni sunnan við Netholt. Þar eru einhverjar tóftir.“ segir í örnefnaskrá. Píkholt er um 1 km VNV við bæ 001 og tæpum 230 m suðaustan við Lambahvamm 034. Píkholt er grasi gróin rími og ávöl bunga, rétt sunnan við malarveg sem liggur frá bæ að vaði 031. Talsvert er um þúfur á þessum slóðum. Engin merki tófta eða þústa sáust á yfirborði, líkast til horfnar vegna ræktunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 2

ÁR-339:010 *Borgardalur* heimild um fjárskýli

A: 437543 N: 408854

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Norðan við gilið [Auðnugil], þar sem þjóðvegurinn liggur nú yfir, eru fornar rústir, líklega frá 12. öld [006, 010, 011, 038, 043 og 050].“ Í örnefnaskrá segir einnig: „Borgardalur nefnist dalurinn austan við Hádegisás, en austan við hann er innsti hluti Skarðáss og þar fyrir innan Litli-Skyggfir. Nafn dalsins er líklega dregið af fjárborg, e.t.v þeirri sem enn má sjá við þjóðveginn norðan við Auðnugil.“

Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1984 segir: „Þarna austan vegarins eru og fleiri mannvirki, og virðist þar vera a.m.k. ein hringlaga rúst. Hún er sennilegast af fjárborg, enda heitir þarna í grenndinni Borgardalur.“ Hér er verið að skrá hringlaga fjárborg norðan við Auðnugil en austan við Skeiða- og Hrunamannaveg (30). Minjasvæðið, sem samanstendur af fimm tóftum (006, 010, 011, 043 og 050) og torfgarði (038), er rúmum 1,5 km norðaustan við bæ 001 og 500 m NNV við Kirkjuskarð ÁR-681:009. Svæðið er beggja vegna þjóðveggarins (Skeiða- og Hrunamannavegs 30) og hafa minjar raskast mikið við vegagerð árið 1947. Nokkuð rof er á svæðinu við veginn en annars er svæðið mjög þýft og mishæðótt og fremur blautt á köflum.

Ekki sjást nein ummerki um hringlaga fjárskýli á svæðinu og líklega er það sokkin í gróður og þýfið á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 5; Árbók 1984, 189

ÁR-339:011 heimild um óþekkt

A: 437438 N: 408800

Í örnefnaskrá Kópvatns segir: „Norðan við gilið [Auðnugil], þar sem þjóðvegurinn liggur nú yfir, eru fornar rústir, líklega frá 12. öld.“ Minjasvæðið, sem samanstendur af fimm tóftum (006, 010, 011, 043 og 050) og torfgarði (038), er rúmum 1,5 km norðaustan við bæ 001 og 500 m NNV við Kirkjuskarð ÁR-681:009.

Svæðið er beggja vegna þjóðveggarins (Skeiða- og Hrunamannavegars 30) og hafa minjar raskast mikið við vegagerðina árið 1947. Nokkuð rof er á svæðinu við veginn en annars er svæðið mjög þýft og mishæðott, sérstaklega vestan við veginn. Einnig er svæðið fremur blaut á köflum.

Minjasvæðið er alls 190x100 m að stærð og snýr nállega austur-vestur. Skeiða- og Hrunamannavegur (30) liggur þvert yfir svæðið. Tóft 011 var staðsett vestan við þjóðveginn og syðst á svæðinu við bæjarstæði 006. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1984 segir: „Um 7-8 m í vestur frá þessu húsi [006] voru háar þúfnamyndanir, og var grafinn þar prófskurður frá norð-vestri til suð-austurs. Undir grasrótarmold tóku við rofmoldir og um 60-70 sm undir yfirborði komu í ljós tveir veggir, sem lágu þvert á skurðinn. Voru þeir greinilega samsíða og breiddin á milli þeirra um 2,90 m. Vottaði fyrir gólfagi á milli veggjanna, en þó var það óljóst. Veggirnir voru gerðir úr torfum, sem ef til vill mætti kalla streng, og hefur a.m.k. einn þeirra verið um 1 m að lengd. Í torfunum sást greinilega öskulagið, sem talið er koma af Torfajökulssvæðinu um 900, „landnámslagið“ svonefnda. Einnig sást ógreinilega votta fyrir öskulaginu frá Heklu 1104 í torfunum, og má af þessu tveggju marka það, að þessu bygging hafi sennilegast verið reist á 12. öld. Þetta hús var ekki rannsakað nánar, en sennilegt virðist, að bæði húsini [006 og 011] séu frá sama tíma.“

Í dag (2018) sjást ekki nein ummerki um tóft á þessu svæði. Henni var lýst sem háum þúfnamyndunum árið 1963-64 en mikið er af þúfnamyndunum á svæðinu og því líklegt að hún sé horfin í þær.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 6; Árbók 1984, 189

ÁR-339:012 *Brúnarhús* þúst fjárhús

A: 436960 N: 408286

Í örnefnaskrá Kópvatns segir: „Brúnarhús nefndist fjárhús sem var inn á Kópsvatnsmýri neðan við Brúnina og norður frá Stekkatúni [025]. Þetta fjárhús var notað til 1942 og síðan rífið.“ Brúnarhús voru á þurrum hól tæpum 850 m NNA við bæ 001 og rúmum 710 m suðvestan við býli 006 í miðri mýrinni vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg (30). Gata 017 liggur frá Stekkatúni 025 að fjárhúsum.



Brúnarhús 012, horft til NNV

Kópsvatnsmýri er stórþýfð og blaut og erfið yfirferðar. Löng og mjó tún hafa verið ræktuð beint út frá bæ 001 til norðurs og næstum að Brúnarhúsum en mýri er beggja vegna túnsins. Fjárhúsin voru uppi á þurrum bletti í mýrinni, grænum hól sem stingur í stúf við landslagið í kring.

Grænn hól með dálitlum flata efst þar sem húsini stóðu, sést á svæðinu. Hóllinn er 12x11 m að stærð og snýr austur-vestur. Smávþýfi myndar beina línu nyrst á hólnum sem liggur austur-vestur. Lítilsháttar rof er á ausanverðum hólnum. Þetta eru að öllum líkindum þær leifar sem eftir eru af fjárhúsum frá því að þau voru rífin árið 1942.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 6

ÁR-339:013 *Strútsgerði* örnefni óþekkt

A: 437359 N: 409009

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Strútsgerði. Nafn þetta er nú að mestu gleymt, en átt mun vera við stað á eða nálægt Auðnugilsmóum norðan við Auðnugil en staðsetning er óviss.“ Systkinin Valdís og Guðmundur Marínósbörn, heimildarmenn, könnuðust ekki við örnefnið en gátu bent á Auðnugilsmóana. Þeir eru 1,6 km NNA við bæ 001 og rúmum 220 m norðvestan viðbýli 006. Svæðið var gengið en ekki sáust nein ummerki um minjar á svæðinu.

Auðnugilsmóar hafa að stórum hluta verið ræktaðir í tún en suðaustast í þeim, næst Auðnugili, eru ennþá þýfðir móar; svæðið þar sem heimildir eru um að minnsta kosti fimm tóftir (006, 010, 011, 043 og 050).

Stórt svæði var gengið í Auðnugilsmóum en ekki sáust nein ummerki um gerði eða aðrar minjar á svæðinu. Hugsanlega hefur Strútsgerði tilheyrt tóftasvæðinu norðan við Auðnugil en erfitt er að sannreyna það án frekari heimilda. Auðnugilsmóarnir eru víðáttumikið svæði og því ekki hægt að staðsetja gerðið nákvæmlega.

Heimildir:Ö-Kópsvatn, 6

ÁR-339:014 heimild um rétt

A: 436628 N: 407666

Samkvæmt Valdísi og Guðmundi Marínósbörnum, heimildarmönnum, var rétt niður af heimatúninu til norðurs á svokölluðum Blómstursvöllum. Blómstursvellir eru rúmum 160 m norðan við bæ 001, 420 m VSV við Stekkatún 025 og 80 m norðvestan við braggageymslu norðan við bæ 001. Svæðið hefur að mestu verið ræktað undir tún og sléttað en þó er eitthvað þýfi eftir á mótum tveggja túna á því svæði sem réttin stóð.

Ekki sjást nein ummerki um réttina og hefur hún líklega verið rifin niður og sléttuð þegar túnin voru rækтуð.



Litið suðurs yfir Blómsturvellir þar sem rétt 014 var

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 7

ÁR-339:015 heimild um leið

A: 436855 N: 407455

Á herforingjaráðskorti frá 1910 er merkt leið sem liggur í norðaustur frá leið 039 sunnan við heimatún Kópsvatns ÁR-339 og sameinast Konungsvégi 019. Leiðin hefur líklega verið framhald af tröðum Kópsvatns ÁR-339:034 og legið neðan við heimatúnið. Þær eru á svipuðum stað og heimreiðin liggur í dag sunnan við bæjarhúsin. Þar sem leiðin lá frá Kópsvatni er nú heimreið sem liggur til austurs á Skeiða- og Hrunamannaveg (30). Beggja vegna hennar eru rækтуð

tún. Ekki sjást nein ummerki um gömlu leiðina enda hefur nýleg malarheimreið verið lögð á svipuðum stað.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NA

ÁR-339:016 *Grænagerði* örnefni

„Grænagerði er nú gleymt, en hefur að líkindum verið vestan við Kópvatnsás nálægt Grásteinshvammi,“ segir í örnefnaskrá. Hér er verið að skrá örnefnið Grænagerði, sem gæti bent til einhvers konar gerðis eða garðlagakerfis. Hvorki Valdís Marinósdóttir né Guðmundur Marinósson, heimildamenn, mundu ekki eftir þessu örnefni. Ekki er hægt að hnitsetja það með 50 m skekkju án frekari upplýsinga.

Heimildir: Ö-Kópvatn, 8

ÁR-339:017 gata leið

A: 437084 N: 407876

Gata liggur frá Stekkatúni 025 að Brúnarhúsum 012 í gegnum Kópvatnsmýri. Hún sést fyrst 590 m norðvestan við bæ 001, við hliðið á gerði 039 sem ferhyrnt í kringum Stekkartún. Hún endar um 80 m sunnan við Brúnarhús 012. Mýrin er mjög þýð og blaut og erfið yfirferðar ef ekki væri fyrir þessa götu.

Gatan sést sem einfaldur moldarstígur á 350 m kafla í mýrinni. Hún liggur í nokkrum hlykkjum en stefnir norðvestur-suðaustur. Næst Stekkatúni sést hún sem einfaldur moldarstígur en breiðkar lítillga þar sem hún beygir meira í norðvestur. Þar er gatan allt að 1 m á breidd.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Túnakort 1921; Ö-Kópvatn, 10; herforingjaráðskort 47; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Kópvatn

ÁR-339:018 *Miðmorgunsvarða* varða eyktamark

A: 437468 N: 407848

Í örnefnaskrá Kópvatns segir: „Miðmorgunsvarða mun vera varða á Kópvatnsás að sjá í austur frá bænum [001].“ Gata 040 liggur eftir Kópvatnsási og er tvær vörður við hana, annarsvegar Miðmorgunsvarða 018 og hinsvegar varða 051. Miðmorgunsvarða er 900 m ANA við bæ 001 og rúmum 380 m norðaustan við vörðu 051. Varðan er uppi á mosagrónum, flötum ásnum, klettur sjást víða upp úr sverði og gróðurþekja er ekki samfelld. Víða vex einnig lyng á ásnum.



Miðmorgunsvarða 018, horft til vesturs

Varðan er 1.5 x 1.5 m að flatarmáli. Henni hefur verið hrúgað upp en ekki hlaðin. Hún er um 1 m að hæð. Næst í henni er stórir steinar en mun smærri ofar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Kópvatn, 8

ÁR-339:019 *Lambhúsholt* heimild um lambhús

A: 436616 N: 407227

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1921 á stakstætt tún, utan heimatúns. Á túnakorti segir að þetta tún kallist Lambhúsholt. Lambhúsið er einnig merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Í örnefnaskrá Kópvatns segir:

„Lambhúsholt nefnist lítið holt í mýri sunnan við bæinn. Þar var lambhús.“ Lambhúsholt er um 275 m sunnan við bæ 001 og tæpum 170 m vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Holtið er í sléttuðu túni, rétt vestan við voldugan framræsluskurð. Ekki sér til minja um lambhús á yfirborði. Það er líklega horfið vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1921; Herforingjaráðskort 47 NA; Ö-Kópsvatn, 9



Lambhúsholt 019, horft til austurs

ÁR-339:020 heimild um túngarð

A: 436672 N: 407280

„Suðvestan í holtinu [Lambhúsholti 019] var áður 1 dagsláttu afgirt með torfgarði [...],“ segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn var um 225 m SSV við bæ 001 og tæpum 85 m vestan við Lambhús 019. Sléttað tún er á Lambhúsholti, rétt sunnan við djúpan framræsluskurð. Engin ummerki um túngarð sjást á yfirborði og má ætla að hann hafi verið sléttaður í tún.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 9-10

ÁR-339:021 *Hesthúsmýri* heimild um hesthús

A: 436555 N: 407167

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Hesthúsmýri var þar sem nú er tún að sjá í stefnu á Miðmundaholt. Þar mun hafa verið hesthús fyrrum eins og nafnið bendir til en seinast fjárhús [..]. Hesthúspýfi mun vera annað nafn á Hesthúsmýri.“ Hesthúsmýri er tæpum 300 m SSV við bæ 001 og tæpum 200 m vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Hesthúsið var við voldugan framræsluskurð, á syðri mörkum ræktað túns. Engin ummerki um hesthús sjást á yfirborði. Líkast til hefur því verið raskað við skurðgröft.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 10

ÁR-339:022 *Kvíakrókur* heimild um kvíar

„Kvíakrókur nefndist túnfitin austan við bæinn og niður að Keldunni, þar voru ær mjólkaðar í kvíum, en fráferur voru síðast á Kópsvatni árið 1928,“ segir í örnefnaskrá. Hvorki Valdís Marinósdóttir né Guðmundur Marinósson, heimildamenn, höfðu heyrt á örnefnin minnst eða vissu hvar haft var í kvíum á jörðinni. Ekki er hægt að hnitsetja kvíarnar með 50 m skekkju án frekari heimilda.

Heimildir:Ö-Kópsvatn, 10

ÁR-339:023 *Hádegisvarða* varða eyktamark

A: 436853 N: 406959

„Hádegisvarða nefnist varða á Bæjarásnum fram við Bryðjuholtsmörk, og er hún í hásuðri að sjá frá Kópsvatnsbænum,“ segir í örnefnaskrá. Hádegisvarða er sunnarlega á Kópsvatnsási, 570 m SSA við bæ 001 og 300 m norðaustan við landamerki Bryðjuholts (ÁR-338). Varðan er uppi á mosagrónum, flötum ásnum, klettar sjást víða upp úr sverði og gróðurþekja er ekki samfelld. Víða vex einnig lyng á ásnum.



Hádegisvarða 023, horft til norðausturs

Varðan er vel hlaðin, hún er 1,2x1,2 m að flatarmáli og um 1 m á hæð. Suðausturhlið vörðunnar stendur enn ágætlega en hinar hliðar eru lítillega hrundar. Hún er hlaðin úr hellugrjóti og eru hellurnar stórar neðst en verða minni eftir því sem ofar dregur. Það sjást 5-6 umfór í hleðslunni, jafnvel fleiri og hallar hún inn að miðju vörðunnar. Efst á vörðunni hefur hellugrjót verið lagt upp á rönd til að hækka hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 9

ÁR-339:024 *Torfdý* heimild um ristu

A: 436451 N: 407621

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Torfdý nefndust tvö eða þrjú dý vestan við Fjárhúsholtið.“ Einnig segir í örnefnaskránni: „Reiðingsholt nefndist vallendisholt í mýrinni vestan við bæinn. Nú er þar tún. Talið er, að þar hafi verið þurrkað reiðingstorf, sem líklega hefur verið skorið í mýrinni austan við holtið.“ Örnefnið 'Reiðingsholt' er merkt VNV við bæ 001 á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar. Samkvæmt Valdísi og Guðmundi Marínósbörnum heimildarmönnum, er Torfdý komið í sléttuð tún um 245 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 800 m austan við Píkholt (sjá 009). Í sléttuðu og ræktuðu túni, rétt norðan við Litlu-Flatir.

Engin ummerki um ristu sjást á vettvangi. Búið er að ræsa landið fram og leggja undir tún. Reiðingsholt þar sem torfið var þurrkað er rétt norðvestan við Torfdý. Holtið hefur tekið róttækum breytingum á undanförunum árum og búið er að taka efni úr því og leggja þar bíslóða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 10



Stekkatún 025, horft til suðvesturs

ÁR-339:025 *Stekkatún* þúst stekkur

A: 437040 N: 407778

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1921 á stakstætt tún, utan heimatúns. Samkvæmt túnakortinu er þetta tún kallað Stekkatún. Á herforingjarráðskorti frá árinu 1910 er útihús merkt á þessum stað. Í örnefnaskrá Kópvatns segir: „Stekkatún er lágt holt skammt norðan við Fjárhúsholt [003] vestan við Kópvatnsás. Þar er enn fjárhús, sem var notað til 1976.“ 'Stekkatún' er merkt inn á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar ANA við bæ 001. Minjaheildin sem þar er samanstendur af þúst 025 og gerði 039. Hér er skráð þúst 025. Þústin er í miðju túninu á hól innan þess tæpum 490 m norðaustan við bæ 001 og 510 m suðaustan við Brúnarhús 012. Milli Stekkatúns og Brúnarhúsa liggur leið 017 í mýrinni. Þústin sem sést er líklega leifar af fjárhúsunum sem voru notuð til 1976. Líklegt er að stekkur sem túnið dregur nafn sitt af, hafi verið á sama stað. Engin ummerki um hann sjást annars staðar í túninu sem gefur til kynna um hvar annars staðar hann er að finna.

Stekkatún er langt holt umkringt þýðfri og blautri mýri. Holtið er þurrt enda mun hærra í landslaginu. Hestum er beitt á svæðið og hefur myndast stórt rofabarð efst á hólnum. Tveir gámar eru einnig á hólnum og girðing liggur þvert yfir túnið í suðvesturenda þess.

Þústin er mjög illa farin vegna ágangs hrossa sem beit er á túnið. Hún er 12x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mikið magn af grjóti sést á víð og dreif við þústina en það myndar engar reglulegar línur sem gætu gefið til kynna undirstöður veggja. Þústin er mjög lág, 0.1-0.2 m á hæð, og sést aðallega sem grjót og þýfi í annars frekar flatlendu umhverfi.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks

Heimildir: Túnakort 1921; Ö-Kópsvatn, 10; Herforingjaráðskort 47 N; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Kópsvatn

ÁR-339:026 frásögn heygarður

A: 436645 N: 407532

Samkvæmt Valdísi og Guðmundi marínósbörnum, heimildarmönnum, var heygarður um 10 m norðan við bæ 001, við brekkuna þar sem túnið lækkar til norðurs. Svæðið er grasi vaxið og hefur á einhverjum tímupunkti verið sléttað og

ræktað undir tún. Það er ekki slegið lengur en er notað sem beitarhólf. Ekki sjást nein ummerki um heygardinn og hefur hann líklega verið sléttaður í túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-339:027 *Draugar* örnefni draugur

„Draugar, Norðurfjósenni [028], Gerði [029], Svunta og Breiðaskák eru örnefni í heimatúni sem BJ [Brynjólfur Jónsson fornfræðingur, 1838-1914] nefnir, en þau eru nú gleymd og staðsetning óviss,“ segir í örnefnaskrá. Hvorki Valdís Marinósdóttir né Guðmundur Marinósson, heimildamenn, mundu eftir þessu örnefni. Ekki er hægt að staðsetja það innan við 50 m skekkju án frekari upplýsinga.

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 11

ÁR-339:028 *Norðurfjósenni* örnefni fjós

„Draugar [027], Norðurfjósenni, Gerði [029], Svunta og Breiðaskák eru örnefni í heimatúni sem BJ [Brynjólfur Jónsson fornfræðingur, 1838-1914] nefnir, en þau eru nú gleymd og staðsetning óviss,“ segir í örnefnaskrá. Hvorki Valdís Marinósdóttir né Guðmundur Marinósson, heimildamenn, höfðu heyrt á örnefnið 'Norðurfjósenni' minnst. Ekki er hægt að staðsetja örnefnið innan við 50 m skekkju án frekari heimilda.

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 11

ÁR-339:029 *Gerði* örnefni

„Draugar [027], Norðurfjósenni [028], Gerði, Svunta og Breiðaskák eru örnefni í heimatúni sem BJ [Brynjólfur Jónsson fornfræðingur, 1838-1914] nefnir, en þau eru nú gleymd og staðsetning óviss,“ segir í örnefnaskrá. Hvorki Valdís Marinósdóttir né Guðmundur Marinósson, heimildamenn, höfðu heyrt um örnefnið Gerði; vegna þess er ekki unnt að staðsetja staðinn innan við 50 m skekkju án frekari heimilda.

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 11

ÁR-339:030 heimild

A: 436665 N: 407495

Í austurjaðri bæjarhóls Kópsvatns var byggt nýtt íbúðarhús árið 1987. Þegar verið var að grafa fyrir grunninum komu í ljós mannvistarleifar af hringlaga mannvirki og fornleifafræðingur frá Þjóðminjasafninu var kallaður á svæðið til að skoða þær. Í skýrslu um uppgröft Guðmundar Ólafssonar í húsgrunninum segir: „Er komið var á staðinn reyndist vera búið að fjarlægja allan jarðveg af hússtæðinu og slá upp móti fyrir sökkulveggjum hússins. Hið hringlaga mannvirki, sem er í litlu skoti fast við suðurhlíð hins nýja íbúðarhúss, reyndist vera skálarlaga hola, 114 cm í þvermál og 22 cm djúp í miðju.“

Bjarni Jónsson, sem býr í íbúðarhúsinu sjálfu benti á nákvæma staðsetningu fornleifanna sem voru þar sem nú eru tröppur sem liggja að útidrym hússins á suðurhlíð þess. Þar sem minjarnar komu í ljós stendur íbúðarhús með steyptum tröppum og stétt framan við, byggt 1987. Í skýrslunni er minjunum lýst nánar: "Í skurðbakka sem var um 1 m frá skálinni mátti sjá mannvistarleifar og slitrur af landnámslaginu, gjóskulagi frá 871-72, á sama dýpi og skálin er. Þessar mannvistarleifar voru ekki rannsakaðar frekar [...]. Í skálinni á Kópsvatni fannst heldur ekkert sem bent gæti til notkunar hennar [...]. Sennilega hefur hún verið notuð til að halda vatni eða öðrum vökva."

Ekki sjást nein ummerki um minjarnar sem voru rannsakaðar enda voru þær grafnar upp. Þó má vænta að mikið sé af minjum undir sverði á svæðinu í kring.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Guðmundur Ólafsson 1997, 5, 8



Litið til norðurs, yfir Hvítá, þar sem Gamla vað 031 er

ÁR-339:031 *Gamla vað* heimild um vað

A: 435641 N: 408189

„Leið Skaftfellinga og Rangæinga, er riðið var til Þingvalla árlega [sjá RA-683:027], sem kunnugt er, var þannig, að riðið var yfir Þjórsá á Nautavaði [RA-439:020], og er það eina vað á Þjórsá, sem má næstum alltaf teljast reitt. Þaðan lá leiðin þvert yfir Gnúpverjahrepp, á Háholtsvað [323:040] á Stóru-Laxá. Þaðan eftir Tíðaskarði og upp í Skógarskarð austan við tún í Hrepphólum. Þaðan lágu þessar götu til norður yfir Hrunamannahrepp og yfir Hvítá á Kópsvatnseyrum, og er það eina vað á Hvítá fyrir neðan Gullfoss,“ segir í örnefnaskrá Hrepphóla. Að sögn Valdísar Marinósdóttur, heimildamanns, hét vaðið á þessari leið í Kópsvatnslandi 'Gamla vað'. Það er um 1,2 km VNV við bæ 001 og rúmum 130 m NNA við Lambahvamm 035.

Farið var yfir Hvítá á vaði úr grónum hvammi á suðausturbakkanum. Talsverður sandur, möl, og smágrýti er á árbakkanum: en því fjær sem dregið er vatninu verður gróður meiri og þéttari.

Hvítá er sæmilega grunn á þessum slóðum og rennur í mörgum kvíslum um breitt vatnasvið. Samkvæmt Valdísi var vaðið yfir á Kríueyri og þaðan norður yfir Hvítá. Engin ummerki um leiðina sem lá yfir Hvítá sást á þessum stað, en mögulega hefur leiðin legið á svipuðum slóðum og núverandi malarborinn vegur sem stefnir í átt að vaðinu liggur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hrepphólar, 12-13

ÁR-339:032 heimild um túngarð

A: 436714 N: 407384

Á túnakorti frá 1921 afmarkar túngarður suðurhlið heimatúns bæjar 001 en aðrar hliðar túnsins hafa verið afmarkaðar af náttúrulegur aðstæðum. Túngarðurinn var 140 m sunnan við bæ 001. Heimatúnið hefur í dag verið fært út til allra átta og svæðið þar sem túngarðurinn var hefur allt verið ræktað undir tún.

Ekki sjást nein ummerki um túngarðinn og hefur hann verið sléttaður í tún. Leifar hans gætu þó leynst undir sverði á einhverjum svæðum.

Hættumat: hætta, vegna ábuðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-339:033 heimild um kálgarð

A: 436609 N: 407507

Á túnakorti frá 1921 er kálgarður teiknaður fast vestan við bæ 001. Milli garðsins og bæjarins liggja traðir 034. Þar sem kálgarðurinn var standa nú útihús en norðan við þau eru ræktað og sléttuð tún. Ekki sjást nein ummerki um kálgarðinn lengur og hefur hann líklega verið sléttaður í túnin ásamt því að útihúsin vestan við hafa verið byggð yfir hann. Líklega

eru öll ummerki um hann horfin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-339:034 heimild um traðir

A: 436619 N: 407494


Á túnakorti frá 1921 eru traðir teiknaðar sem liggja á milli bæjar 001 og kálgarðs 033 til SSV en beygja lítillaga og vísa síðasta spölinn í hásuður. Traðirnar lágu þar sem vestasta heimreiðin liggur nú milli bæjar 001 og útihúsa Malarheimreið er nú þar sem traðirnar voru. Ekki sjást nein ummerki um traðirnar og ef hlaðin garðlög hafa verið meðfram þeim eru þau horfin undir núverandi veg. Einhverjar leifar þeirra gætu þó leynst undir veginum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1921

ÁR-339:035 *Lambahvammur* tóft

A: 435595 N: 408070



Teikning af tóft 035

„Lambahvammur nefnist hvammur niður við Hvítá suðvestan við Netholt [sjá 008, 047]. Nafnið bendir til, að þar hafi verið setið yfir fráferulömbum,“ segir í örnefnaskrá. Lambahvammur er um 1,2 km VNV við bæ 001 og tæpum 220 m norðvestan við Píkholt (sjá 009). Í Lambahvammi sést í tóft en form hennar og staðsetning frá bæ bendir til að um kvíatóft sé að ræða. Tóftin er rétt sunnan við malarslóða sem liggur frá bæ 001 að Gamla vaði 031. Lambahvammur er gróinn og þar skiptast á þurrir blettir og hálfblautt svæði þar sem votlendisgróður er áberandi, einkum til suðvesturs. Tóftin er 7x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er L-laga aðeins sjást vestur- og suðurhliðar tóftarinnar sem eru 0,2-03 m á hæð og algrónir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 2

ÁR-339:036 frásögn hesthús

A: 436631 N: 407529

Samkvæmt Valdísi og Guðmundi Marínósbörnum, heimildarmönnum, var hesthús 7-8 m norðvestan við bæ 001. Það var ekki sambyggt bæjarhúsunum. Svæðið er grasi vaxið og hefur á einhverjum tímum verið sléttað og ræktað undir tún. Það er ekki lengur slegið en er nýtt sem beitarhólf. Ekki sjást nein ummerki um hesthúsið og hefur það verið rífið niður og sléttað í túnið. Leifar þess gætu þó enn leynst undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 2

ÁR-339:037 *Stóriskurður* heimild um landamerki

A: 437587 N: 409458

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Stóriskurður nefnist skurður, sem var grafinn í mörkum milli Kópsvatns og Votlauga frá Markhóli austur að Hamri. Var það gert um eða laust fyrir 1900.“ Örnefnið 'Stóriskurður/Markaskurður' er merkt norðan við bæ 001 á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar. Markaskurður er á merkjum Kópsvatns og Skipholts, 2,2 km norðaustan við bæ 001. Ræktuð tún eru beggja vegna skurðsins. Svæðið er flatlent og hefur áður verið votlent.

Ennþá er skurður á þessum sama stað, á merkjum milli Kópsvatns og Skipholts en líklega hefur hann verið breikkaður og dýpkaður á síðari tímum. Sá skurður sem er á merkjum í dag (2018) er 550 m á lengd og 1-3 m breiddur, mjórri neðst en breikkar þegar ofar dregur. Hann liggur norðvestur-suðaustur og skiptir að tún bæjanna tveggja. Engin ummerki sjást um eldri skurðinn sem hefur verið handgráfinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 4; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Kópsvatn

ÁR-339:038 heimild um túngarð

A: 437405 N: 408784

Í örnefnaskrá Kópvatns segir: „Norðan við gilið [Auðnugil], þar sem þjóðvegurinn liggur nú yfir, eru fornar rústir, líklega frá 12. öld [sjá einnig 006, 010, 043 og 050].“ Í örnefnaskrá Kópvatns einnig segir: „Við rústirnar hjá Auðnagili hefur í upphafi verið torfgarður, sem enn votta fyrir.“ Torfgarðurinn sem nefndur er hér hefur líklega verið túngarður sem afmarkaði tún í kringum tóftirnar á svæðinu, jafnvel heimatún býlis sem þarna var. Minjasvæðið, sem samanstendur af fimm tóftum (006, 010, 011, 043 og 050) og torfgarði (038), er rúmum 1,5 km norðaustan við bæ 001 og 500 m NNV við Kirkjuskarð ÁR-681:009.

Svæðið er beggja vegna þjóðveggarins (Skeiða- og Hrunamannavegar 30) og hafa minjar raskast mikið við vegagerð árið 1947. Nokkuð rof er á svæðinu við veginn en annars er það mjög þýft og mishæðótt og fremur blautt á köflum.

Ekki sjást nein ummerki um túngarð á svæðinu og hefur hann líklega horfið í þýfið á svæðinu og sokkið í mýrina sem er þarna í kring.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kópvatn, 6

ÁR-339:039 garðlag túngarður

A: 437027 N: 407674

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1921 á stakstætt tún, utan heimatúns. Samkvæmt túnakortinu er þetta tún kallað Stekkatún. Á herforingjarráðskorti frá árinu 1910 er útihús merkt á þessum stað. Í örnefnaskrá Kópvatns segir: „Stekkatún er lágt holt skammt norðan við Fjárhúsholt [003] vestan við Kópvatnsás. Þar er enn fjárhús, sem var notað til 1976.“ 'Stekkatún' er merkt inn á örnefnaupprátt Ingimundar Einarssonar ANA við bæ 001. Minjaheildin sem þar er samanstendur af þúst 025 og gerði því sem hér er skráð. Stekkatún er 38 m norðaustan við bæ 001 og 65 m vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg (30). Milli Stekkatúns og Brúnarhúsa 012 liggur leið 017 í mýrinni.



Túngarður 039, horft til norðvesturs

Stekkatún er smáþýft og grasi vaxið gamalt tún sem notað er nú sem beitarhólf hesta. Innan þess eru þurrara hærra landslag en þar sem garðlögin liggja er nokkur mýrarbleyta á milli þúfna.

Túngarðurinn afmarkar ferhyrnt svæði sem er 200x85 m að stærð og snýr norðaustur-súðvestur. Hlið er á túngarðinum á Í norðausturenda þar sem gata 017 liggur til norðvesturs í átt að Brúnarhúsum 012. Tvö stór rof eru í túngarðinum, bæði í suðausturhorninu. Víða annars staðar eru umfangsminni rof í garðinum og oft er það mjög hlaupið í þúfur. Vesturhliðin er best varðveitt en mikið rof er í norður- og austurhliðum. Túngarðurinn er líklega torfhláðinn og hefur efni verið tekið meðfram utanverðum garðinum en mjó renna sést oft upp við hann. Garðurinn eru 0.4-0.5 m á breidd og 0.4 m á hæð. Garðurinn virðist ekki vera gamall og er frá sama tíma og fjárhús 025 sem notuð voru til

1976. Garðlagið er í stórhættu vegna traðks og ágangs húsdýra og ýtir bleytan á svæðinu undir rofmyndun.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1921; Ö-Kópsvatn, 10; Herforingjaráðskort 47; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Kópsvatn

ÁR-339:040 gata leið

A: 437584 N: 407975

Gata liggur eftir Kópsvatnsási og er hún vörðuð með tveimur vörðum, Miðmorgunsvörðu 018 og vörðu 051. Hér er skráð gata 040. Gatan sést uppi á ásnum, 80 m sunnan við ÁR-681:009. Hún liggur í nokkrum hlutum eftir ásnum en endar 170 m norðan við Kikjugötur ÁR-681:040. Óvíst er til hvert leiðin hefur legið. Ásinn er flatur og mosagrónum, klettur sjást víða upp úr sverði og gróðurþekja er ekki samfelld. Víða vex einnig lyng á ásnum.



Leið 040, horft til suðvesturs

Gatan sést slitrótt á 1 km löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. Hún sést sem ógróinn, einföld gata 0.3 m á breidd og 0.2 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

ÁR-339:041 *Tíðholt* heimild um áfangastað

A: 436560 N: 407185

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Tíðholt var lítill vallendishóll uppblásinn að austanverðu skammt vestan við Kópsvatnsás um 300 m frá mörkum milli Kópsvatns og Bryðjuholts. Holtið var vestan við núverandi þjóðveg og framan við skurð vestur mýrina. Skýring á nafninu er ókunn en bendir líklega til kristnihalds. Þarna hefur e.t.v. verið áningastaður ferðamanna og þeir sungið trúarlega söngva.“ Hvorki Valdís né Guðmundur Marínósbörn, heimildamenn, þekktu til nafnsins Tíðholts en miðað við lýsinguna í örnefnaskrá má ætla að Tíðholt sé á svipuðum stað og Lambhúsholt 019, rúmum 320 m SSV við bæ 001. Holtið er í sléttuðu túni, rétt vestan við voldugan framræsluskurð.

Svæðið hefur verið ræktað undir tún og því sjást engin ummerki um þann uppblásna vallendishól sem nefndur

er í örnefnalýsingunni. Tíðaörnefni benda oft til svæðis sem messuleiðir lágu um. Kirkjugötur ÁR-681:040 liggja frá Konungsvegi 019, rétt um 300 m austan við Tíðholt og gæti Tíðholt því hafa verið á messuleið þeirri sem lá frá Bryðjuholti ÁR-338 og að Kirkjugötum í átt að Reykjadalaskirkju.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 9

ÁR-339:042 *Pyttur* heimild um þvottastað

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Pyttur var pyttur í bæjarlæknum austan við bæinn nálægt túnhliðinu, sem þá var. Þar voru sokkar þvegnir eða klappaðir.“ Valdís og Guðmundur Marínósbörn, heimildamenn, mundu ekki til þess að hafa heyrt um örnefnið og það er ekki merkt inn á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar. Staðsetning bæjarlækjarins var einnig óviss en líklega rann hann austan við túnið þar sem ræktunarland byrjar, 170 m austan við bæ 001. Hann er horfinn í skurði og túnrækt. Óvíst er nákvæmlega hvar þvottastaðurinn var og þarf frekari heimildir til þess að staðsetja hann.

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 10

ÁR-339:043 heimild um óþekkt

A: 437533 N: 408892

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Norðan við gilið [Auðnugil], þar sem þjóðvegurinn liggur nú yfir, eru fornar rústir, líklega frá 12. öld [006, 010, 011, 043 og 050].“ Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1984 segir: „Ofan við veginn, norð- austan við rannsóknarstaðinn, er stór og mikil tóft, sem snýr nokkurn veginn frá vestri til austurs. Örlítið var grafið í hana til prufu, en þó of lítið til þess að neitt kæmi í ljós, hvers eðlis hún væri.“ Minjasvæðið, sem samanstendur af fimm tóftum (006, 010, 011, 043 og 050) og torfgarði (038), er rúmum 1,5 km norðaustan við bæ 001 og 500 m NNV við Kirkjuskarð ÁR-681:009. Tóftin mun hafa staðið austan vegar, norðaustarlega á tóftasvæðinu, 1,55 km norðaustan við bæ og tæpum 100 m norðaustan við gatnamót Skeiða- og Hrunamannavegar (30) og veggins upp að borholunum. Minjasvæðið er þýft og grasi vaxið.

Svæðið austan vegar var ekki gengið eins rækilega og vestan vegar, þegar minjar á svæðinu voru skráðar sökum þess miskilnings að allar tóftirnar væru vestan vegar. Á úrvinnslustigi kom hinsvegar í ljós að tóftin sem lýst er hér, var austan við veg. Á loftmyndum má sjá hugsanleg ummerki um tóftina norðaustast á minjasvæðinu en ekki er hægt að lýsa þeim af loftmynd, til þess eru ummerkin of ógreinileg.

Hættumat: hættu, vegna jarðræktar

Heimildir: Árbók 1984, 189

ÁR-339:044 frásögn lögn

A: 435552 N: 408117

Að sögn Valdísar Marínósdóttur, heimildamanns, var lögn í Hvítá við Lambhúshvamm 035, rúmum 1,3 km VNV við bæ 001 og um 115 SSV við Gamla vað 031. Ekki er lengur veitt á staðnum. Lambhúshvammur er gróinn hvammur, rétt norðan við Harðabakka. Bakkar Hvítár er aflíðandi á þessum slóðum og grónir. Þar sem lögnin var virðist Hvítá



Lögn 044, horft til norðurs



Lögn 045, horft til norðausturs

hvorki vera djúp né staumhörð. Engin mannvirki sjást á vettvangi sem tengjast lögninni.

Hættumat: engin hættu

ÁR-339:045 frásögn lögn

A: 435798 N: 408329

Að sögn Valdísar Marinósdóttur, heimildamanns, var lögn í Hvítá rétt sunnan við Netholt, tæpum 1,1 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 380 m suðvestan við lögn 046. Ekki er lengur veitt á þessum slóðum. Netalögnin var á fremur hallalítilli og sandborinni eyri. Gróður þéttist þó er fjær dregur ánni. Þar sem lögnin var er Hvítá straumlítill og fremur grunn. Engin mannvirki sjást á vettvangi sem tengjast lögninni

Hættumat: engin hættu

ÁR-339:046 frásögn lögn

A: 436082 N: 408585

Samkvæmt Valdísi Marinósdóttur, heimildamanni, var lögn í Hvítá um 1,2 km norðvestan við bæ 001 og rúmum 380 m norðaustan við lögn 045. Netalögnin var í lítilli og grónni hvilft, við árbakka Hvítá. Þar sem lögnin var er Hvítá grunn og ekki mjög straumhörð. Ekki er lengur veitt á þessum stað og ekki sjást lengur mannvirki á staðnum sem tengjast lögninni.




Lögn 046, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

ÁR-339:047 tóft beitarhús

A: 435954 N: 408171



„Netholt nefnist allstór holt út við Hvítá [...]. Fremri hluti holtins hefur verið ræktaður, og er nú fjárhús syðst á því [sjá 008]. Áður var fjárhús norðar, við suðvestur enda eystra klettabeltisins, og hefur þar trúlega fjárhús verið um langan tíma og jafnvel byggð manna til forna, því að lag með viðarkolum og ösku má finna í moldarbakka þar hjá,“ segir í örnefnaskrá. Fjárhústóft er um 960 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við fjárhús 008.

Tóftin er ofarlega á austurbrún Netholts. Til suðvesturs er ræktað tún en óræktað svæði til annarra átta sem nýtt er til sauðfjárbeitar.

Tóftin er 20x16 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er tvískipt og eru veggir grjót- og torfhláðnir. Þeir standa grónir, og eru 1-1,4 m á hæð. Hægt er að telja 2-5 umföer af stóru hleðslugrjóti í bland við smærra grjót í innanverðum hleðslum. Ekki er hlaðinn veggur á NNV gaffli og þar hefur verið þil með dyrum. Sjálf fjárhúsin (hólf 1) eru í vesturhluta tóftarinnar og eru 16x6 m að innanmáli og snúa NNV-SSA. Í botni hólsins er mikið um bárujárnsrusl, líklega leifar af þili eða þaki klæðningar. VSV við fjárhúsin er niðurgráfin hlaða (hólf 2) sem er 6x6 m að innanmáli og 0,5 m djúp. Tóftin er á lágum hól og ekki er óhugsandi að hann sé að hluta til uppsafnaðar mannvistarleifar. Þó sáust engin ummerki um viðarkol eða ösku í eða við tóftina eins og getið er um í örnefnaskránni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatns, 2

Teikning af tóftum á Netholti

ÁR-339:048 frásögn lögn

A: 435286 N: 408039

Samkvæmt Valdísi Marinósdóttur, heimildamanni, var lögn í Hvítá rétt norðan við Harðabakka, rúmum 1,4 km VNV við bæ 001 og um 310 m VSV við Lambahvamm 035. Bakkar Hvítár eru mjög brattir á þessum slóðum. Svæðið er þakið mosa en á mörgum stöðum stendur grjót upp úr mosanum. Þar sem lögnin var er Hvítá fremur lygn en sémilega djúp. Ekki er lengur veitt á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-339:049 garðlag vörslugarður

A: 436992 N: 407396

Garðlag er um 370 m ASA við bæ 001 og tæpum 95 m austan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Garðurinn liggur þvert á ásinn, í vesturhlíðum hans. Svæðið er grasgróið og liggur garðlagið gegnum trjágróður, einkum vestast á svæðinu sem hann liggur um.

Garðlagið er 67 m á lengd og liggur nálega austur-vestur. Það er torfhláðið og er 0,6 m á hæð og 0,5 m á breidd. Garðurinn fjarar smátt og smátt út til beggja enda. Rétt norðan við garðlagið sést pælan. Ekki er ljóst hvert hlutverk garðsins var en mögulega er um leifar vörslugarðs að ræða.



Tóft 050, horft til norðurs

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-339:050 tóft óþekkt

A: 437430 N: 408821

Í örnefnaskrá Kópvatns segir: „Norðan við gilið [Auðnugil], þar sem þjóðvegurinn liggur nú yfir, eru fornar rústir, líklega frá 12. öld.“ Minjasvæðið, sem samanstendur af fimm tóftum (006, 010, 011, 043 og 050) og torfgarði (038), er rúmum 1,5 km norðaustan við bæ 001 og 500 m NNV við Kirkjuskarð ÁR-681:009. Hér er skráð mjög óljós og þýfð tóft sem er norðan við Auðnugil, 30 m norðvestan við býli 006 (sem grafið var upp 1964) og 30 m vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg (30).

Minjasvæðið er beggja vegna akvegarins (Skeiða- og Hrunamannavegs 30) og hafa minjar raskast mikið við vegagerð árið 1947. Nokkuð rof er á svæðinu við veginn en annars er þvæðið mjög þýft og mishæðótt, sérstaklega vestan við veginn og er fremur blautt á köflum.

Tóftin er mjög þýfð og óljós. Þýfið í henni er þó stærra en annars staðar í kring og með góðu móti má greina innanmál hennar en þar virðist gróður vera grænni og gróskumeiri en að utan. Tóftin er 8x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Meint innanmál er 7x1 m og óljós inngangur er á suðvesturhlið. Veggir eru allir hlaupnir í þúfur og er þýfið 0.5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kópvatns, 5-6

ÁR-339:051 varða samgöngubót

A: 437285 N: 407509

Gata 040 liggur eftir Kópvatnsás og er hún vörðuð með tveimur vörðum, Miðmorgunsvörðu 018 og vörðu sem hér er skráð. Varðan er uppi á Kópvatnsás, 64 m austan við bæ 001 og rúmum 380 m suðvestan við Miðmorgunsvörðu 018. Varðan er 160 m norðan við Kirkjugötur ÁR-681:040 þar sem þær liggja yfir ásinn.

Varðan er uppi á mosagrónum, flötum ásnum, klettur sjást víða upp úr sverði og gróðurþekja er ekki samfelld.

Víða vex einnig lyng á ásnum.

Varðan er 1.5 x 1.5 m að flatarmáli og er hringlaga. Hún er 0.7 m á hæð. Varðan er frekar gróin og því sést ekki vel í hleðslur. Þó sést að varðan er ekki hlaðin heldur hefur grjótinu í henni verið hrúgað saman. Hún hefur líklega varðað leið 040 frekar en Kirkjugötur ÁR-681:013 þar sem hún er frekar langt frá þeim.

Hættumat: engin hætta



Varða 051, horft til suðvesturs

ÁR-681 Fornleifar á fl. en einni jörðu; Hrunamannahreppur

ÁR-681:009 gata leið

A: 439024 N: 406127

Í grein um Hruna í Árningsi segir: „merkilegt er að leiðin [005] í norður frá Hruna [ÁR-312] lá ekki þar sem núna er þjóðvegur um Hrunavöll heldur var farið upp fyrir Hrunann sjálfan að austanverðu og síðan um Leynisáa svonefnda niður á Hrunavöll. [...] Í stað þess að fara leiðina áfram frá Berghyl [ÁR-303] um Gyldurhaga mátti sveigja til vesturs um Kirkjuskarð og síðan fara upp hjá Skipholti [ÁR-342] og um Steypu eða Steypuvað [352:057] á Hvítá og hjá Drumboddsstöðum [ÁR-352] alla leið í Haukadal, ef vildi.“ Í örnefnaskrá Kópvatns ÁR-339 segir: „Kirkjuskarð er skarð milli innsta hluta Kópvatnsáss og fremri hluta Lönguhlíðar. Þar var kirkjuvegur frá Skipholti [ÁR-342], Skollagróf [ÁR-341] og Votlaugum að Reykjadal [ÁR-301] og síðar að Hruna [ÁR-312] etir að Reykjadalssókn var sameinuð Hrunasókn 1818.“ Á Herforingjaráðskorti frá 1910 sést leið liggja af leið 005 að Reykjadal ÁR-301 og áfram á leið 019. Leiðin var skoðuð á Hrunavelli í landi Hruna árið 2015 og aftur í landi Kópvatns, við Kirkjuskarð, árið 2018.



Leið 681:009, horft til norðausturs

Þýfður, flatlendur mói í landi Hrunavalla. Í land Kópvatns sést malbikaður vegur yfir Kirkjuskarðið en grasi vaxin smábýfð svæði í vegkanti.

Þessi leið liggur að mestu leyti í rennu sem er um 200 m á lengd og endar í skarði nærri bakka Litlu-Laxár. Rennan er ógróin og er er 1-2 m á breidd og 0,3-0,6 m á dýpt. Einnig eru götur sitt hvoru megin við rennuna. Ungur ruddur vegur liggur úr skarðinu í sveig til austurs og heldur svo áfram til suðausturs að beitarhúsum í Stekkjartúni 312:009 í landi Hruna. Leiðin var skoðuð þar sem hún liggur um Kirkjuskarð í landi Kópvatns árið 2018 en engin ummerki sáust um hana og lá hún líklega á svipuðum stað og vegurinn liggur nú um skarðið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: HP: "Hruni" Árningsingur V, 21; Ö-Kópvatn, 7; Herforingjaráðskort 47

ÁR-681:019 *Konungsvegur* heimild um leið

A: 435260 N: 404521

Konungsvegur sem lagður var í tilefni af heimsókn Danakonungs árið 1907 liggur í gegnum Hrunamannahrepp frá Brúarhlöðum við Hvítá, litlu norðvestan við Högnastaði ÁR-316 og Gröf ÁR-315, yfir Litlu-Laxá og áfram til suðurs eftir Langholtsfjalli og svo að hreppamörkum við Stóru-Laxá. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1910. Langholtsvegur 341 liggur á löngum kafla á sama stað og þessi vegur á milli Litlu-Laxár og Stóru-Laxár. Leiðin var skoðuð norðaustan við Litlu-Laxá í landi Grafar og Högnastaða en þar sáust ekki leifar af henni vegna byggingaframkvæmda, vegagerðar og annars rask. Leiðin var aftur skoðuð á vettvangi árið 2017 í landi Efra Langholts [ÁR- 331]. Hún var rakin á þremur stöðum. Í fyrsta lagi 190 metrum norðaustan við Efra-Langholtsbæinn (B hnit), svo á smá kafla fyrir norðan Ásatúns bæinn (Snússu) AR-333:001 en þar nefnist hann Breiðagata (hnit c) og svo tæpum 70 metrum suðaustan við sumarbústaðabyggingina á Langholtsfjalli (C hnit). Á milli tveggja síðast nefndu staðanna hefur Konungsvegurinn farið undir sumarhúsveg. Árið 2018 var leiðin skoðuð í landi Kópsvatns og sést þar sem hluti E. Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Krossgötur munu vera staður í Smáholtum eða við Skrugguflöt, þar sem reiðgötur frá Kópsvatni skiptust, annars vegar austur að Reykjadal [sjá leið 681:009] og hins vegar upp að Skipholti [ÁR-342].“ Leiðin frá Kópsvatni að Skipholti er um 1,8 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 480 m norðvestan við Kirkjuskarð ÁR-681:009. Leiðin er mjög greinileg á loftmynd.

Hnit B liggur milli túns til norðvesturs og beitarhóls til suðausturs. Lágir klettur eru á stöku stað milli túns og götu. Hluti C af vagnveginum liggur í djúpri dæld í Langholtsfjalli og er líklega notaður sem reiðvegur í dag. Hluti E er í landi Kópsvatns Þar liggur hún rétt vestan við Bæjarás og Kóparvatnsás um grösugt svæði. Austan við hana er Skeiða- og Hrunamannavegur 30.

Konungsvegur sást á þremur stöðum innan skráningarsvæðisins og verður þeim lýst frá norðaustri til suðvesturs, þar sem hluti B er norðaustast og hluti D er suðvestast. B) Gatan liggur í norðaustur frá afleggjara að Efra-Langholti. Hún er vel grasi gróin, um 2 m breið og 0,3-0,5 m djúp. Frá afleggjaranum má rekja götuna um 270 m leið þar til hún hverfur í tún. Á loftmynd sést einnig marka fyrir götunni í beitarhólfi suðvestan afleggjarans um 170 m þar til kemur að mörkum túns. Hjá Snússu (hluti C) sést að hann hefur verið upphlaðinn og er hleðsluhæð hans þar um 30 cm og breidd hans um 4 m en suðvestan við þennan hluta virðist sem Konungsvegurinn hafi farið undir sumarhúsveg. D) Vegurinn er 3 metrar breiður moldarslóði sem notaður er í dag sem reiðleið yfir fjallið. Hann liggur í djúpri dæld í fjallinu og kemur niður af því í landi Syðra Langholts þar sem í dag hefur verið byggður bílvegur á sama stað og gamli vagnvegurinn var. Það sést móta fyrir veginum yfir allt fjallið og er hann u.þ.b 1,9 km á lengd, þar sem slóðinn byrjar og þar sem hann endar í bílveginum. Ekki var öll leiðin skoðuð á vettvangi heldur var stór hluti hennar mældur upp af loftmynd.

Hluti E var skráður árið 2018. Leiðinni var fylgt á 300 m löngum kafla. Þar sjást víða 2-3 grónar götur á allt að 5 m breiðu svæði. Leiðin er mjög greinileg rétt norðan við Kirkjuskarð en þar fjarar hún smátt og smátt út til norðurs. Til suðurs fer leiðin undir jarðvegnaðu og hverfur þar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 47

ÁR-681:035 heimild um leið

A: 433790 N: 404626

Á herforingjaráðskorti frá 1910 er merkt gata sem liggur frá Hrafnkelsstöðum ÁR-334 yfir vað ÁR-335:025 og í átt að Syðra-Seli ÁR-335. Leiðin var skoðuð í landi Hrafnkelsstaða ÁR-334 og í landi Syðra-Sels ÁR-335 en engin ummerki sáust um hana. Svæðið sem leiðin liggur um í landi Hrafnkelsstaða er allt undir túnrækt en í landi Syðra-Sels liggur leiðin í gegnum smápýft og mýrlent landsvæðisvæði.

Samkvæmt herforingjaráðskorti var leiðin um 780 m á lengd og lá norðvestur- suðaustur. Engin ummerki sjást um leiðina þar sem hún var skoðuð og hefur syðri hluti hennar líklega verið sléttaður í tún en hún sokkin í mýrina norðan Litlu Laxár.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NV

ÁR-681:036 gata leið

A: 432632 N: 405787

Á herforingjaráðskorti frá 1910 er merkt óviss gata sem liggur meðfram Hvítá frá heimatúni Auðsholts ÁR-385 meðfram norðurjaðri heimatúns Hvítárholts ÁR-337 og niður að heimatúni Efra-Sels ÁR-336. Leiðin var skoðuð í landi Hvítárholts og þar sést mjög gróinn kindastígur meðfram ánni rúmum 120 m norðan við bæinn (ÁR-337:001) og 5 m sunnan við Hvítá.

Bakkar árinna eru grónir og grasi vaxnir á þessu svæði og engir sandbakkar eru þarna rétt við heimatúnið.



Leið 681:036, horft til vesturs

Lítillsháttar kjarrgróður sést einng á bökkum Hvítár.

Samkvæmt herforingjaráðskorti var leiðin alls 8 km á lengd . Fyrir ofan heimatún Hvítárhólts sést gróinn, einfaldur kindastígur á 66 m löngum kafla. Hún er um 0.2 m á breidd. Hún hverfur í gróður við ána.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 47 NA

ÁR-681:040 *Kirkjugötur* gata leið

A: 437129 N: 407394

Í örnefnaskrá Kópsvatns segir: „Kirkjugötur nefnast gamlar reiðgötur, sem liggja á ská upp Kópsvatnsás neðan undir Brúnkletti og síðan austur yfir ásinn norðan við klettinn. Nafnið bendir til, að þarna hafi verið reiðvegur til kirkju. Þessar götur hafa þó ekki bara verið kirkjugötur heldur ævaforð þjóðleið, að líkindum alþingisvegurinn forni.“ Kirkjugötur eru merktar inn á herforingjaráðskort frá 1910 og liggja þar yfir Bæjarásinn/Kópsvatnsásinn í átt að Reykjadal ÁR-301 og Reykjadalsskoti ÁR-302. Þær sjást fyrst um 400 m ASA við bæ heimatún Kópsvatns ÁR-339 og tæpum 130 m austan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30, þar sem þær liggja upp á Bæjarásinn. Líkast til hafa göturnar verið hluti af leið frá Kópsvatni til Reykjadalsskoti ÁR-301:002. Þangað átti Kópsvatn kirkjusókn til 1819 þegar Reykjadalssókn var lögð undir Hruna samkvæmt Prestatali og Prófasta á Íslandi eftir Sveinn Nielsson. Leiðin var skoðuð í landi Kópsvatns.

Leiðin liggur upp grösugan Kópsvatnsásinn að vestanverðu. Trjágróður er talsverður á þessum slóðum og botngróður einkennist af mosa og grasi. Gróður minnkar því ofar sem farið er á ásinn og þar er víða melur og gróðulausar klappir.

Ummerki um leiðina eru greinileg á um 200 m kafla upp vestanverðan Kópsvatnsásinn. Þau sjást fyrst sunnan við jaðar ræktað túns, rétt austan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Þar liggur hún nálega vestur-austur en fjarar út ofarlega á Bæjarásnum. Þessi leið sést lengra til suðvesturs en hún er mæld á rúmlega 300 m löngum kafla.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kópsvatn, 8; Herforingjaráðskort 47 NA; PP I, 88.

5. Samantekt og niðurstöður

Byggðasaga

Á skráningarsvæðinu var mikið um grösugt og deiglent undirlendi sem að stórum hluta er búið er að rækta upp og setja undir tún. Á austurhluta og norðausturs hluta svæðisins eru nokkrir grónir ása og þar má finna litla dali eða gróna hvamma sem gætu hafa hentað vel til seljabúskapar eða sem engjaland. Vesturhluti svæðisins er á hreppamörkum og myndar Hvítá þar mörk milli Hrunamannahrepps og Bláskógabyggðar. Einnig rennur Litla-Laxá eftir miðju svæðinu endilöngu.

Hér fyrir neðan verður fjallað um byggðaþróun á því svæði sem var aðalskráð sumrin 2017 og 2018 en ítarlegar verður fjallað um þróun byggðar Hrunamannahrepps þegar skráningu sveitarfélagsins er lokið. Þegar þróun byggðar er skoðuð er litið til margra þátta. Reynt er að geta sér til um það hvaða jarðir byggðust fyrst út frá staðsetningu kumla, kirkna og annarra fornleifa, jarðarheita, dýrleika jarða, landgæða, og landamerkja. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu um forna byggð þar sem þau eru yfirleitt reist rétt fyrir eða skömmu eftir kristnitöku. Bænhús og kirkjur hafa oftast risið á betri jörðum, sem ætla má að hafi (að jafnaði) byggst upp fyrr en jarðir af lakari gæðum. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið eru því að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús. Sömu leiðis er athugað hvernig greint er frá landnámi á svæðinu í Landnámabók. Aðrar sögulegar heimildir um elstu byggð eru í fornbréfasafni, jarðabréfum og í Íslendingasögum. Enn fremur hefur verið skrifuð ítarleg grein um þróun byggðar í Hrunamannahreppi og birtist hún á Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2008–2009.³

Byggðin á svæðinu hefur verið nokkuð stöðug á lögbýlum en hjáleigubbyggð hefur verið sveiflukenndari og á 18. og 19. öld eru þær annað hvort farnar í eyði og þær sem héldust í byggð eru orðnar að lögbýlum. Í Landnámu er getið um landnám Hrunamannahrepps og þar kemur fram að það hafi verið bræðurnir Bröndólfur og Már sem „námu Hrunamannahrepp, svá vítt sem vötn deila. Bröndólfur bjó at Berghyl [...]. Már bjó á Másstöðum.“⁴ Enn fremur segir um landnám Hrunamannahrepps í Landnámu: „Hann [Þorbjörn jarlakappi] keypti land í Hrunamannahrepp at Mávi Naddoddssyni, allt fyrir neðan Selslæk a milli Laxár ok bjó at Hólum [...]. [Þ]á jóku þeir [Þorbrandur, sonur Þorbjarnar og Ásbrandur, sonur hans] landnám sitt ok námu enn efra hlut

³ Árbók 2008–2009, bls. 143–176.

⁴ ÍF I, bls. 382–383.

Hrunamannahrepps sjónhending ór Múla í Ingjaldsgnúp fyrir ofan Gylðarhag.⁵ Landnám í efri hluta Hrunamannahrepps er utan þess skráningarsvæðis sem hér er til umfjöllunar, og ekki er vitað hvar Músstaðir voru. Þrjú skálar og fleiri hús frá Víkingaöld voru grafin upp á Hvítárholti á árunum 1963–1967. Þór Magnússon, stjórnandi rannsóknarinnar og fyrrverandi þjóðminjavörður, taldi að mögulega væri þarna fundið landnámsbýlið Músstaðir.⁶ Það er óvíst, en engu að síður er þarna um gríðarlega áhugaverðar minjar að ræða, sérstaklega ef hvert hús er skilgreint sem sér íveruhús fremur en sama bæjarstæðið sem færst hefur úr stað. Sé það svo má leggja fram tilgátu um að í fyrstu hafi fólk hafi hópað sig í grennd við hvort annað til þess að vinna sameiginlega að landnámi áður en farið var að búa á afmarkaði og stærri jörðum.⁷

Öll 16 lögbýlin sem fjallað er um í þessari skýrslu eru enn í byggð. Út frá niðurstöðum fornleifaskráningarinnar og ritaðra heimilda má fá grófa hugmynd um hvenær jarðirnar byggðust fyrst og hvernig byggðapróunin var.

Jarðarheiti	Jarðarnúmer	Dýrleiki	Kirkja	Aths.	Heimild
Dalbær	ÁR-320	15 hdr.		Hjáleiga Miðfells	JÁM II, bls. 249
Galtafell	ÁR-321	20 hdr.			JÁM II, bls. 250
Birtingarholt	ÁR-326	26 hdr., 160 ál.			BL, bls. 109
Langholt syðra	ÁR-327	40 hdr.	Útkirkja		BL, bls. 109
Unnarholt	ÁR-328	33 hdr., 80 ál.	Bænhús		BL, bls. 109
Unnarholtskot	ÁR-329	Sjá aths.		Hjáleiga Unnarholts	JÁM II, bls. 238
Bolafótur	ÁR-330	Sjá aths.		Hjáleiga Unnarholts	JÁM II, bls. 239
Langholt efra	ÁR-331	40 hdr.	Bænhús		JÁM II, bls. 240
Langholtskot	ÁR-332	8 hdr.		Hjáleiga Langholts efra	JJ, bls. 68
Snússa	ÁR-333	Sjá aths.		Hjáleiga Langholts efra	JÁM II, bls. 243
Hrafnkelsstaðir	ÁR-334	20 hdr.	Bænhús		BL, bls. 109
Syðra-Sel	ÁR-335	20 hdr.			BL, bls. 109
Efra-Sel	ÁR-336	20 hdr.			BL, bls. 109
Hvítárholt	ÁR-337	26 hdr.			BL, bls. 68
Ísabakki	ÁR-337b	16 hdr., 160 ál			BL, bls. 109
Kópsvatn	ÁR-339	24 hdr.			JÁM II, bls. 263

Tafla 1: Yfirlit yfir 16 lögbýlin sem skráð voru

⁵ ÍF I, bls. 382–384.

⁶ Sjá þó *Árnesingur* V, bls. 43–44; Sjá nánar um Músstaði í *Árbók 2008–2009*, bls. 145–152.

⁷ Sjá t.d. Orri Vésteinsson 1998.

Hreppsmiðstöð hefur annað hvort verið í Hruna eða Gröf, en þar voru sóknarkirkjur, og landgæði mikil. Þær jarðir eru utan þess svæðis sem er til umfjöllunar og þess vegna ekki fjallað um þær hér.

Jarðarheiti	Jarðarnúmer	Fyrst getið	Heimild
Dalbær	ÁR-320	Jarðabók Árna og Páls 1709	JÁM II, bls. 249
Galtafell	ÁR-321	1440: Jarðarinnar getið í máldaga Hrepphóla­kirkju	DI IV, 616
Birtingarholt	ÁR-326	Um 1220: Jarðarinnar getið í máldaga Langholts syðra	DI I, 408
Langholt syðra	ÁR-327	c 1220: Máldagi Langholts syðra	DI I, 408
Unnarholt	ÁR-328	Um 1220: Jarðarinnar getið í máldaga Langholts syðra	DI I, 408
Unnarholtskot	ÁR-329	Jarðabók Árna og Páls 1709	JÁM II, bls. 238
Bolafótur	ÁR-330	Jarðabók Árna og Páls 1709	JÁM II, bls. 239
Langholt efra	ÁR-331	1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju	DI II, 665–666
Langholtskot	ÁR-332	Jarðabók Árna og Páls 1709	JÁM II, bls. 242
Snússa	ÁR-333	Jarðabók Árna og Páls 1709	JÁM II, bls. 243
Hrafnkelsstaðir	ÁR-334	1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju	DI II, 665–666
Syðra-Sel	ÁR-335	Jarðabók Árna og Páls 1709	JÁM II, bls. 244
Efra-Sel	ÁR-336	Jarðabók Árna og Páls 1709	JÁM II, bls. 245
Hvítárholt	ÁR-337	Jarðabók Árna og Páls 1709	JÁM II, bls. 263
Ísabakki	ÁR-337b	1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju	DI II, 665
Kópsvatn	ÁR-339	1331: Jarðarinnar getið í máldaga Hrunakirkju	DI II, 665

Tafla 2: Yfirlit hvenær lögbýlin er fyrst getið í rituðum heimildum

Erfitt að segja nákvæmlega til um byggðaupróun Hrunamannahrepps fyrr en að aðalskráningu lokinni og varlegra er að geta þess að jarðir þar sem engjaland var gott og jarðgæði mikil hafi líklega byggst snemma. Útkirkja var í Langholti syðra og bænhús í Langholti efra, Unnarholti og Hrafnkelsstöðum. Á þessum jörðum er talsvert engja- og beitiland. Dýrleiki jarðanna hefur einnig verið yfir meðallagi: Langholt efra er metið á 40 hdr. í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 (sjá töflu 1). Dýrleiki Unnarholts og Hrafnkelsstaða er óviss en í jarðamati 1695 er jörðin Unnarholt metin á 33 hdr., og 40 ál.,⁸ og Hrafnkelsstaðir á 30^{1/3} hdr. í Jarðatali Johnsen frá 1847.⁹ Útfrá háu jarðamati og þeirri staðreynd að kirkja og bænhús voru á Langholtsjörðunum, Unnarholti og Hrafnkelsstöðum, má ætla að þessar jarðir hafi byggst snemma.

⁸ BL, bls. 109.

⁹ JJ, bls. 68.

Efra-Sel og Syðra-Sel tilheyrðu líklega að fyrstu Gröf og hafa í upphafi verið ein jörð,¹⁰ þótt ekki sé ljóst hvenær nákvæmlega jarðirnar verða sitt hvort lögbýlið. Enn óljósari munnmæli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns geta þess að Gröf hefði átt Ísabakka.¹¹ Hvítárholt var síðan lengst af hjáleiga frá Ísabakka.¹² Ísabakki fer í eyði á 18. öld vegna flóða úr Hvítá og verður Hvítárholt aðaljörðin upp frá því. Á þessum jörðum er einnig góður aðgangur að ýmsum nytjum. Ísabakki á land að Hvítá þar sem var lax- og silungsveiði og enn voru landgæði mikil í Efra- og Syðra-Seli.¹³ Þessar jarðir, ásamt Birtingarholti, sem hefur ágætt jarðnæði og er aðeins yfir meðallagi í jarðardýrleiki (sjá tafla 1), hafi byggst snemma.

Kópsvatn stendur örlítið utan við aðrar jarðir á skráningarsvæðinu og hugsanlegt er að hún og Galtafell þar se jarðgæði eru í meðallagi, hafi byggst seinna. Á Kópsvatni fundust leifar býlis við Auðnagil við rannsókn Þjóðminjasafns Íslands árið 1964 sem aldursgreind var til 12. aldar.¹⁴ Sömu leiðis var skráð skálalaga tóft í landi Galtafells sumarið 2017. Ábúandi gróf í eina tóft á þeim stað og kom niður á vikurlag sem líklega er úr Heklugosi frá 1104 en frekar rannsókna er þörf á svæðinu til þess úrskurða um aldur þess.

Aðrar jarðir sem eru metnar í meðallagi í gömlu jarðamati – hafa mögulega verið hjáleigur í upphafi, svo sem Dalbær (24. hdr., tafla 1) eða Unnarholtskot (byggt úr Unnarholti eins og nafngiftin gefur til kynna), og fáar ef einhverjar hjáleigur. Þessar jarðir hafa byggst síðar.

Lítill hjáleigubýggð var á þeim 16 lögbýlum, en þó ber að hafa í huga að sex lögbýlanna voru í upphafi hjáleigur (tafla 1). Utan þeirra geta heimildir um fimm hjáleigur (tafla 3). Frekari rannsókna er þörf á að fá nákvæmari mynd af hjáleigubýggð á svæðinu.

Sérheiti	Samtala	Tegund	Hlutverk	Í byggð
Móakot	ÁR-321:005	Heimild	Býli	1703–1709
Lindarhamar	ÁR-331:010	Bæjarstæði	Býli	A.m.k. talsvert fyrir 1709–1785
Bessastaðir	ÁR-326:023	Heimild	Bústaður	Ekki vitað
Smyrilshattur	ÁR-331:011	Bæjarstæði	Býli	1691–?
Gráklettur	ÁR-331:022	Bæjarstæði	Býli	Ekki vitað

Tafla 3: Yfirlit yfir hjáleigur á skráningarsvæðinu

¹⁰ JÁM II, bls. 245.

¹¹ JÁM II, bls. 276.

¹² JÁM II, bls. 263.

¹³ SSÁ, bls. 125; Sjá einnig Árbók 2008–2009.

¹⁴ Árbók 1984, bls. 189.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að einhverju leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætánlegt, eða raunhæft, sé að friða þá fyrir frekara raski, en þó að einhverjar skemmdir hafi orðið á bæjarhólum geta þeir verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mest virði eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski.

Sumrin 2017 og 2018 voru bæjarhólar skráðir á öllum jörðunum og á heildina litið er ástand þeirra fremur slæmt. Engin skýr ummerki er um bæjarhóla á Galtafelli, Unnarholti, Unnarholtskoti, Langholti syðra, Langholti efra, og Langholtskoti. Á Unnarholti var bærinn færður um 50 m suðvestan við gamla bæjarstæðið ÁR-328:001 árið 1947. Búið er að slétta yfir bæjarhólinn, setja mól á hann og breyta í bílastæði. Bæjarhóll Unnarholtskots ÁR-329:001 er greinilegri. Hóllinn er 65 x 25 m að stærð (VNV-ASA) en búið er að slétta hann og engar tóftir eða önnur ummerki sjást á yfirborði. Á Galtafelli ÁR-321:001 er búið að umturna svæðinu þar sem gamli bærinn var og m.a. búið að malbika bílaplan á syðri hluta hólans. Bæjarhóll Langholtskots ÁR-332:001 var á náttúrulegum klettahól en ekki sést þar lengur skýr bæjarhólsmyndun en ekki er ljóst af hverju það stafar, mögulega hefur hann ekki náð að myndast vegna skamrar búsetu. Á Langholti syðra ÁR-327:001 og Langholti efra ÁR-331:001 er bæjarhólsmyndun ekki vel greinileg. Líklega er búið að slétta báða bæjarhólana út, annars vegar þegar heimreið var lögð yfir bæjarhól Langholts syðra og hins vegar þegar gömlu bæjarhúsin voru rifin á Langholti efra og steinsteypt hús byggt þar um 1940.

Bæjarhóll Ísabakka ÁR-337b:001 og Hrafnkelsstaða ÁR-334:001 eru vel varðveittir. Bæjarhóll Ísabakka er við farveg Hvítár og geta heimildir þess að hún hafi oft valdið tjóni á túni og bæ fyrr á tíð. Tjón af völdum Hvítár var enda ástæðan fyrir því að þar lagðist byggð af á 19. öld.¹⁵

¹⁵ SSÁ, bls. 126

Þegar byrjað að búa aftur á jörðinni var bærinn fluttur af bæjarhólnum og hefur hann því ekki skemmt vegna húsbýgginga á 20. öld en rétt norðvestan við hann er þó rafmagnsstaur. Bæjarhóllinn er 50 x 45 m að stærð (NNV-SSA) og er um 5 m á hæð. Bæjarhólsmyndun er einnig greinileg á Hrafnkelsstöðum ÁR-334:001. Þar hefur hvorki verið byggt né rótað á bæjarstæðinu frá því timburhús voru reist þar árið 1896 og síðan rifin um 1960. Bæjarhóllinn er 70 x 40 m að stærð (suðvestur-norðaustur) og hæstur er hóllinn rúmlega 2 m.

Íbúðarhús standa enn á bæjarhólum Dalbæjar, Birtingaholts, Bolafótar, Efra- og Syðra-Sels, Snússu, Hvítárhólts og Kópsvatns. Bæjarhóll Bolafótar ÁR-330:001 er betur varðveittur og er hann 35 x 25m að stærð (norðaustur-suðvestur). Hann er ofan á bjargi og er upphleðsla óveruleg vegna skamrar búsetu. Á bæjarstæðinu er einnar hæðar íbúðarhús sem stendur autt. Á suðvesturhluta bæjarhóls Snússu ÁR-333:001 stendur íbúðarhús sem byggt var 1967. Þegar byggt var við það hús komu hleðslur í ljós sem talið var að gætu hugsanlega hafa tilheyrt gamla fjósi bæjarins. Ekkert hús er á háhól bæjarhóls Efra-Sels ÁR-336:001 en allt í kring standa nýrri hús og hóllinn er að mestu leyti óraskaður ef frá er talinn yngsti hluti hans sem ætla má að sé horfinn vegna ýmiss konar rasks á 20. öld. Bæjarhóll Kópsvatns ÁR-339:001 er a.m.k. 33 x 24 m að stærð (norður-suður). Á honum standa þrjú hús, þar af eitt með kjallara sem að líkindum hefur valdið skemmdum á minjum undir yfirborði. Bæjarhóllinn sést þó ágætlega og er hann um 1,5 m á hæð en búið er að slétta yfirborð á honum. Bæjarhóll Birtingarholts ÁR-326:001 er mikið raskaður en íbúðarhúsið og útihúsin standa ofarlega á bæjarhólnum. Í Hvítárholti hefur mikil uppbygging átt sér stað á jörðinni í tengslum við umfangsmikla jarðrækt og búskap. Engin ummerki sjást um bæjarhól Hvítárhólts ÁR-337:001 þar og var hóllinn líklega sléttaður út þegar gömlu bæjarhúsin voru rifin og núverandi íbúðarhús reist á sömu slóðum. Sömu sögu er að segja um bæjarhóla Dalbæjar ÁR-320:001 og Syðra-Sels ÁR-335:001; bæjarhólarnir voru sléttaðir og að hluta rutt út þegar íbúðarhús voru byggð á hólunum, árið 1923 í Dalbæ og 1947 í Syðra-Seli. Sömu leiðis er kjallari á báðum íbúðarhúsunum sem skemmt hafa minjar undir sverði.

Níu býli, önnur en lögbýli, voru á skráningarsvæðinu og eru bæjarhólar á tveimur þeirra. Í landi Galtafells eru skráð tvö býli: Móakot ÁR-321:005, og óþekkt bæjarstæði ÁR-321:028. Engar minjar sjást um Móakot sem hefur að öllum líkindum verið sléttað í tún. Ekkert er vitað um hvenær býlið var í byggð. Nokkuð afgerandi bæjarhóll og signar tóftir sjást á nafnlausu bæjarstæði ÁR-321:028 í jaðri heimatúns á Galtafelli, rúmum 180 m ASA við gamla bæjarstæði jarðarinnar. Á

bæjarhólnum eru fjórar tóftir, tvær eru skálalaga auk tveggja minni tófta. Ekki geta heimildir um þetta býli en að sögn Árna Hjaltasonar, heimildamanns, kom hann niður á vikurlag, sem líklega er úr Heklugosi frá 1104, þegar hann gróf í eina tóftina. Líklegt er að þessar minjar séu á eldra bæjarstæði Galtafells sem hefur svo verið fært niður af hólnum.

Eyðibýlið Bessastaðir ÁR-326:023 er í landi Birtingarholts og er þess getið í örnefnaskrá fornfræðingsins Brynjúlfs Jónssonar (1838–1914). Á þeim slóðum þar sem býlið var stendur íbúðarhúsið Birtingarholt 4. Engar minjar um býlið sjást á yfirborði og ekki var komið niður á mannvistarleifar þegar grafið var fyrir grunni Birtingarholts 4.

Í Langholti efra voru þrjú býli skráð. Fyrst ber að nefna hjáleiguna Lindarhamar ÁR-331:010 en hún er nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Á bæjarstæðinu voru byggð fjárhús og eru þau sýnd á túnakorti frá 1921. Engin ummerki um fjárhúsin sjást lengur og hefur þeim sennilega verið rutt út. Á bæjarstæðinu er talsverð hólmyndun og því líklegt að heillegar minjar býlisins leynist undir sverði. Í Jarðabók Árna og Páls er einnig getið um hjáleiguna Smyrilshatt ÁR-331:011 sem lagðist í eyði skömmu fyrir 1700. Samkvæmt jarðabókinni var þar aðeins byggð í rúm 15 ár og engin ummerki um býlið sjást lengur á yfirborði vegna túnasléttunar. Enn fremur er getið um eyðibýlið Gráklett ÁR-331:022 í örnefnaskrá jarðarinnar. Ekki er vitað með vissu hvar það var staðsett og frekari upplýsinga er þörf til þess að staðsetja býlið nákvæmlega og meta ástand þess og eðli. Í landi Ísabakka greindi Þór Magnússon frá mögulegum bygginga- og girðingaleifum sem kallaðar voru Árnakot ÁR-337b:006 en staðsetning minjanna er óþekkt.¹⁶

Þjóðminjasafn Íslands rannsakaði tvö býli um miðbik 20. aldar á skráningarsvæðinu. Í landi Hvítárhólts fundust fornar rústir í fornleifauppgrefti sem fór fram á árunum 1963–1967 og var líkum að því leitt að þarna væri fundið landnámsbýlið Másstaðir ÁR-337:012 en það er þó ekki víst eins og fyrr var nefnt. Engin ummerki um uppgröftinn eða býlið sjást lengur á yfirborði. Búið er að grafa þar, fylla aftur upp í uppgraftarsvæðin og slétta yfir. Á Kópavatni fundust einnig fornar rústir býlis og mannvirki sem tengjast því (ÁR-339:006, 010, 011, 043 og 050). Minjarnar eru rétt norðan við Auðnugil, og voru þær aldursgreindar til 12. aldar.

¹⁶ Reyndar er ekki skýrt í þessu tilviki hvort að um sérstakt býli hafi verið að ræða eða eldra bæjarstæði Hvítárhólts en gamalt nafn á þeirri jörðu er einmitt Árnakot.

Kirkjur og legstaðir

Kirkjur eða bænhús voru á fjórum jörðum innan skráningarsvæðisins 2017–2018. Engin ummerki sjást lengur um guðshúsin eða kirkjugarða við þau. Útkirkja eða hálfkirkja ÁR-327:002 var á Langholti syðra fram yfir miðja 17. öld og við hana var einnig kirkjugarður ÁR-327:003. Kirkjan og kirkjugarðurinn voru líklega á Bænhúshóli en þar var núverandi íbúðarhús jarðarinnar byggt árið 1945. Þegar íbúðarhúsið var byggt og hóllinn sléttaður á sínum tíma kom mikið af hleðslugrjóti í ljós en engin mannabein. Bænhús ÁR-331:002 var á Langholti efra og er þess seinast getið í Jarðbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Eins og venjan býður var það að öllum líkindum við bæinn en engar frásagnir eru um að mannabein hafi komið upp við jarðrask á bæjarhólnum og er því nákvæm staðsetning bænhússins ekki þekkt.

Enn fremur var skráð bænhús í Unnarholti ÁR-328:002. Þess er einu sinni getið í fornbréfi frá 14. öld.¹⁷ Staðsetning bænhússins er ekki þekkt en líkast til hefur það verið við eða á bæjarhólnum. Heimildir frá 14. öld geta um bænhús og kirkjugarð á hól sem heitir Blásíus ÁR-334:002.¹⁸ Íbúðarhús Hrafnkelsstaða stendur á háhól Blásíusar og var grunnur hússins grafinn 1,5 metra niður en þó gætu leynst einhverjar minjar undir og kringum íbúðarhúsið, þótt litlar séu.

Engin þekkt kuml eru á skráningarsvæðinu og ekki heldur sagnir um fornmannahauga eða heiðnar grafir.

Útihús, kálgarðar og túngarðar

Gömlu heimatúnin á þessum 16 jörðum sem skráðar voru hafa verið sléttuð að mestu leyti og víðast færð talsvert út frá því sem var skömmu eftir aldamótin 1900 þegar túnakort voru gerð fyrir þetta svæði. Má því segja að búið sé að afmá yfirborðsummerki um allflest útihús í heimatúnunum að miklu leyti en næsta öruggt er að á mörgum stöðum eru leifar af þeim varðveittar undir sverði. Alls voru skráð 85 útihús og níu kálgarðar. Í töflu 3 má sjá fjölda útihúsa eftir hlutverki en í flestum tilvikum var hægt að segja til um nákvæmt hlutverk þeirra. Af þeim 85 útihúsum sem skráð voru sáust eingöngu tóftir eða einhver ummerki í 29 tilvikum (um 33%) sem er fremur lágt hlutfall og stafar af því að enn er landbúnaður stundaður á öllum jörðum sem skráðar voru.

¹⁷ DI IV, bls. 45-46.

¹⁸ DI II, bls. 665-666.

Hlutverk	Fjöldi
Fjánhús	38
Fjós	4
Hesthús	4
Hrútakofi	2
Lambhús	8
Útihús	29
Alls	85

Tafla 3: Skipting útihúsa á skráningarsvæðinu eftir hlutverki.

Fjánhúsin sem skráð voru eru ekki öll fjánhús innan túna eða í jaðri þeirra. Nærri 2/3 þeirra er utan heimatúna og af þeim eru mörg hver talsverðan spöl frá bænum. Tóftir 20 af 30 fjánhúsum sem eru fjarri bæ hafa varðveist. Þær eru fjölbreyttar að gerð en flestar þeirra eru tvístæð fjánhús, sum með garða en færri með jötur, og ekki mjög fornar að sjá. Sjö fjánhús voru skráð í heimatúnum en engin þeirra hafa varðveist og hafa ummerki um langflest þeirra horfið af yfirborði vegna túnasléttunar.

Fjós voru skráð undir sérstökum númerum í fjórum tilvikum en víðast háttaði þannig til að fjós stóðu á bæjarhólum og eru þá skráð með þeim enda oft tengd bæjarhúsum eða hluti af þeim. Á Galtafelli er getið um það í heimildum að fjós hafi verið á bæjarhólum ÁR-321:001. Fjósín hafa því verið fleiri en tafla 3 gefur til kynna og má ætla að þau hafi verið á flestum ef ekki öllum bæjum. Á tveimur stöðum gefa örnefni til kynna staðsetningu fjósa; í landi Langholts efra er örnefnið Fjósafliot ÁR-331:012 og á Kópsvatni er Norðurfjósenni ÁR-339:028. Að auki greina heimildir frá fjósum á Galtafelli ÁR-321:003 og í Efra-Seli ÁR-336:007. Engin ummerki sjást lengur um fjósín vegna sléttunar og bygginga.

Tvö af fjórum hesthúsum sem skráð voru 2017–2018 voru á Langholti efra. Annars vegar getur heimild um hesthús ÁR-331:044 en engin ummerki sjást þar lengur vegna túnasléttunar. Hins vegar var tvískipt og fornleg hesthústóft ÁR-331:054 skráð rétt sunnan Vatnsdalsvatns og utan heimatúns bæjarins. Hin tvö hesthúsin voru skráð á Kópsvatni, annars vegar er frásögn um hesthús ÁR-339:021 og hins vegar heimild um hesthús ÁR-339:036. Hvorugt hesthúsanna á Kópsvatni sést lengur á yfirborði vegna sléttunar og framkvæmda. Heimildir geta um tvo hrútakofa

á skráningarsvæðinu. Annar þeirra var í landi Hrafnkelstaða ÁR-334:003 og er hann horfinn vegna túnasléttunar. Hinn var í landi Birtingarholts ÁR-326:037 en hann var rifinn á fyrri hluta 20. aldar.

Alls voru átta lambhús skráð og eru sex af þeim horfin vegna túnasléttunar. Ummerki um grjóthlaðna lambhústóft ÁR-321:004 sjást í landi Galtafells. Hún er einföld og meðfram langveggjum sjást hlaðnar undirstöður jafna. Einnig sést lág þúst á Lambhúshóli ÁR-327:014 á Langholti syðra. Búið er að slétta hólinn en þústin er 14 x 12 m að stærð.

Kálgarðar eru víða sýndir við bæi á túnakortum frá upphafi 20. aldar og er það oft eina heimildin þá. Alls voru níu kálgarðar skráðir en aðeins sjást ummerki á Kálgarðsklett ÁR-330:006 í landi Bolafótar. Garðurinn er tvískiptur og torfhlaðinn. Kálgarðar voru oft á bæjarhólum eins og í tilviki Galtafells ÁR-321:001 og eru þá gjarnan skráðir með þeim. Hvergi sáust skýr ummerki um kálgarða á bæjarhólum á skráningarsvæðinu.

Ætla má að túngarðar hafi girt af heimatún flestra ef ekki allra jarðanna á skráningarsvæðinu og voru skráðir 29 túngarðar á skráningarsvæðinu. Þessi mikli fjöldi skýrist af því að auk túngarða umhverfis heimatún jarðanna voru garðlög sem afmörkuðu stekkatún eða fjárhústún utan heimatúna skráðir sem túngarðar. Skráðir voru túngarðar á öllum jörðum nema Snússu. Heimatún allra lögbýlanna hafa verið færð út á 20. öld og eru túngarðar sem afmörkuðu ýmist útflattir eða signir – sumir jafnvel horfnir.

Samtala	Hlutverk	Ástand	Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-326:040	kálgarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-328:030	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:019	kálgarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-328:033	túngarður	hleðslur signar
ÁR-329:012	kálgarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-329:011	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-330:006	kálgarður	hleðslur standa grónar	ÁR-330:008	túngarður	hleðslur signar
ÁR-331:003	kálgarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-331:020	túngarður	
ÁR-334:010	kálgarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-331:030	túngarður	hleðslur signar
ÁR-334:011	kálgarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-332:011	túngarður	hleðslur signar
ÁR-335:017	kálgarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-332:012	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:033	kálgarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-334:020	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-320:004	túngarður	hleðslur signar	ÁR-334:024	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-320:028	túngarður	hleðslur signar	ÁR-335:018	túngarður	hleðslur signar
ÁR-320:031	túngarður	hleðslur signar	ÁR-335:032	túngarður	hleðslur standa grónar
ÁR-321:026	túngarður	hleðslur standa grónar	ÁR-336:003	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:012	túngarður	ekki sést til fornleifar	ÁR-337:017	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:033	túngarður	hleðslur standa grónar	ÁR-337b:005	túngarður	hleðslur útflattar
ÁR-326:038	túngarður	hleðslur standa grónar	ÁR-339:020	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:012	túngarður	hleðslur signar	ÁR-339:032	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:025	túngarður	hleðslur útflattar	ÁR-339:038	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-328:027	túngarður	hleðslur signar	ÁR-339:039	túngarður	hleðslur signar

Tafla 4: Kál- og túngarðar sem fundust á skráningarsvæðinu

Beitarhús, sel og fjárskýli

Beitarhús eru fjárhús í úthaga þar sem fé var hýst á veturna. Hér á landi eru dæmi um að beitarhús hafi verið notuð sem sel á sumrin. Á skráningarsvæðinu voru skráð 27 beitarhús, af þeim voru 18 tilvik þar sem einhver ummerki sáust á vettvangi. Íðulega hafa beitarhúsin verið tvískipt garðahús með niðurgrafna hlöðu að baki. Flest beitarhúsin voru skráð í landi Langholts syðra, alls sex.

Aðeins var eitt sel skráð 2017–2018. Líklega hafa þó lögbýlin Syðra- og Efra-Sel upphaflega verið sel, mögulega frá Gröf en síðar orðið að heilsársbyggð. Þessi fæð selja kemur á óvart en ekki er gott að skýra hana. Ef til vill hefur landslag ekki verið hentugt eða byggð orðið snemma þétt þannig að sel hafi ekki rúmast innan þess. Örnefnið Seldalur ÁR-321:010 er í landi Galtafells og var þar haft í seli frá Hrepphólum. Gengið var um dalinn en engar seltóftir eða þústir fundust.

Fjárskýli er hverskyns skjól eða afdrep, þar með talin borghlaðin skjól, fyrir sauðfé. Fjárskýli eru nær alltaf í úthögum. Ekki er alltaf hægt að greina á milli þeirra og annarra áþekkra mannvirkja, líkt og hrossaborga og því verður fjallað um þær saman. Af örnefnum í nágrenni skjólanna að dæma virðast flest þeirra hafa verið fjárskýli. Alls voru skráð sjö fjárskýli sumrin 2017 og 2018. Þau eru öll horfin af yfirborði, fjárskýli ÁR-339:010 á Kópavatni hefur einfaldlega sigið ofan í jörðu með tíð og tíma en önnur er annað hvort horfin vegna framkvæmda eða af öðrum óþekktum ástæðum.

Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-320:008	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-320:024	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-326:027	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-326:028	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:029	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:030	beitarhús	hleðslur standa
ÁR-327:008	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-327:020	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:027	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-327:028	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-327:029	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-327:035	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-328:008	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-328:022	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-328:023	beitarhús	
ÁR-328:024	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-328:032	beitarhús	hleðslur útflattar
ÁR-329:002	beitarhús	hleðslur standa grónar

Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-331:017	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-331:034	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:035	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-332:008	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-332:009	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-336:012	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-337:025	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:008	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-339:047	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-321:010	sel	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:012	fjárskýli	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:016	fjárskýli	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:004	fjárskýli	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:033	fjárskýli	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:008	fjárskýli	
ÁR-337:010	fjárskýli	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:010	fjárskýli	ekki sést til fornleifar

Tafla 5: Beitarhús, sel og fjárskýli sem fundust á skráningarsvæðinu

Stekkir, kvíar, réttir, og heygeymslur

Stekkir voru mjög algengir í sveitum landsins og voru notaðir á meðan fráfarur voru enn stundaðar en þær lögðust víðast af á fyrstu árum 20. aldar. Stekkir voru litlar réttir sem oft skiptust í tvö hólf, annað minna en hitt. Minna hólfid var lambakró sem stundum virðist hafa verið undir þaki og voru lömbin byrgð þar yfir nóttina. Alls voru skráðir 14 stekkir og því voru ekki skráðir stekkir á öllum lögbýlunum 16 á skráningarsvæðinu.

Á sex stöðum er heimild um að stekkur hafi verið þar sem minjar höfðu einnig annað hlutverk og hefst umfjöllunin þar. Á Jóhannesríma ÁR-331:046 í Langholti efra var fjárhúsið Jóhannesrími sem kennd eru við flæking sem átti það til að rífa sig úr fötunum. Á sömu slóðum er örnefnið Stekkatún merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar, og er það sýnt með ferhyrningslaga gerði í kring. Þetta er mjög líklega sömu minjar og fjárhúsið á Jóhannsríma. Líklega hafa örnefnin eitthvað skolast til á síðari tímum og nafnið Jóhannsrími fest við allt svæðið á seinni tímum. Þar sést mikið rofin fjárhústóft með niðurgrafinni hlöðu baka til. Stekkatún ÁR-339:025 er í landi Kópsvatns. Þar var upphaflega stekkur en síðar fjárhús til 1976 samkvæmt örnefnaskrá. Á staðnum sést aðeins ógreinileg og lág þúst, 12 x 11 m að stærð. Fjögur dæmi eru um að beitarhús hafi verið byggða á stekkjarsvæðum. Varðveittar tóftir eru í Stekkjartúni ÁR-327:008 í Langholti syðra og Stekkjarholti ÁR-320:024 í Dalbæ en heimildir geta um beitarhús á tveimur stöðum, ÁR-332:009 og ÁR-332:008, í landi Langholtskots en þau eru bæði horfin af yfirborði vegna sléttunar.

Tveir stekkir eru í landi Galtafells. Annar þeirra er í Stekkatúni ÁR-321:006 sem er neðan undir Dagmálaási, einnig er ásinn þekktur sem Stekkjarás, og hinn er á Gamlastekkjartúni ÁR-321:022. Stekkur bæjarins var sennilega upphaflega á Gamlastekkjartúni áður en hann var færður á Stekkatún. Á Gamlastekkjartúni sjást engin ummerki stekks lengur vegna sléttunar. Á Stekkatúni sjást tvær litlar tóftir, ein tvískipt sem líklega er stekkur en hin einföld og ekki er ljóst hvert hlutverk hennar var. Heimildir geta einnig um tvo stekki í landi Langholts syðra en engin ummerki um þá sjást lengur. Einn var undir Hallstekkjarsí ÁR-327:005 en óvíst er af hverju hann sést ekki lengur og hinn var á Stekkjarnesi ÁR-327:016 en þar er búið að slétta svæðið. Í landi Ísabakka er heimild um stekk ÁR-337b:004 þar sem heitir Stekkjardæla. Staðurinn er við núverandi íbúðarhús jarðarinnar og hafa minjar um stekkinn líklega horfið vegna rasks í tengslum við byggingaframkvæmdir.

Kvíar voru yfirleitt nær bæ en stekkirnir og oft í túnjaðri. Ekki hafa verið hlaðnar kvíar í öllum tilvikum, og sums staðar voru færirkvíar notaðar. Kvíar voru skráðar á 20 stöðum á 14 jörðum. Af 20 kvíum voru skráðir níu stöðlar og sáust engin ummerki um fornleifar á þeim stöðum enda voru stöðlar yfirleitt staðir þar sem kýr voru mjólkaðar og ekki endilega von á mannvirkjum á þeim. Á öðrum stöðum þar sem kvíar voru skráðar fundust engin ummerki um mannvirki og var orsökinn yfirleitt túnasléttun.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en kvíar og stekkir eru einfaldlega flokkuð sem réttir í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær t.a.m. rýja, mjólka eða gelda, svokallaðar heimaréttir. Nátthagar gegna svipuðu hlutverki og réttir, þeir eru afgirt hólfr þar sem skepnur sem þurfti að mjólka voru hafðar um nætur. Flestir nátthagar eru skammt utan túns og jafnvel sambyggðir túngarði. Nátthagar urðu algengir síðla á 19. öld og tengjast breytingum í túnrækt, þ.e. það tað sem safnaðist í högunum var nýtt til að rækta upp ný tún á umræddum stöðum. Á skráningarsvæðinu voru skráðar sex réttir á fimm jörðum og fimm nátthagar. Engin skilarétt var skráð. Ummerki um fjórar réttir voru greinileg en engin ummerki um nátthaga sáust á vettvangi, iðulega vegna sléttunar. Flestar réttirnar eru grjóthlaðnar og oftar en hitt eru þær reistar við klettahygg sem afmarkar hluta réttarinnar.

Alls voru skráðar fimm heygeymslur (heystæði, -garður, -gryfja). Alls fundust þrjú heystæði og voru þau öll í Langholti efra. Í tveimur tilvikum (ÁR-331:050, 51) sáust þar einfaldar og torfhlaðnar tóftir. Heystæði ÁR-331:013 er horfið vegna skemmu sem byggt var ofan á það. Enn fremur voru tveir heygarðar skráðir, einn í landi Galtafells ÁR-321:039 og hinn á Kópavatni ÁR-339:026. Engin ummerki um þá sjást lengur. Ekki er óhugsandi að fleiri hafi verið á skráningarsvæðinu vegna þess hversu mikið er af grösugum útengjum á skráningarsvæðinu. Sé það rétt hafa upplýsingar um þau ekki skilað sér inn í örnefnalýsingar og aðrar heimildir. Þar sem heygeymslur hafa varðveist er helsta ástæðan að þær eru í mýrlendi sem ekki hefur hentað til ræktunar eða annarra framkvæmda.

Samtala	Heiti jarðar	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-320:023	Dalbær	Gamlastekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:006	Galtafell	Stekkatún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-321:022	Galtafell	Gamlastekkjartún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:010	Birtúgaholt	Stekkjaholt	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:016	Birtúgaholt	Hallsstekkjarbrot	stekkur	
ÁR-327:005	Lángholt syðra	Hallstekkjarás	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:016	Lángholt syðra	Stekkjarnes	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-328:011	Unnarholt	Kotsstekkatún	stekkur	
ÁR-330:002	Bolafótur	Stekkatún	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:019	Lángholt efra	Stekkjarnef	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:021	Lángholt efra	Stekkhólar	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-334:016	Rafnkelstaðir	Stekkhóll	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-337b:004	Ísabakki	Stekkjardæla	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:025	Kópsvatn	Stekkatún	stekkur	sést til
ÁR-320:007	Dalbær	Stöðulhúsaklettur	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-320:017	Dalbær	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:013	Galtafell	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:018	Birtúgaholt	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:006	Lángholt syðra	Kvíabali	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-328:012	Unnarholt	Kvíaklettur	kvíar	
ÁR-329:006	Unnarholtskot	Kvíafliot	kvíar	
ÁR-329:007	Unnarholtskot	Gamlistöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-330:005	Bolafótur	Kvíablettur	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:015	Lángholt efra	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:029	Lángholt efra	Kvíaklettur	kvíar	
ÁR-331:031	Lángholt efra	Stöðull	kvíar	
ÁR-332:004	Lángholtskot	Kvíaklettur	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-334:018	Rafnkelstaðir	Stöðull	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-334:022	Rafnkelstaðir		kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:003	Syðra-Sel	Lindarbalakvíar	kvíar	
ÁR-335:004	Syðra-Sel	Gíslakvíar	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-337:009	Hvítárholt	Nátthagi	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-337b:002	Ísabakki	Stöðulholt	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:022	Kópsvatn	Kvíakrókur	kvíar	
ÁR-320:016	Dalbær		rétt	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:015	Galtafell	Byrgin	rétt	hleðslur signar
ÁR-321:029	Galtafell		rétt	hleðslur signar
ÁR-326:005	Birtúgaholt	Stöðulkriki	rétt	hleðslur signar
ÁR-330:004	Bolafótur		rétt	hleðslur standa grónar
ÁR-339:014	Kópsvatn		rétt	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:032	Galtafell		nátthagi	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:033	Galtafell		nátthagi	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:034	Galtafell		nátthagi	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:021	Birtúgaholt	Nýjinátthagi	nátthagi	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:013	Lángholt syðra	Nátthagi	nátthagi	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:013	Lángholt efra		heystæði	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:050	Lángholt efra		heystæði	hleðslur signar
ÁR-331:051	Lángholt efra		heystæði	hleðslur standa grónar
ÁR-321:039	Galtafell		heygardur	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:026	Kópsvatn		heygardur	ekki sést til fornleifar

Tafla 6: Stekkir, kvíar, réttir, nátthagar og hegymslur sem fundust á skráningarsvæðinu

Ummerki um mótekju og torfristu

Gera má ráð fyrir að mór hafi lengst af verið aðaleldsneytið á flestum jörðum á skráningarsvæðinu. Innan þess einkennist landslagið öðru fremur af deig- og mýrlendi og líklegt að kjarr og skógar hafi fljótlega gengið til þurrðar eftir að landnám hófst. Þó að mógrafir teljist kannski ekki til athyglisverðustu fornleifa sem um getur er mikilvægt er að halda til haga upplýsingum um hvar mór var tekinn til þess að áætla umfangið enda gat góð mótekja skipt gríðarlegu máli fyrir afkomu og lífsgæði fólks.

Samtals voru skráðar mógrafir á 14 stöðum og fimm torfristusvæði. Í Langholti efra og syðra voru skráðar mógrafir á sex stöðum, þremur á hvorri jörðu, og eru það fleiri mótekjusvæði en gengur og gerist á öðrum jörðum á skráningarsvæðinu. Ummerki um langflestar mógrafirnar eru horfnar, oftast vegna fyllingar eða túnasléttunar. Aðeins sjást ummerki mógrafa á fjórum stöðum og eru þær flestar grunnar og samansignar. Torfristusvæði voru samtals fimm talsins, þar af tvö í Syðra-Seli. Öll ummerki um torfristu eru horfin enda gróa þau fljótt aftur.

Samtala	Heiti jarðar	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-320:019	Dalbær	Mógirðingin	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:009	Galtafell		mógrafir	sést til
ÁR-326:014	Birtíngaholt	Innrígrafir	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:022	Birtíngaholt	Ytrígrafir	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:030	Lángholt syðra		mógrafir	sést til
ÁR-327:017	Lángholt syðra	Móvellir	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:045	Lángholt efra		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:058	Lángholt efra		mógrafir	sést til
ÁR-331:053	Lángholt efra		mógrafir	sést til
ÁR-335:037	Syðra-Sel		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:006	Syðra-Sel	Grafirnar	mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-336:008	Efra-Sel		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-337:016	Hvítárholt		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-337b:009	Ísabakki		mógrafir	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:018	Galtafell	Torfholt	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:011	Syðra-Sel		rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:007	Syðra-Sel	Torfholt	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-337:007	Hvítárholt		rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:024	Kópavatn	Torfdý	rista	ekki sést til fornleifar

Tafla 7: Mógrafir og torfristusvæði sem fundust á skráningarsvæðinu

Nýting á vatni

Hverjum bæ er nauðsynlegt að hafa gott aðgengi að vatni. Vatn er nauðsynlegt skepnum, mönnum og gróðri og mikilvægt við hin ýmsu bústörf og matargerð. Almennt er gott aðgengi að vatni á skráningarsvæðinu og mörg bæjarstæði eru staðsett skammt hjá lækjum og ám. Það kemur því ekki á óvart að það hafi verið skráðir 50 staðir sem tengjast nýtingu á vatni á einn eða annan hátt. Þetta eru þvottastaðir, vatnsból, brunnar, áveitur, og myllur. Um helmingur þessara staða er horfinn, einkum þá brunnar en 15 af 18 brunnum sjást ekki lengur. Enn má sjá ummerki um einhverjar áveitur og lindir en þau eru óveruleg. Aðeins var ein mylla skráð og var hún í landi Syðra-Sels. Mylla ÁR-335:019 var á sléttri og kringlótti flöt við læk á Syðra-Sels engjum samkvæmt Þjóðháttasafni Þjóðminjasafnsins. Ekki var hægt að staðsetja mylluna nákvæmlega.

Samtala	Hlutverk	Ástand	Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-320:026	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-320:006	brunnur	sést til
ÁR-320:010	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-326:007	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:017	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-326:031	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-326:035	áveita	hleðslur signar	ÁR-326:032	brunnur	hleðslur standa
ÁR-327:034	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-327:023	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-327:032	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-328:035	brunnur	
ÁR-328:036	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-329:004	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-328:021	áveita	sést til	ÁR-330:009	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-328:009	áveita	hleðslur signar	ÁR-331:047	brunnur	sést til
ÁR-328:010	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-331:005	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-329:010	áveita	hleðslur signar	ÁR-332:002	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:041	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-332:010	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:057	áveita	hleðslur signar	ÁR-334:009	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:014	áveita	hleðslur signar	ÁR-334:021	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:052	áveita	hleðslur signar	ÁR-337:015	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-334:015	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-337:034	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:027	áveita	sést til	ÁR-339:007	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:028	áveita	sést til	ÁR-339:005	brunnur	ekki sést til fornleifar
ÁR-336:004	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-335:019	mylla	
ÁR-336:005	áveita	hleðslur signar	ÁR-321:035	vatnsból	sést til
ÁR-336:009	áveita	sést til	ÁR-331:043	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-336:011	áveita	hleðslur signar	ÁR-336:010	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-337:021	áveita	sést til	ÁR-336:006	vatnsból	ekki sést til fornleifar
ÁR-337:008	áveita	sést til	ÁR-326:034	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-337:020	áveita	ekki sést til fornleifar	ÁR-339:042	þvottastaður	

Tafla 8: Áveitur, brunnar, vatnsból, og þvottastaðir sem fundust á skráningarsvæðinu

Samgönguminjar

Í heildina voru skráðar 28 leiðir á skráningarsvæðinu, þar af fimm leiðir sem liggja yfir fleiri en eina jörð og eru því skráðar sem fornleifar á fleiri en einni jörð (ÁR-681). Leiðir innan jarðanna liggja frá bæjum og út á engjar, milli útihúsa eða eru óljósar götur sem ekki var hægt að rekja langt og óvíst hvert lágu. Ljóst er að í raun voru mun fleiri leiðir farnar innan hvernar jarðar en skráningin gefur til kynna og hafa þær verið breytilegar eftir því var hús voru staðsett og hvar leitað var fanga við heyöflun og mótekju, svo dæmi séu tekin. Sumar voru minna farnar en aðrar og ekki allar nefndar í heimildum eða hafa varðveist. Hið sama má segja um leiðir sem liggja yfir fleiri en eina jörð. Þær lágu meðal annars til sóknarkirkna, á milli bæja eða að vöðum. Hér neðar verður fjallað nánar um tvær helstu leiðirnar sem skráðar voru.

Hinn merki Konungsvegur ÁR-681:019 sást á þremur stöðum innan skráningarsvæðisins en hann var lagður í tilefni heimsóknar Friðriks VIII Danakonungs árið 1907. Vegurinn liggur í gegnum Hrunamannahrepp frá Brúarhlöðum við Hvítá, litlu norðvestan við Högnastaði ÁR-316 og Gröf ÁR-315, yfir Litlu-Laxá og áfram til suðurs eftir Langholtsfjalli og svo að hreppamörkum við Stóru-Laxá. Á skráningarsvæðinu var leiðin skoðuð norðaustan við Litlu-Laxá í landi Grafar og Högnastaða en þar sást ekki leifar af henni vegna byggingaframkvæmda, vegagerðar og annars rask. Ummerki um hana sást hins vegar í landi Langholts efra á þremur köflum sem samtals eru um 450 m á lengd.

Lengsta leiðin sem sást á vettvangi er Hrutastígur ÁR-321:021 í landi Galtafells. Hrutastígur er mjög greinilegur á loftmynd og sést á um 1,9 km löngum kafla og liggur því sem næst norður-suður með örlitlum hlykkjum vestan við fjallið Galtafell og liggur leiðin m.a. framhjá Einarstóft ÁR-321:019 og Hrutastígshúsi ÁR-321:020. Mest má sjá 2–3 grasi- og mosavaxnar götur.

Aðrar samgönguminjar en leiðir eru vöð, brýr og samgöngubætur. Skráðar voru tvær samgöngubætur og voru það vörður í báðum tilfellum sem vísuðu á leiðir. Grjótið í vörðunum er gróið og þær sýnast nokkuð fornar. Að auki var skráðar heimildir um tvær brýr annars vegar brú yfir vatnsföll í Langholti syðra ÁR-327:022 og hins vegar bú yfir keldu í Langholti efra ÁR-331:042. Þær eru báðar horfnar af yfirborði.

Fjöldamörg vöð voru skráð eða 20 slík og eru þekkt nöfn á rúmlega helmingi þeirra. Vöðin eru langflest á Hvítá og Litlu-Laxá. Ekki var hægt að staðsetja af þessum vöðum með nákvæmum

Samtala	Heiti jarðar	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-327:022	Lángholt syðra		brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:042	Lángholt efra		brú	ekki sést til fornleifar
ÁR-320:021	Dalbær	Traðir	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-321:021	Galtafell	Hrútaástígur	leið	sést til
ÁR-321:030	Galtafell		leið	sést til
ÁR-321:036	Galtafell		leið	sést til
ÁR-321:037	Galtafell		leið	sést til
ÁR-321:040	Galtafell		leið	sést til
ÁR-321:041	Galtafell		leið	sést til
ÁR-326:020	Birtíngaholt		leið	sést til
ÁR-327:009	Lángholt syðra	Stígur	leið	sést til
ÁR-327:011	Lángholt syðra		leið	sést til
ÁR-328:006	Unnarholt	Dýgata	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-328:025	Unnarholt		leið	sést til
ÁR-328:031	Unnarholt		leið	sést til
ÁR-329:003	Unnarholtskot	Brunngata	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-329:013	Unnarholtskot		leið	sést til
ÁR-331:006	Lángholt efra		leið	sést til
ÁR-331:039	Lángholt efra		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-331:040	Lángholt efra	Heybandsgata	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-333:006	Snússa		leið	hleðslur signar
ÁR-335:010	Syðra-Sel	Mjólkurleið	leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:015	Kópsvatn		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-339:017	Kópsvatn		leið	sést til
ÁR-339:040	Kópsvatn		leið	sést til
ÁR-681:009	Fornleifar á fl. en 1 jörð		leið	sést til
ÁR-681:019	Fornleifar á fl. en 1 jörð	Konungsvegur	leið	sést til
ÁR-681:035	Fornleifar á fl. en 1 jörð		leið	ekki sést til fornleifar
ÁR-681:036	Fornleifar á fl. en 1 jörð		leið	sést til
ÁR-681:040	Fornleifar á fl. en 1 jörð	Kirkjugötur	leið	sést til
ÁR-321:014	Galtafell		samgöngubót	sést til
ÁR-339:051	Kópsvatn		samgöngubót	sést til
ÁR-326:015	Birtíngarholt	Langholtsvað	vað	sést til
ÁR-326:017	Birtíngaholt	Almenningsvað	vað	sést til
ÁR-328:037	Unnarholt	Engjavað	vað	
ÁR-328:017	Unnarholt	Geldingaholtsvað	vað	sést til
ÁR-328:018	Unnarholt	Hólmavað	vað	sést til
ÁR-328:019	Unnarholt	Útverkavað	vað	
ÁR-328:020	Unnarholt	Sunnefuvað	vað	
ÁR-328:026	Unnarholt		vað	sést til
ÁR-334:012	Rafnkelstaðir		vað	sést til
ÁR-335:025	Syðra-Sel		vað	sést til
ÁR-335:012	Syðra-Sel	Keldukjafsvað	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:013	Syðra-Sel	Langabrot	vað	
ÁR-335:014	Syðra-Sel	Selsvað	vað	
ÁR-335:015	Syðra-Sel	Grafarvað	vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-335:024	Syðra-Sel		vað	sést til
ÁR-337:011	Hvítárholt		vað	ekki sést til fornleifar
ÁR-337:030	Hvítárholt		vað	sést til
ÁR-337:031	Hvítárholt		vað	sést til
ÁR-337b:011	Ísabakki		vað	
ÁR-339:031	Kópsvatn	Gamla vað	Vað	ekki sést til fornleifar

Tafla 9: Samgönguminjar sem fundust á skráningarsvæðinu

hætti. Almennt gildir það að lítil ummerki sjást um vöð en oft má greina götur sem liggja að þeim og gefa staðsetningu þeirra til kynna

Fyrir utan þá minjaflokka sem hér hefur verið fjallað sérstaklega um eru margir aðrir minjaflokkar á svæðinu og í töflu 4 má sjá hlutverk og fjölda allra minja.


Hlutverk	fjöldi	Hlutverk	fjöldi	Hlutverk	fjöldi
Óskilgreint	21	Hlaða	1	Rista	5
Akur	1	Hrútakofi	2	Samgöngubót	2
Áfangastaður	1	Huldufólksbústaður	5	Sel	1
Áveita	25	Kálgarður	9	Skemma	1
Beitarhús	27	Kolagröf	1	Smalakofi	1
Brunnur	18	Kvíar	20	Stekkur	14
Brú	2	Lambhús	8	Taðir	14
Bústaður	14	Landamerki	8	Túngarður	29
Býli	11	Legstaður	1	Útihús	29
Bænhús	3	Leið	28	Útkirkja	1
Draugur	3	Leikvöllur	1	Vað	20
Eyktamark	3	Lögn	12	Varnargarður	4
Fjánhús	38	Mógrafir	14	Vatnsból	4
Fjárskýli	7	Mylla	1	Virki	1
Fjós	4	Nátthagi	5	Vörslugarður	9
Hesthús	4	Óþekkt	15	Þvottastaður	2
Heygarður	2	Refagildra	1	Alls	461
Heystæði	3	Rétt	6		

Tafla 10: Hlutverk skráðra minja

6. Verndun og kynning minja

Meginreglan um dreifingu minjastaða er sú að allflestar fornleifar eru í heimatúnum og við bæi, en þeim fækkar að jafnaði eftir því sem fjær dregur bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningarlítið átt sér stað gagngerar breytingar, ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Af þeim ástæðum sjást oft lítil ummerki um fornleifar á yfirborði við bæi og í næsta nágrenni þeirra. Rétt er að minna á að þó ummerki um fornminjar séu lítil eða engin á yfirborði geta heillegar minjar leynst undir sverði. Það á ekki síst við í heimatúnum þar sem minjafjöldinn er hlutfallslega mestur. Þær minjar sem skráðar voru sumrin 2017 og 2018 í Hrunamannahreppi voru í mjög mismunandi ástandi. Ástand fornleifa var metið á hverjum minjastað og skiptist það í sex mismunandi flokka:


- a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
- b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórbýfi.
- c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80–150 sm.
- d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +
- e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
- f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.



Skífurit 1: Ástand skráðra minjastaði

Ástand fornleifa skráðar sumrin 2017 og 2018 er undir meðallagi (skífurit 1) og er rúmur helmingur minjastaða horfinn af yfirborði en iðulega er það um 40% á Suðurlandi. Ástæðan fyrir því að fornleifar sjást ekki á yfirborði er nær oftast sökum túnasléttunar, í um fjórðungi tilfella. Slíkt kemur ekki á óvart á landbúnaðarsvæði þar sem byggð hefur haldist stöðug. Í tilviki 8% minja var ekki unnt að staðsetja minjar út frá þeim upplýsingum sem fyrir lágu. Þar sem þannig háttar til er ástand skráð sem óþekkt.

Í vettvangsskráningu er einnig reynt að áætla hættumat fyrir hvern minjastað. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla 2: *Engin hætta*, *hætta*, og *stórhætta*. Fjórði flokkurinn *óþekkt* á við þegar ekki er hægt að staðsetja minjastaði né meta þá hættu sem að þeim stöðjar. Rétt er að taka það fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta gæti mögulega stöðjað að fornleifum verði ekkert að gert. Þannig eru minjastaðir nærri byggð eða fjölförnum vegum yfirleitt álitnir í meiri hættu en fornleifar fjarri mannabyggð og raski sem henni getur fylgt. Víða stafar fornminjum hætta af trjárækt sem hefur aukist mikið á svæðinu en einnig getur þeim stafað hætta af rofi eða landbroti, svo dæmi séu tekin.



Skífurit 2: Hættumat minjastaða

Meirihluti minjastaða voru taldir vera í hættu (skífurit 2). Hættuorsökin er oftast vegna ábúðar. Rúm 4% fornleifa voru í stórhættu; í þeim tilvikum var hættuorsökin nær undantekningalaust vegna trjáræktar. Tæpur þriðjungur minjastaðanna taldist ekki vera í hættu og eru þær minjar oftast í úthögum jarðanna.

Allar minjar á skráningarsvæðinu njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og eru því jafn hátt settar í lögnum. Hins vegar eru minjarnar eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar en aðrir eru frá fyrsta áratug 20. aldar, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir.

Í Hrunamannahreppi voru gerðar rannsóknir á nokkrum fornum bæjarstæðum um miðbik 20. aldar. Rannsóknarefnin eru hins vegar miklu fleiri og margvíslegri en þær rannsóknir gefa til kynna og hægt væri til dæmis að nýta niðurstöður fornleifaskráningar til þess að auka skilning okkar á landbúnaði á fyrri tíð með því að rannsaka gerð og staðsetningu margs konar útihúsa, kálgarða og aðhalda fyrir skepnur. Fornleifaskráning er nauðsynleg grunnrannsókn sem þarf að fara fram áður en ráðist er í frekari rannsóknir ef vel á að vera og einnig er hún mikilvægur hluti af minjavörslu. Í stærra samhengi væri hægt að byggja á fyrri fornleifarannsóknum í hreppnum og kanna nánar þróun búsetu og staðarval bæjarstæða.

Engar friðlýstar fornminjar eru á þeim 16 lögbýlum sem skráð voru 2017–2018. Engu að síður er fjöldinn allur af áhugaverðum og spennandi minjastöðum á skráningarsvæðinu sem henta

vel til kynningar fyrir almenning og eru til vitnis um sérstöðu svæðisins og búskaparfyrirkomulag þess. Af fornleifum á svæðinu sem hafa sérlega gott varðveislu-, rannsóknar- og/eða kynningargildi má nefna nokkur dæmi (í engri sérstakri röð):

- a) Þjóðsagan um steinker Bergþórs í Bláfelli **ÁR-326:036** segir frá risablendingnum Bergþóri frá Bláfelli sem klappaði sýruker í lítinn skúta í landi Birtingarholts. Þjóðsögur um bergrisann Bergþór eru enn í miklu dálæti á meðal manna á svæðinu og hefur sagan því mikið kynningargildi. Skútinn er ennþá greinilegur þó svo að sýrukerið hafi ekki sést á svæðinu.
- b) *Gamligarður* **ÁR-328:015** er í landi Unnarholts og liggur eftir holti sem kallað er Hofaklettur. Garðurinn er grjóthlaðinn og snotur að líta. Hann liggur eftir holtinu langleiðina að næsta bæ (Bolafæti/Bjargi) og hleðslur eru líklega nokkuð gamlar. Garðurinn er vörslugarður og hefur talsvert varðveislugildi vegna þess að vörslugarðar eru fátíðir á skráningarsvæðinu.
- c) *Lindarhamrar* **ÁR-331:010** er nafn á hjáleigu frá Langholti efra. Fjánhús var byggt á rústum hjáleigunnar á 19. öld. Ekki sjást neinar tóftir lengur á svæðinu og hefur 19. aldar fjánhúsunum því líklega verið rutt út en þar er mikil hólmyndun og því líklegt að heillegar minjar býlisins og fjárhúsanna leynist undir sverði. Túngarður **331:020**, um 20 metra langur, liggur austan við hólinn og hefur hann afmarkað tún í kringum fjárhúsið. Hamrarnir sem býlið dró nafn sitt af eru tignarlegir og rísa suðvestan við bæjarstæðið. Rannsóknargildi minjanna er mikið og geta þær varpað ljósi á upphaf og þróun hjáleigubyggingar á svæðinu.
- d) Í landi Galtafells er áður óþekkt býli **ÁR-321:028** og eru tóftirnar mjög vel varðveittar. Á yfirborði má greina að minnsta kosti tvö byggingarstig og er hér líklega um eldra bæjarstæði Galtafells að ræða. Fornleifarannsókn á þessu bæjarstæði getur varpað ljósi á upphaf byggingar á jörðinni, þróun hennar og breytingar á húsakosti, svo dæmi séu tekin. Minjarnar hafa því mikið rannsóknargildi.
- e) Beitarhúsatóft **ÁR-327:027** í Langholti syðra er torf- og grjóthlaðin og hefur talsvert kynningargildi. Tóftin stendur vel og lögun hennar skýr. Hún er við tjaldsvæðið Álfaskeið, rétt sunnan við Hellsuáskarð, og er aðgangur að henni því góður. Hún er á fallegu svæði og er skemmtileg dæmi um beitarhús frá fyrri tíð.

- f) Bæjarhóll Ísabakka **ÁR-337b:001** er mjög heillegur og hefur ekki verið raskað af húsbyggingum eða öðrum framkvæmdum á 20. öld. Hóllinn hefur mikið varðveislugildi og er gott aðgengi að hólnum. Fornleifarannsókn á bæjarhól Ísabakka mundi að auki hafa mikið gildi, ekki aðeins fyrir byggðasögu hreppsins, heldur myndi slík rannsókn einnig auka skilning okkar á húsakosti og efnismenningu til forna, ekki síst á 18. öld en það er tímabil sem hefur lítið verið rannsakað á Íslandi.
- g) Leiðir á svæðinu eru nokkrar. Hér mætti m.a. nefna *Konungsveg* **ÁR-681:019** sem sést vel í Kópavatnslandi og *Hrútaskíg* **ÁR-321:021** í Galtafellslandi, sem liggur m.a. framhjá *Einarstöft* **ÁR-321:019** og *Hrútaskígsbúsum* **ÁR-321:020**. Leiðirnar sjást vel og spennandi gæti verið að bjóða upp skipulagðar göngu- eða hestaferðir eftir þeim þar sem saga svæðisins er sett í samhengi við leiðirnar og þær minjar sem eru nærri þeim.

Heimildaskrá

- AM 263 fol:** *Máldagabók*. 1598. Kaupmannahöfn og Reykjavík, Arnamagnæanske samling. Atlaskort Landmælinga Íslands. 2002. Mælingaár 1908. Landmælingar íslands. Sótt af vef: <https://www.lmi.is/landupplýsingar/kortasafn>
- Árbók 1972.** Þór Magnússon. „Sögualdarbyggð í Hvítárholti.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1972: 5–80.
- Árbók 1984.** Þór Magnússon. „Rannsókn fornrustar við Auðnugil í Hrunamannahreppi.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1984: 183–190.
- Árbók 2008–2009.** Sigurjón Helgason. „Hvernig byggðist Ytrihreppur?“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 2008-2009: 143–176.
- Árnesingar I:** Þorsteinn Jónsson (ritstj.). 1999. *Árnesingar I: Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890*. Reykjavík, Byggðir og bú.
- Árnesingur V.** Helgi Þorláksson. 1998. „Hruni.“ *Árnesingur V*: 9–92.
- Bjarni Harðarsson. 2001. *Landið, fólkið og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrímsla og útilegumanna í Árnesþingi*. Selfoss, Sunnlenska bókaútgáfan.
- BL:** Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur, Lund University.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. 1857–1972. I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Edda Linn Rise, Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, og Guðný Zoëga. 2004. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags Ísabyggðar í landi Ísabakka, Hrunamannahreppi*. Byggðasafn Árnesinga 2004/3. [Stað vantar], Byggðasafn Árnesinga.
- Einar Jónsson. 1944. *Minningar*. Reykjavík, Bókfallsútgáfan.
- Guðmundur Ólafsson. 1997. *Skálarlaga leirgryfja að Kópsvatni*. Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 7/1997. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands.
- Heimir. 1959. „Eyðibýli í Hrunamannahreppi.“ Sigurður Sigurmundsson, Brynjólfur Guðmundsson og Guðmundur Jónsson (ritstjórn). Hrunamannahreppur, Ungmennafélag Hrunamanna.
- Jarðabréf:** *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.
- JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalín. Árnessýsla*. 1918–1921. Bindi II. Kaupmannahöfn, Hið íslenska fræðafélag.
- JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. 1847. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Orri Vésteinsson. 1998. „Patterns of Settlement in Iceland: Study in Pre-History.“ *Saga-Book XXV*: 1–29.
- PP:** Sveinn Níelsson. 1869. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 2. útgáfa. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.
- SB I:** *Sunnlenskar byggðir I: Tungur, hreppar, Skeið*. 1980. Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson, og Júlíus Jónsson (ritnefnd). Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.
- SSÁ:** *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfván Jónsson*. 1979. Svavar Sigmundsson sá um útgáfu. Reykjavík, Sögufélag.
- Stefán Ólafsson (ritstj.). 2016. *Fornleifaskráning í Hrunamannahreppi: Flúðir og nágrenni*. FS593-15231. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Sædis Gunnarsdóttir. 2001. *Menningarminjar í Hrunamannahreppi: Svæðisskráning*. FS136-01011. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Óútgefnar heimildir

- Herforingjaráðskort 47 NA:** Dönsku herforingjaráðskortin, 1910. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.
- Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps – Birtingaholt, Dalbær, Galtafell, Hrafnkelsstaðir, Hvítárholt, Kópavatn, Langholtshverfið, Syðra Sel og Efra Sel, Syðra-Langholt, Unnarholtshverfið. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Landamerkjabréf 57:** Árnessýsla – landamerkjabók. *Landamerkjabréf nr. 57 (56)0025*. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Landamerkjabréf 60:** Árnessýsla – landamerkjabók. *Landamerkjabréf nr. 60 (58)0026*. Þjóðskjalasafn Íslands
- Túnakort 1920:** Túnakort Hrunamannahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands
- Túnakort 1921:** Túnakort Hrunamannahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands.
- ÞÞ-92:** *Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafn Íslands*. Svör við spurningaskrá nr. 92: Brauðgerð og kornmölun á heimilum. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands.
- Örnefnauppráttur Ásatúns. 2005. Í eigu heimilisfólks í Ásatúni.
- Ö-Birtingaholt:** Örnefnaskrá Birtingaholts. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Birtingaholt BJ:** Örnefnaskrá Birtingaholts. Brynjúlfur Jónsson skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Bolafótur:** Örnefnaskrá Bolafótar. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Bolafótur ÞB:** Örnefnaskrá Bolafótar. Þorsteinn Bjarnason skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Dalbær:** Örnefnaskrá Dalbæjar. Sigurður Ingi Jóhannsson skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Efra-Langholtshverfi:** Örnefnaskrá Efra-Langholtshverfis. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Efrasel og Syðrasel:** Örnefnaskrá Efrasels og Syðrasels. Skrifað eftir bændum á Seljum, Bjarna Guðmundssyni og Hjálmari Jónssyni. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Galtafell:** Örnefnaskrá Galtafells. 1927. Stefán Jakobsson frá Galtafelli. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Galtafell ÓÞ:** Örnefnaskrá Galtafells. Óþekktur skrásetjari. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Hrafnkelsstaðir:** Örnefnaskrá Hrafnkelsstaða. Guðmundur Jónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Hrafnkelsstaðir BJ:** Örnefnaskrá Hrafnkelsstaða. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Hrepphólar:** Örnefnaskrá Hrepphóla. 1988. Skráð eftir Jóni Sigurðssyni. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

- Ö-Hvítárholt Viðb.:** Örnefnaskrá Hvítárhólts. 1986. Viðbætur eftir Sigurð Sigmundsson í Hvítárholti. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Kópsvatn:** Örnefnaskrá Kópsvatns. 1979. Skráð eftir Marínó Kristjánssyni, Maríu Hansdóttur, og Guðmundi Jónssyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Miðfellshverfi:** Örnefnaskrá Miðfellshverfis. Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Syðra-Langholt:** Örnefnaskrá Syðra-Langholts. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Syðra-Langholt ath. EG:** Örnefnaskrá Syðra-Langholts. 1975. Athugasemdir frá Einari Guðmundssyni frá Syðra-Langholti. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Unnarholt:** Örnefnaskrá Unnarholts. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Unnarholtshverfi:** Örnefnaskrá Unnarholtshverfis. Brynjúlfur Jónsson skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Ö-Unnarholtskot PB:** Örnefnaskrá Unnarholtskots. Þorsteinn Bjarnason skráði. Reykjavík, Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

- Ágúst Sigurðsson, f. 22.08. 1936, um Birtingarholt.
- Árni Hjaltason f. 04.04. 1974 um Galtafell.
- Daniel Apeland f. 30.04. 1970 um Efra-Sel.
- Elín S. Guðfinnsdóttir, f. 01.02.1936, um Unnarholt.
- Grímur Guðmundsson, f. 27.06. 1961, um Snússu.
- Guðbjörg Jóhannsdóttir, f. 22.91. 1966, um Snússu.
- Guðbrandur Kristmundsson, f. 15.09. 1930, um Bolafót.
- Guðmundur Böðvarsson f. 21.01. 1942 um Syðra-Sel.
- Guðmundur Geir Sigurðsson f. 17.05. 1958 um Hvítárholt og Ísabakka.
- Guðmundur Marínósson f. 04.11. 1939 um Kópsvatn.
- Hjalti Árnason f. 21.09. 1944 um Galtafell.
- Karl Jónsson, f. 11.09. 1960, um Bolafót.
- Sigmundur Jóhannesson f. 25.09. 1957 um Langholt syðra.
- Sigrún Guðmundsdóttir, um Bolafót.
- Sveinn Flosi Jóhannsson, 01.05. 1955, um Langholt efra.
- Sveinn Hannes Sveinsson, 08.07. 1965, um Hrafnkelsstaði.
- Trausti Indriðason, f. 17.02. 1935, um Unnarholt.
- Unnsteinn Hermannsson, f. 15.11. 1957, um Langholtskot.
- Valdís Marínósdóttir f. 26.04. 1938 um Kópsvatn.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93¹⁹

Samtala	Austur	Norður
ÁR-320:001	434806	400565
ÁR-320:002	434759	400619
ÁR-320:003	434942	400583
ÁR-320:004	434781	400678
ÁR-320:005	434832	400728
ÁR-320:006	434770	400647
ÁR-320:007	434899	400776
ÁR-320:008	436264	401621
ÁR-320:009	435732	401120
ÁR-320:010	435551	400513
ÁR-320:011	435236	400554
ÁR-320:012	435176	400690
ÁR-320:013	435296	400833
ÁR-320:014	435181	400830
ÁR-320:015	435127	400566
ÁR-320:016	434968	400580
ÁR-320:017	434975	400583
ÁR-320:018	434962	400116
ÁR-320:019	435029	399924
ÁR-320:020	434782	399265
ÁR-320:021	434834	399810
ÁR-320:022	434822	400581
ÁR-320:023	435310	400578
ÁR-320:024	434674	399648
ÁR-320:025	436864	401634
ÁR-320:026	435103	399988
ÁR-320:027	436756	401498
ÁR-320:028	434758	399614
ÁR-320:029	436126	401218
ÁR-320:030	434799	400680
ÁR-320:031	436287	401608

Samtala	Austur	Norður
ÁR-320:032	434921	400935
ÁR-321:001	435916	399520
ÁR-321:002	435057	399127
ÁR-321:003	435879	399154
ÁR-321:004	435976	399550
ÁR-321:005	435546	399613
ÁR-321:006	436264	399194
ÁR-321:007	436088	399090
ÁR-321:008	436101	399357
ÁR-321:009	435048	399817
ÁR-321:010	436959	399976
ÁR-321:011	436515	399513
ÁR-321:012	436563	399587
ÁR-321:013	436004	399715
ÁR-321:014	436730	400661
ÁR-321:015	436422	400703
ÁR-321:016	400724	436318
ÁR-321:017	435637	400190
ÁR-321:018	435941	700793
ÁR-321:019	436082	400436
ÁR-321:020	436286	401181
ÁR-321:021	436369	401438
ÁR-321:022	436011	399086
ÁR-321:023	436115	399552
ÁR-321:024	435821	399527
ÁR-321:025	435823	399299
ÁR-321:026	435999	399510
ÁR-321:027	435637	400190
ÁR-321:028	436041	399462
ÁR-321:029	436004	399648
ÁR-321:030	436352	399233

¹⁹ Þar sem reitir eru auðir í töflunni var ekki unnt að staðsetja minjar innan við 50 m skekkju.

Samtala	Austur	Norður
ÁR-321:031	435956	399671
ÁR-321:032	435760	399546
ÁR-321:033	435729	399558
ÁR-321:034	435768	399497
ÁR-321:035	436050	399631
ÁR-321:036	436754	400617
ÁR-321:037	436109	399894
ÁR-321:038	436090	399576
ÁR-321:039	435888	399542
ÁR-321:040	436112	399390
ÁR-321:041	436147	399120
ÁR-326:001	430939	397169
ÁR-326:002	430797	397001
ÁR-326:003	430784	396965
ÁR-326:004	430981	397455
ÁR-326:005	431020	397382
ÁR-326:006	430964	397211
ÁR-326:007	431109	397083
ÁR-326:008	431071	397139
ÁR-326:009	431061	397153
ÁR-326:010	431002	397528
ÁR-326:011	432529	399566
ÁR-326:012	430914	397494
ÁR-326:013	430751	398440
ÁR-326:014	431347	399037
ÁR-326:015	430733	398461
ÁR-326:016		
ÁR-326:017	431494	399243
ÁR-326:018	430982	397065
ÁR-326:019	430970	397157
ÁR-326:020	431502	399233
ÁR-326:021	430925	397287
ÁR-326:022	431557	399197
ÁR-326:023	431071	397137

Samtala	Austur	Norður
ÁR-326:024	431241	397256
ÁR-326:025	430860	397421
ÁR-326:026	430807	397414
ÁR-326:027	431855	398768
ÁR-326:028	432292	398423
ÁR-326:029	432336	398427
ÁR-326:030	432306	398460
ÁR-326:031	430996	397108
ÁR-326:032	430968	397267
ÁR-326:033	430900	397306
ÁR-326:034	431039	397048
ÁR-326:035	431611	399256
ÁR-326:036	430851	397179
ÁR-326:037	430972	397337
ÁR-326:038	430879	397320
ÁR-326:039	430926	397239
ÁR-326:040	430947	397146
ÁR-327:001	429707	397807
ÁR-327:002	429807	397895
ÁR-327:003	429809	397878
ÁR-327:004	430577	399246
ÁR-327:005	430591	398486
ÁR-327:006	429516	398097
ÁR-327:007	429660	398875
ÁR-327:008	430135	39823
ÁR-327:009	430934	398910
ÁR-327:010	430846	398933
ÁR-327:011	430646	399262
ÁR-327:012	430056	398252
ÁR-327:013	429365	397386
ÁR-327:014	429875	397924
ÁR-327:015	429798	397973
ÁR-327:016	429062	397686
ÁR-327:017	430129	397565

Samtala	Austur	Norður
ÁR-327:018	430119	398244
ÁR-327:019	429753	397811
ÁR-327:020	430165	398236
ÁR-327:021		
ÁR-327:022	430305	397924
ÁR-327:023	429648	397928
ÁR-327:024	429653	397855
ÁR-327:025	429766	398019
ÁR-327:026	429591	397697
ÁR-327:027	430682	399043
ÁR-327:028	430449	399398
ÁR-327:029	430539	399663
ÁR-327:030	431028	398817
ÁR-327:031	430585	398989
ÁR-327:032		
ÁR-327:033	430471	398452
ÁR-327:034		
ÁR-327:035	430232	399003
ÁR-328:001	429225	399782
ÁR-328:002	429244	399793
ÁR-328:003	429147	399619
ÁR-328:004	429133	399605
ÁR-328:005	429185	399545
ÁR-328:006	429339	399800
ÁR-328:007	429710	399721
ÁR-328:008	430684	400812
ÁR-328:009	430371	401846
ÁR-328:010	429575	400553
ÁR-328:011		
ÁR-328:012		
ÁR-328:013	429216	399815
ÁR-328:014	429216	399981
ÁR-328:015	429240	399946
ÁR-328:016		

Samtala	Austur	Norður
ÁR-328:017	430062	402128
ÁR-328:018	428268	400804
ÁR-328:019		
ÁR-328:020		
ÁR-328:021	428677	400853
ÁR-328:022	429749	399713
ÁR-328:023	429731	399752
ÁR-328:024	430492	401030
ÁR-328:025	430373	400986
ÁR-328:026	428801	401160
ÁR-328:027	429375	399808
ÁR-328:028	429241	399818
ÁR-328:029	430464	401041
ÁR-328:030	429094	399597
ÁR-328:031	430085	401814
ÁR-328:032	429750	400799
ÁR-328:033	429706	400758
ÁR-328:034	429899	399808
ÁR-328:035	429375	399807
ÁR-328:036	429437	401163
ÁR-328:037	429774	401908
ÁR-328:038	429633	400496
ÁR-329:001	429069	399787
ÁR-329:002	428713	399454
ÁR-329:003	428949	399672
ÁR-329:004	428798	399502
ÁR-329:005		
ÁR-329:006		
ÁR-329:007	429346	400146
ÁR-329:008	428987	399569
ÁR-329:009		
ÁR-329:010	428274	399426
ÁR-329:011	428969	399752
ÁR-329:012	429062	399762

Samtala	Austur	Norður
ÁR-329:013	429037	399821
ÁR-330:001	429290	400496
ÁR-330:002	428956	400347
ÁR-330:003	429407	400619
ÁR-330:004	429282	400720
ÁR-330:005	429360	400426
ÁR-330:006	429349	400382
ÁR-330:007	429288	400801
ÁR-330:008	429362	400411
ÁR-330:009	429270	400508
ÁR-331:001	432794	401422
ÁR-331:002		
ÁR-331:003	432812	401403
ÁR-331:004	432843	40444
ÁR-331:005	432834	401449
ÁR-331:006	433675	402145
ÁR-331:007	433305	402286
ÁR-331:008	432760	432760
ÁR-331:009	432567	401441
ÁR-331:010	433055	401499
ÁR-331:011	432843	401585
ÁR-331:012		
ÁR-331:013	432774	401435
ÁR-331:014	432751	401246
ÁR-331:015	432386	401165
ÁR-331:016	431747	399878
ÁR-331:017	433672	402054
ÁR-331:018	433468	401995
ÁR-331:019	433296	401701
ÁR-331:020	433110	401493
ÁR-331:021	432378	400756
ÁR-331:022		
ÁR-331:023		
ÁR-331:024	432133	400783

Samtala	Austur	Norður
ÁR-331:025	431594	399436
ÁR-331:026	430971	402907
ÁR-331:027	431525	403351
ÁR-331:028	431450	403296
ÁR-331:029		
ÁR-331:030	433269	402277
ÁR-331:031		
ÁR-331:032	432619	401376
ÁR-331:033		
ÁR-331:034	433184	401559
ÁR-331:035	433689	402067
ÁR-331:036	432486	402627
ÁR-331:037	432799	401330
ÁR-331:038	432696	40464
ÁR-331:039	432914	401488
ÁR-331:040	432382	402066
ÁR-331:041	432559	401058
ÁR-331:042	434106	402391
ÁR-331:043	432824	401283
ÁR-331:044		
ÁR-331:045	433404	401313
ÁR-331:046	432513	402788
ÁR-331:047	432489	402725
ÁR-331:048	432477	402732
ÁR-331:049	432443	400789
ÁR-331:050	430958	402866
ÁR-331:051	431244	403173
ÁR-331:052	430643	402449
ÁR-331:053	431739	399417
ÁR-331:054	431893	399891
ÁR-331:055	431906	399914
ÁR-331:056	431753	399850
ÁR-331:057	431966	399586
ÁR-331:058	432197	399654

Samtala	Austur	Norður
ÁR-331:059	432412	400732
ÁR-332:001	432373	401687
ÁR-332:002	432339	401740
ÁR-332:003	432344	401855
ÁR-332:004	432357	401783
ÁR-332:005	432253	401781
ÁR-332:006	432420	401658
ÁR-332:007	432330	401680
ÁR-332:008	431961	401587
ÁR-332:009	431891	401587
ÁR-332:010	432497	401642
ÁR-332:011	432389	401826
ÁR-332:012	432295	401747
ÁR-333:001	432432	401098
ÁR-333:002	432405	401056
ÁR-333:003	32419	401053
ÁR-333:004	432394	401024
ÁR-333:005	432414	401019
ÁR-333:006	432418	401198
ÁR-334:001	434155	403999
ÁR-334:002	434102	404012
ÁR-334:003	434078	404024
ÁR-334:004	434058	404096
ÁR-334:005	434031	404015
ÁR-334:006	433934	404040
ÁR-334:007	433855	404025
ÁR-334:008	434299	403867
ÁR-334:009	434201	403990
ÁR-334:010	434174	403960
ÁR-334:011	433845	404083
ÁR-334:012	434621	403743
ÁR-334:013	4339334	402751
ÁR-334:014	433541	403463
ÁR-334:015	433745	404243

Samtala	Austur	Norður
ÁR-334:016		
ÁR-334:017	434294	404100
ÁR-334:018	434131	404146
ÁR-334:019	433957	404172
ÁR-334:020	434284	403929
ÁR-334:021	434258	403919
ÁR-334:022	434305	403838
ÁR-334:023	433903	402896
ÁR-334:024	434312	403895
ÁR-334:025	434310	403470
ÁR-334:026	434195	403974
ÁR-335:001	433700	404877
ÁR-335:002	433588	404584
ÁR-335:003		
ÁR-335:004	433340	404273
ÁR-335:005	432156	403551
ÁR-335:006	433310	405275
ÁR-335:007		
ÁR-335:008		
ÁR-335:009	434292	405772
ÁR-335:010	434031	404735
ÁR-335:011	431844	403859
ÁR-335:012	434270	404500
ÁR-335:013		
ÁR-335:014		
ÁR-335:015	432686	405649
ÁR-335:016	433700	404846
ÁR-335:017	433714	404846
ÁR-335:018	433494	404817
ÁR-335:019		
ÁR-335:020	432779	404316
ÁR-335:021	432088	403630
ÁR-335:022	433608	404832
ÁR-335:023		

Samtala	Austur	Norður
ÁR-335:024	433974	404438
ÁR-335:025	433820	404500
ÁR-335:026	433873	405462
ÁR-335:027	432839	404717
ÁR-335:028	431711	403974
ÁR-335:029	430710	402942
ÁR-335:030	434239	405043
ÁR-335:031	434256	405030
ÁR-335:032	434291	405115
ÁR-335:033	433836	405407
ÁR-335:034	433839	405451
ÁR-335:035	433834	405438
ÁR-335:036	433510	404735
ÁR-335:037	431631	403606
ÁR-336:001	433772	404923
ÁR-336:002	433783	404916
ÁR-336:003	433694	404936
ÁR-336:004	433697	404976
ÁR-336:005	432431	404512
ÁR-336:006	433812	404759
ÁR-336:007	433770	404927
ÁR-336:008	433547	405387
ÁR-336:009	433896	404506
ÁR-336:010	433768	404926
ÁR-336:011	433726	405605
ÁR-336:012	434168	405823
ÁR-337:001	432629	405669
ÁR-337:002	432718	405739
ÁR-337:003	432400	405686
ÁR-337:004	432397	405670
ÁR-337:005	430099	405152
ÁR-337:006	430044	405163
ÁR-337:007	431791	405314
ÁR-337:008	433547	405387


Samtala	Austur	Norður
ÁR-337:009	432648	405759
ÁR-337:010	431096	405413
ÁR-337:011		
ÁR-337:012	432184	405350
ÁR-337:013	432145	405331
ÁR-337:014	432190	406309
ÁR-337:015	432692	405648
ÁR-337:016	432904	405585
ÁR-337:017	432390	405681
ÁR-337:018	432071	405325
ÁR-337:019	432404	405451
ÁR-337:020	432593	405526
ÁR-337:021	430456	404842
ÁR-337:022	432613	405701
ÁR-337:023	432629	405737
ÁR-337:024	432624	405724
ÁR-337:025	431925	405244
ÁR-337:026	430311	405244
ÁR-337:027	430698	405333
ÁR-337:028	430943	405349
ÁR-337:029	431589	405383
ÁR-337:030	431571	405366
ÁR-337:031	431808	405695
ÁR-337:032	432526	405839
ÁR-337:033	432780	405777
ÁR-337:034	432799	405756
ÁR-337b:001	433547	406174
ÁR-337b:002	433458	406018
ÁR-337b:003	433385	405930
ÁR-337b:004	433332	405734
ÁR-337b:005	433589	406165
ÁR-337b:006		
ÁR-337b:007	433504	406092
ÁR-337b:008	433505	406251

Samtala	Austur	Norður
ÁR-337b:009	433592	406124
ÁR-337b:010	433573	406173
ÁR-337b:011	433607	406285
ÁR-339:001	436642	407513
ÁR-339:002	436626	407390
ÁR-339:003	436858	407526
ÁR-339:004	436858	407543
ÁR-339:005	436607	407438
ÁR-339:006	437448	408795
ÁR-339:007	436588	407537
ÁR-339:008	435956	408143
ÁR-339:009	435684	407866
ÁR-339:010	437543	408854
ÁR-339:011	437438	408800
ÁR-339:012	436960	408286
ÁR-339:013	437359	409009
ÁR-339:014	436628	407666
ÁR-339:015	436855	407455
ÁR-339:016		
ÁR-339:017	437084	407876
ÁR-339:018	437468	407848
ÁR-339:019	436616	407227
ÁR-339:020	436672	407280
ÁR-339:021	436555	407167
ÁR-339:022		
ÁR-339:023	436853	406959
ÁR-339:024	436451	407621
ÁR-339:025	437040	407778
ÁR-339:026	436645	407532
ÁR-339:027		

Samtala	Austur	Norður
ÁR-339:028		
ÁR-339:029		
ÁR-339:030	436665	407495
ÁR-339:031	435641	408189
ÁR-339:032	436714	407384
ÁR-339:033	436609	407507
ÁR-339:034	436619	407494
ÁR-339:035	435595	408070
ÁR-339:036	436631	407529
ÁR-339:037	437587	409458
ÁR-339:038	437405	408784
ÁR-339:039	437027	407674
ÁR-339:040	437584	407975
ÁR-339:041	436560	407185
ÁR-339:042		
ÁR-339:043	437533	408892
ÁR-339:044	435552	408117
ÁR-339:045	435798	408329
ÁR-339:046	436082	408585
ÁR-339:047	435954	408171
ÁR-339:048	435286	408039
ÁR-339:049	436992	407396
ÁR-339:050	437430	408821
ÁR-339:051	437285	407509
ÁR-681:009	439024	406127
ÁR-681:019	435260	404521
ÁR-681:035	433790	404626
ÁR-681:036	432632	405787
ÁR-681:040	437129	407394

Viðauki II: Minjakort

Minjakortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.



ÁR-320 Dalbær




ÁR-320 Dalbær Heimatún

0 75 150 225 300 m



ÁR-321 Galtafell



ÁR-321 Galtafell Heimatún



AR-326 Birtingarholt



ÁR-326 Birtingarholt Heimatún




ÁR-327 Langholt syðra




ÁR-327 Langholt syðra Heimatún



ÁR-328 Unnarholt ÁR-330 Bolafótur



ÁR-328 Unnarholt ÁR-330 Bolafótur Heimatún



Skýringar

- Skráðar fornleifar
- Línulegar fornleifar



ÁR-331 Langholt efra

0 0.25 0.5 0.75 1 km



ÁR-331 Langholt efra Heimatún





ÁR-333 Snússa



ÁR-334 Hrafnkelstaðir














ÁR-339 Kópsvatn



ÁR-339 Kópsvatn Heimatún

